Rafveitur: Akranes, gjsk., 666—669; Akureyri, gjsk., 342—344; Borgarnes, gjsk., 395—398; Eyrarbakki, gjsk., 279—283, 658—661; Gerðahreppur, gjsk., 377—380, 634—646; Grindavík, gjsk., 625—628; Húsavík, gjsk., 361—363; Hveragerði, gjsk., 287—291, 650—653; Ísafjörður, gjsk., 345—347, Keflavík, gjsk., 373—376, 646—650; Njarðvíkur, gjsk., 370—373; Reyðarfjörður, gjsk., 367—369; Sauðárkrókur, gjsk., 351—353; Selfoss, gjsk., 283—287, 662—665; Snæfjalla- og Nauteyrarhr., rg., 630—637; Stokkseyri, gjsk., 275—279, 645—657; Vatnsleysustrandarhreppur, rg., 457—460; Vestmannaeyjar, gjsk., 356—359.

Ragna Ólafsdóttir, 1007.
Ragna Þórðardóttir, 998.
Ragnar Þ. Guðmundsson, 1003.
Ragnheiður Árnadóttir, 1005.
Ragnheiður Hansdóttir, 1008.
Ragnheiður Benný Ólafsdóttir, 1007.
Rannveig Káradóttir, 998.
Regína Þórðardóttir, 988.
Reinhold Kristjánsson, 1002.
Reyðarfjörður, rafveita, gjsk., 367—369; vatnsveita, rg., 466—469; gjsk., 470.
Reykjahreppur, fasteignaskattur, rg., 502.
Reykjarfjarðarhreppur, fasteignaskattur, rg., 241.
Reykjavík, aðalskipulag, 307; barnaverndarnefnd, rg., 388—389; byggingarsþ., 332; Félagsmálaráð, rg., 388—389; Heilbrigðismálaráð, sþ., 762—764; stöðumælar, augl., 277, 228, 231, 302; stöðumælareitir, 460; umferð, 288, 307, 308, 448, 565, 691 (2), 692, 748 (2), 787.
Reynir Sigurþórsson, 1005.
Riehm, Jean Noël, 1011.
Rif, landshöfn, rg., 503—507.
Ringset, Kaare, 992.
Rípurhreppur, fasteignaskattur, rg., 489.
van Roijen, J. H., 990.
Rowold, Karl, 1014.
Rósa Aðalsteinsdóttir, 997.
Róbert Arnfinnsson, 989.
Róbert A. Ottósson, 989.
Rósa B. Blöndals, 997.
Rúnar Þorvarðarson, 999.
Ryberg, Per, 991.
Rögnvaldur Einarsson, 997.
Rögnvaldur Möller, 997.

S.

Sala og útflutningur á vörum, rg., br., 228.
Samábyrgð Íslands, rkn., 777—782.
Samgöngubótasjóður Páls Jónssonar, rkn., 576.
Samlagslæknar, greiðslur sjúkratryggðra, rg., 600.
Samvinnubanki Íslands hf., rkn., 572—575.
Samvinnufélög, skrá, 1018.
Sanches-Gavito, dr. Vincente, 1014.
Sandoz, Henry, 992.
Sauðárkrókur, aðalskipulag, augl., 484; rafveita, gjsk., 351—353; vatnsveita, rg., br., 552—553.
Schwarz, Hermann, 1011.
Schmitt, Beruhard, 1009.
Seláshverfi, skipulagsuppdr., augl., 551.
Selfoss, heilsuverndarstöð, rg., 752—753; rafveita, gjsk., 283—287, 662—665; sölubúðir, sölustaðir, sþ., br., 214.
Sendiherrar og ræðismenn, 1014.
Sesselja Guðjónsdóttir, 1007.
Sesselja Snævarr, 1007.
Sérlyfjaskrá, augl., 306 (2); augl., 454; lyfjaverðskrá ofl., augl., 747.
Sif Sigurðardóttir, 1007.
Sigfús Halldórsson, 1007.
Sigfús J. Johnsen, 1009.
Sigfús A. Schopka, 1007.
Sigfús Sigurðarson, 1002.
Siglufjarðarkaupstaður, forkaupsréttur, sþ., 209—210; hafnarrg., br., 187—191.
Siglufjörður, stjórn bæjarmála, sþ., br., 580.
Sigríður Steinunn Axelsdóttir, 997.
Sigríður Jóhannesdóttir, 1004.
Sigríður Jónsdóttir, 998.
Sigríður Pétursdóttir, 998.
Sigríður Sigurðardóttir, 1007.
Sigríður Sigurjónsdóttir, 1007.
Sigríður Sverrisdóttir, 1007.
Sigrún L. Baldvinsdóttir, 1010.
Sigrún Jónína Einarsdóttir, 997.
Sigrún Gísladóttir, 1007.
Sigrún Guðmundsdóttir Löve, 997.
Sigrún Gunnlaugsdóttir, 1007.
Sigrún Ólafsdóttir, 1007.
Sigrún Sighvatsdóttir, 998.
Sigrún Þorsteinsdóttir, 1006.
Sigurbjörg Halldórsdóttir, 997.
Sigurður Bjarnason, 989, 1001, 1002, 1004, 1011, 1012, 1013.
Sigurður Björnsson, 998.
Sigurður Dagsson, 998.
Sigurður Gíslason, 1007.
Sigurður Guðmundsson, 998.
Sigurður H. Guðmundsson, 1011.
Sigurður Hafstað, 1001.
Sigurður S. Haukdal, 1000.
Sigurður Hjartarson, 1006.
Sigurður Jónsson, 997.
Sigurður Jónsson, 1003.

Sigurður R. Símonarson, 998.
Sigurður Hallur Stefánsson, 1002.
Sigurður B. Þorsteinsson, 1007.
Sigurður E. Þorvaldsson, 1012.
Sigurður Þórarinsson, 999.
Sigurður Þórðarson, 1002.
Sigurhanna Salómonsdóttir, 1008.
Sigurjón Ágústsson, 1000.
Sigurjón Einarsson, 1012.
Sigurjón Hannes Ólafsson, 1006.
Sigurkarl Stefánsson, 1008 (2).
Sigurlaug Bjarnadóttir, 1007.
Sigurlaug Jóhannesdóttir, 1006.
Sigurlaug Sigurðardóttir, 998.
Síldveiðar, leyfi, augl., 455; afturköllun leyfis, augl., 399; leyfi fyrir Suður- og Vesturlandi, augl., 302—303.
Sjúkratryggðir, greiðslur til samlagslækna, rg., 600.
Skarðshreppur, fasteignaskattur, rg., 599.
Skeiðahreppur, fasteignaskattur, rg., 214.
Skip, skoðun, mælingar og skráning, rg., 680—683.
Skipaskoðunarmenn, laun, rg., 684—685.
Skipasmíðar og skipaviðgerðir, augl., 561 564.
Skipulag, Árskógshreppur, augl., 556; Svarfaðardalshreppur, augl., 747.
Skipulagsskrár: Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps, 628—629; Kirkjubyggingarsjóður Bolungarvíkur, 240; Jólagjafasjóður Guðmundar Andréssonar gullsmiðs, 508; Menningarsjóður Borgarness, 679—680; Minningarsjóður Dönu Jóhannesdóttur, 774—775; Minningarsjóður Jóhönnu Sigurjónsdóttur, 773—774; Minningarsjóður frú Sigurlaugar Gunnarsdóttur, 511—512; Minningarsjóður hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar, 353 354; Minningarsjóður Guðrúnar S. Þorleifsdóttur, 207—208; Minningarsjóður um Þórarin skólameistara Björnsson, 509; Skólameistarasjóðs Eiðaskóla, 460—462; Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, 677—678; Verðlaunasjóður Gunnlaugs Jónssonar, 365.
Skipulagsuppdráttur, Grundarfjörður, 213; Seláshverfi, augl., 551; Vík í Mýrdal, augl., 344.
Skúli Guðmundsson, 1011.
Skúli G. Johnsen, 1001.
Skúli Möller, 1013.
Skúli Örvar Steinsson, 1012.
Skúli Þórðarson, 1011.
Skútustaðarhreppur, fasteignaskattur, rg., 214.
Slátrun, mat og meðferð sláturafurða, rg., br., 446.
Sláturafurðir, heilbrigðisskoðun, rg., 523—537.
Snjólaug Anna Sigurjónsdóttir, 997.
Snorri Þór Jóhannesson, 997.
Snorri Ólafsson, 1003.
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, sýsluvegasjóður, sþ., br., 196—198.
Snæfjallahreppur, Nauteyrarhreppur, rafveita, rg., 630—637.
Sorokos, John A., 1014.
Sólon Lárusson, 1002.
Sólveig Erlendsdóttir, 998.
Stangerup, Hakon, 991.
Starfsmenn sveitarfélaga, kjarasamningar, rg., br., 580—581, 775.
Steenstrup, Björn, 1001.
Stefán Aðalsteinsson, 998.
Stefán Briem, 1007.
Stefán Gunnlaugsson, 1000.
Stefán Karlsson, 999.
Stefán Stefánsson, 1002.
Stefán Már Stefánsson, 1005.
Steindór Guðjónsson, 1007.
Steindór Steindórsson, 988.
Steingrímur Baldursson, 999.
Steingrímur Jónsson, 989.
Steingrímur Kristjánsson, 1000.
Steinunn Stefánsdóttir, 1011.
Steinunn Þorgilsdóttir, 989.
„Stígur," rkn., 568.
Stokkseyrarhreppur, sveitarstjóri, sþ., 551—552.
Stokkseyri, rafveita, gjsk., 275—279, 654 657.
Strauss, Jean, 989.
Stykkishólmur, hafnarrg., 489—499; vatnsveita, rg., 463—465.
Styrktarsjóðir, rkn.: Christians konungs X og Alexandrine drottningar, 568; W. Fischers, 572; Friðriks konungs Áttunda, 593; V. Giga's, 595; Gísla J. Nikulássonar, 569; Kristjáns konungs

Níunda, 593—594; sjómanna, 570; til Svíþjóðarferða, 714—715; verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta, 621; þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, 567; Þorvaldarminning, 620; Þórarins Tulinius, 569.
Stöðumælar, Reykjavík, 227, 228, 231, 302, 460.
Súðavíkurkauptún, hundahald, sþ., 753—754.
Svandís Pétursdóttir, 1009.
Svarfaðardalshreppur, skipulag, augl., 747.
Svavar Pálsson, 1005.
Sveinbjörn Björnsson, 1009.
Sveinn Björnsson, 999.
Sveinn Björnsson, 1009.
Sveinn Björnsson, 1010.
Sveinn Skorri Höskuldsson, 1013.
Sveitarstjóri, Eyrarsveit, sþ., 555—556; Stokkseyrarhreppur, sþ., 551—552; Ölfushreppur, sþ., 637—638.
Sverrir Haraldsson, 1005.
Sýsluvegasjóðir: Austur-Skaftafellssýsla, sþ., br., 201—202; Norður-Þingeyjarsýsla, sþ., br., 194—195; Snæfells- og Hnappadalssýsla, sþ., br., 196—198; Vestur-Skaftafellssýsla, sþ., br., 199—201.
Szenkovitz, Paul, 1013.
Sölubúðir, sölustaðir, Selfoss, sþ., br., 214.
Söluskattur, rg., 537—550.

T.

Tage-Jensen, Asger, 991.
Tálknafjörður, hafnarrg., 241—249.
Tekjuskattur og eignarskattur, rg., br., 522—523.
Theódóra Rafnsdóttir, 1006.
Thomsen, Henning, 990.
Thomsen, Kaj Strárup, 991.
Thorkilliisjóður, rkn., 717—718.
Tietze, Jens Vilhelm, 991.
Timbur, endurgreiðsluheimild, augl., 274—275.
Tollmeðferð, EFTA, augl., 1—182; gerð og afhending aðflutningsskýrslu, rg., 693.
Tollskrá, augl., 303.
Tollskrárlög, notkun heimildar, augl., 686, 686—690.
Tollverð, mat á vinnuvélum, augl., 303—305; notaðra bifreiða, augl., 678—679.
Tómas Guðmundsson, 1008, 1011.
Tómas Sveinsson, 999.
Tómas Á. Tómasson, 1000.
Tómas Þorvaldsson, 989.
Troen, N. H. Pedersen, 991.
Trampe, K. C., 990.
Trueba, Francisco Sainz, 989.
Tryggingastofnun ríkisins, rkn., 723—739.
Tryggvi Pálsson, 1003.
Tveterås, Harald, 990.
Törslöv, Per, 991.

U, Ú.

Ulrichsen, Carl Ernst, 991.
Umferð, Akranes, augl., 449; Akureyri, 788; Hafnarfjörður, 565; Kópavogur, 226, 691; Reykjavík, 228, 307, 308, 448, 565, 691 (2), 692, 748 (2), 787.
Unnur Jónsdóttir, 998.
Unnur Ó. Jónsdóttir, 998.
Urquijo, Jaime Chacon, 989.
Úlfar Þormóðsson, 1010.

V, W.

Valborg Þorleifsdóttir, 1008.
Valdemar Hansen, 1001.
Valentine, Howard Guy, 991.
y Valera, Juan Serrat, 990.
Valgeir Ársælsson, 1000.
Valgerður Hrólfsdóttir, 998.
Valgerður A. Michelsen, 1006.
Vatnafélagið Landvörn, sþ., 785—787.
Vatnsleysustrandarhr., rafveita, gjsk., 457—460.
Vatnsveitufélög: Árnessbænda, sþ., 204—206; Hvamms og Garðs, sþ., 354—356; Litla Árskógssands, sþ., 325—328, rg., 328—330, Stóra-Lambhagahverfis, sþ., 553—555.
Vatnsveitur: Akureyri, gjsk., br., 359—361; Ísafjörður, gjsk., 366—367; Kópavogur, rg., br., 232; Litli-Árskógssandur, sþ., 325—328, rg., 328—330; Reyðarfjörður, rg., 466—469, gjsk., 470; Sauð-

árkrókur, rg., br., 552—553; Stykkishólmur, rg., 463—465.
Veðdeild, Landsbanka Íslands, rg., 485—489, rg., br., 670.
Veiðibann, botnvarpa, flotvarpa ofl., augl., 399—400; smásíld, rg., br., 203—204.
Veiðifélög: Hvítár- og Norðlingafljóts, sþ., 642—643; Selfljóts, arðskrá, 501; Staðar- og Vatnsdalsár, sþ., 640—641; Uggi, sþ., 501—502.
Veiðisvæði, fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði, augl., 183, fyrir Suðvesturlandi, rg., 184.
Vernd, barna og ungmenna, rg., 403—423.
Vernharður Linnet, 1009.
Verzlunarbanki Íslands hf., rkn., 443—445.
Vestmannaeyjar, fasteignaskattur, rg., 640; hafnarrg., 253—264; rafveita, gjsk., 356—359.
Vestur-Skaftafellssýsla, sýsluvegasjóður, sþ., br., 199—201.
Veyselli, Cihat Rüstü, 1014.
Vény Lúðvíksdóttir, 998.
Viðar Hjartarson, 1012.
Viktor A. Guðlaugsson, 1008.
Vilborg Þorfinnsdóttir, 998.
Vilhjálmur Ingi Árnason, 1012.
Vinnumiðlun, Árskógshreppur, augl., 206.
Vinnuvélar, mat til tollverðs, augl., 303—305.
Vík í Mýrdal, skipulagsuppdr., augl., 344.
Vogar, holræsi, rg., 272—273.
Vöruflutningar, hámarksfjöldi leigubifreiða, rg., 676—677.
Vörumerki, augl., 389, 789, 789—988.
Weiböl, L.E.G., 991.
Willey, Charles Keith, 990.
Willumsen, Kjeld, 991.
Wold, Knut Getz, 990.
Wolff, E.H., 990.

Y.

Yasui, Yoshiro, 1014.

Z.

Zimsen, Nils H., 1005.

Þ.

Þingeyrarkauptún, hundahald, sþ., 628.
Þorbjörn Ásbjörnsson, 1000.
Þorbjörn Broddason, 1009—1010, 1013.
Þorbjörn Sigurgeirsson, 999.
Þorgeir Þorgeirsson, 1009, 1010.
Þorkell Gíslason, 1002.
Þorlákshöfn, hafnarrg., 215—223.
Þorleifur Thorlacius, 1001, 1003.
Þorsteinn Gunnarsson, 1001.
Þorsteinn Ólafsson, 1013.
Þorsteinn Sæmundsson, 999.
Þorsteinn Þorsteinsson, 989.
Þorsteinn Þorsteinsson, 1008.
Þorvaldur V. Guðmundsson, 1013.
Þorvaldur Torfason, 1005.
Þór Magnússon, 1001.
Þór Vigfússon, 1008 (2).
Þóra Eggertsdóttir, 997.
Þóra S. Gísladóttir, 1004.
Þórarinn Guðmundsson, 988.
Þórarinn Þór, 1008, 1010.
Þórey Eyþórsdóttir, 1009.
Þórey Þorkelsdóttir, 1007.
Þórhallur Ásgeirsson, 1000.
Þórhallur Runólfsson, 998.
Þórhallur Vilmundarson, 1012.
Þórhildur Halldórsdóttir, 1007.
Þórhildur Jónasdóttir, 998.
Þórhildur Richter, 1007.
Þórir Einarsson, 999.
Þórir Sigurbjörnsson, 1006.
Þórunn Árnadóttir, 998.
Þungaskattur, augl., 452; rg., 333—339; ökumælar, augl., 387—388.

Æ.

Æskulýðsráð ríkisins, r., 454—455.

Ö.

Ökumælar, augl., 387—388.
Ökutæki, greiðslur bóta, r., 499—500.
Ölfushreppur, sveitarstjóri, sþ., 637—638.
Örlygshöfn, hafnarrg., br., 249.
Örlygur Geirsson, 1013.
Örn Smári Arnaldsson, 1010.
Örn Arnar, 1004.
Örn Helgason, 1008 (2).
Örn Marinósson, 1008.
Öryggisráðstafanir á vinnustöðum, gjskr., br., 452.
Östergard-Nielsen, H.B.,991.
Östern, Björn Frode, 992.

Skammstafanir í registri, B-deild.

augl. = auglýsing.
br. = breyting.
hm. = heiðursmerki.
gjsk. = gjaldskrá.
r. = reglur.
rg. = reglugerð.
rkn. = reikningur.
stj.bréf = stjórnarráðsbréf.
sþ. = samþykkt.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1970

12. febrúar 1970. 1 Nr. 1.

AUGLÝSING
um EFTA-tollmeðferð.

Samkvæmt heimildum í 1. grein laga nr. 1/1970 um tollskrá o. fl. og 2. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eru hér með settar reglur um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

A. Skilyrði EFTA tollmeðferðar

1. gr.

Vörur, sem geta notið EFTA-tollmeðferðar skv. 2. gr. auglýsingar þessarar og falla undir dálk í tollskrá með yfirskriftinni EFTA-tollur, skulu frá og með 1. marz 1970 því aðeins njóta hennar, að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

a. að vörurnar séu upprunnar á EFTA-svæðinu í samræmi við upprunareglur þær, sem taldar eru í B. kafla auglýsingar þessarar;

b. að ekki sé sótt um eða viðhöfð tollendurgreiðsla við útflutning varanna önnur en sú, sem ekki hefur áhrif á rétt vörunnar til EFTA-tollmeðferðar, sbr. C. kafla auglýsingar þessarar;

c. að vörurnar séu sendar til íslenzks tollsvæðis frá stað á EFTA-svæðinu, sbr. þó 11. gr. 3. mgr. og fylgiskjal 5, tl. 6 og 7, og

d. að innflytjandinn fylgi reglum um tollafgreiðslu vara, sem óskað er EFTA-tollmeðferðar fyrir, sbr. D. kafla auglýsingar þessarar.

2. gr.

Allar vörur, sem ekki eru sérstaklega taldar í fylgiskjali 1, geta notið EFTA-tollmeðferðar í samræmi við 1. gr.

3. gr.

EFTA-svæðið — hér eftir nefnt svæðið — nær yfir landsvæði eftirtalinna ríkja í Evrópu, ásamt þeim landsvæðum öðrum, sem tilgreind eru og eru tengd hlutaðeigandi ríkjum:

Austurríki,
Danmörk (ásamt Grænlandi og Færeyjum),
Finnland,
Ísland,
Liechtenstein,
Noregur (ásamt Svalbarða),
Portúgal (ásamt Azor-eyjum og Madeira),
Stóra-Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjunum og eynni Mön, en ekki Gíbraltar),
Sviss,
Svíþjóð.

2. mgr. Skip, sem heima á í einhverju af þeim ríkjum, sem talin eru í 1. mgr., skal telja sem hluta af landsvæði hlutaðeigandi ríkis við ákvörðun á uppruna sjávarafurða og vara, sem framleiddar eru úr þeim. Sjávarafurðir, sem aflað er af skipi, sem heima á í einhverju af þeim ríkjum, sem talin eru í 1. mgr., svo og vörur, sem framleiddar eru úr þessum sjávarafurðum um borð í skipinu, skulu taldar sendar frá landsvæði hlutaðeigandi ríkis, að því tilskildu, að þeim sé skipað á land á svæðinu. Skip telst í

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

þessu sambandi eiga heima í því ríki, sem það er skráð í, að því tilskildu, að skipið sigli undir fána þess ríkis.

B. Upprunareglur

4. gr.

Skilyrði því, sem um getur í 1. gr. a. um uppruna vöru, skal teljast fullnægt, að því tilskildu, að svæðisuppruni varanna sé í samræmi við einhverja eftirtalda ákvörðunarreglu:

a. að vörurnar séu *framleiddar að öllu leyti* innan svæðisins (alframleiðslumælikvarðinn);
b. að vörurnar séu framleiddar innan svæðisins með ákvarðandi framleiðsluaðferð, sem lýst er í framleiðsluskrám EFTA (vörulistum I og II) fyrir þær vörur (framleiðsluaðferðarreglan);
c. þegar um er að ræða vörur, sem framangreindur vörulisti II tekur ekki til, skulu þær hafa verið framleiddar innan svæðisins, og verðmæti efna, sem notuð eru á hvaða vinnslustigi varanna sem er og innflutt eru utan svæðisins eða eru af óþekktum uppruna, skal ekki vera hærra en 50% af útflutningsverði varanna (hundraðshlutamælivarðinn).

2. mgr. Notaðar vörur, sem safnað hefur verið innan svæðisins og aðeins eru nothæfar til endurvinnslu, ásamt úrgangi og efnisleifum, sem stafa frá framleiðslutækjum innan svæðisins, teljast framleiddar að öllu leyti innan svæðisins, br. a. í 1. mgr.

3. mgr. Við ákvörðun um, hvort vara er af svæðisuppruna í samræmi við hinar tilgreindu ákvörðunarreglur í 1. mgr., skulu eftirtaldir þættir við framleiðslu vörunnar, án tillits til raunverulegs uppruna hlutaðeigandi efnivara, teljast *ekki* vera innflutt til svæðisins og *ekki* hafa að geyma nokkurn þátt, sem sé innfluttur til svæðisins:

a. Efnivörur, sem skráðar eru í hráefnalista EFTA og notaðar við framleiðslu vörunnar í því ástandi, sem þeim er lýst í hráefnalistanum, sbr. fylgiskjal 4.
b. Umbúðir, sem þörf er á með tiliti til flutnings vörunnar eða geymslu, að undanskildum þeim umbúðum, sem varan almennt er seld í í smásölu.
c. Orka, eldsneyti, verksmiðjuhús, vélar og verkfæri, ásamt efnivörum, sem notaðar eru til viðhalds sömu verksmiðjuhúsum, vélum og verkfærum.

4. mgr. Við ákvörðun um, hvort vörur eru af svæðisuppruna í samræmi við hundraðshlutamælikvarðann, sbr. c. í 1. mgr., gilda eftirfarandi sérreglur:

a. Efnivörur, sem eru af svæðisuppruna í samræmi við ákvörðunarreglurnar, sem tilfærðar eru í a. og b. í 1. mgr., teljast ekki innihalda neinn efnishluta, sem innfluttur sé til svæðisins.
b. Verðmæti efnivara, sem hægt er að greina, að hafi verið innfluttar til svæðisins, telst cif-verðmæti, eins og það hefur verið viðurkennt af tollyfirvöldum við seinasta innflutning til þess ríkis á svæðinu, þar sem þær eru notaðar til framleiðslunnar, þó að frádregnum flutningskostnaði, sem hefur lagzt á vöruna við flutning hennar um önnur ríki á svæðinu.
c. Sé ekki hægt að ákvarða verðmæti efnivara, sem innfluttar eru til svæðisins skv. reglunni í b., skal telja það á því verði, sem síðast var greitt fyrir þær í því ríki á svæðinu, þar sem þær eru notaðar til framleiðslunnar.
d. Verðmæti efnivara af óvissum uppruna ákvarðast skv. reglunni í c.
e. Útflutningsverð vara telst það verð, sem greitt er eða greiða skal til útflytjanda í því ríki á svæðinu, þar sem vörurnar eru framleiddar, og skal það verð vera fob-verð eða franco-verð við landamæri þess ríkis. Ef nauðsynlegt er, skal leiðrétta útflutningsverðið, svo að það jafngildi verði við afgreiðslu fob eða franco við landamæri hlutaðeigandi ríkis.
f. Verðmæti efnivara í samræmi við b.—d., eða útflutningsverð vara í samræmi við e., er heimilt að leiðrétta þannig, að það svari til þeirrar upphæðar, sem mundi fást við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem óháðir eru hvor öðrum. Upphæð þessi

telst einnig vera útflutningsverðið, þegar eiginleg sala hefur ekki átt sér stað.

5. mgr. Vörur, sem einungis hafa hlotið einhverja þá meðferð innan svæðisins, sem tilgreind er hér á eftir, teljast *ekki* framleiddar innan þess:

Pökkun (án tillits til þess, hvar umbúðaefnin eru framleidd), skipting í hluta, sundurgreining (einnig eftir gæðum), merking og söfnun í sett.

6. mgr. Eftirtaldar efnivörur skulu teljast *að öllu leyti framleiddar* innan svæðisins, nema leitt verði í ljós, að lokaþáttur í framleiðslu þeirra hafi farið fram utan svæðisins:

a. Efnivörur, sem færðar voru til birgða hérlendis á tímabilinu frá 1. marz 1969 til 28. febrúar 1970, enda verði leitt í ljós, að efnivaranna hafi verið aflað hjá framleiðanda þeirra í öðru aðildarríki.
b. Efnivörur, sem færðar voru til birgða í öðru aðildarríki en Íslandi á tímabilinu frá 1. marz 1969 til 28. febrúar 1970, enda verði leitt í ljós, að efnivaranna hafi verið aflað hjá framleiðanda þeirra hérlendis.

5. gr.

Við beitingu reglnanna í 4. gr. um upprunaákvörðun skal að öðru leyti fylgt eftirtöldum reglum:

a. Vöruhópar, sett eða söfn vara, sem tollast skv. einu tollskrárnúmeri í skilningi tollskrárlaga, teljast einnig heild með tilliti til uppruna.
b. Verkfæri, hlutar og fylgitæki, sem innflutt eru með vöru, án sértaks verðs eða sérstakrar greiðslu, sem þá er innifalin í verði vörunnar, teljast heild ásamt vörunni, með tilliti til uppruna, að því tilskildu, að um sé að ræða venjubundna fylgihluti, sem að jafnaði fylgja vörunni í viðskiptum.
c. Hver vörueining í sendingu, skal metin sjálfstætt með tilliti til uppruna, nema í þeim tilvikum, sem talin eru í a. og b., og þeim tilvikum öðrum, þegar vara telst heild í skilningi tollskrárlaga.
d. Umbúðir, sem flytjast til landsins með vöru og teljast sjálfstæð verzlunarvara í skilningi tollskrárlaga, skulu einnig metnar sérstaklega með tilliti til uppruna.
e. Vara, sem flutt er til landsins í hlutum eða ósamsett í fleiri en einni sendingu, vegna þess að innflutningur í einni sendingu er óframkvæmanlegur af flutnings- eða framleiðsluástæðum, telst heild með tilliti til uppruna, að því tilskildu, að innflytjandi óski þess við tollafgreiðslu.
f. Blönduð vara, sem ekki er vöruhópur, sett eða söfn vara, sbr. a. hér að framan, og til er orðin við blöndun eininga af svæðisuppruna við einingar, sem ekki eru af svæðisuppruna, getur hvorki að öllu leyti né að hluta talizt af svæðisuppruna, nema því aðeins, að eiginleikar blöndunnar séu verulega frábrugðnir eiginleikum hinna einstöku eininga. Ráðuneytið getur þó vikið frá þessari reglu, hafi verið gerður gagnkvæmur samningur um það atriði við önnur ríki á svæðinu.

C. Tollendurgreiðslur

6. gr.

Vörur geta ekki hlotið EFTA-tollmeðferð, hafi verið sótt um eða tekið við tollendurgreiðslu í sambandi við útflutning þeirra frá því ríki á svæðinu, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra, sbr. þó 7.—9. gr., ásamt fylgiskjali 5, tl. 7.

2. mgr. Með tollendurgreiðslu er átt við hverja þá skipan, sem miðar að einhverju eða öllu leyti að endurgreiðslu eða eftirgjöf gjalda, sem krafizt er af innfluttum vörum, að svo miklu leyti sem sú skipan leyfir slíka endurgreiðslu eða eftirgjöf við útflutning varanna, en ekki þegar þær eru notaðar innanlands.

3. mgr. Eftirgjöf sú, sem nefnd er í 2. mgr., á einnig við um vöru, sem flutt er í tollfrjálsar verzlanir eða tollfrjálsar birgðageymslur, eða til staða, sem svipaða stöðu hafa að því er tollgjöld varðar.

4. mgr. Ákvæðum í 4. gr. 5. mgr. skal beitt við ákvörðun um, í hvaða landi síðasta hönd var lögð á framleiðslu vörunnar. Vörur, sem teljast heild með tilliti til uppruna í samræmi við reglurnar í 5. gr., skulu einnig teljast heild með tilliti til tollendurgreiðslna.

7. gr.

Vörur geta hlotið EFTA-tollmeðferð, þótt sótt sé um eða tekið sé við tollendurgreiðslu, þegar um er að ræða:

a. Tolla og önnur gjöld, sem ekki hafa verndaráhrif (fjáröflunartollar).
b. Umbúðir, sem nauðsynlegar eru við flutning eða geymslu vöru, eða efnivörur, sem notaðar eru til framleiðslu slíkra umbúða. Umbúðir, sem að jafnaði seljast með vöru í smásölu, teljast ekki umbúðir, sem nauðsynlegar eru til flutnings eða geymslu.
c. Eftirtaldar vörur:

Bruxelles-tollskrár-númer	Vörulýsing
ex 04.02	Mjólk (önnur en súrmjólk, mysa, kefír, jóghúrt og svipuð gerjuð mjólk), niðursoðin, þurrkuð eða sykruð
ex 11.01	Mjöl úr korni (annað en haframjöl)
ex 15.07	Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin, nema olíur, sem unnar eru efnalega úr olívuúrgangsefnum
17.01	Rófu- og reyrsykur í föstu formi
ex 17.02	Drúfusykur
ex 17.05	Drúfusykur, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í

2. mgr. Eftirtaldar vörur geta hlotið EFTA-tollmeðferð, þó að sótt hafi verið um eða tekið við tollendurgreiðslum:

a. Vörur, sem innfluttar eru sem farþegafarangur, hvort sem ferðamaðurinn hefur vörurnar meðferðis eða þær eru sendar sérstaklega, þó að því tilskildu, að þær séu einungis til persónulegra nota og ekki innfluttar með sölu í huga eða í atvinnuskyni að öðru leyti.
b. Vörur, sem að fob-útflutningsverðmæti nema ekki meiru en ísl. kr. 10.600 í útflutningslandinu.

8. gr.

Vara getur hlotið EFTA-tollmeðferð, þótt sótt sé um eða tekið sé við tollendurgreiðslu af efnivörum, sem eru af svæðisuppruna, og tollskyldar eru með EFTA-tolli við innflutning hingað til lands.

9. gr.

Ekki skal tollendurgreiðsla, sem sótt hefur verið um eða tekið hefur verið við, vegna útflutnings vara frá landsvæði aðildarríkis fyrir 31. desember 1966, hafa áhrif á hæfi þeirra til svæðistollmeðferðar, ef þær eru eftir þann tíma endurútfluttar frá landsvæði annars aðildarríkis.

D. Tollafgreiðsla vara, sem óskað er EFTA-tollmeðferðar fyrir

10. gr.

Í öðrum tilvikum en þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr., getur vara því aðeins fengið EFTA-tollmeðferð, að innflytjandi láti í ljós ósk um það í aðflutningsskýrslu.

11. gr.

EFTA-tollmeðferð vara er auk þess bundin því, að innflytjandi leggi fram viðeigandi EFTA-skilríki, sbr. fylgiskjal 5, til staðfestingar því, að vörurnar fullnægi hinum fastákveðnu skilyrðum um uppruna, tollendurgreiðslu og sendingu. Þegar um er að ræða vörusendingu, sem að fob-útflutningsverðmæti í útflutningslandinu nemur ekki meiru en ísl. kr. 10.600 og í eru eingöngu vörur af svæðisuppruna, er heimilt í stað skilríkja, sem um er rætt í fylgiskjali 5, að viðurkenna yfirlýsingu útflytjanda á vörureikningi eða, þegar um er að ræða póstsendingar, yfirlýsingu á tollseðli, með svofelldu orðalagi: „Allar framantaldar vörur eru af EFTA-uppruna". Yfirlýsingu þessa má einnig gefa á ensku („all the above articles are of EFTA-origin") eða á öðru opinberu máli á svæðinu, að því tilskildu, að notuð sé löggilt þýðing á hlutaðeigandi mál.

2. *mgr.* Þegar bæði sendandi og viðtakandi vara eru einkaaðilar eða um farþegafarangur er að ræða, er heimilt að falla frá kröfu um skilríki að öllu leyti, enda nemi fob-útflutningsverðmæti ekki meiru en ísl. kr. 10.600 og vörurnar séu ekki fluttar inn í sölu- eða atvinnuskyni. Í slíkum tilvikum þarf ekki að bera fram ósk í þá átt sérstaklega, sbr. 10. gr.

3. *mgr.* Skilyrði fyrir því, að vara, sem verið hefur í tollvörugeymslu utan svæðisins, hljóti EFTA-tollmeðferð, sbr. fylgiskjal 5, tl. 7, er, að fram sé lögð, auk hinna tilgreindu EFTA-skilríkja, yfirlýsing frá yfirvöldum, sem eftirlit hafa með tollvörugeymslunni. Í yfirlýsingunni skal vera lýsing á hlutaðeigandi vöru, þar sem tilgreind er tegund og merki á umbúðum, númer þeirra og fjöldi. Í yfirlýsingunni skulu enn fremur vera upplýsingar um, frá hvaða landi vörurnar eru fluttar í tollvörugeymsluna, hvenær þær voru fluttar til og frá tollvörugeymslunni, ásamt yfirlýsingu um, að þær hafi ekki hlotið þar neina aðvinnslu eða tekið neinni breytingu, nema að því er taka kann til ytri umbúða.

12. gr.

Séu tollyfirvöld í vafa um réttmæti framlagðra skilríkja, má binda EFTA-tollmeðferð því skilyrði, að fram séu lagðar frekari sannanir.

13.

Geti innflytjandi ekki þegar við tollmeðferð lagt fram þau skilríki, sem um ræðir í 11. og 12. gr., eða skilríkin eru ófullnægjandi, má veita hæfilegan frest til að leggja fram fullgild gögn eða frest til leiðréttingar þeirra. Vörurnar má þó afhenda gegn fullnægjandi tryggingu.

2. *mgr.* Hafi innflytjandi látið hjá líða að óska EFTA-tollmeðferðar á aðflutningsskýrslu, skal því aðeins endurgreiða tollmismun, að krafa um EFTA-tollmeðferð sé lögð fram innan þriggja mánaða frá tollafgreiðslu vörunnar, enda sé ljóst, að varan fullnægi skilyrðum EFTA-tollmeðferðar. Enn fremur ber að sanna, að varan sé óseld. Frá hverri leiðréttingu skulu dragast kr. 3.000.

E. Aðstoð við útflutning vara

14. gr.

Í samræmi við heimild í 2. gr. laga nr. 2/1970 um breytingu á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, hafa eftirtalin samtök hlotið löggildingu til að staðfesta EFTA-skírteini vegna útflutnings á vörum (sbr. fylgiskjal 5), sem rétt eiga til EFTA-tollmeðferðar í því ríki, sem þær eiga að flytjast til:

Félag íslenzkra iðnrekenda
Verzlunarráð Íslands.

15. gr.

Við útflutning vara, er um ræðir í 14. gr., geta útflytjendur enn fremur fengið aðstoð hjá tollyfirvöldum um upplýsingar, vottorðagjöf o. fl.

Sé farið fram á staðfestingu tollyfirvalda á EFTA-skírteini, verða útflytjendur að óska þess skriflega og leggja fram þau sönnunargögn, sem nauðsynleg teljast.

F. Refsiákvæði

16. gr.

Um viðurlög við röngum upplýsingum eða sönnunargögnum í því skyni að koma vöru undir EFTA-tollmeðferð gilda ákvæði 63. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. og 3. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á þeim lögum.

G. Gildistaka

17. gr.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. marz 1970.

Fjármálaráðuneytið 12. febrúar 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal 1

Listi yfir vörur, sem ekki njóta EFTA-tollmeðferðar

Bruxelles-tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
1. kafli	Lifandi dýr
2. kafli	Kjöt og ætir hlutar af dýrum *nema* hvalkjöt (ex 02.04)
3. kafli	
ex 03.01	Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur *nema* hraðfryst flök
03.02	Fiskur, saltaður, í saltlegi, þurrkaður eða reyktur
ex 03.03	Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni, *nema* frystar, afskeljaðar rækjur aðrar en „Dublin Bay prawns“ (Nephrops norvegicius“)
4. kafli	Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang
5. kafli	
ex 05.04	Þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum, *nema* (i) svínsþarmar til pylsugerðar, að cif-innflutningsverðmæti yfir £ 10 pr. cwt. (50,8 kg) eða jafnvirði þeirrar upphæðar í annarri mynt; og (ii) ætir þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr kindum, svínum eða nautpeningi, aðrir en þarmar til pylsugerðar
ex 05.15	Afurðir úr dýraríkinu, ót. a. *nema* blóðduft, blóðplasma, söltuð hrogn, óhæf til manneldis, dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli taka til, óhæf til manneldis
6. kafli	Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts
7. kafli	
ex 07.01	Grænmeti, nýtt eða kælt, *nema* hvítlaukur
07.02	Grænmeti (einnig soðið), fryst
07.03	Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax
ex 07.04	Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið, *nema* hvítlaukur
07.05	Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir
07.06	Maníókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, batatar og þess háttar rætur og rótarhnýði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans

Bruxelles-tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
8. kafli	
08.01	Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajuhnetur, ananas, avokathnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt
08.02	Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir
ex 08.03	Fíkjur, þurrkaðar
08.04	Vínber, ný eða þurrkuð
ex 08.05	Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar, með eða án hnotskurnar, *nema* möndlur og kastanjettur
08.06	Epli, perur eða kveður, nýtt
08.07	Steinaldin, ný
08.08	Ber, ný
ex 08.09	Aðrir ávextir, nýir *nema* „honeydew" melónur (Cucumis melo L. var inodorus eða maltensis) og „ogen" melónur (Cucumis melo L. var cantalupensis Ser)
08.10	Ávextir (einnig soðnir), frystir, en ekki sykraðir
08.11	Ávextir niðurlagðir til geymslu um stundarsakir (t. d. með brennisteinsdíoxydgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða annarri niðurlagningarupplausn), en í þessu ástandi óhæfir til neyzlu þegar í stað
08.12	Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01—08.05
08.13	Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða í önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir
9. kafli	Kaffi, te, maté og krydd *nema* maté (09.03)
10. kafli	Korn, ómalað
11. kafli	Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín
12. kafli	
12.01	Olíufræ og olíurík aldin, heil eða sundurskorin
12.02	Mjöl ófitusneytt, úr olíufræum eða olíuríkum aldinum, þó ekki mustarðsmjöl
ex 12.03	Fræ, aldin og sporar til sáningar *nema* fræ af barrtrjám
12.04	Sykurrófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar; sykurreyr
12.05	Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar
12.06	Humall og humalmjöl (lúpúlín)
ex 12.07	Basellika (Ocimum basilicum), hjólkróna (Borago officinalis), mynta (að undantekinni þurrkaðri piparmyntu og poleimyntu), rósmarínlyng (rosmarinus officinalis) og salvia (salvia officinalis)
12.08	Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.
12.09	Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið
12.10	Beðjur, kálrófur og aðrar fóðurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og þess háttar fóðurefni

Bruxelles-tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
15. kafli	
15.01	Feiti af svínum og fuglum, brædd eða pressuð
15.02	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; tólg, framleidd úr slíkri feiti (þar með talinn „premier jus“)
15.03	Svínafeitisterín (lardstearín), oleosterín (pressutólg), svínafeitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt
ex 15.06	Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti, úrgangsefnafeiti) *nema* klaufaolía til tæknilegrar notkunar
ex 15.07	Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin *nema* olíur unnar á kemiskan hátt úr olívuúrgangsefnum til tæknilegrar notkunar
ex 15.12	Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnað að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, en ekki frekar unnin *nema* olíur og feiti algjörlega unnar úr fiski eða sjávarspendýrum
15.13	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti
16. kafli	
16.01	Pylsur eða þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði
16.02	Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar
ex 16.03	Kjötextrakt og annað kjötseyði *nema* hvalkjötsextrakt
17. kafli	
17.01	Rófu- og reyrsykur í föstu formi
17.02	Annar sykur, síróp, hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi; brenndur sykur
17.03	Melassi, einnig aflitaður
ex 17.04	Fondant, deig, krem og svipaðar hálfunnar vörur, í stórum umbúðum, með viðbættu sætiefnainnihaldi að lágmarki 80% að þunga
17.05	Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti
18. kafli	
18.01	Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar
18.02	Kakaóhýði og kakaóúrgangur
19. kafli	
19.02	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd
19.03	Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur
19.04	Tapíókagrjón og sagógrjón, tapíóka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju
ex 19.07	Brauð og aðrar algengar brauðvörur *nema* skonrok („ships' biscuits“), brauðmylsna („crumbs“) og tvíbökur („rusks“)

Bruxelles-tollnafnaskrár-númer	*Vörulýsing*
ex 19.08	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur *nema* kex, ískex, tvíbökur („rusks"), kökur[1]) og vínarbrauð[2])
20. kafli	
20.01	Grænmeti og ávextir, tilreitt eða niðursoðið í ediki eða ediksýru, einnig með sykri, salti, sinnepi eða öðru kryddi
ex 20.02	Grænmeti, tilreitt eða varið skemmdum með öðru en ediki eða ediksýru, *nema* (i) tómatpuré (þ. m. t. tómatpulpa) algjörlega unnið úr tómötum og vatni, með eða án salts eða annarra efna til varnar skemmdum eða bragðbætis, í loftþéttum lokuðum ílátum að þurrviktarinnihaldi ekki minna en 25% tómatar; og (ii) olívur
20.03	Ávextir frystir, með sykri
20.04	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)
20.05	Aldinsulta, aldinhlaup, aldinmauk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri
ex 20.06	Ávextir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt, einnig með sykri eða vínanda *nema* hnetur
20.07	Ávaxta- og grænmetissafi (þar með drúfusafi), ógerjaður, einnig með sykri, en án vínanda
21. kafli	
ex 21.06	Pressuger
ex 21.07	Rjómaís (sem inniheldur fitu) en ekki rjómaísduft; kaffipasta, smjörkrem („sweetfat"); emulgeruð fita og svipuð efni, sem notuð eru til framleiðslu á bökuðum vörum og innihalda minnst 10% fitu; soðið ravioli, makkaróni, spaghetti og því um líkt
22. kafli	
22.04	Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli
22.05	Vín úr nýjum drúfum og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með etanóli
22.06	Vermút og annað vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum
22.07	Aðrar gerjaðar drykkjarvörur, t. d. eplavín, peruvín og mjöður (hunangsvín)
ex 22.09	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; áfengir drykkir *nema* whisky og annað áfengi unnið úr korni, romm og annað áfengi unnið úr melassa; aquavitae, genever, gin, eftirlíkingar af rommi og vodka; áfengir drykkir úr framangreindum tegundum vínanda; vínþrúgu- og fíkjubrennivín; líkjörar og ávaxtalíkjörar („cordials"); sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum
22.10	Edik og edikslíki

1) Með köku er átt við bakaðar vörur án fyllingar eða gljásykurs, úr mjöli (þ. m. t. maísmjöl og sterkja) og fitu en án gers og, sem m. a. hefur inni að halda tvennt eða fleira af eftirfarandi: sykri, hunangi, eggjum, mjólk, osti, ávöxtum, hnetum, bragðbætandi eða litandi efnum.

2) með vínarbrauði er átt við blaðlaga bakaða vöru með geri og feitiinnihaldi, sem minnst er 25% af þyngd fullunnu vörunnar.

23. kafli

23.02	Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta
23.03	Sykurmelassi og annar úrgangur, sem fellur til við framleiðslu á sykri; hrat og önnur úrgangsefni frá öl- og áfengisgerð; úrgangsefni frá sterkjugerð og önnur áþekk úrgangsefni
23.04	Olíukökur og aðrar leifar, sem falla til við framleiðslu á feiti og feitum sýrum úr jurtaríkinu (þó ekki leifar frá olíuhreinsun)
23.06	Jurtaefni hæf til skepnufóðurs, ót. a.
ex 23.07	Skepnufóður blandað sykri eða melassa og annað tilreitt skepnufóður *nema* soðkjarni fisks („fish solubles“)

24. kafli

24.01	Tóbak óunnið; tóbaksúrgangur

35. kafli

ex 35.01	Kaseín, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar

Fylgiskjal 2

Vörulisti I við Viðauka B

Skrá yfir ákvarðandi framleiðsluaðferðir, þar sem einnig má beita hundraðshlutamælikvarðanum

Almennar inngangsathugasemdir við vörulista I (nema 29. kafla)

1. Við beitingu ákvæða liðs 1 (b) í 4. grein við vörur, sem taldar eru fullunnar í þessum vörulista, skal viðeigandi ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd við vöruna alla, þó að frátöldum hvers kyns umbúðum.

2. Öll stig framleiðslu vöru frá byrjun ákvarðandi framleiðsluaðferðar skulu framkvæmd innan svæðisins.

3. Þegar ákvarðandi framleiðsluaðferð gerir ráð fyrir vali um efni (t. d. „framleiðsla úr ..... eða úr ....."), útilokar notkun eins efnis ekki notkun neinna annarra.

4. Engin þau skilyrði, sem sett eru fyrir ákvarðandi framleiðsluaðferðum, skulu útiloka notkun efna, sem eru á hráefnaskránni, svo fremi að við þau hafi verið viðhöfð framleiðsluaðferð eins og skýrgreint er í 6. málsgrein 1. reglu í viðauka B.

5. Hugtakið „framleiðsla úr" tekur ekki til tilvika, þar sem vara er til orðin á þann hátt, að hún hefur verið skilin frá annarri vöru, sem hún var hluti af.

6. Í þeim tilvikum, þar sem ákvarðandi framleiðsluaðferð er háð því, að vara eða nánar tilgreint efni skuli vera framleitt með kemískri umbreytingu (transformation), þá merkir hugtakið „kemísk umbreyting" myndun sameindar (molecule) vörunnar eða efnisins með:

(a) því að tvö frumefni eða fleiri verka hvert á annað;

(b) sérhverri kemískri ummyndun á byggingu sameindar efnis, að undantekinni (i) ioniseringu og (ii) því að bæta við eða taka burt vatnskristalla.

Hér merkir „sameind" vöru eða efnis þá sameind, sem er ákvarðandi við flokkun vörunnar eða efnisins eftir Bruxelles-tollnafnaskránni.

7. Tilvísanir til fjögurra stafa talna, t. d. 25.03, vísa til tollskrárnúmera í Bruxelles-tollnafnaskránni, tilvísanir í kafla eiga við kafla í Bruxelles-tollnafnaskránni. Nema annað komi fram af samhenginu, skulu vörulýsingar fullunninna vara og efna túlkaðar í samræmi við athugasemdir við flokka og kafla Bruxelles-tollnafnaskrárinnar og reglur um túlkun tollnafnaskrárinnar.

8. Þessar inngangsathugasemdir taka ekki til 29. kafla, en um hann gilda sérstakar inngangsathugasemdir.

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
5. KAFLI	
Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.	
ex 05.07 Fjaðrir og dúnn, hreinsað	Hreinsun (sem skal fela í sér þvott, rykhreinsun og þurrkun), flokkun og blöndun óunninna fjaðra eða dúns
ex 05.15 Söltuð hrogn, óhæf til manneldis	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 05.15
13. KAFLI	
Hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sútunar; jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrulegur harpix og aðrir jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu	
13.03 Jurtasafi og extraktar úr jurtaríkinu; pektín; agar-agar og annað náttúrulegt plöntuslím og hleypiefni unnið úr jurtaríkinu	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 13.03
14. KAFLI	
Flétti- og útskurðarefni úr jurtaríkinu; önnur efni úr jurtaríkinu ótalin annars staðar	
ex 14.05 Þangmjöl	Framleiðsla úr þangi (ex 14.05) eða úr efnum, sem ekki teljast til 14.05
15. KAFLI	
Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu	
15.04 Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.04
ex 15.05 Ullarfeiti	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.05
ex 15.05 Feitiefni (hér með talið lanolín), unnin úr ullarfeiti	Framleiðsla úr óhreinsaðri ullarfeiti (ex 15.05) eða úr efnum, sem ekki teljast til 15.05
15.08 Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnseydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólymerseruð eða umbreytt með öðrum hætti	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.07 eða 15.08

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
15.09 Degras	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.08 eða 15.09
ex 15.10 Feitisýrur	Framleiðsla úr súrri olíu frá feitihreinsun (ex 15.10) eða úr efnum, sem ekki teljast til 15.10
ex 15.10 Súrar olíur frá feitihreinsun; feitialkóhól	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.10
15.11 Glyseról og glyseróllútur	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.11
ex 15.11 Glyseról, hreinsað	Framleiðsla frá hreinsun eða eimingu
ex 15.12 Feiti og olíur eingöngu unnin úr fiski og sjávarspendýrum, vetnuð að nokkru eða öllu leyti eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, hreinsuð eða óhreinsuð, en ekki frekar unnin	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.12
15.17 Leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.17

16. KAFLI

Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum og lindýrum

ex 16.04 Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talinn styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra í loftþéttum umbúðum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 16.04
ex 16.05 Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin í loftþéttum umbúðum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 16.05

17. KAFLI

Sykur og sykurvörur

ex 17.04 Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki „fondant", deig, krem og því um líkar hálfunnar vörur, með viðbættu sætefnisinnihaldi, sem er 80% af þyngd eða meira, ekki í smásöluumbúðum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 17.04

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
18. KAFLI	
Kakaó og kakaóvörur	
18.03 Kakaódeig (þar með talin kakaódeig í stykkjum), einnig þó feitin hafi verið dregin úr því	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 18.03
18.04 Kakaósmjör (feiti eða olía)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 18.03 eða 18.04
18.05 Kakaóduft, ósykrað	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 18.03 eða 18.05
18.06 Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 17.04 eða 18.06
19. KAFLI	
Framleiðsla úr korni, mjöli og sterkju; brauðvörur	
19.01 Maltextrakt	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 11.01 eða 19.01
19.05 Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „corn flakes“ eða þess konar vörur	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.05
19.06 Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, ríspynnur og þess konar vörur	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.06
ex 19.07 Hart, ósætt kex (ships' biscuits), brauðmylsna (crumbs), tvíbökur og kruður	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.07
ex 19.08 Kex, ískex (wafers), tvíbökur og kruður, kökur[1]) og vínarbrauð (danish pastry)[1])	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.08

1) Sbr. skýrgreiningu í viðauka D

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
21. KAFLI	
Ýmsar fæðutegundir	
21.01 Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki; extraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.01
21.02 Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, te eða maté; einnig vörur framleiddar úr þessum efnum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.02
21.03 Sinnepsmjöl og lagað sinnep	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.03
21.04 Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbætiefni	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.04
21.05 Súpur, súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.05
ex 21.06 Náttúrulegt ger, þó ekki pressuger; tilreitt bökunarduft	Framleiðsla úr frjóefnum (seed) fyrir gerræktun (yeast cultures) (ex 21.06) eða úr efnum, sem teljast ekki til 21.06
ex 21.07 Aðrar fæðutegundir, ótaldar annars staðar, þó ekki eftirtalið: mataris (icecream), sem inniheldur fitu, þó ekki meðtalið mataríssduft; kaffipasta; smjörkrem (sweetfat); feitiemulsjónir og þess konar efni, sem notuð eru til framleiðslu á bökuðum vörum og innihalda 10% fitu eða meira miðað við þyngd; soðið „ravioli", „makkaroni", „spaghetti" og þess konar vörur; yoghurt með bragðefnum í eða ávöxtum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.07
22.02 Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til 20.07	Framleiðsla úr safa sítrusávaxta (ex 20.07) eða tilreiddum blöndum sítrusávaxta eða sítrusolíu (ex 21.07) eða úr efnum, sem ekki teljast til 20.07, 21.07 eða 22.02
22.03 Öl gert úr malti	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 11.07 eða 22.03

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
22.08 Etanól (etylalkóhól), ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli, mengað etanól sérhvers styrkleika	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 22.08 eða 22.09
ex 22.09 Whisky og annað áfengi unnið úr korni; romm og annað áfengi unnið úr melössum; ákavíti, genever, gin, eftirlíkingar af rommi og vodka; áfengir drykkir framleiddir úr áðurgreindu áfengi; vínþrúgu- og fíkjubrennivín; líkjörar og ávaxtalíkjörar (cordials); samsettar vínandablöndur (s. k. concentrated extracts) til framleiðslu á drykkjarvörum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 22.08 eða 22.09

23. KAFLI

Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu; tilreitt skepnufóður

23.01 Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum, lindýrum, óhæft til matar; hamsar	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 23.01
ex 23.05 Vínúrgangur (wine lees)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 23.05
ex 23.05 Vínsteinn, óhreinsaður	Framleiðsla úr vínúrgangi (wine lees) (ex 23.05) eða úr efnum, sem ekki teljast til 23.05
ex 23.07 Soðkjarni fisks (fish solubles)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 23.07

24. KAFLI

Tóbak

24.02 Tóbak unnið, tóbakssósa og tóbaksextrakt	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 24.02

25. KAFLI

Salt, brennisteinn, mold og steintegundir; gips, kalk og sement

ex 25.01 Borðsalt og hreint natríumklórid til lyfjagerðar	Framleiðsla úr steinsalti, salti unnu úr sjó eða söltum vökvum (ex 25.01) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.01

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
25.03 Brennisteinn hvers konar, þó ekki þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloidal)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 25.03
ex 25.06 Kvarz og kvarzít sem korn eða duft	Mulning, sigtun og flokkun á óunnu kvarzi eða kvarzíti (ex 25.06)
ex 25.07 Brenndur leir (t. d. kaólín og bentonít), andalúsít, cyanít, sillimanít, þó ekki þaninn leir, sem telst til nr. 68.07; múllít; chamotteleir og dínasleir	Framleiðsla úr óbrenndum leir, andalúsít, cyanít, eða sillimanít (ex 25.07) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.07
ex 25.09 Jarðlitir malaðir eða brenndir	Framleiðsla úr ómöluðum, óbrenndum jarðlitum (ex 25.09) eða efnum, sem ekki teljast til 25.09
ex 25.13 Vikur (pimpsteinn), smergill, náttúrulegt kórund og önnur náttúruleg slípiefni, einnig hitameðhöndluð, sem korn eða duft	Mulning, sigtun og flokkun óunninna efna, sem teljast til 25.13
ex 25.17 Tinna, einnig hitameðhöndluð, sem korn eða duft	Mulning, sigtun og flokkun óunninnar tinnu (ex 25.17)
ex 25.18 Brennt dólómít; samrunnið dólómít (þar með tjöruborið dólómít)	Framleiðsla úr óbrenndu dólómíti (ex 25.18) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.18
ex 25.19 Brennt magnesíumkarbónat	Framleiðsla úr óbrenndu náttúrulegu magnesíumkarbónati (ex 25.19)
ex 25.20 Brennt gips, einnig litað eða lítils háttar bætt mýkingarefnum, þó ekki gips til tannlækninga	Framleiðsla úr óbrenndu gipsi, eða anhydríti (ex 25.20) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.20
25.22 Brennt kalk, leskjað kalk og hydrólískt kalk (þó ekki kalsíumoxyd og kalsíumhydroxyd)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 25.22
25.23 Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 25.23

	Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
ex 25.25	Samanlímt (agglomerated) merskúm; samanlímt (agglomerated) raf	Framleiðsla úr náttúrulegu merskúm (ex 25.25) eða rafúrgangi (ex 25.25) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.25
ex 25.30	Brennd konsentröt náttúrulegra bórata	Framleiðsla úr óunnum náttúrulegum bóröt-um (ex 25.30)

26. KAFLI

Málmgrýti, gjall og aska

ex 26.01	Brennt brennisteinskís og önnur náttúruleg járnsúlfíð, brennd, einnig samrunnin (agglomerated) í töflum (briquettes) eða í öðru formi	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.01
26.02	Gjall, sindur og annar úrgangur frá járn- og stálframleiðslu	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.02
26.03	Aska og annar úrgangur (þó ekki frá járn- og stálframleiðslu), sem málmur er í eða málmsambönd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.03
26.04	Annað gjall og aska ót. a. (þar með talin þangaska)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.04

27. KAFLI

Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; tjöruefni; jarðvax

3. **að hvorki hafi verið né muni verða krafizt eða notuð tollendurgreiðsla, tímabundið tollfrelsi eða annað fyrirkomulag með sömu áhrifum (nema þá það, sem skv. ákvæðum EFTA-samningsins hefur ekki áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi), varðandi vörurnar í sambandi við útflutning þeirra frá því landi, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra;**

4. **að vörurnar eru sendar frá ÍSLANDI til viðtakanda þess, sem tilgreindur er á vörureikningnum.**

.....

(Undirskrift)

(EFTA-yfirlýsing 1a (B) sýnir texta sem nota skal, þegar yfirlýsing er gefin á vörureikningi)

Skýringar um notkun EFTA-yfirlýsingar 1a (B)

(skulu ekki skráðar á vörureikninginn)

EFTA-yfirlýsingu 1a (B) skal því aðeins nota, að allar vörur á vörureikningnum hafi verið framleiddar innan EFTA-svæðisins með ákvarðandi framleiðsluaðferð sem lýst er í framleiðsluskrám EFTA (sjá vörulista I og II).

Ef allar vörur á vörureikningnum hafa verið framleiddar með ákvarðandi framleiðsluaðferð, sem á við **eitt** númer í Bruxelles-tollnafnaskránni, verður að tilgreina það númer.

Í öðrum tilvikum skal skrifa „sjá vörureikning", og á vörureikningnum skal þá vera dálkur (nefndur „Upprunaákvörðunarregla"), sem númer það í Bruxelles-tollnafnaskránni, sem á við hlutaðeigandi framleiðsluaðferð, er skráð í fyrir hverja einstaka vöru.

EFTA-YFIRLÝSING 1a (B)

Undirritaður, sem er framleiðandi og útflytjandi þeirrar vörusendingar, sem færð er á þennan vörureikning, lýsir því yfir:

1. **að yfirlýsing þessi er gefin í samræmi við ákvæði 4. og 7. greinar og Viðauka B í EFTA-samningnum;**
2. **að sérhver vara í vörusendingunni hefur verið framleidd innan EFTA-svæðisins með ákvarðandi framleiðsluaðferð, sem lýst hefur verið fyrir þá vöru í framleiðsluskrám EFTA skv. Bruxelles-tollnafnaskrárnúmeri .....;**
3. **að hvorki hafi verið né muni verða krafizt eða notuð tollendurgreiðsla, tímabundið tollfrelsi eða annað fyrirkomulag með sömu áhrifum (nema það, sem skv. ákvæðum EFTA-samningsins hefur ekki áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi), varðandi vörurnar í sambandi við útflutning þeirra frá því landi, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra;**
4. **að vörurnar eru sendar frá ÍSLANDI til viðtakanda þess, sem tilgreindur er á vörureikningnum.**

.....

(Undirskrift)

(EFTA-yfirlýsing 1a (C) sýnir texta sem nota skal, þegar yfirlýsing er gefin á vörureikningi)

Skýringar um notkun EFTA-yfirlýsingar 1a (C)

(skulu ekki skráðar á vörureikninginn)

EFTA-yfirlýsingu 1a(C) skal því aðeins nota, að allar vörur á vörureikningnum hafi verið framleiddar innan EFTA-svæðisins og uppfylli skilyrði „hundraðshlutamælikvarðans" (sjá 3. reglu í Viðauka B og töluliði 1. (c) og 2. í 4. grein samningsins).

EFTA-YFIRLÝSING 1a (C)

Undirritaður, sem er framleiðandi og útflytjandi þeirrar vörusendingar, sem færð er á þennan vörureikning, lýsir því yfir:

1. **að yfirlýsing þessi er gefin í samræmi við ákvæði 4. og 7. greinar og Viðauka B í EFTA-samningnum;**

2. **að sérhver vara í vörusendingunni hefur verið framleidd innan EFTA-svæðisins og verðmæti efna, sem notuð eru á hvaða vinnslustigi sem er, og innflutt eru utan svæðisins eða af óþekktum uppruna, er ekki hærra en 50% af útflutningsverði vörunnar;**

3. **að hvorki hafi verið né muni verða krafizt eða notuð tollendurgreiðsla, tímabundið tollfrelsi eða annað fyrirkomulag með sömu áhrifum (nema þá það, sem skv. ákvæðum EFTA-samningsins hefur ekki áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi), varðandi vörurnar í sambandi við útflutning þeirra frá því landi, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra;**

4. **að vörurnar eru sendar frá ÍSLANDI til viðtakanda þess, sem tilgreindur er á vörureikningnum.**

.....

(Undirskrift)

(EFTA-yfirlýsing 1a (Varahlutir) sýnir texta sem nota skal, þegar yfirlýsing er gefin á vörureikningi og framleiðandi vara (complete goods), sem heyra undir kafla 84—92 í Bruxelles-tollnafnaskránni, flytur út vörusendingu, sem er varahlutir eða verkfæri fyrir þær vörur)

Skýringar um notkun EFTA-yfirlýsingar 1a (Varahlutir)

(skulu ekki skráðar á vörureikninginn)

I. Almennt

EFTA-yfirlýsingu 1a (Varahlutir) skal því aðeins nota, að allir varahlutir og verkfæri á vörureikningnum uppfylli skilyrði **sömu** upprunaákvörðunarreglu (töluliður 2(a) eða 2(b) eða 2(c)). Hina töluliðina tvo, sem ekki eiga við, skal annað hvort strika yfir eða sleppa í yfirlýsingunni.

II. Sérstök skýring á tölulið 2(b)

Ef allir varahlutir og verkfæri á vörureikningnum hafa verið framleidd með ákvarðandi framleiðsluaðferð, sem á við **eitt** númer í Bruxelles-tollnafnaskránni, verður að tilgreina það númer.

Í öðrum tilvikum skal skrifa „sjá vörureikning", og á vörureikningnum skal þá vera dálkur (nefndur „Upprunaákvörðunarregla"), sem númer það í Bruxelles-tollnafnaskránni, sem á við hlutaðeigandi framleiðsluaðferð, er skráð í fyrir hverja einstaka vöru.

EFTA-YFIRLÝSING 1a (Varahlutir)

Undirritaður, sem er útflytjandi þeirrar vörusendingar, sem færð er á þennan vörureikning, lýsir því yfir:

1. **að yfirlýsing þessi er gefin í samræmi við ákvæði 4. og 7. greinar og Viðauka B í EFTA-samningnum;**
2. **að sérhver vara í vörusendingunni hefur verið:**
   (a) **framleidd að öllu leyti innan EFTA-svæðisins; eða**
   (b) **framleidd innan EFTA-svæðisins með ákvarðandi framleiðsluaðferð, sem hefur verið lýst fyrir þá vöru í framleiðsluskrám EFTA skv. Bruxelles-tollnafnaskrárnúmeri .....; eða**
   (c) **framleidd innan EFTA-svæðisins og verðmæti efna, sem notuð eru á hvaða vinnslustigi sem er, og innflutt eru utan svæðisins eða af óþekktum uppruna, er ekki hærra en 50% af útflutningsverði vörunnar í því landi, þar sem síðasta hönd var lögð á framleiðslu hennar;**
3. **að hvorki hafi verið né muni verða krafizt eða notuð tollendurgreiðsla, tímabundið tollfrelsi eða annað fyrirkomulag með sömu áhrifum (nema þá það, sem skv. ákvæðum EFTA-samningsins hefur ekki áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi), varðandi vörurnar í sambandi við útflutning þeirra frá því landi, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra;**
4. **að vörurnar eru sendar frá ÍSLANDI til viðtakanda þess, sem tilgreindur er á vörureikningnum;**
5. **að sérhver vara í vörusendingunni er varahlutur eða verkfæri fyrir vörur, sem heyra undir kafla 84–92 í Bruxelles-tollnafnaskránni og framleiddar hafa verið af útflytjandanum.**

.....

(Undirskrift)

(EFTA-yfirlýsing 1b sýnir texta sem nota skal, þegar yfirlýsing er gefin á vörureikningi, sem hefur dálk nefndan „Upprunaákvörðunarregla")

Skýringar um notkun EFTA-yfirlýsingar 1b

(skulu ekki skráðar á vörureikninginn)

I. EFTA-yfirlýsingu 1b má nota í þeim tilvikum, þegar vörurnar á vörureikningnum fullnægja skilyrðum mismunandi upprunaákvörðunarreglna (sjá töluliði 2(a), 2(b) og 2(c) í yfirlýsingunni), en hana má einnig nota, þegar allar vörurnar á vörureikningnum fullnægja skilyrðum sömu upprunaákvörðunarreglu.

II. Vörureikningurinn, sem þessi yfirlýsing er gefin á, **verður** að hafa dálk nefndan „Upprunaákvörðunarregla", sem auðkennið, sem svæðisuppruna er krafizt eftir, **verður** að tilgreina í fyrir hvert einstakt vöruheiti á vörureikningnum með því að skrifa annaðhvort bókstafinn „A" eða Bruxelles-tollnafnaskrárnúmerið fyrir ákvarðandi framleiðsluaðferð vöruheitisins eða táknið „50%", allt eftir því sem við á.

EFTA-YFIRLÝSING 1b

Undirritaður, sem er framleiðandi og útflytjandi þeirrar vörusendingar, sem færð er á þennan vörureikning, lýsir því yfir:

1. **að yfirlýsing þessi er gefin í samræmi við ákvæði 4. og 7. greinar og Viðauka B í EFTA-samningnum;**
2. **að sérhver vara í vörusendingunni hefur verið framleidd innan EFTA-svæðisins eins og tilgreint er fyrir þá vöru á vörureikningnum í dálki nefndum „Upprunaákvörðunarregla"; í þeim dálki merkir:**
   (a) **„A", að varan er framleidd að öllu leyti innan EFTA-svæðisins;**
   (b) **Bruxelles-tollnafnaskrárnúmer, að varan er framleidd innan EFTA-svæðisins með ákvarðandi framleiðsluaðferð, sem lýst er í framleiðsluskrám EFTA fyrir þá vöru;**
   (c) **„50%", að verðmæti efna, sem notuð eru á hvaða vinnslustigi sem er, og innflutt eru utan svæðisins eða af óþekktum uppruna, sé ekki hærra en 50% af útflutningsverði vörunnar;**
3. **að hvorki hafi verið né muni verða krafizt eða notuð tollendurgreiðsla, tímabundið tollfrelsi eða annað fyrirkomulag með sömu áhrifum (nema þá það, sem skv. ákvæðum EFTA-samningsins hefur ekki áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi), varðandi vörurnar í sambandi við útflutning þeirra frá því landi, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra;**
4. **að vörurnar eru sendar frá ÍSLANDI til viðtakanda þess, sem tilgreindur er á vörureikningnum.**

.....

(Undirskrift)

(EFTA-yfirlýsing 1b (Varahlutir) sýnir texta sem nota skal, þegar yfirlýsing er gefin á vörureikningi sem hefur dálk nefndan „Upprunaákvörðunarregla“ og framleiðandi vara (complete goods), sem heyra undir kafla 84—92 í Bruxelles-tollnafnaskránni flytur út vörusendingu, sem er varahlutir eða verkfæri fyrir þær vörur)

Skýringar um notkun EFTA-yfirlýsingar 1b (Varahlutir)

(skulu ekki skráðar á vörureikninginn)

I. EFTA-yfirlýsingu 1b (Varahlutir) má nota í þeim tilvikum, þegar varahlutirnir eða verkfærin á vörureikningnum fullnægja skilyrðum mismunandi upprunaákvörðunarreglna (sjá töluliði 2(a), 2(b) og 2(c) í yfirlýsingunni), en hana má einnig nota, þegar allir varahlutirnir og verkfærin á vörureikningnum fullnægja skilyrðum sömu upprunaákvörðunarreglu.

II. Vörureikningurinn, sem þessi yfirlýsing er gefin á, **verður** að hafa dálk nefndan „Upprunaákvörðunarregla“, sem auðkennið, sem svæðisuppruna er krafizt eftir, **verður** að tilgreina í fyrir hvert einstakt vöruheiti á vörureikningnum með því að skrifa annaðhvort bókstafinn „A“ eða Bruxelles-tollnafnaskrárnúmerið fyrir ákvarðandi framleiðsluaðferð vöruheitisins eða táknið „50%“, allt eftir því sem við á.

EFTA-YFIRLÝSING 1b (Varahlutir)

Undirritaður, sem er útflytjandi þeirrar vörusendingar, sem færð er á þennan vörureikning, lýsir því yfir:

1. **að yfirlýsing þessi er gefin í samræmi við ákvæði 4. og 7. greinar og Viðauka B í EFTA-samningnum;**
2. **að sérhver vara í vörusendingunni hefur verið framleidd innan EFTA-svæðisins eins og tilgreint er fyrir þá vöru á vörureikningnum í dálki nefndum „Upprunaákvörðunarregla“; í þeim dálki merkir:**
   (a) **„A“, að varan er framleidd að öllu leyti innan EFTA-svæðisins;**
   (b) **Bruxelles-tollnafnaskrárnúmer, að varan er framleidd innan EFTA-svæðisins með ákvarðandi framleiðsluaðferð, sem lýst er í framleiðsluskrám EFTA fyrir þá vöru;**
   (c) **„50%“, að verðmæti efna, sem notuð eru á hvaða vinnslustigi sem er, og innflutt eru utan svæðisins eða af óþekktum uppruna, sé ekki hærra en 50% af útflutningsverði vörunnar;**
3. **að hvorki hafi verið né muni verða krafizt eða notuð tollendurgreiðsla, tímabundið tollfrelsi eða annað fyrirkomulag með sömu áhrifum (nema þá það, sem skv. ákvæðum EFTA-samningsins hefur ekki áhrif á svæðistollmeðferðarhæfi), varðandi vörurnar í sambandi við útflutning þeirra frá því landi, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra;**
4. **að vörurnar eru sendar frá ÍSLANDI til viðtakanda þess, sem tilgreindur er á vörureikningnum;**
5. **að sérhver vara í vörusendingunni er varahlutur eða verkfæri fyrir vörur, sem heyra undir kafla 84–92 í Bruxelles-tollnafnaskránni og framleiddar hafa verið af útflytjandanum.**

.....

(Undirskrift)

AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu fyrir Suðvesturlandi, í Faxaflóa og Breiðafirði.

1. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar til 1. apríl 1970 fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum:

1. Frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í réttvísandi austur í punkt 63°40′7 N og 22°55′ V og þaðan í réttvísandi 213° og frá Geirfugladrang hugsast dregin lína í norðurátt í punkt 63°54′8 N og 23°26′ V og þaðan í réttvísandi vestur. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.
2. Í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línum, er hugsast dregnar milli eftirgreindra punkta:

1.	64°28′ N	23°57′ V
2.	64°27′ N	24°43′ V
3.	64°18′ N	24°43′ V
4.	64°18′ N	24°23′ V

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1970 í Breiðafirði innan línu, sem hugsast dregin út Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki falla undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til 100 000.00.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu, eru bannaðar veiðar frá 1. marz til 1. maí 1970 á svæðum, sem takmarkast af línum, sem hugsast dregnar þannig:

1. Að austan hugsast dregin lína í réttvísandi suður frá Þjórsárós í punkt 63°34′ N og 20°48′ V og þaðan í punkt 63°34′ N og 21°26′ V síðan í suðvesturátt gegnum eftirgreinda punkta.

   1. 63°41′2 N 21°45′5 V
   2. 63°41′2 N 22°21′0 V
   3. 63°34′5 N 23°03′5 V

   Og þaðan í réttvísandi 033° í Reykjanesvita. Þó skal skipum allt að 105 brl. heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, er takmarkast af lengdarbaugnum 21°57′ V og 22°32′ V og þrjár sjómílur út frá ströndinni.
2. Að norðan hugsast dregin lína í réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan í réttvísandi vestur frá Stafnnesi. Að utan takmarkast svæði þetta af fiskveiðilandhelgislínunni.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 4. febrúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

Stjórnartíðindi B 1, nr. 1—3. Útgáfudagur 28. febrúar 1970.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1970

5. janúar 1970. 185 Nr. 4.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verzlana á Höfn í Hornarfirði, Hafnarhreppi, A.-Skaft.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverzlana á Höfn, þar á meðal söluturna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjasala, benzínsala, að því er snertir sölu á benzíni, olíu, smurolíum og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, merkjasala og annað slíkt.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til þjónustufyrirtækja, svo sem bifreiðaafgreiðslna að því er varðar bifreiðaafgreiðslu, rakara-, hárgreiðslu- og ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv. að því er varðar þá starfsemi.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða er samþykkt þessi tekur til, er svo sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.

Alla virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 09.00. Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum, skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00, enda beri þessa daga þá ekki upp á helgi eða frídaga.

Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna til kl. 12.00 á hádegi.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlársdag, skal heimilt að hafa verzlanir opnar til kl. 24.00, og aðra næstu daga fyrir jól samkvæmt kjarasamningi verzlunarfólks.

3. gr.

Eftirfarandi reglur gilda um lokun sölustaða á helgidögum og hátíðisdögum:

Jóladag, annan jóladag, páskadag, annan páskadag, hvítasunnudag, annan hvítasunnudag, skírdag, föstudaginn langa, nýjársdag, uppstigningardag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, verzlunarmannafrídaginn, svo og alla sunnudaga skulu allir sölustaðir lokaðir allan daginn, nema þeir sem fá útgefið af hreppsnefnd leyfi til kvöld- og sunnudagasölu.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00. Þó geta söluturnar fengið heimild til kl. 15.00.

4. gr.

Mjólkur- og brauðbúðir skulu hlíta ákvæðum 2. gr. um afgreiðslutíma, nema heimilt skal þeim að hafa opið frá kl. 10.00 til 12.00 alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, uppstigningardag, annan hvítasunnudag, annan jóladag, 1. maí, 17. júní og verzlunarmannafrídaginn.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Hreppsnefnd getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar að söluturnar og sambærilegir sölustaðir, sem almennt smásöluverzlunarleyfi hafa, megi utan hins almenna sölutíma, vera opnir frá kl. 18.00 til kl. 22.00 allt árið. Sölustaðir, sem hér um getur, skulu utan hins almenna sölutíma aðskildir frá hvers konar annarri starfsemi, t. d. annarri verzlun en þar er leyfð, olíu- og benzínsölu, bifreiðaafgreiðslu og veitingastarfsemi. Má þá þjónusta fyrrgreindra sölustaða einungis fara fram um söluop, nema sölustaðir uppfylli fyllstu skilyrði um hreinlæti og reglusemi, að dómi heilbrigðis- og hreppsnefndar. Skulu kaupendur við slík op, standa utanhúss og óheimilt er að hafa neins konar skýli í sambandi við söluop, sem börn og unglingar geta safnast saman í.

Um söluop skal aðeins heimilt að selja eftirtaldar vörur:

Dagblöð, kort, tímarit, frímerki, tóbaksvörur, eldspýtur, ís, öl og gosdrykki, sælgæti, nýja ávexti, niðursuðuvörur, heitar pylsur, ávaxtasafa, kaffi, te, kakó, innpakkað kex, sápur, tannkrem, tannbursta, greiður, bómull, dömubindi, skyndiplástra, WC-pappír, rafhlöður, rafmagnsperur, rafmagnsöryggi, filmur, sólgleraugu, spil, kvensokka, vinnuvettlinga og sjóklæðnað.

Heimilt er hreppsnefnd að bæta við vörutegundum, enda liggi þá fyrir samþykki heilbrigðisnefndar, sem ákveður hvað af ofangreindum vörum megi selja á hverjum stað og ákveður nánar hvernig hagað skuli umbúnaði þeirra.

Lokað skal jóladag, páskadag, föstudaginn langa og hvítasunnudag.

Fyllsta hreinlætis skal gætt á öllum sölustöðum, og skulu sorpílát vera staðsett í námunda við þá.

Hreppsnefnd veitir leyfi til kvöldsölu og greiðist fyrir hvern sölustað árlegt gjald, kr. 12 000.00 til sveitarsjóðs. Gjaldið skal greiðast ársfjórðungslega fyrirfram. Sé það ekki greitt á réttum gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

6. gr.

Eftir lokunartíma almennra verzlana er óheimilt að selja nokkurn þann varning, sem þar er á boðstólum, heimilt er þó að afgreiða þá menn, sem komnir voru inn í verzlunina fyrir lokunartíma. Einnig er heimilt að afgreiða langferðamenn um nesti fyrir luktum dyrum. Enn fremur er heimilt að selja eftir reglulegan lokunartíma, kol, salt, olíu, veiðarfæri, vistir og sjóklæðnað til skipa.

Eftir lokunartíma verzlana er heimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan verzlananna, nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja.

7. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, ef sala verzlunarinnar fer fram til ágóða fyrir góðgerðarstofnanir og fyrirtæki að dómi lögreglustjóra.

8. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og öðrum slíkum stöðum, skal heimilt að fengnu leyfi hreppsnefndar og heilbrigðisnefndar að selja samkomugestum sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum.

Einnig má selja þar sýningarskrár og annað slíkt, sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma, sem tilgreindur er í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað. Í kvikmyndahúsum og leikhúsum er slík sala einungis heimil í sýningarhléum og hálftíma fyrir sýningu.

Gjald fyrir söluleyfi á skemmtistað skal vera minnst kr. 500.00 í hvert sinn og greiðist fyrirfram í sveitarsjóð, undanþegin þessu gjaldi eru þó kvikmyndahús og leikhús, en í þess stað skulu þau greiða árlega í sveitarsjóð kr. 5 000.00 fyrir söluleyfi.

9. gr.

Ef leyfishafi, sbr. 6. og 8. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi, eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svifta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má ákveða að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað tiltekinn tíma.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá kr. 1 000.00 allt að kr. 10 000.00. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

11. gr.

Við gildistöku samþykktar þessarar eru öll svokölluð „kvöldsöluleyfi" samkvæmt áður gildandi reglum afturkölluð.

12. gr.

Öllum leyfisgjöldum og sektum, samkvæmt samþykkt þessari og sem í sveitarsjóð renna, skal af sveitarsjóði óskertu varið til menningarmála í Hafnarkauptúni.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Hafnarhrepps, samkv. lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 5. jan. 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

8. janúar 1970. Nr. 5.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 111 10. ágúst 1956.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Um lestargjald.

22. gr.

a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 15.75 af hverri brúttó rúmlest.
b. Innlend fiskiskip greiði kr. 1.05 fyrir hverja bróttó-rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en kr. 52.50.

c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, og skip, sem leita hafnar vegna sjótjóns, er sannast í sjóprófi, skulu greiða kr. 1.35 í lestargjald fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiði þó aðeins hálft lestargjald, enda séu þau að staðaldri í strandferðum, eftir fastri fyrirfram auglýstri áætlun.

d. Af íslenzkum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald, kr. 2.10 af hverri brúttó rúmlest. Sama aukagjald skal greiða af íslenzkum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenzkum dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip (ef leyft verður að safna í sig sjávarfangi til verksmiðjuiðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald.

23. gr.

Ef flutningaskip liggur lengur í höfninni en 7 daga, skal það greiða lestargjald að nýju fyrir hverja 7 daga eða brot úr þeim tíma. Þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir síldarfarmi, og búsettur maður, eða aðili, sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefur á leigu eða á, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 12 daga.

24. gr.

Bátar allt að 12 rúmlestir brúttó greiði sem hafnargjald og bryggjugjald kr. 40.00 í hvert sinn, er þeir leita hafnar.

Vélbátar, 7 rúmlestir og minni, sem heima eiga á Siglufirði, eru gjaldfrjálsir.

25. gr.

Innlend skip, sem lagt er að vetrarlagi á höfninni greiði kr. 0.75 fyrir hverja rúmlest á ári. Útlend skip greiði kr. 3.00 fyrir hverja rúmlest á mánuði.

Gjald samkvæmt VII. kafla reiknast af brúttó rúmlest, sé ekki annað fram tekið.

2. gr.

VIII. kafli orðist þannig:

Um bryggjugjöld.

26. gr.

a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni eða að skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum tonnum, hálft tonn reiknast sem heilt, en minna broti sleppt.

1. Bryggjugjald skal vera kr. 0.50 af brúttórúmlest skips fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta úr hálfum sólarhring, þó aldrei lægra gjald en kr. 50.00 í hvert sinn. Varðskip, vitaskip og björgunarskip skulu undanþegin bryggjugjaldi.
2. Fyrir sérstaka notkun á bryggjum, bólvirkjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð á fiski, flökum, fiskverkun, síldarsöltun, vörugeymsla o. fl., skal hafnarnefnd ákveða sérstakt gjald eða semja við viðkomandi aðila. Hafnarvörður tilkynni bæjarstjórn jafnóðum öll slík afnot.

b. Gjald af öðrum bryggjum en bryggjum hafnarsjóðs:

Flutningaskip og önnur skip greiði hálft bryggjugjald.

3. gr.

IX. kafli orðist þannig:

Um vörugjöld.

27. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með undantekningum, er síðar segir. Vörugjaldið greiðist hvort sem vörum er skipað í land eða í skip á Siglufjarðarhöfn. Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að fara á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald. Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo frá greint í farmskrá, greiðist ekkert gjald.

28. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda séu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

29. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
d. Vörur, sem eru úr herskipi eða í herskip.

30. gr.

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta gjaldkera í té eftirrit af farmskrá. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki gjaldkera ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meir en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið af þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Lægsta gjald af hverri sendingu er kr. 5.00.

31. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá til tekur, og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

32. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. **200 aurar fyrir hver 100 kg.:**
Korn og fóðurvara í sekkjum, áburður, hey, garðávextir í sekkjum (s. s. kartöflur, rófur og laukur), sement, kalk, salt, sykur óst., kol og koks.

2. flokkur. **300 aurar fyrir hver 100 kg.:**
Gasolía, svartolía og aðrar brennsluolíur, benzín, byggingarefni óunnið, s. s. þakjárn, þakhellur og skífur, asbest, steypustyrktarjárn, múrhúðunarefni, þó ekki sements-málning, vikur- og vikursteinar, hlutir úr frauðsteypu og gjalli, vegg- og gólfflísar, þakpappi, veiðarfæri ótalin annars staðar, fiskumbúðir og saltfiskur, soðkjarni, síldar- og fiskimjöl, mjólk og mjólkurvörur, skinn og gærur, ull, vír og vírnet.

3. flokkur. **400 aurar fyrir hver 100 kg.:**
Hraðfrystur fiskur, harðfiskur og skreið, sjávarafurðir ótaldar annars staðar.

4. flokkur. **450 aurar fyrir hver 100 kg.:**
Járn óunnið, smíðajárn, vélar og varahlutir, miðstöðvar og vatnsleiðslur (s. s. rör, ofnar, katlar, kranar og annar fittings), rör og pípur, jarðstrengir, girðingarefni annað en tréstaurar, vinnuvélar og tæki þyngri en 100 kg (s. s. jarðýtur, traktorar og önnur landbúnaðartæki, mótorar, rafalar, spennar), háspennueinangrarar, bifreiðar, olíur í heilum fötum aðrar en brennsluolíur (s. s. smurolíur og smjörlíkisolíur), timbur og trjáviður, þilplötur til húsagerðar, sem gjald reiknast af eftir þyngd, landbúnaðarvörur ótaldar annars staðar, sykur st., niðurlögð, niðursoðin og reykt síld og/eða annar fiskur.

5. flokkur. **130 aurar fyrir hver 10 kg.:**
Olíur í litlum pakningum, ílátum eða dósum, rafknúin heimilistæki, raflagnaefni, eldavélar, kynditæki, hreinlætistæki s. s. úr postulíni og málmum, málningarvörur ýmis konar, sementsmálning, húðunarefni ótalið annars staðar, terrazzó, gólfdúkur og plötur til gólflagninga, korkur unninn og óunninn, rúðugler í kistum, einangrunarvír, tex, kaffi og kaffibætir, ávextir og grænmeti, ávaxtadrykkir, matvara í stórum pakkningum og í dósum og glösum, fullunnar efnagerðarvörur og krydd hvers konar í smápakkningum, ótaldar annars staðar, kjöt- og fiskvörur í dósum og smápakkningum, öl- og gosdrykkjavörur, handverkfæri og vélar undir 100 kg (varahlutir ýmis konar s. s. saumur, skrúfur, boltar, skrár, lamir o. fl. þess konar úr málmum og gerfiefnum), barnavagnar, hjólhestar, mótorhjól, smávélar (s. s. skilvindur, strokkar, saumavélar o. fl.), hreinlætisvörur, búsáhöld og burstavörur, siglingatæki, gúmmívörur, bækur og pappírsvörur, kennslutæki, vefnaðarvörur, garn (úr ull og/eða gerfiefni) og prjónavörur, blóm og plöntur, eldspýtur, ferðatöskur, plastvörur og þvottaefni.

6. flokkur. **300 aurar fyrir hver 10 kg.:**
Lyf og lyfjavörur, hjúkrunarvörur, fatnaður, leðurvörur og skófatnaður, glervörur, ótaldar annars staðar, rafmagnsvörur og tæki ótalin annars staðar, smáhljóðfæri, viðtæki og upptökutæki, grammófónar, spólur, hljómplötur, mælitæki s. s. mælar, klukkur, úr, sportvörur, sælgætisvörur, skrifstofuvélar, byssur og skotfæri, leikföng og skrautvörur, glysvarningur, svo og allar þær vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd, og ótaldar eru annars staðar í gjaldskrá þessari.

7. flokkur. **450 aurar fyrir hver 10 kg.:**
Ilmvötn, spritt, tóbaksvörur, snyrtivörur.

8. flokkur. **650 aurar fyrir hver 10 kg.:**
Áfengi.

9. flokkur. **65 aurar fyrir ten.-fetið:**
Trjáviður, sem reiknast eftir rúmmáli, húsgögn, hljóðfæri, olíu- og lýsisgeymar o. fl., og allar vörur ótaldar annars staðar, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.

10. flokkur. **100 aurar pr. stk.:**
Tunnur og föt, uppsett og óuppsett.

11. flokkur. **400 aurar pr. tunnu:**
Öll síld, verkuð.

12. flokkur. **100 aurar hvert mál:**
Öll síld í bræðslu, sem flutt er á land innan hafnarsvæðis Siglufjarðar, eða á skip á höfninni eða annars staðar innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins.

13. flokkur. **1000 aurar stk.:**
Stórgripir og lifandi búpeningur.

14. flokkur. **25 aurar fyrir hver 100 kg.:**
Allur fiskur, slægður og óslægður, sem skipað er upp í höfninni. Enn fremur 100 aurar fyrir hverja tunnu af nýrri síld, sem skipað er upp í höfninni til söltunar eða frystingar.

4. gr.

44. gr. reglugerðarinnar, sem verður 43. gr., orðist þannig:
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

30. janúar 1970. Nr. 6.

REGLUGERÐ

um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með allri bifreiðaeign ríkisins og bifreiðanotkun á þess vegum, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Reglur um bifreiðanotkun á vegum ríkisins eru tvenns konar, eftir því hvort um er að ræða bifreiðar í eigu ríkisins, sbr. 3. gr., eða leigðar bifreiðar starfsmanna ríkisins, sbr. 5. gr.

3. gr.

Þegar hagkvæmt er talið að anna vissum verkefnum stofnana ríkisins með eigin bifreiðum, kaupir ríkið bifreiðar til þessara þarfa og rekur þær á eigin kostnað.

Skulu ríkisbifreiðar greinilega auðkenndar, og eru einkaafnot starfsmanna af þeim óheimil. Að loknum starfsdegi skulu ríkisbifreiðar skildar eftir í vörzlu stofnunar. Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins, að leyfa starfsmanni að hafa slíka bifreið í sinni vörzlu utan vinnutíma, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Kaup og sala ríkisbifreiða skal fara fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Slík viðskipti eru óheimil án samþykkis fjármálaráðuneytisins. Innkaupastofnunin annast afsöl og tilkynningar vegna slíkra viðskipta og hefur milligöngu um afhendingu bifreiða og innheimtu söluandvirðis. Sala ríkisbifreiða skal fara fram með almennu útboði.

5. gr.

Heimilt er að leigja bifreiðar í eigu starfsmanna til notkunar í þágu ríkisins. Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, metur akstursþörf einstakra starfsmanna að höfðu samráði við forstöðumenn viðkomandi ríkisstofnana og ráðuneyti. Skal starfsmönnum skipað í akstursflokka á grundvelli slíks akstursmats.

6. gr.

Hlutaðeigandi ríkisstofnun gerir skriflegan samning við einstaka starfsmenn á grundvelli akstursmats, sbr. 5. gr., á sérstöku samningsformi, sem til þess er ætlað. Samningurinn er því aðeins gildur, að hann sé samþykktur með áritun fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

7. gr.

Ríkisstofnun er óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur nema skv. samningi, sbr. 6. gr. Forstöðumaður hlutaðeigandi ríkisstofnunar skal fylgjast með framkvæmd samnings og bera ábyrgð á, að eftir honum sé farið. Forfallist starfsmaður, sem fær greiðslur skv. akstursflokkun, skal honum greitt hlutfallslega fyrir þann tíma, sem unninn er. Ef starfsmaður lætur af störfum eða skiptir um starf, fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi.

8. gr.

Að svo miklu leyti sem eigi er unnt að ákvarða akstursflokk starfsmanns með akstursmati, skal leigugjald fyrir bifreiðaafnot greitt skv. þar til gerðri akstursdagbók. Ökumaður bifreiðar skal sjá um færslu akstursdagbókar og gera það þegar að loknum akstri. Ökumaður undirritar akstursdagbókina, en forstöðumaður stofnunar eða umboðsmaður hans staðfestir aksturinn og nauðsyn hans með áritun sinni. Óheimilt er að greiða fyrir akstur skv. dagbókinni án staðfestingar yfirmanns.

9. gr.

Greiðsla fyrir bifreiðaafnot ákvarðast eftir akstursgjaldi, km-gjaldi, er fjármálaráðuneytið setur hverju sinni.

10. gr.

Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessar skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, með sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota.

11. gr.

Heimilt er að veita starfsmönnum utanríkisþjónustunnar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið, er þeir flytja heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Gildir þetta þó ekki nema einu sinni á sjö ára fresti. Undanþágan verður því aðeins veitt, að utanríkisráðuneytið mæli með henni hverju sinni. Ambassadorar, sem flytja heim, njóta framangreindra hlunninda án tímatakmarkana.

Bifreið, sem hefur verið innflutt þannig, má ekki selja fyrr en að þremur árum liðnum frá heimflutningi, nema aðflutningsgjöld séu greidd.

Ambassadorar, sem nú hafa ríkisbifreið til afnota, eiga kost á að kaupa hana eða aðra bifreið og njóta láns í því sambandi með sama hætti og forstjórar ríkisstofnana, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

12. gr.

Bíla- og vélanefnd, sem fjármálaráðherra skipar, er ráðuneytinu til aðstoðar og ráðuneytis um atriði, er varða framkvæmd þessarar reglugerðar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 5. gr. III., 4, reglugerðar nr. 96, 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allar bifreiðar, sem ríkið hefur fengið forstjórum ríkisstofnana og öðrum starfsmönnum til umráða, og ekki eru nauðsynlegar sem hreinar vinnubifreiðar vegna starfsemi viðkomandi stofnana, skulu seldar, og skal sölu þeirra lokið eigi síðar en 1. júlí 1970. Fjármálaráðuneytið ákveður, hvaða bifreiðar teljast hreinar vinnubifreiðar.

Forstjórum ríkisstofnana og öðrum starfsmönnum, sem hafa ríkisbifreiðar til afnota, er ekki teljast hreinar vinnubifreiðar, skal gefinn kostur á að kaupa umræddar bifreiðar. Söluverð bifreiðanna fer eftir mati, sem framkvæmt er af aðilum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu. Ríkissjóður lánar viðkomandi forstjórum og öðrum starfsmönnum andvirði bifreiðanna, er endurgreiðist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og 5% ársvöxtum.

Hafi bifreið, sem forstjóri ríkisstofnunar hefur til umráða, verið keypt fyrir 1. júlí 1967, gefst forstjóra kostur á að kaupa nýja bifreið, og lánar ríkissjóður þá andvirði bifreiðarinnar, en þó aldrei nema 350 þús. kr. til 10 ára, er endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 5% ársvöxtum.

Hafi bifreið, sem starfsmaður ríkisstofnunar annar en forstjóri hefur til umráða, verið keypt fyrir 1. júlí 1967, gefst starfsmanni kostur á að kaupa nýja bifreið, og lánar ríkissjóður þá andvirði bifreiðarinnar, en þó aldrei nema 250 þús. kr. til 10 ára, er endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum og 5% ársvöxtum.

Umræddum forstjórum og öðrum starfsmönnum skal skipað í akstursflokka skv. 5. gr. þessarar reglugerðar til greiðslu leigugjalds fyrir notkun eigin bifreiða í þágu ríkisins.

Samningum um afnot bifreiða starfsmanna í þágu ríkisins, sem þegar hafa verið gerðir, skal sagt upp frá og með 1. janúar 1971. Skulu nýir samningar gerðir, þar sem viðkomandi starfsmönnum er skipað í akstursflokka skv. 5. gr. þessarar reglugerðar, sbr. þó 8. gr.

Í fjármálaráðuneytinu 30. janúar 1970.

Magnús Jónsson.

Gísli Blöndal.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Þingeyjarsýslu nr. 127 9. júní 1965.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:
Sýsluvegir eru:

Kelduneshreppur:

1. Fjallavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Fjöllum.
2. Sultavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Sultum.
3. Víkingavatnsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Víkingavatni.
4. Grásíðuvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Grásíðu.
5. Garðsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Garðskirkju.
6. Skúlagarðsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Skúlagarði.
7. Nýjabæjarvegur, af Vestursandsvegi að Nýjabæ.
8. Syðribakkavegur, af Vestursandsvegi að Syðri-Bakka.
9. Eyvindarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Eyvindarstöðum.
10. Ingveldarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ingveldarstöðum.
11. Uppsveitarvegur, af Uppsveitarvegi (þjóðv.) við Tóvegg að Undirvegg.
12. Meiðavallavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Meiðavöllum.
13. Ásvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ási.

Fjallahreppur:

1. Víðirhólsvegur, af Norðurlandsvegi að Víðirhólskirkju.
2. Nýjahólsvegur, af Víðirhólsvegi (sýsluv.) að Nýjahóli.

Öxarfjarðarhreppur:

1. Vestaralandsvegur, af Hólsfjallavegi að Vestaralandi.
2. Bjarnastaðavegur, af Hólsfjallavegi að Bjarnastöðum.
3. Skinnastaðarvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Skinnastaðarkirkju.
4. Lundsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Lundi.
5. Smjörhólsvegur, af Gilsbakkavegi að Smjörhóli
6. Gilhagavegur, af Gilsbakkavegi að Gilhaga.
7. Leifsstaðavegur, af Axarfjarðarheiðarvegi að Leifsstöðum.
8. Skógavegur, af Austursandsvegi að Skógum.
9. Ærlækjarselsvegur, af Austursandsvegi að Ærlækjarseli.
10. Þverárvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Þverá.

Presthólahreppur:

1. Arnarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Arnarstöðum.
2. Valþjófsstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Valþjófsstöðum.
3. Einarsstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Einarsstöðum.
4. Efrihólavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Efri-Hólum.
5. Katastaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Katastöðum.
6. Snartarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Snartarstaðakirkju.
7. Brekkuvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Brekku.
8. Kópaskersvegur um Kópasker.

9. Reistarnesvegur, af vetrarvegi við Þingeyjarsýslubraut að Reistarnesi með álmu að Sandvík og Nýhöfn.
10. Grjótnesvegur, af vetrarvegi við Þingeyjarsýslubraut að Grjótnesi.
11. Núpskötluvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Núpskötlu.

Svalbarðshreppur:

1. Ormarslónsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ormarslóni.
2. Sveinungsvíkurvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Sveinungsvík.
3. Krossavíkurvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Krossavík.
4. Kollavíkurvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Kollsvík.
5. Vallavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Völlum.
6. Hagalandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Hagalandi.
7. Fjallalækjarselsvegur, af Þingeyjarsýslubraut um Svalbarðssel að Fjallalækjarseli.
8. Flautafellsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Flautafelli.
9. Svalbarðsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Svalbarðskirkju.
10. Ytra-Álandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Ytra-Álandi.
11. Syðra-Álandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Syðra-Álandi.
12. Laxárdalsvegur, af Þingeyjarsýslubraut um Holt að Laxárdal.
13. Gunnarsstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut að Gunnarsstöðum.
14. Hvammsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Hvammi.

Sauðaneshreppur:

1. Tunguselsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Tunguseli.
2. Syðri-Brekkuvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Syðri-Brekku.
3. Hólsvegur, af Langanesvegi að Hóli.
4. Sauðanesvegur, af Langanesvegi að Sauðaneskirkju.
5. Efralónsvegur, af Langanesvegi að Efra-Lóni.
6. Hlíðarvegur, af Langanesvegi að Hlíð.
7. Flugvallarvegur, af Langanesvegi á Sauðanesflugvöll.
8. Eiðisvegur, af Langanesvegi að Eiði með álmu að Ártúni.
9. Skoruvíkurvegur, af enda Langanesvegar um Heiðarhöfn að Skoruvík.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu nr. 212 8. október 1965

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru:

Kolbeinsstaðahreppur:

1. Skógavegur, af Stykkishólmsvegi að Skógum.
2. Flesjustaðavegur, af Stykkishólmsvegi að Flesjustöðum.
3. Hítarnesvegur, af samnefndum þjóðvegi að Hítarnesi.
4. Krossholtsvegur, af Hítarnesvegi að Krossholti.
5. Snorrastaðavegur, af Stykkishólmsvegi að Snorrastöðum.
6. Hraunsmúlavegur, af Stykkishólmsvegi, um Kaldárbakka að Hraunsmúla.
7. Lindartunguvegur, af Heydalsvegi að félagsheimilinu Lindartungu.
8. Haukatunguvegur, af Heydalsvegi að Haukatungu.
9. Kolbeinsstaðavegur, af Heydalsvegi að Kolbeinsstöðum.
10. Mýrdalsvegur, af Heydalsvegi að Mýrdal.
11. Hallkelsstaðahlíðarvegur, af Heydalsvegi að Hallkellsstaðahlíð.
12. Stórahraunsvegur, af Stykkishólmsvegi að Stórahrauni.
13. Syðri-Rauðamelsvegur, af Heydalsvegi að Syðri-Rauðamel.
14. Brúarhraunsvegur, af Stykkishólmsvegi að Brúarhrauni.
15. Mýrdalsréttarvegur, af Heydalsvegi að Mýrdalsrétt.
16. Hafursstaðavegur, af Hallkelsstaðahlíðarvegi að Hafursstöðum.
17. Syðstu-Garðavegur, af Stykkishólmsvegi að Syðstu-Görðum.

Eyjahreppur:

1. Höfðavegur, af Ytri-Rauðamelsvegi að Höfða.
2. Ytri-Rauðamelsvegur, af Stykkishólmsvegi að Ytri-Rauðamel.
3. Kolviðarnesvegur, af Stykkishólmsvegi að Kolviðarnesi.
4. Laugargerðisvegur, af Kolviðarnesvegi að Laugargerðisskóla.
5. Þverárvegur, af Stykkishólmsvegi að Þverá.
6. Söðulsholtsvegur, af Stykkishólmsvegi að Söðulsholti.
7. Hrútsholtsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hrútsholti.
8. Hólslandsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hólslandi.
9. Þverárréttarvegur, af Þverárvegi að Þverárrétt.
10. Hrossholtsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hrossholti.

Miklaholtshreppur:

1. Skógarnesvegur, frá enda samnefnds þjóðvegar að Skógarnesi.
2. Laxárbakkavegur, af Skógarnesvegi að Laxárbakka.
3. Miklholtsvegur, af Stykkishólmsvegi að Miklholti.
4. Kleifárvallavegur, af Stykkishólmsvegi að Kleifárvöllum, með álmu að Svarfhóli.
5. Fáskrúðarbakkavegur, af Stykkishólmsvegi að Fáskrúðarbakka.
6. Borgarvegur, af Stykkishólmsvegi að Borg.
7. Miðhraunsvegur, af Stykkishólmsvegi um Lækjamót að Miðhrauni.
8. Breiðabliksvegur, af Stykkishólmsvegi að Breiðabliki.

9. Hjarðarfellsvegur, af Stykkishólmsvegi að Hjarðarfelli.
10. Straumfjarðartunguvegur, af Ólafsvíkurvegi að Straumfjarðartungu.
11. Borgarholtsvegur, af Krossavegi að Borgarholti.
12. Hrísdalsvegur, af Ólafsvíkurvegi að Hrísdal.
13. Lágafellsvegur, af Ólafsvíkurvegi um Syðra-Lágafell að Ytra-Lágafelli.
14. Hörgsholtsvegur, af Miðhraunsvegi að Hörgsholti með álmu að Lækjamóti.
15. Dalsvegur, af Stykkishólmsvegi að Dal.

Staðarsveit:

1. Gaularvegur, af Ólafsvíkurvegi að Gaul.
2. Traðavegur, af Ólafsvíkurvegi að Tröðum.
3. Ytri-Tunguvegur, af Ólafsvíkurvegi að Ytri-Tungu.
4. Krossavegur, af Stykkishólmsvegi að Melkoti ásamt álmu að Krossum.
5. Ölkelduvegur, af samnefndum þjóðvegi hjá Hóli að Slitvindastöðum.
6. Staðastaðarvegur, af Ólafsvíkurvegi að Staðastað.
7. Hagavegur, af Ólafsvíkurvegi að Haga.
8. Lýsuhólsvegur, af samnefndum þjóðvegi að félagsheimili og skóla.
9. Barðastaðavegur, af Ólafsvíkurvegi að Barðastöðum.
10. Bláfeldarvegur, af Ólafsvíkurvegi að Bláfeldarrétt um Bláfeld.
11. Böðvarsholtsvegur, af Ólafsvíkurvegi að Böðvarsholti.
12. Kálfárvallavegur, af Ólafsvíkurvegi að Kálfárvöllum.
13. Tjaldbúðavegur, af Ólafsvíkurvegi að Tjaldbúðum.
14. Búðavegur, af Ólafsvíkurvegi að Búðum.

Breiðuvíkurhreppur:

1. Knarrarvegur, af Útnesvegi að Knerri.
2. Miðhúsavegur, af Útnesvegi að Miðhúsum um Húsanes.
3. Litluhnausavegur, af Útnesvegi að Litluhnausum.
4. Arnarstapavegur, af Útnesvegi að Höfn.
5. Hellnavegur, af Útnesvegi að Hellnum.
6. Skjaldartraðarvegur, af Hellnavegi að Skjaldartröð.
7. Dagverðarárvegur, af Útnesvegi að Dagverðará.
8. Malarrifsvegur, af Útnesvegi að Malarrifi.

Neshreppur utan Ennis:

1. Vaðstakksheiðarvegur, af Ólafsvíkurvegi að Vaðstakksheiði.
2. Ingjaldshólsvegur, af Ólafsvíkurvegi að Ingjaldshóli.
3. Hraunskarðsréttarvegur, af Útnesvegi að Hraunskarðsrétt.

Fróðárhreppur:

1. Brimilsvallavegur, af Grundarfjarðarvegi að Brimilsvöllum.
2. Brimilsvallaréttarvegur, af Grundarfjarðarvegi að rétt.

Eyrarsveit:

1. Kirkjufellsvegur, af Grundarfjarðarvegi að Kirkjufelli.
2. Hlásvegur, af Kirkjufellsvegi að Hálsi.
3. Grundarréttarvegur, af Grundarfjarðarvegi að Grundarrétt.
4. Setbergsvegur, af Framsveitarvegi að Setbergi.
5. Vatnabúðavegur, af Framsveitarvegi um Móabúð að Vatnabúð.
6. Garðsendavegur, af Framsveitarvegi að Garðsenda.

7. Kvíabryggjuvegur, af Grundarfjarðarvegi að Kvíabryggju.
8. Krossanesvegur, af Kvíabryggjuvegi að Krossanesi.
9. Mýrarhúsavegur, af Grundarfjarðarvegi að Mýrarhúsum.

Stykkishólmshreppur:

1. Ögurvegur, af Stykkishólmsvegi að Ögri.

Helgafellssveit:

1. Hraunhálsvegur, af Grundarfjarðarvegi að Hraunhálsi.
2. Bjarnarhafnarvegur, af Grundarfjarðarvegi að Bjarnarhöfn.
3. Staðarbakkavegur, af Grundarfjarðarvegi að Staðarbakka.
4. Grishólsvegur, af Stykkishólmsvegi að Grishóli.
5. Arnarstaðavegur, af Stykkishólmsvegi að Arnarstöðum.
6. Hofsstaðavegur, af Stykkishólmsvegi að Hofsstöðum.
7. Sauraskógavegur, af Stykkishólmsvegi um Saura að Sauraskógum.
8. Borgarlandsvegur, af Stykkishólmsvegi hjá Borgarlandi að Þingvöllum.
9. Helgafellsvegur, af Stykkishólmsvegi að Helgafelli.
10. Hólavegur, af Skógarstrandarvegi að Hólum.
11. Hrísakostsvegur, af Skógarstrandarvegi að Hrísakoti.
12. Kársstaðavegur, af Skógarstrandarvegi að Kársstöðum.
13. Berserkjahraunsvegur, af Grundarfjarðarvegi að Berserkjahrauni.

Skógarstrandarhreppur:

1. Hólmlátursvegur, af Skógarstrandarvegi að Hólmlátri.
2. Borgarvegur, af Skógarstrandarvegi um flugvöll að Borgum.
3. Innra-Leitisvegur, af Skógarstrandarvegi að Innra-Leiti.
4. Bílduhólsvegur, af Skógarstrandarvegi að Bílduhóli að Læk.
5. Vörðufellsvegur, af Skógarstrandarvegi að Vörðufelli.
6. Keisbakkavegur, af Skógarstrandarvegi að Keisbakka.
7. Breiðabólsstaðarvegur, af Skógarstrandarvegi að Breiðabólsstað.
8. Vörðuvegur, af Skógarstrandarvegi að Vörðum.
9. Narfeyrarvegur, af Skógarstrandarvegi að Narfeyri.
10. Ósvegur, af Skógarstrandarvegi að Ósi.
11. Langadalsvegur, af Skógarstrandarvegi að Litla-Langadal.
12. Klungurbrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Klungurbrekku.
13. Haukabrekkuvegur, af Skógarstrandarvegi að Haukabrekku.
14. Stóra-Langadalsvegur, af Skógarstrandarvegi að Stóra-Langadal.
15. Drangavegur, af Skógarstrandarvegi að Dröngum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Vestur-Skaftafellssýslu nr. 241 26. október 1964.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Sýsluvegir eru:

Hörgslandshreppur:

1. Núpsstaðavegur, af Suðurlandsvegi að Núpsstað.
2. Kálfafellsvegur, af Suðurlandsvegi að Kálfafellskirkju.
3. Blómsturvallavegur, af Suðurlandsvegi austan Brúarár, um Kálfafellskot að Blómsturvöllum.
4. Maríubakkavegur, af Suðurlandsvegi að Maríubakka.
5. Hvolsvegur, af Suðurlandsvegi að Hvoli.
6. Núpavegur, af Suðurlandsvegi austan Brunnár að Núpum.
7. Seljalandsvegur, af Suðurlandsvegi austan Hverfisfljóts að Dalshöfða.
8. Hrunavegur, af Suðurlandsvegi vestan Eldvatns, um Teygingalæk að Hruna.
9. Þverárvegur, af Suðurlandsvegi austan Þverárvatns að Þverá.
10. Brunasandsvegur, af Suðurlandsvegi austan Fossála, um Hraunból að Sléttubóli.
11. Hörgsdalsvegur, frá Hörgsárbrú vestan Hörgsár að Hörgsdal.
12. Múlakostsvegur, af Suðurlandsvegi að Múlakostsskóla.
13. Prestbakkavegur, af Suðurlandsvegi að Prestsbakkakirkju með álmu að Mörtungu.
14. Prestbakkakotsvegur, af Suðurlandsvegi að Prestbakkakoti.

Kirkjubæjarhreppur:

1. Merkurvegur, af þjóðveginum móts við Geirland að Geirlandi og Mörk.
2. Kirkjubæjarklaustursvegur, af Suðurlandsvegi að Kirkjubæjarklaustri.
3. Ytri-Tunguvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti um Eystri-Tungu að Ytri-Tungu.
4. Ásgarðsvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Ásgarði.
5. Hátúnavegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Hátúnum.
6. Efri-Víkurvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Efri-Vík.
7. Eystri-Dalbæjarvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Eystri-Dalbæ.
8. Sólheimavegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Sólheimum.
9. Fagurhlíðarvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Fagurhlíð.
10. Hraunkotsvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Hraunkoti.
11. Þykkvabæjarvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Þykkvabæ II og III.
12. Seglbúðavegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Seglbúðum.
13. Ytra-Hraunsvegur, af Meðallandsvegi í Landbroti að Ytra-Hrauni.
14. Arnardrangsvegur, af Meðallandsvegi sunnan við Jónskvísl í Landbroti um Fossa að Arnardrangi.
15. Vegir á Kirkjubæjarklaustri að Læknisbústað og prestsetri.
16. Hólmsvegur, af Suðurlandsvegi að Hólmi.
17. Ytri-Dalbæjarvegur, af Holtsvegi að Ytri-Dalbæ.
18. Holtsvegur, af Holsvegi við Heiðarselsvegamót að Holti.
19. Heiðarselsvegur, af Holtsvegi að Heiðarseli.
20. Skálarvegur, af Suðurlandsvegi í Eldhrauni að Skál.

Leiðvallahreppur:

1. Syðri-Steinsmýrarvegur, af Meðallandsvegi að Syðri-Steinsmýri.
2. Hnausavegur, af Meðallandsvegi að Hnausum.
3. Langholtsvegur, af Meðallandsvegi um Langholtskirkju að Lyngum.
4. Efri-Eyjarvegur, af Meðallandsvegi um Efri-Ey II, að Efri-Ey III.
5. Sandaselsvegur, af Suður-Meðallandsvegi hjá Strönd að Sandaseli.
6. Botnavegur, af Suðurlandsvegi í Eldhrauni að Botnum.
7. Bakkakotsvegur, af Meðallandsvegi að Bakkakoti.
8. Sandhólsvegur, af Meðallandsvegi að Sandhól.

Skaftártunguhreppur:

1. Ytri-Ásavegur, af Meðallandsvegi að Ytri-Ásum.
2. Svínadalsvegur, af Suðurlandsvegi að Svínadal.
3. Hlíðarvegur, af Búlandsvegi að Hlíðarbæjum.
4. Grafarvegur, af Ljótarstaðavegi að Grafarkirkju.
5. Borgarfellsvegur, af Ljótarstaðavegi að Borgarfellsbæjum.
6. Ljótarstaðavegur, af þjóðvegi ofan Tungufljóts að Ljótarstöðum.
7. Snæbýlisvegur, af þjóðvegi ofan Tungufljóts að Snæbýli.
8. Hemruvegur, af Suðurlandsvegi við Tungufljót að Hemru.

Álftaversshreppur:

1. Skálmarbæjarvegur, af Álftaversvegi að Skálmarbæ.
2. Mýravegur, af Álftaversvegi vestan Mýrarhjáleigu að Mýrum.
3. Hraungerðisvegur, af Álftaversvegi að Hraungerði.
4. Þykkvabæjarklaustursvegur, af Álftaversvegi að Þykkvabæjarklaustri II.
5. Þykkvabæjarklausturskirkjuvegur, af Álftaversvegi að Þykkvabæjarklausturskirkju.
6. Herjólfsstaðavegur, af Álftaversvegi að Herjólfsstaðaskóla.

Hvammshreppur:

1. Reynisbrekkuvegur, af Kerlingardalsvegi ofan Kerlingardals að Reynisbrekku.
2. Kerlingardalsvegur, af þjóðvegi að Kerlingardal.
3. Norðurvíkurvegur, af Suðurlandsvegi við Víkurá um Suður-Vík að Norður-Vík.
4. Heiðardalsvegur, af Suðurlandsvegi að Heiðardalsbæjum.
5. Eyrarlandsvegur, af Reynishverfisvegi að Eyrarlandi.
6. Reynisvegur af Reynishverfisvegi að Reyniskirkju.
7. Garðavegur, af Reynishverfisvegi að Görðum.
8. Fossbæjarvegur, af Reynishverfisvegi að Suður-Fossi.
9. Hvammsbæjarvegur, af Suðurlandsvegi um Suður-Hvamm að Norður-Hvammi.
10. Dalabæjavegur, af Suðurlandsvegi við Skagnes að Stóradal með álmu að Neðri-Dal.
11. Kaldrananesvegur, af Suðurlandsvegi við Brandslæk að Kaldrananesi.

Dyrhólahreppur:

1. Brekknavegur, af Suðurlandsvegi vestan Kaldrananess að Ási.
2. Garðakostsvegur, af Dyrhólavegi að Garðakoti.
3. Hvolsvegur, af Suðurlandsvegi sunnan Skeiðflatar um Hryggi að Hvoli.
4. Steigarvegur, af Suðurlandsvegi að Steig.
5. Fellsvegur, af Suðurlandsvegi austan við Pétursey um Fell að Álftagróf.
6. Eystri-Sólheimavegur, af Suðurlandsvegi vestan Péturseyjar að Eystri-Sólheimum.

7. Ketilstaðavegur, af Suðurlandsvegi að Ketilstöðum.
8. Skeiðflatarvegur, af Suðurlandsvegi að Skeiðflatarkirkju.
9. Sólheimavegur, af Suðurlandsvegi að Ytri-Sólheimakapellu og Sólheimahjáleigu.
10. Dyrhólavegur, af Dyrhólavegi (þjóðvegi) að Dyrhólum.
11. Loftsalavegur, af Dyrhólavegi (þjóðvegi) að Loftsölum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

8. janúar 1970. Nr. 10.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Skaftafellsýslu nr. 240 28. október 1964

1. gr.

2. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru:

I. **Bæjarhreppur:**
1. Hvalnesvegur, af Austurlandsvegi að Hvalnesi.
2. Stafafellsvegur, af Austurlandsvegi að Stafafellskirkju.
3. Hraunkotsvegur, af Austurlandsvegi að Hraunkoti og skóla hjá Hraunkoti.
4. Þórisdalsvegur, af Austurlandsvegi að Þórisdal.
5. Efri-Fjarðarvegur, af Austurlandsvegi að Efra-Firði.
6. Syðri-Fjarðarvegur, af Austurlandsvegi að Syðra-Firði.

II. **Nesjahreppur:**
1. Hornsvegur, af Austurlandsvegi að Horni.
2. Þinganesvegur, af Austurlandsvegi að Þinganesi.
3. Sauðanesvegur, af Þinganesvegi að Sauðanesi.
4. Dilksnesvegur, af Hafnarvegi að Dilksnesi.
5. Árnanesvegur, af Austurlandsvegi að Árnanesi.
6. Kirkjuvegur, af Austurlandsvegi að Bjarnaneskirkju.
7. Meðalfellsvegur, af Austurlandsvegi að Meðalfelli.
8. Réttarvegur, af Meðalfellsvegi að Skilarétt.
9. Borgavegur, af Austurlandsvegi að Borgum.
10. Skólavegur, af Austurlandsvegi að skóla hjá Mánagarði.
11. Félagsheimilisvegur, af Austurlandsvegi að félagsheimilinu Mánagarði.
12. Fornustekkavegur, af Austurlandsvegi að Fornustekkum.

13. Austurhólsvegur, af Austurlandsvegi að Austurhóli.
14. Miðskersvegur, af Austurlandsvegi að Miðskeri.
15. Stapavegur, af Austurlandsvegi að Stapa.
16. Lindarbakkavegur, af Austurlandsvegi að Lindarbakka.
17. Setbergsvegur, af Austurlandsvegi að Setbergi.
18. Hoffelsvegur, af Hoffellsvegi (þjóðvegi) að Hoffelli.
19. Miðfellsvegur, af Hoffellsvegi að Miðfelli.
20. Svínafellsvegur, af Austurlandsvegi að Svínafelli.

III. **Mýrahreppur:**

1. Holtaselsvegur, af Rauðabergsvegi að Holtaseli.
2. Holtsvegur, af Austurlandsvegi að skóla og félagsheimili að Holti.
3. Stórabólsvegur, af Austurlandsvegi að Stórabóli.
4. Kirkjuvegur, af Austurlandsvegi að Brunnhólskirkju.
5. Einholtsvegur, af Austurlandsvegi að Einholti.
6. Hólmsvegur, af Austurlandsvegi að Hólmi.
7. Borgarvegur, af Austurlandsvegi að Nýpugörðum.
8. Flateyjarvegur, af Austurlandsvegi að Flatey.

IV. **Borgarhafnarhreppur:**

1. Smyrlagbjargavegur, af Austurlandsvegi að Smyrlabjörgum.
2. Borgarhafnarvegur, af Austurlandsvegi að Borgarhöfn.
3. Brunnavegur, af Austurlandsvegi að Brunnum.
4. Leitisvegur, af Austurlandsvegi að Leiti.
5. Kirkjuvegur, af Austurlandsvegi að skóla, félagsheimili og Kálfafellsstaðarkirkju.
6. Kálfafellsvegur, af Austurlandsvegi að Kálfafelli.
7. Breiðabólsstaðarvegur, af Austurlandsvegi að Breiðabólstað.
8. Reynivallavegur, af Austurlandsvegi að Reynivöllum.

V. **Hofshreppur:**

1. Austurhjáleiguvegur, af Austurlandsvegi að Austurhjáleigu, Hnappavöllum.
2. Kirkjuvegur, af Austurlandsvegi að skóla, félagsheimili og Hofskirkju.
3. Hofskotsvegur, af Kirkjuvegi að Hofskoti.
4. Fagurhólsmýrarvegur, af Austurlandsvegi að Fagurhólsmýri.
5. Sláturhúsvegur, af Austurlandsvegi að sláturhúsi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Garðahreppi, Gullbringusýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 150% álagi í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. janúar 1970. Nr. 12.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Biskupstungnahreppi, í Árnessýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

9. janúar 1970. Nr. 13.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966.

1. gr.

Í stað orðanna: „23 cm“ í 1., 2., 3. og 5. gr. reglugerðarinnar komi orðin: 25 cm.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1970 er óheimilt að veiða meira en 50 þúsund smálestir síldar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem hugsast dregin í réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðvestur frá Rit. Á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. september 1970 eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði.

Þrátt fyrir veiðibann samkvæmt 1. mgr. þessa ákvæðis veitir sjávarútvegsmálaráðuneytið, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði síldar á þessu svæði til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða beitu. Leyfi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 44 31. marz 1969 um breyting á reglugerð um bann við veiði smásíldar nr. 7 22. febrúar 1966, svo og reglugerð nr. 172 29. ágúst 1969 um breytingu á reglugerð nr. 44 31. marz 1969 um breytingu á reglugerð um bann við veiði smásíldar, nr. 7 22. febrúar 1966.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

Nr. 14. 14. janúar 1970.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Árnesbænda, Aðaldælahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Árnesbænda. Heimil þess og varnarþing er í Aðaldælahreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Árnes 1—2—3.

Hver stofnandi greiðir kr. 45 000.00 sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatnt í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúenda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður, sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaði að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöldum hlutum fyrir býli á félagssvæðinu: kr. 45 000.00. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef ¾ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtur á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Árnesbænda í Aðaldælahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 15. 20. janúar 1970.

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52, 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 með breytingu nr. 71/1969, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 16. 20. janúar 1970.

AUGLÝSING

um að lög nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Árskógshrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið, að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Árskógshrepps í Eyjafjarðarsýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum bæjanöfnum á árinu 1969:

Norður-Þingeyjarsýsla.

Austurgarður I á eignarhluta í landi Austurgarða, Kelduhverfi.
Austurgarðar II á eignarhluta í landi Austurgarða, Kelduhverfi.

Suður-Múlasýsla.

Höfðatún á nýbýli í landi Gestsstaða í Fáskrúðsfirði.

Árnessýsla.

Ártún á nýbýli í landi Árbæjar III í Ölfusi.
Asparlundur á nýbýli í landi Laugaráss í Biskupstungum.
Brúarhvammur á nýbýli í landi Brúar í Biskupstungum.
Brún á garðyrkjubýli í landi Flúða, Hrunamannahreppi.
Haukholt I á eignarhluta í landi Haukholts, Hrunamannahreppi.
Haukholt II á eignarhluta í landi Haukholts, Hrunamannahreppi.
Klif á nýbýli í landi Spóastaða í Biskupstungum.
Sauðholt á garðyrkjubýli í landi Reykjavalla í Biskupstungum.

Gullbringusýsla:

Breiðabólsstaðir II á nýbýli í landi Breiðabólsstaða, Bessastaðahreppi.

Menntamálaráðuneytið, 20. janúar 1970.
F. h. r.
Birgir Thorlacius.

Sigurður J. Briem.

29. janúar 1970. Nr. 18.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Guðrúnar S. Þorleifsdóttur frá Tunguhálsi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. janúar 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðrúnar S. Þorleifsdóttur frá Tunguhálsi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðrúnar S. Þorleifsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sveini Stefánssyni frá Tunguhálsi og gefinn Lýtingsstaðahreppi — eins og hann er nú — til minningar um konu hans Guðrúnu Soffíu Þorleifsdóttur, sem var húsfreyja á Tunguhálsi um fjörutíu ára skeið frá 1897 til 1938. Guðrún var fædd 31. maí 1871, d. 22. júní 1939.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur. —

Sjóðurinn skal ávaxtast í útibúi Búnaðarbankans á Sauðárkróki, og bankabókin geymd þar. Verði útibúið lagt niður, skal sjóðurinn ávaxtast í annarri tryggri bankastofnun á Sauðárkróki.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og leggjast vextir við höfuðstól þar til hann tekur til starfa á eitt hundrað ára afmælisdegi Guðrúnar 1971.

4. gr.

Vöxtum af sjóðnum skal varið til styrktar efnalitlum sjúklingum í Lýtingsstaðahreppi, sem orðið hafa fyrir slysi eða sjúkdómi, og verða fyrir miklum óendurkræfum útgjöldum vegna sjúkrahúsdvalar og þurfa að fá sjúkraflugvél til flutnings í sjúkrahús til læknisaðgerða.

Komi til þess að keypt verði eða starfrækt sjúkraflugvél fyrir Skagafjarðarsýslu, er sjóðstjórn einnig heimilt að verja vöxtum upp í framlag Lýtingsstaðahrepps til kaupa eða reksturs slíkrar flugvélar.

Komi ár, sem ekki þarf að úthluta úr sjóðnum, leggjast vextir við höfustól.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins skulu vera: sýslumaður Skagafjarðarsýslu eða samsvarandi embættismaður, verði sýslumannsembætti lagt niður, oddviti eða sveitarstjóri Lýtingsstaðahrepps og óðalsbóndinn á Tunguhálsi.

Stjórn sjóðsins heldur gerðabók og skal í hana rituð skipulagsskrá þessi, ársreikningar sjóðsins og fundargerðir stjórnenda.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega í lok hvers árs og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum sýslureikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B. deild Stjórnartíðinda.

Akureyri, 8. júlí 1969.

S. Stefánsson (frá Tunguhálsi).

Nr. 19. 29. janúar 1970.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Kópavogs.

1. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Kópavogs er fyrst um sinn heilsugæzla í eftirtöldum greinum:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd í skólum.
5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.

7. Áfengisvarnir.
8. Geðvernd.
9. Almennar sjúkdómavarnir (í samráði við héraðslækni og aðra embættismenn skv. lögum).

2. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar skipuleggur frekari starfsemi stöðvarinnar og ákveður framkvæmdir á sérhverjum lið 1. gr. eftir ástæðum og í samráði við stjórn bæjarins.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvarinnar er skipuð 5 mönnum. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar og 2 meðstjórnendur, 1 er tilefndur af heilbrigðismálaráðuneytinu og 1 af Sjúkrasamlagi Kópavogs. Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Stjórnin annast rekstur Heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar og skulu fundargerðir stjórnarinnar lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til staðfestingar.

4. gr.

Ráða má yfirhjúkrunarkonu að stöðinni, sem stjórni daglegum rekstri, enda vinni hún auk þess dagleg störf við ákveðna deild eða deildir stöðvarinnar. Æskilegt er, að hún væri lærð heilsuverndarhjúkrunarkona.

5. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningsbókhald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri Heilsuverndarstöðvarinnar, fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44/1955.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 29. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

3. febrúar 1970. Nr. 20.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, samþykkti bæjarráð eftirfarandi:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá og með Hvanneyrarbakka að norðan og suður að lóðum Hafnarsjóðs Siglufjarðar í Innri-höfn, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar og lóðarréttindi:

Hvanneyrarbakki, eign Vigfúsar Friðjónssonar.
Hvanneyrarkrókur III, eign Skeljungs h.f.
Ránargata 2, Kambsreitur, eign Olíuverzlunar Íslands h.f.
Lóðir, bryggjur og mannvirki Síldarverksmiðja ríkisins, austan Vetrarbrautar.
Hraðfrystihús og lóðarréttindi h.f. Hímnir (Þormóðsreitur).

Síldarstöð og lóðarréttindi Samv.fél. Jarlinn (Þormóðsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi O. Henriksen (Hinriksreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Sigf. Baldvinssonar (búðarreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Hafliði (Hafliðareitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi d.b. Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
Hús og lóðarréttindi Edwins Jakobsen (Hafliði Helgason við Gránugötu).
Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Siglfirðinga (Kveldúlfsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Silfurborg hf. (Hjaltalínsreitur).
Hraðfrystihús Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi sf. Ísafold (Friðleifsreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Reykjanes hf. (Helgareitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 1, 2 og 3, og 4 að hluta). (Álalækjarreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi Óskarssíld hf. Ólagötu 1, 2 og 3 að hluta). Álalækjarreitur).
Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Sunnu (Ólagata 4).
Síldarstöð og lóðarréttindi Þórodds Guðmundssonar (Ólagata 5).
Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
Síldarstöð og lóðarréttindi hf. Njörður (Snorragata 9).
Síldarstöð og lóðarréttindi Síldarsöltun Ísfirðinga (Snorragata 11 og 13).
Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar hf., ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Enn fremur áskilur Siglufjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt að allri strandlengjunni austan fjarðarins, frá Álfhól út að Siglunesskriðum 150 m frá fjörborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1970.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 21. 3. febrúar 1970.

REGLUGERÐ
um Fiskimálaráð.

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar Fiskimálaráð, og er sjálfur formaður þess.

2. gr.

Eftirtaldir aðilar eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í ráðið til þriggja ára í senn og annan til vara:
Landsamband íslenzkra útvegsmanna.
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda.
Sjómannasamband Íslands.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Félag fiskiðnfræðinga.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Sjávarafurðadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga.
Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.
Síldarútvegsnefnd.
Félag íslenzkra fiskmjölsframleðenda.
Félag íslenzkra niðursuðuverksmiðja.
Samlag skreiðarframleiðenda.
Seðlabanki Íslands.
Fiskveiðasjóður Íslands.
Fiskimálasjóður.
Efnahagsstofnunin.
Fiskifélag Íslands.

3. gr.

Lögheimili Fiskimálaráðs og varnarþing er í Reykjavík.

Um hlutverk Fiskimálaráðs:

4. gr.

Hlutverk Fiskimálaráðs er:

a) Að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í sjávarútvegi.
b) Að beita sér fyrir og efla samvinnu allra aðila í sjávarútvegi.
c) Að hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipuleggar aðgerðir til þess að afla nýrra markaða fyrir sjávarafurðir.
d) Að hafa forgöngu um framleiðslu nýrra vörutegunda úr sjávarafurðum.
e) Að geta veitt sem víðtækastar upplýsingar fræðslu um íslenzkan sjávarjútveg á hverjum tíma.

Um starfshætti Fiskimálaráðs:

5. gr.

Fiskimálaráð skal miða ályktanir sínar og aðgerðir við það, sem mest fjölbreytni sé í útgerð og fiskvinnslu innan þeirra marka, sem arðbær hráefnisöflun setur.

6. gr.

Fiskimálaráð skal eftir föngum fylgjast með verkefnum einstakra stofnana í sjávarútvegi og kanna verkaskiptingu þeirra, auk þess sem ráðið skal fylgjast með áhrifum lánastarfssemi banka og hins opinbera á þróun sjávarútvegs á hverjum tíma með það fyrir augum að vekja athygli á nauðsynlegum breytingum, gerist þess þörf.

7. gr.

Fiskimálaráð skal vinna að verkefnum sínum í samvinnu við ransókastofnanir sjávarútvegs, sjávarútvegs- og viðskiptaráðuneyti og aðra þá aðila, sem verkefni ráðsins kunna að snerta hverju sinni.

8. gr.

Fiskimálaráð skal fylgjast mjög vel með markaðshorfum á helztu viðskiptasvæðum og jafnframt hlutast til um, að tækifæri til arðbærrar framleiðslu á nýjum sjávarafurðum verði nýtt.

9. gr.

Fiskimálaráð kemur saman til funda, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

10. gr.

Fiskimálaráð kýs þriggja manna framkvæmdanefnd og þrjá menn til vara úr hópi aðalfulltrúa til þriggja ára. Framkvæmdanefnd kýs sér formann, ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra, sem ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og starfsliðs, svo og þóknun til framkvæmdanefndar, en störf í sjálfu Fiskimálaráði eru ólaunuð. Framkvæmdastjóri og varamenn í framkvæmdanefnd sitja fundi nefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, nema varamaður mæti í stað aðalmanns. Framkvæmdanefnd skal halda gjörðabók um störf sín.

11. gr.

Framkvæmdanefnd skal annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni, og hefur ákvörðunarvald í nafni ráðsins á milli funda þess. Nefndin semur árlega skýrslu til ríkisstjórnar og Alþingis um störf ráðsins og gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun, en hvort tveggja er síðan afgreitt á fyrsta fundi Fiskimálaráðs ár hvert, en ráðið fjallar endanlega um allar ályktanir, sem gerðar eru í nafni þess.

12. gr.

Fiskimálaráði, eða framkvæmdanefnd í nafni þess, skal heimilt að ráða sérfræðinga til þess að leysa tiltekin verkefni, er snerta samræmingu starfshátta í einni eða fleiri greinum sjávarútvegs, og teljast, að minnsta kosti að hluta, utan verkahrings þeirra stofnana, sem þegar vinna að ýmis konar rannsóknum í sjávarútvegi. Skulu verkefnin meðal annars vera á sviði aðgerðarrannsókna og að þeim unnið í samvinnnu við sérfræðinga þeirra stofnana eða hagsmunasamtaka, sem málið snertir hverju sinni. Fiskimálaráði er enn fremur heimilt að ráða sérfræðinga til þess að inna af hendi tilteknar markaðsathuganir og markaðsrannsóknir. Sérfræðingar skulu ekki ráðnir í fast starf hjá Fiskimálaráði, heldur aðeins til þess að inna af hendi tiltekin verkefni hverju sinni, og skal sérstakur ráðningarsamningur gerður fyrir hvert verkefni.

Um fundi Fiskimálaráðs.

13. gr.

Framkvæmdanefnd skal með hæfilegum fyrirvara senda aðalfulltrúum í Fiskimálaráði þau gögn, sem taka á fyrir á fundi Fiskimálaráðs hverju sinni, en til funda ráðsins skal boða með tilkynningu til aðalfulltrúa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti. Geti aðalfulltrúi ekki komið til Fiskimálaráðsfundar, skal hann þegar tilkynna varamanni sínum fundarboðið og afhenda honum fundargögn. Heimilt er framkvæmdanefnd að bjóða sem áheyrnarfulltrúum mönnum utan Fiskimálaráðs, svo sem starfsmönnum sjávarútvegs- og viðskiptaráðuneytis og rannsóknastofnana sjávarútvegs.

14. gr.

Sjávarútvegsráðherra stýrir fundum Fiskimálaráðs. Fulltrúar eru skyldir til að hlíta úrskurði hans um allt, sem varðar fundarsköp, en þó má skjóta úrskurðinum til atkvæðagreiðslu á fundi, ef vafi leikur á um skilning á fundarsköpum.

15. gr.

Framkvæmdastjóri situr fundi Fiskimálaráðs.

16. gr.

Sérstök gjörðabók skal haldin yfir fundi Fiskimálaráðs. Þar skulu færðar allar fundarsamþykktir og jafnframt stutt skýrsla um það, sem gerist á fundum. Sérhver fulltrúi getur borið fram tillögur um þau mál, sem til umræðu eru. Tillögur skulu vera skriflegar og afhentar formanni, áður en umræðum um viðkomandi dagskrárlið lýkur. Formaður skal þó gefa fulltrúum nokkurt ráðrúm til samningar tillagna, ef svo ber undir. Formaður sker úr um, hversu haga skuli atkvæðagreiðslu um framkomnar tillögur

17. gr.

Fundur í Fiskimálaráði er ályktunarhæfur, ef helmingur fulltrúa er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum, en tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að fulltrúar rétta upp hönd. Nafnakall skal viðhafa ef þriðjungur mættra fulltrúa krefst þess, og greiða fulltrúar þá atkvæði eftir stafsrófsröð, nema formaður, sem greiðir síðastur atkvæði. Dragist ræður úr hófi, geta fulltrúar stungið upp á því, að þeim sé hætt, og sker fundur úr því umræðulaust.

18. gr.

Formaður getur brugðið út af fundarsköpum þessum og leyft frjálslegri umræður, ef honum virðist það horfa til skýringar á málum og samræmingar á sjónarmiðum fulltrúa. Hann getur jafnan breytt þeirri ákvörðun, ef honum virðist fundurinn fara of óskipulega fram, og frjálslegar umræður nái þannig ekki tilgangi sínum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnl. E. Briem.

6. febrúar 1970. Nr. 22.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti Grundarfjarðar í Eyrarsveit.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest skipulagsuppdrátt af Grundarfirði í Eyrarsveit.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Eyrarsveitar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skeiðahreppi, Árnessýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Skeiðahreppi í Árnessýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 24. 18. febrúar 1970.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Selfossi, nr. 288 11. des. 1969.

1. gr.

Ný grein, 7. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá kr. 1 000.00 allt að kr. 10 000.00. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim talmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1970.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 25. 19. febrúar 1970.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skútustaðahreppi, S-Þing.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Skútustaðahreppi, S.-Þing.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmssson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir landshöfnina í Þorlákshöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Land landshafnarinnar er strandlengja jarðarinnar Þorlákshöfn, að jafnaði 80 metra breið landræma frá flóðlínu sjávar, en ákveðist nánar með tilliti til skipulags.

Land það, er afmarkast að norðan af þvervegi frá Skötubót að Þorlákshafnarvegi og síðan að vestan af miðjum Þorlákshafnarvegi að A-götu og þaðan af framhaldi sömu línu óbrotinni alla leið til sjávar. Á þessa línu skulu settir a. m. k. 3 fastir punktar, sem marki línuna þó núverandi Þorlákshafnarvegur breytist.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar skipa 7 menn kosnir af Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna, og tvo endurskoðendur.

Hafnarstjórn hefur með höndum, undir stjórn þess ráðuneytis, er fer með hafnarmál, og fyrir hönd ríkissjóðs, framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum og annast fjárhald og reikningsskil.

3. gr.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af ráðherra þeim, sem fer með hafnarmál.

Hafnarstjóri skal hafa framkvæmastjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum, undir umsjón hafnarstjórnar. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjóri ræður fasta starfsmenn hafnarinnar í samráði við hafnarstjórn.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu í höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra, sem hann setur til að gæta reglu. Þykir einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema í eldavél og undir kötlum skipsins, svo og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á landi hennar. Þá er og skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni, nema umferð gefi tilefni til.

7. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Ekki má láta renna í höfnina olíu eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í höfnina, á bryggjur eða á skipsþilfar.

IV. KAFLI

Um legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

9. gr.

Ef til hafnarinnar leitar skip, sem á er sjúkdómur eða ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af, ber hafnarstjóra að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

10. gr.

Þegar skip kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til bryggjuvarðar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekkert er unnið við, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip, og skylt skal að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt.

11. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur tiltekið og fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnarstjóra með a. m. k. þriggja klukkustunda fyrirvara.

12. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

13. gr.

Í sérhverju skipi (að þeim undanskildum, sem hafa leyfi hafnarstjóra til að liggja mannlaus í höfninni), skal jafnan vera a. m. k. einn maður, er tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað skv. reglugerð þessari.

14. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarstjóri telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

15. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa a. m. k. eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að liggja við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn.

16. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun bryggjuvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar, þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifu eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

17. gr.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina, en komist eigi á bryggjur eða hafnarbakka.

18. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af.

19. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar, sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

20. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr því, skal hafnarstjóra gert viðvart. Hann ákveður, hvar það skuli fara fram.

Við upp- og útskipun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skipsins og hafnarbakkans, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert fari fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

Ekki má láta kol á bryggju eða hafnarbakka. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

21. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, er þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiðir allan kostnað sem af því leiðir.

22. gr.

Með leyfi hafnarstjóra má leggja skipum í lægi á ytri höfninni. Skipin eru þar á ábyrgð skipseiganda, en skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Hann ákveður legustaðinn, og samþykkir legufæri.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu skipa.

23. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, aceton, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra og hafnarstjóri hefur leyft affermingu, undir umsjá slökkviliðsstjóra.

24. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 23. gr. gilda sömu varúðarreglur og um affermingu.

25. gr.

Álíti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

26. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau eldfimu efni, sem um getur í 23. gr. skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en á nóttum rautt ljósker.

VI. KAFLI

Um gjöld til hafnarinnar.

27. gr.

Öll skip, sem eru 12 rúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálft lestagjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslenzk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

Lestagjald og bryggjugjald.

28. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

29. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring kr. 1.50 af hverri brúttólest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

Hafnargjöld fyrir íslenzk fiskiskip allt að 400 rúmlestir.

30. gr.

a. Opnir bátar greiði 500 kr. á ári.
b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar, þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu eða lengur, skulu greiða kr. 60.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttó rúmlest á ári. Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.
c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 20.00 í lesta- og bryggjugjald af hverri brúttó rúmlest á mánuði.
d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í landshöfninni, skulu greiða krónur 2.00 í lesta- og bryggjugjöld, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni .Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanaksmánuði.

Gjöld þau, er um getur í grein þessari skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

Um vörugjöld.

31. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

32. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

33. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Af vörum, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og af vörum, sem settar eru á land ogeiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.
b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

34. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skip-

stjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða afermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

35. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera 10 krónur. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

36. gr.

Brottfluttar og aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
   Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fóðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum, garðávextir, steypustyrktarjárn, smíðajárn, steinefni til bygginga, sement, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þungavörur.
2. flokkur: Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
   Olíur alls konar og benzín.
3. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
   Vélar, varahlutir, rafmagnsvörur, miðstöðvarefni, vatnsrör og pípur, byggingavörur o. t. a.
4. flokkur: Gjald fyrir kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:
   Vefnaðarvörur og fatnaður úr hvers konar efni, efni til fatnaðar, skótau, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnisvörur til iðnaðar. Vörur o. t. a., sem reiknast eftir þyngd.
5. flokkur: Gjald kr. 15.00 fyrir hver 100 kg:
   Sprengiefni.
6. flokkur: Gjald kr. 3.50 fyrir 0.1 ten.m.:
   Trjáviður, húsgögn, hljóðfæri og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Brottfluttar sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir:

7. flokkur: Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
   Hraðfrystur fiskur og ísaður, saltfiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, lýsi.
8. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
   Síld og hrogn í tunnum.
9. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
   Skreið, niðursuðuvörur og aðrar útfluttar afurðir o. t. a.
10. flokkur: Gjald fyrir hvert stykki:

Stórgripir	kr.	30.00
Sauðfé, loðdýr	—	10.00
Tómar tunnur og kassar o. þ. h.	—	4.00

11. flokkur: Gjald fyrir hver 100 kg:

1. Fiskur, annar en síld og loðna	kr.	4.00
2. Loðna til bræðslu	—	1.50
3. Síld til bræðslu	—	2.50
4. Síld til vinnslu	—	5.00
5. Humar	—	10.00

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

37. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

Ef affermdar vörur eru látnar í geymsluhús hafnarinnar skal greiða kr. 2.00 fyrir hvert stykki, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið, enda sé varan tekin innan þriggja daga. Fyrir aðra vörugeymslu greiðist það gjald, sem um semst við hafnarstjóra.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar og geymsluhús, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

39. gr.

Vigtargjald skal vera kr. 8.00 fyrir hverja smálest sem vegin er á vog hafnarinnar. Allar þær vörur, sem um höfnina fara og ekki fylgja skjalfestar sannanir um þunga, sem hafnarstjórn tekur gildar, skulu vegnar á vog hafnarinnar. Sé vogin notuð á öðrum tíma sólarhrings en á venjulegum vinnutíma og sé ekki um sleitulausa vigtun að ræða, greiðir sá sem vigtunar óskar þann aukakostnað, er af því hlýzt.

VIII. KAFLI

Hafnsaga og hafnsögugjald.

40. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar að leita hafnar í landshöfninni og óskar eftir að nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, verði því við komið, og með hæfilegum fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið, allt að 1 sjómílu frá landi á venjulegri siglingaleið. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

41. gr.

Ef sjúkdómar eru á skipinu eða ástæða er til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

42. gr.

Hvert það skip, sem óskar eftir að nota hafnsögumann til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald sem hér segir:

a. **Fyrir leiðsögu til hafnarinnar** 350.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir, og 100 aurar fyrir hverja brúttó rúmlest frá 100 til 3000 brúttó rúmlestir, og 50 aura fyrir hverja brúttó rúmlest þar yfir.

b. **Fyrir leiðsögu frá höfninni** 350.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir, og 50 aura fyrir hverja brúttó rúmlest frá 100 til 3000 brúttó rúmlestir, og 25 aura fyrir hverja brúttó rúmlest þar yfir.

c. **Fyrir leiðsögu um höfnina** greiðist 200.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir og 30 aurar að auki fyrir hverja brúttó rúmlest fram yfir 100.

d. **Fyrir að vera úti í skipum** greiðist 500 krónur á sólarhring eða hlutar úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er aftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu gjalda o. fl.

43. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

44. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar.

45. gr.

Samkv. 37. og 38. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóðum hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að flytja vörurnar um borð í skipið.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjaldið er greitt.

46. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

47. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

48. gr.
Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

49. gr.
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

50. gr.
Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 61 13. maí 1966 um landshöfn í Þorlákshöfn til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.
Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnargjöld í Þorlákshöfn, sbr. reglugerð nr. 83 frá 15. apríl 1952 og nr. 78 frá 24. apríl 1963.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

5. febrúar 1970. Nr. 27.

REGLUGERÐ

um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum.

1. gr.
Meðan ríkið kemur ekki á fót einangrunarstöð eða sóttkví fyrir innflutta minka, skal innflytjandi sjá um einangrun dýranna á sinn kostnað og ábyrgð.
Til einangrunar í þessu skyni má nota loðdýrabú fyrir minka, ef þau fullnægja að mati veiðistjóra ákvæðum reglugerðar um loðdýrarækt. Ef reist er sérstök einangrunarstöð, skal tilhögun og útbúnaður samþykktur af yfirdýralækni og veiðistjóra, áður en þangað er fluttur minkur.
Meðan á sóttkví stendur, skal eigandi dýranna ásamt hirði eða umsjónarmanni gæta þess, að eftirgreindar reglur séu virtar og svara til saka, ef brot eiga sér stað.

2. gr.
Hver sá, sem fengið hefur leyfi landbúnaðarráðuneytisins til þess að flytja minka til landsins, skal, ef dýrin reynast heilbrigð við komuna til landsins og þeim fylgja tilskilin, fullgild vottorð, þegar í stað flytja dýrin í sóttkví.
Við flutning minka í sóttkví skal þess gætt, að dýrin séu geymd í læstum kössum eða búrum og flutt í lokuðum vögnum og komi ekki í snertingu við önnur dýr. Þess skal vandlega gætt, meðan á flutningi stendur, að hvergi slæðist eða verði eftir neitt það, sem smithætta getur stafað af, t. d. hálmur, hey, saur, matarleyfar, áhöld o. a. þ. h. Að loknum flutningi skal þegar í stað hreinsa og sótthreinsa flutningstæki að fyrirsögn embættisdýralæknis.

3. gr.

Þegar dýrin hafa verið færð í einangrun skal lögreglustjóri eða fulltrúi hans, ásamt viðkomandi héraðsdýralækni, ganga úr skugga um, að skrá sú sem innflytjandi hefur gert um hin innfluttu dýr, sé rétt.

Skal innflytjandi láta í té aðstoð og upplýsingar, sem óskað er eftir og nauðsynleg kann að vera við þá athugun. Tilgreina skal á skránni tegund dýranna og afbrigði, aldur þeirra og kyn.

4. gr.

Meðan dýrin eru í sóttkví skal eigandi eða umráðamaður dýranna skrifa niður jafnóðum upplýsingar um hvers konar sjúkdóma og vanhöld, sem fram kunna að koma í hinum innfluttu dýrum, t. d. ef dýr drepast, týnast eða eru deydd, meðan á einangrun stendur. Skulu upplýsingar þessar ávallt tiltækar, þegar skoðun og heilbrigðiseftirlit er framkvæmt á dýrunum.

5. gr.

Héraðsdýralæknir skal að jafnaði skoða hin innfluttu dýr mánaðarlega, en oftar ef tilefni er til. Skal umráðamaður dýranna veita alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina. Ef upp kemur sjúkdómur í dýrunum, skal umráðamaður eða eigandi gera viðkomandi dýralækni viðvart þegar í stað. Alla skrokka af sjúkum dýrum skal umráðamaður varðveita og senda til rannsóknar í samráði við héraðsdýralækni til þess að fá úr því skorið, um hvaða sjúkdóm hafi verið að ræða. Við sendingu á hræjum til rannsóknar skal svo um búið, að girt sé fyrir, að smithætta stafi af sendingunni. Jafnframt skal svo um hræið búið, að það berist í hæfu ástandi til rannsóknar. Sendingu skal fylgja ítarleg lýsing á einkennum og gangi sjúkdómsins. Skal héraðsdýralæknir þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að, forða frekari útbreiðslu og tjóni af völdum sjúkdómsins, meðan beðið er eftir niðurstöðum rannsóknar.

6. gr.

Eigandi ber ábyrgð á vanhöldum, óhöppum og slysum, sem loðdýr kunna að verða fyrir eða valda, meðan á sóttkví stendur.

Nú kemur upp smitsjúkdómur í innfluttum minkum, meðan þeir eru geymdir í sóttkví og er þá heimilt að fyrirskipa ónæmisaðgerðir á öllum hinum innfluttu dýrum, eða ef um hættulegan hér óþekktan sjúkdóm er að ræða, að láta farga öllum hinum innfluttu dýrum eða hluta þeirra á kostnað eiganda, bótalaust.

Sama máli gegnir um önnur loðdýr, hafi þau orðið fyrir smiti.

Hræ, sem ekki eru send til rannsókna, og annað, sem smithætta getur stafað af, skal brenna, að fyrirmælum viðkomandi héraðsdýralæknis. Heimilt er þó að hirða feldi af dýrunum, ef hægt er að haga svo til og búa um, að af því stafi ekki smithætta að mati héraðsdýralæknis.

Eigendum og umráðamönnum innfluttra dýra er skylt að leggja fram nauðsynlega vinnu við hreinsun og sótthreinsun að lokinni förgun dýranna, sem og að aðstoða við ónæmisaðgerðir, eftir því sem óskað er og þörf krefur.

7. gr.

Meðan innfluttir minkar eru í sóttkví, er óheimilt að flytja úr sóttkví lifandi dýr, eða flytja þangað lifandi minka eða önnur dýr.

Feldi af innfluttum dýrum, sem í sóttkví eru eða dýrum, sem þar kunna að fæðast, má nýta, enda séu dýrin drepin og flegin á staðnum og þess gætt, að með skinnunum berist ekki smit í dýr utan sóttkvínnar. Óheimilt er að geyma í sóttkví önnur dýr en minka.

8. gr.

Þeir sem gæta og hirða um minka, sem eru í sóttkví, skulu við störf sín nota sérstök hlífðarföt, sem ekki má nota við önnur störf. Gæta skal þess, að verkfæri og áhöld ýmis konar, sem nauðsynleg eru við hirðingu dýranna, séu ekki fjarlægð eða flutt á önnur bú, þar sem þau gætu valdið smiti.

Þeim, sem hirða dýr í sóttkví, er óheimilt að koma á önnur loðdýrabú, loðdýrasýningar o. þ. h.

Óviðkomandi er með öllu bannaður aðgangur að húsum og girðingum, þar sem innflutt dýr eru höfð í sóttkví.

Skal gæzlumaður setja upp merki á áberandi stöðum með eftirfarandi áletrun: „Sóttkví. Aðgangur stranglega bannaður".

9. gr.

Starfsmenn þeir, sem hirða um minka í sóttkví, skulu gæta þess, að hinum innfluttu dýrum sé ávallt haldið tryggilega frá öllum öðrum dýrum þar með taldir hundar, kettir og minkar. Komist þessi síðasttöldu dýr inn fyrir girðingar sóttkvínnar, skal þeim fargað.

Þar sem því verður við komið, skal girða með fjárheldri girðingu kringum sóttkvína til þess að halda búfé í hæfilegri fjarlægð frá henni.

10. gr.

Í sóttkví, þar sem innfluttir minkar eru geymdir, skal öll umgengni vera þrifaleg og fyllstu reglusemi gætt í hvívetna.

Góð aðstaða til hreinsunar og sótthreinsunar skal vera fyrir hendi og greiður aðgangur að heitu og köldu vatni.

Búr og bæli dýranna skal hreinsa einu sinni til tvisvar í viku hverri. Undir búrunum skal haft malar- eða sandlag til að taka við þvagi og annarri vætu. Moka skal undan búrunum einu sinni til tvisvar í viku. Um tilhögun húsa, skála, búra og girðinga skal fara samkvæmt fyrirmælum um minkabú, sbr. reglugerð um loðdýrarækt.

11. gr.

Heyi, hálmi, saur, matarleifum og öðru, sem til fellur, við eldi dýranna í sóttkví, skal safnað saman í sérstaka geyma undir loki, unz fært er að grafa það eða brenna, sé eigi unnt að brenna það jafnóðum.

Þess skal gætt, að með frárennsli geti ekki borizt smitnæmur úrgangur, sem öðrum dýrum getur stafað hætta af.

Þess skal gætt, að öll ílát, sem notuð eru við aðdrætti á fóðri, sé haldið vel hreinum og sótthreinsuð, þegar þörf krefur.

12. gr.

Minkum, sem fluttir eru til landsins, skal halda í sóttkví eigi skemur en 16 mánuði. Ef ekki hefur orðið vart smitsjúkdóma á þeim tíma, er heimilt með samþykki héraðsdýralæknis að flytja afkvæmi innfluttra dýra úr sóttkvínni. Hin innfluttu dýr skulu hins vegar geymd æfilangt í sóttkvínni, og er óheimilt að flytja þau þaðan lifandi.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs, allt að 20 000.00 kr. og öðrum viðurlögum samkv. lögum nr. 68 28. maí 1969.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 28. maí 1969, um loðdýrarækt, og reglugerð um sama efni nr. 282 11. nóvember 1969 (7.—10. gr.), lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár, og lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 28. 5. febrúar 1970.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 282 16. nóvember 1969, um loðdýrarækt.

1. gr.

Töluliður A.1 í 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. **Vírnetsbúr:** Minkabúr skal gert úr vírneti, möskvastærð 1″ × 1″ nr. 15, með tvöfaldri galvaniseraðri húð. Milli búra skal vera tvöfalt net, þegar notað er vírnet með möskvastærð ½″ × 1″ nr. 18, en einfalt net, þegar notað er vírnet með möskvastærð ½″ × ¼″, nr. 17. Stærð búranna skal vera að minnsta kosti 30 × 40 × 75 cm.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 28. maí 1969, um loðdýrarækt, lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lögum nr. 124. 22. desember 1947, um dýralækna, og lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 29. 12. janúar 1970.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Kópavogs er hér með ákveðinn einstefnuakstur á Skjólbraut, þannig að einungis er heimilt að aka götuna frá Kópavogsbraut til norðurs og síðan í austur að Hafnarfjarðarvegi. Öll umferð í vesturátt og suðurátt á götu þessari er bönnuð

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 12. janúar 1970.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Tryggvagötu, Lækjargötu, Naustunum og Garðastræti verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. jan. 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

30. janúar 1970. Nr. 31.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 158 10. ágúst 1966, og reglugerð nr. 131 11. september 1967 um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

1. gr. II. liðar reglugerðarinnar orðist svo:

Lyfjabúðir í Reykjavík skulu, auk framangreinds afgreizslutíma, vera opnar tvær saman eina viku í senn sem hér segir:

Mánudaga — fimmtudaga	kl. 18—23
Föstudaga	— 19—23
Laugardaga	— 12—23
Helgidaga og almenna frídaga	— 10—23
Aðfangadag og gamlársdag	— 12—23

Nánari reglur um skiptingu þessa afgreiðslutíma milli lyfjabúða setur landlæknir að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands.

2. gr.

1. gr. niðurlag III. liðar orðist svo:

Næturvarzla skal vera opin sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga	kl. 23— 9	næsta	morgun
Laugardaga	— 23—10	—	—
Helgidaga og almenna frídaga	— 23—10	—	—
Aðfangadag og gamlársdag	— 23—10	—	—

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 38. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu, 30. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um gjald fyrir stöðumæla í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Í Ingólfsstræti og Þingholtsstræti verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. janúar 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 33. 4. febrúar 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 95 31. maí 1960, um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

Í stað orðanna í 1 gr. „að verðmæti allt að 1 000 krónum", komi „að verðmæti allt að 4 000 krónum".

2. gr.

Í stað orðanna í 3. gr. „Samráð skal haft við Landsbanka Íslands, Seðlabankann," komi Samráð skal haft við Seðlabanka Íslands."

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 30 frá 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi

Viðskiptaráðuneytið, 4. febrúar 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Stefán Gunnlaugsson.

Nr. 34. 6. febrúar 1970.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Frakkastíg frá Njálsgötu að Lindargötu.
2. Stöðvunarskylda verður á Réttarholtsvegi gagnvart umferð um Miklubraut. Á afrennslisbrautum verður þó biðskylda.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. febrúar 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Innflutningur annarra vara en hér eru taldar á eftir skal vera frjáls:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund
01.01.00— 01.06.20	Lifandi dýr.
02.01.10— 02.01.50	Kjöt og ætir hlutir af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01—01.04, nýtt, kælt eða fryst.
02.02.00	Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst.
02.03.00	Lifur úr alifuglum, ný kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi.
02.04.09	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst.
02.05.00	Svínafita án kjöts og óbrædd og ópressuð alifuglafita, ný kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.
02.06.10 02.06.20	Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað í saltlegi, þurrkað eða reykt.
04.01.00— 04.05.00	Mjólkurafurðir, fuglaegg.
07.01.10	Kartöflur, nýjar.
07.01.20	Tómatar, nýir.
09..01.11 09.01.20	Kaffi. brennt, einnig kaffieinsneytt, kaffiskurn og kaffihýði, kaffilíki, sem inniheldur kaffi.
11.01.25 11.01.26	Rúgmjöl, þó ekki hálfsigtimjöl.
15.01.00	Feiti af svínum og fuglum, brædd eða pressuð.
15.02.00	Feiti af nautgripum, sauðfé og geitfé, hrá eða brædd (þar með talin „premier jus“).
15.03.00	Svínafeitisterín (lardstearin), oleosterín (pressutólg), svínafeitisolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt.
15.13.00	Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti.
16.01.00	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum og dýrablóði.
16.02.00	Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar.
17.01.21 17.01.22	Molasykur.
17.01.23 17.01.24.	Strásykur.
17.04.01 17.04.03— 17.04.09	Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki möndlumassi í 10 kg blokkum og stærri.

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem er í kakaó, þó ekki möndlumassi í 10 kg. blokkum og stærri.
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar, varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt), þó ekki súkkat.
22.03.00	Öl gert úr malti.
22.04.00	Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli.
25.23.00	Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement og annað hydróliskt sement, einnig litað eða sem sementsgjall.
27.09.00	Jarðolía og skífuolía, óhreinsaðar.
27.10.10	Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talin „topped crude“.
27.10.29	Annað benzín en flugvélabenzín.
27.10.40	Gasolía (distillate fuel).
27.10.50	Brennsluolía (residual fuel).
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða.
59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanila.
85.01.00	Spennar (transformatorar), þó ekki spennar (ballasts) fyrir fluorescent-ljós.
94.01.00	Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti í bifreiðar.
94.03.09	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra, þó ekki skápar til múr- og naglfestingar og skjalaskápar og skrifborð með skjalageymslum úr járni og stáli.
94.04.00	Rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður.
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundin, en ekki fest á haus, með eða án skafts.
96.02.01	
96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki burstar, sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþvögur á skafti, skaftþvögur, tannburstar og listmálunarpenslar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. ber innflytjendum að gæta ákvæða laga og annarra reglugerða um bann við innflutningi eða varúðarráðstafanir í sambandi við hann, svo sem vegna smitunarhættu.

2. gr.

Gjaldeyrisleyfi þarf fyrir greiðslum til útlanda, öðrum en þeim, sem taldar eru hér á eftir:

1. Opinber ríkisútgjöld, svo sem vextir og afborganir lána, kostnaður við utanríkisþjónustu og greiðslur til alþjóðastofnana.
2. Greiðslur vegna þjónustu pósts og síma.
3. Erlendur kostnaður gjaldeyrisbankanna.

3. gr.

Umsóknir um gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi fyrir vörum og greiðslum, sem ekki eru frjálsar skv. 1. og 2. gr. hér að framan skulu, sendar viðskiptabönkum þeim, sem rétt hafa til að verzla með erlendan gjaldeyri.

Þegar um innflutning frílistavöru gegn gjaldfresti er að ræða, ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka, sem rétt hefur til að verzla með erlendan gjaldeyri, grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.

4. gr.

Viðskiptabönkum er heimilt að binda kaup einstakra vörutegunda við opinber vörukaupalán, ef þær eru fáanlegar samkvæmt slíkum lánum. Á þetta einnig við um vörur, sem ætlaðar eru til sams konar nota og vörur, sem kaupa má samkvæmt slíkum lánum.

5. gr.

Aðrar vörur en þær, sem taldar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar, skal tollafgreiðla án innflutningsleyfis, en til tollafgreiðslu annarra vara þarf innflutningsleyfi.

6. gr.

Heimilt skal að flytja inn án innflutningsleyfis eftirtaldar vörur, enda þótt þær falli undir eitthvað tollskráin., sem talið er í 1. gr.:

1. Fatnað og aðrar ferðamannanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma til landsins frá útlöndum, að svo miklu leyti, sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin afnota á ferðalaginu.
2. Vörur, sem sjómenn eða flugmenn flytja sjálfir með sér í fari sínu til persónulegra nota hlutaðeiganda eða skyldmenna hans og keyptar eru fyrir hinn svonefnda áhafnagjaldeyri, þó ekki yfir 5000 kr. verðmæti í hverri ferð.
3. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum, vegna þess að þær seldust ekki, eða eru endursendar hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvöld taka gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.
4. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota fyrir sendiherra erlendra ríkja og aðra, sem samkvæmt lögum og venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
5. Gjafir og aðrar sendingar, sem sönnur eru færðar á, að sendar séu hingað án þess að greiðsla komi fyrir.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 3 11. janúar 1967, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Viðskiptaráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

19. febrúar 1970. Nr. 36

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Hverfisgötu verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. febrúar 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251 31. des. 1965, um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Kópavogskaupstaðar nr. 183 12. des. 1958.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrsta málsgr. 10. gr. reglugerðar nr. 183/1958 orðist svo:

Af hverju húsi sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar, 3.0% af fasteignamatsverði, þó er lágmarksupphæð skattsins fyrir íbúðarhús kr. 750.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 38. 26. febrúar 1970.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Hafnarfirði, nr. 58 frá 16. febrúar 1968.

1. gr.

A-liður 6. gr. orðist svo:

Sérverzlanir með blóm og blómavörur, bifreiðastöðvar, biðskýli og verzlanir, sem hafa sérstakt leyfi bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar til að verzla með takmarkaðan fjölda vörutegunda, nánar tiltekið: Blöð, tóbaksvörur, öl, gosdrykki, ís, brauðvörur, mjólk, nýja ávexti, heitar pylsur, handsápur, tannkrem, raksápur, rakblöð, kort, frímerki, tímarit, ritföng, rafmagnsöryggi, rafmagnsperur, rafhlöður, eldspýtur.

Samþykktarbreyting þessi, sem bæjarstórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Skýringar: Í reglugerð þessari getur deild merkt hvort heldur sem er sérstakt sjúkrahús, sem annast sjúklinga með tiltekna tegund sjúkdóma (sérsjúkrahús), eða samsvarandi einingu í sjúkrahúsi (sérdeild). Læknamiðstöð merkir stofnun í skilningi læknaskipunarlaga.

Umsóknir um lækningaleyfi og sérfræðileyfi ásamt staðfestum vottorðum yfirmanna og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum skal stíla til ráðuneytis þess, sem fer með heilbrigðismál, en senda til landlæknis.

I. Lækningaleyfi.

1. gr.

Til þess að kandídat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi og að heita læknir, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi, er hér greinir:

a) Hann skal hafa unnið kandídatsstörf eða samsvarandi aðstoðarlæknisstörf á viðurkenndu deildaskiptu sjúkrahúsi (eða sjúkrahúsum) í samtals 12 mánuði, og skal starfinu skipt milli minnst þriggja af eftirtöldum sex deildum:

barnadeild
geðdeild
kvendeild
lyfjadeild
skurðdeild
slysadeild.

Skylt skal þó öllum að starfa á lyfjadeild, skurðdeild og kvendeild. Lágmarkstími á deild skal vera 2 mánuðir.

Í stað starfs á deildaskiptu sjúkrahúsi má koma starf á viðurkenndu óskiptu sjúkrahúsi, sem hefur á að skipa sérfræðingum í þeim greinum, sem kandídat velur sér.

b) Um skyldubjónustu læknakandídata í læknishéraði fer eftir læknalögum, nr. 80/1969, sbr. augl. nr. 63/1963 og auglýsingar nr. 219/1963 og nr. 246/1964 um breyting á þeirri auglýsingu.

II. Sérfræðileyfi.

2. gr.

Til þess að kandídat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi, skal hann hafa fullnægt þeim kröfum, er hér greinir:

a) Hann skal að jafnaði hafa lokið framhaldsnámi samkv. a-lið 1. greinar, áður en sérnám er hafið.

b) Hann skal hafa hlotið ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi samkv. 1. gr.

c) Hann skal hafa stundað framhaldsnám að frjálsu vali í 12 mánuði eða starfað við lækningar í 12 mánuði. Heimilt er að ljúka starfi samkv. lið b, 1. gr., á þessum tíma.

d) Hann skal hafa fullnægt ákvæðum 3. og 4. greinar.

e) Hann skal hafa samið ritgerð um læknisfræðilegt efni, er að verulegu leyti sé reist á eigin athugun og rannsókn og fengið hana birta eða samþykkta til birtingar í læknatímariti, og skal greinin jafnframt hafa verið talin fullnægjandi að mati læknadeildar. Slíkrar ritgerðar er ekki krafizt af umsækjanda, sem hefur lokið doktorsprófi, sem læknadeild metur gilt.

3. gr.

Sérnám samkvæmt 4. grein má einungis fara fram á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), sem viðurkennd eru til slíks sérnáms í heimalandi sínu. Ráðherra veitir sjúkrahúsum hér á landi slíka viðurkenningu að undangengnu mati á starfsemi þeirra og ákveður jafnframt, hversu mikill hluti af sérnámi megi fara þar fram, allt samkvæmt tillögum læknadeildar. Læknar þeir, sem sérnám stunda, skulu vera aðstoðarlæknar í fullu starfi á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), þar sem þeir nema. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef önnur námstilhögun þykir jafngild að mati læknadeildar. Nám á sérfræðinámskeiði má viðurkenna í stað takmarkaðs hluta tilskilins starfstíma á sjúkrahúsi (stofnun).

Veita má sérfræðileyfi lækni, sem hefur lokið sérfræðiprófi, er læknadeild metur gilt, og eins þótt námstilhögun sé frábrugðin ákvæðum 4. greinar, þar á meðal um tímalengd. Sama gildir um lækni, sem hefur fengið sérfræðiviðurkenningu í landi því, sem hann hefur stundað námið í. Sérfræðileyfi verður þó aðeins veitt þeim, er réttindi þessi hafa á Norðurlöndum, Bretlandi, Bandaríkjunum eða löndum, sem gera hliðstæðar kröfur til sérfræðileyfa. Læknar, sem sérfræðileyfi hljóta á þennan hátt, eru þó ekki undanþegnir þeirri skyldu að semja ritgerð, sbr. e-lið 2. greinar.

4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í eftirtöldum greinum læknisfræði, að loknu sérnámi, er greinir undir hverjum lið, sbr. 2. og 3. grein:

I. **Augnlækningar:**
   a. 3 ár á augndeild.
   b. ½ ár á lyfjadeild.
   c. ½ ár á taugadeild.

II. **Barnalækningar:**
   1. Almennar barnalækningar.
      a. 3 ár á almennri barnadeild.
      b. ½ ár á barnageðdeild.
      c. ½ ár á lyfjadeild.
      d. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
   2. Veita má sérfræðileyfi í hliðargreinum barnalækninga, svo sem barnahjartalækningum, barnaefnaskiptalækningum, barnataugalækningum o. s. frv., ef fullnægt er þessum skilyrðum:
      a. 2 ár á almennri barnadeild.
      b. ½ ár á lyfjadeild eða ½ ár á geðdeild barna, eftir því um hvaða hliðargrein er að ræða.
      c. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
      d. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir. Nám í þeirri hliðargrein, sem valin hefur verið sem sérgrein, fullnægir ekki þessu ákvæði.
   3. Barnaskurðlækningar. Sjá XIII, 4.
   4. Barnageðlækningar.
      a. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
      b. 1 ár á barnadeild.
      c. 1 ár á geðdeild fyrir fullorðna.
      d. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

III. Geðlækningar.

1. a. 3 ár á deild fyrir sjúklinga með bráða og langvinna geðsjúkdóma allra tegunda, ella 1 ár hið minnsta á deild fyrir hvorn sjúklingahóp, þó alls 3 ár.
   b. 1 ár á lyfjadeild eða 1 ár á taugadeild eða ½ ár á hvorri deild fyrir sig.
   c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Veita má sérfræðileyfi í hliðargreinum geðlækninga, svo sem réttargeðlækningum, félagsgeðlækningum o.s. frv., ef fullnægt er þessum skilyrðum:
   a. 2 ár á geðdeild samkv. 1. a.
   b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
   c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
3. Barnageðlækningar. Sjá II, 4.

IV. Geislalækningar:

1. Geislagreining.
   a. 3½ ár á geislagreiningardeild.
   b. ½ ár á skurðdeild eða lyfjadeild.
   c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Geislalækning.
   a. 3 ár á geislalækningadeild.
   b. ½ ár á geislagreiningardeild.
   c. ½ ár á skurðdeild, lyfjadeild eða krabbameinsspítala.
   d. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

V. Háls-, nef og eyrnalækningar:

a. 3 ár á háls-, nef- og eyrnadeild.
b. 1 ár á skurðdeild.

VI. Heimilislækningar:

a. 1 ár á lyfjadeild.
b. 2 ár samtals á eftirtöldum deildum: barnadeild
   geðdeild
   kvendeild
   skurðdeild.

   Lágmarkstími á deild skal vera 4 mánuðir.
c. 1 ár undir handleiðslu sérfræðings í heimilislækningum eða reynds heimilislæknis eða héraðslæknis, sem læknadeild metur hæfa til þessarar kennslu. Æskilegt er, að lækirinn kynnist starfsemi læknamiðstöðva og heilsuverndarstöðva á þessum tíma.
d. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
e. Í stað náms skv. a, b, c og d liðum má koma að nokkru eða öllu leyti kerfisbundið nám í heimilislækningum, sem stundað er í löndum, þar sem slíku námi er haldið uppi, og eins þótt um styttri heildartíma sé að ræða en greinir í ívitnuðum liðum, ef viðkomandi hefur hlotið fulla sérmenntun í greininni skv. kröfum þeim, sem gerðar eru í því landi, enda viðurkennt af læknadeild.

f. Sérfræðiviðurkenningu í þessari sér grein má veita lækni, sem hefur verið héraðslæknir eða haft heimilislækningar að aðalstarfi í minnst 8 ár, er reglugerð þessi tekur gildi, enda hafi hann að mati læknadeildar aflað sér þekkingar í starfinu á borð við það, sem krafizt er í liðum a—c.

VII. Embættislækningar:
Sama og VI, a, b og c að viðbættu minnst 6 mánaða námi í heilbrigðisfræði, félagslækningum og/eða heilsuvernd á viðurkenndum stofnunum, enda ljúki því með prófi eða vottorði.
Ef námið er lengra en 6 mánuðir, er heimilt að stytta starfstíma skv. VI, c sem því nemur.

VIII. Húð- og kynsjúkdómalækningar:
a. 3 ár á húð- og kynsjúkdómadeild.
b. 1 ár á lyfjadeild.
c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
Í stað vistar á húð- og kynsjúkdómadeild má koma 2½ árs vist á húðsjúkdómadeild og ½ árs vist á kynsjúkdómadeild eða lækningastöð fyrir kynsjúkdóma. Heimilt er að veita sérfræðiviðurkenningu í hvorri grein fyrir sig, ef lið a er fullnægt, að því er hlutaðeigandi sérdeild snertir, enda sé einnig fullnægt liðum b og c.

IX. Kvenlækningar:
a. 2½ ár á kvendeild.
b. 1 á á almennri skurðdeild.
c. ½ ár á lyfjadeild eða deild fyrir innkirtlasjúkdóma.
d. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

X. Lyflækningar:
1. Almennar lyflækningar.
   a. 3½ ár á almennri lyfjadeild.
   b. ½ ár á geðdeild.
   c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Veita má sérfræðileyfi í hliðargreinum lyflæknisfræði, svo sem í hjartalækningum, lungnalækningum, nýrnalækningum, efnaskipta- og innkirtlalækningum, meltingarfæralækningum, gigtlækningum o. s. frv., ef fullnægt er þessum skilyrðum:
   a. 2 ár á lyfjadeild.
   b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
   c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir. Nám í þeirri hliðargrein, sem valin hefur verið sem sérgrein, fullnægir ekki þessu ákvæði.

XI. Meinafræði:
1. Blóðmeinafræði.
   a. 3 ár á blóðmeinafræðistofnun.
   b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.

2. Líffærameinafræði.
   a. 3 ár á líffærameinafræðistofnun.
   b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.
3. Meinalífeðlisfræði.
   a. 3 ár á meinalífeðlisfræðistofnun.
   b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.
4. Meinefnafræði.
   a. 3 ár á meinefnafræðistofnun.
   b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.
5. Sýklafræði.
   a. 3 ár á sýklafræðistofnun.
   b. 1 ár í annarri grein meinafræði eða annarri grein raunvísinda, sem talin er stuðla sérstaklega að menntun læknis sem meinafræðings.

XII. Orkulækningar:

a. 2 á á orkulækningadeild.
b. 1 ár á lyfjadeild eða ½ ár á lyfjadeild og ½ ár á gigtsjúkdómadeild.
c. ½ ár á bæklunarsjúkdómadeild.
d. ½ ár á taugasjúkdómadeild eða taugaskurðdeild.
e. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

XIII. Skurðlækningar:

1. Almennar skurðlækningar.
   a. 3½ ár á almennri skurðdeild.
   b. 1 ár samtals á deild eða stofnun fyrir eina eða tvær hliðargreinar eða stuðningsgreinar sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
2. Veita má sérfræðileyfi í hliðargreinum skurðlækninga, svo sem í brjóstholsskurðlækningum, þvagfæraskurðlækningum, skapnaðarlækningum, æðaskurðlækningum og handaskurðlækningum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:
   a. 2 ár á almennri skurðdeild.
   b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
   c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir. Nám í þeirri hliðargrein, sem valin hefur verið sem sérgrein, fullnægir ekki þessu ákvæði.
3. Veita má sérfræðileyfi í taugaskurðlækningum og bæklunarlækningum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:
   a. 3 ár á sérdeild fyrir greinina.
   b. 1 ár á almennri skurðdeild.
   c. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja undirgrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.
4. Barnaskurðlækningar.
   a. 2 ár á almennri skurðdeild.
   b. 2 ár á sérdeild fyrir hliðargreinina.
   c. ½ ár á barnadeild.

   Æskilegt er, að námi skv. lið c sé lokið, áður en nám skv. lið b hefst.

XIV. Svæfingar og deyfingar:

a. 3 ár á svæfingadeild að meðtalinni gjörgæzludeild.
b. ½ ár á lyfjadeild.
c. ½ ár á skurðdeild.
d. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

XV. Taugalækningar:

a. 2 ár á taugadeild.
b. ½ ár á geðdeild.
c. 1 ár á lyfjadeild.
d. ½ ár á taugaskurðdeild.
e. ½ ár á deild eða stofnun fyrir einhverja hliðargrein eða stuðningsgrein sérgreinarinnar, þar með taldar vísindalegar rannsóknarstofnanir.

Í stað náms skv. a og c má koma 3 ára vist á lyfjadeild, viðurkenndri til að veita sérfræðimenntun í taugalækningum.

XVI. Aðrar greinar læknisfræði og sérfræðileyfi í fleiri en einni grein.

Veita má sérfræðileyfi í öðrum greinum læknisfræði en þeim, er að framan greinir, ef fullnægt er kröfum um sérmenntun að mati læknadeildar, að fengnum tillögum sérfræðinga í hlutaðeigandi greinum, ef til eru.

Með þeim undantekningum, sem á eftir greinir, getur enginn hlotið sérfræðileyfi nema í einni grein læknisfræði:

1. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í barnalækningum og barnageðlækningum. Skilyrði eru tími í barnalækningum skv. II, 1, a og c og barnageðlækningum skv. II, 4, a og c og þar að auki skv. II, 1, d eða II, 4, d.
2. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í geðlækningum og einni hliðargrein þeirra, þar með taldar barnageðlækningar. Skilyrði eru tími í aðalgrein samkv. III, 1, a og b og hliðargrein skv. III, 2, b og þar að auki tími skv. III, 1, c eða III, 2, c. Varðandi barnageðlækningar sem hliðargrein eru skilyrði tími skv. III, 1, a og b og II, 4, a og b og þar að auki skv. III, 1, c eða II, 4, d.
3. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í skurðlækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrði eru tími skv. XIII, 1, a og b og skv. XIII, 2.
4. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í lyflækningum og einni hliðargrein þeirra. Skilyrði eru tími skv. X, 1, a og b, og skv. X, 2, b og þar að auki skv. X, 1, c eða X, 2, c.
5. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í embættislækningum og annarri sérgrein. Skilyrði eru fullur tími í viðkomandi sérgrein að viðbættu minnst 6 mánaða námi í heilbrigðisfræði, félagslækningum og/eða heilsuvernd á viðurkenndum stofnunum, enda ljúki því með prófi eða vottorði (sbr. VII).
6. Veita má einum og sama lækni sérfræðileyfi í tveimur greinum meinafræði. Skilyrði eru fullur tími (kafli XI) skv. a-lið í hvorri grein.

5. gr.

Heimilt er að synja lækni um sérfræðiviðurkenningu, þótt hann hafi fullnægt ákvæðum þessarar reglugerðar, ef læknadeild telur óeðlilega langan tíma liðinn frá því, er hann lauk samfelldu sérnámi og þar til umsókn barst.

III. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. og 5. gr. læknalaga, nr. 80 23. júní 1969, öðlast gildi 1. maí 1970, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 136 3. október 1961, um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

Kandídötum, sem lokið hafa læknaprófi við gildistöku þessarar reglugerðar, skal þó heimilt að haga almennu framhaldsnámi skv. I. kafla hinnar fyrri reglugerðar, ef námið er hafið innan 3ja ára, frá því að þessi reglugerð tekur gildi. Einnig skal læknum, sem hafa hafið sérfræðinám við gildistökuna, heimilt að haga sérnáminu og hljóta sérfræðiviðurkenningu skv. II. kafla eldri reglugerðarinnar til 1. maí 1974. Skal tekið fram í umsókn, ef slíkrar heimildar er óskað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 19. marz 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

5. marz 1970. Nr. 40.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemgri tíma. Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kirkjubyggingarsjóð Bolungarvíkur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 10. marz 1970.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjubyggingarsjóð Bolungarvíkur.

1. gr.
Stofndagur sjóðsins telst 21. nóvember 1969.

2. gr.
Stofnendur sjóðsins eru hjónin Elísabet Hjaltadóttir og Einar Guðfinnsson, forstjóri í Bolungarvík.

3. gr.
Stofnfé sjóðsins er kr. 200 000.00 — tvö hundruð þúsund krónur — og er upphæð þessi gefin í tilefni 50 ára hjúskaparafmælis stofnenda.

4. gr.
Hlutverk sjóðsins er að styrkja byggingu nýrrar kirkju í Bolungarvík, þegar þar að kemur.

5. gr.
Árlega vexti skal leggja við höfuðstól. Tekjur sjóðsins eru auk þess, hvers konar gjafir og framlög, er honum kunna að berast, svo og aðrar tekjur, er sjóðsstjórnin kann að afla honum.

6. gr.
Sjóðurinn skal ávaxtaður í öruggri innlánsstofnun eða í ríkistryggðum verðbréfum.

7. gr.
Stjórn sjóðsins skipa sóknarnefnd Hólssóknar (3 menn), safnaðarfulltrúi Hólssafnaðar og sóknarprestur Bolungarvíkurprestakalls. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum Hólssóknar.

8. gr.
Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1970

5. marz 1970. 241 Nr. 42.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reykjarfjarðarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt, samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 100% álagi í Reykjarfjarðarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1970

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

19. febrúar 1970. Nr. 43.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Tálknafjarðarhöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar og stjórn.

1. gr.

Tálknafjarðarhöfn takmarkast annars vegar af línu dreginni milli Sveinseyrar og Lambeyrar og hins vegar inn í fjarðarbotn.

2. gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni.

Hver nýkjörin hreppsnefnd kýs á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn, þrjá menn í hafnarnefnd og ákveður jafnframt formann hennar.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast bókhald og fjárhald hafnarinnar og öll reikningsskil, svo framarlega, sem hreppsnefnd ákveður ekki aðra skipan. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

Fyrir 15. september ár hvert, ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgönguráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar fasta starfsmenn hafnarinnar eftir tillögum hafnarnefndar og setur þeim erindisbréf. En hafnarnefnd getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki hreppsnefndar.

3. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarvörð eftir tillögum eða í samráði við hafnarnefnd. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd.

II. KAFLI
Um almenna reglu.

4. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og enn fremur þeim starfsmönnum öðrum, er hann setur til þess að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af hafnarverði eða mönnum hans, getur sá hinn sami kært það til hafnarnefndar, en skipun hafnarvarðar og manna hans, ber að hlýða þegar í stað.

5. gr.

Þeim, sem ekkert erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar eru unnin.

6. gr.

Skylt er að gæta varúðar í meðferð alds og ljósa í höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavélum skipsins og lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er á við fermingu og affermingu eldfimra efna.

Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum í höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

7. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, olíu eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Á hafnarsvæði má heldur ekki gera nein hafnarmannvirki né hreyfa þau hafnarmannvirki, sem nú eru og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar komi til, svo og samþykki viðkomandi ráðuneytis.

Nú hefur bryggja brotnað og er þá bryggjueiganda skylt, ef hann ætlar að byggja upp bryggjuna, að byggja hana svo trausta, að hafnarnefnd telji hana hæfa. Að öðrum kosti ber bryggjueiganda að taka burtu allar eftirstöðvar bryggjunnar, draga upp alla staura og hreinsa til, svo að engin hætta geti stafað af brotum á bryggjusvæðinu. Sé þetta ekki gert, innan hæfilegs frests, er hafnarnefnd ákveður, er henni heimilt að láta gera það á kostnað eigenda og má taka þann kostnað lögtaki.

III. KAFLI
Um legu skipa og meðferð þeirra á höfninni.

8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa. Skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Skipum og bátum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast skipstjóri eða eigandi skips við að hlýða fyrirmælum hafnarvarðar um að flytja skip sitt, bát eða strengi til á höfninni, getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

9. gr.

Í sérhverju skipi, að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannlaus í höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er geti tekið á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skip eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Eigi má festa skipum við bólfæri (virki) eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal einnig þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða bólvirkjum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal eigandi þess láta færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eiganda. Kostnaðinn má taka með lögtaki.

IV. KAFLI
Um notkun hafnarinnar.

13. gr.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrirfram auglýstum áætlunum, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggi þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé ferming eða afferming skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að dómi hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar og í hvaða röð skip koma að bryggjum.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólfæri, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilfar þeirra skipa, er nær liggja.

15. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi eða öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífðardúka milli skips og bólvirkis, bryggju eða bátanna, svo ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki nægilega gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt er. Kjölfestu má ekki láta annars staðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

16. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður skips eða skipstjóri láta ræsta bryggjur eða bólvirki, sem notuð hafa verið, ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert. Afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni eða eiganda skipsins.

17. gr.

Þær vörur, sem ferma skal eða afferma, svo og tæki þau, sem notuð eru við fermingu eða affermingu, mega ekki liggja á bryggjum eða bólvirkjum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni þessa og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

V. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

18. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt í lægi. Skal eigandi láta taka skipið, ef það sekkur eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo að það skemmi ekki höfnina. Sé því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Vanræksla á að hlýða skipun hafnarnefndar í þessum efnum, er enn fremur brot á hafnarreglugerðinni.

Hafnarvörður ákveður hvert sinn, hvar slíkum skipum skuli lagt, hve traust legufæri skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af leka, þótt það sé mannlaust, þá er honum heimilt að leggja skipinu og láta það liggja án þess að menn séu í því á þeim tíma árs, sem ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess. Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

19. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal eigi sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað. Ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

VI. KAFLI
Um lestargjöld.

20. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert skipti, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum er síðar greinir.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjald af brúttó burðarmagni skips, talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt.

21. gr.

A. Af skipum, sem eru stærri en 10 brúttólestir og eru eign aðila á Tálknafirði og skrásett þar, skal greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 27.00 fyrir hverja rúmlest. Gjalddagi er 1. janúar. Séu skip þessi að einhverju leyti í utanlandssiglingum, greiða þau aukalega kr. 0.60 af hverri rúmlest í hvert skipti, er þau koma úr utanlandssiglingu.

B. Öll skip önnur skulu greiða kr. 1.50 fyrir hverja rúmlest í lestargjald í hvert skipti, sem þau koma til hafnar. Strandferðaskip ríkisins greiða þó aðeins kr. 0.50 af hverri rúmlest.

C. Undanþegin greiðslu lesta- og bryggjugjalds eru: Herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknaskip og skip, sem leita neyðarhafnar.

VII. KAFLI
Um bryggju og bólvirkisgjald.

22. gr.

Öll skip, sem leggjast að bólvirki eða bryggju, hvar sem er í höfninni eða að skipi, sem liggur við bólfæri eða bryggju, skulu greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins talið í heilum rúmlestum, en brotum sleppt, sem hér segir:

A. Bátar minni en 10 brúttólestir, eru undanþegnir lesta- og bryggjugjaldi, en greiða skulu þeir einu sinni á ári kr. 500.00 í hafnargjöld. Gjalddagi er 2. janúar.

B. Öll önnur skip greiði kr. 0.60 af brúttólest fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en kr. 75.00 í hvert skipti.

VIII. KAFLI
Um vatnsgjald.

23. gr.

Ef vatn er selt til skipa, skal söluverð vera kr. 20.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 75.00 fyrir fiskiskip, en kr. 150.00 fyrir önnur skip.

IX. KAFLI
Um vörugjöld.

24. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem um getur í næstu greinum.

25. gr.

Fyrir vöru, sem skv. farmskrá skips eru ákveðnar til annarar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

26. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

A. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
B. Vistir og aðrar nausynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
C. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
D. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

27. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

28. gr.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp er gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

29. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

X. KAFLI
Vörugjaldskrá.

30. gr.

1. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg.
Fiskur, nýr, slægður eða óslægður, ísvarinn, saltaður, óverkaður, fiskbein, síld lögð á land til bræðslu, söltunar eða frystingar.

2. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg.
Kol, koks, salt, sement, leir, kalk, vörur úr ódýrum steinefnum svo sem: legsteinar, hleðslusteinar, gólf- og veggflísar úr steinefnum, vikur, sjávarafurðir til útflutnings.

3. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg.
Kornvörur, mjólkurvörur, garðávextir, fóðurbætir, tilbúinn áburður, landbúnaðarafurðir til útflutnings og iðnaðarvörur til útflutnings.

4. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hver 100 kg.
Benzín og olíur, sykur, ull, kjöt, kaffi, kaffibætir og hráefni til þess, feiti og olíur til framleiðslu iðnaðarvara, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hreinlætisvörur, gler, óunnið járn, bárujárn og saumur.

5. flokkur. Gjald kr. 14.00 fyrir hver 100 kg.
Hráefni til iðnaðar ótalið annars staðar, útgerðarvörur, vélar og mótorar, ótalið annars staðar, þungavinnuvélar, landbúnaðarvélar og tæki, bifreiðar, bifhjól og hjólhestar og varahlutir til þeirra, tjara, bik, asfalt, byggingarefni, ótalið annars staðar, þ. á m. gólfdúkar úr línoleum, pappa, plasti og asbest.

6. flokkur. Gjald kr. 28.00 fyrir hver 100 kg.
Pappírsvörur, nýlendu- og hreinlætisvörur, leirvörur, glervörur og búsáhöld, ávextir, leðurvörur, brauðvörur, gúmmívörur, kálmeti og plöntur, jarðstrengir og vír alls konar og allar aðrar vörur, sem ekki eru annars staðar taldar og gjald er reiknað eftir þyngd.

7. flokkur. Gjald kr. 42.00 fyrir hver 100 kg.
Lyfjavörur, vefnaðarvörur, snyrtivörur, rafmagnsvörur, niðursuðuvörur, ótalið annars staðar, kryddvörur, sportvörur, s. s. ljósmyndavörur, áttavitar, klukkur, mælitæki, símtæki, útvarpstæki og upptökutæki, leikföng, skot og skotfæri, húsgögn.

8. flokkur. Gjald kr. 56.00 fyrir hver 100 kg.
Tóbaksvörur, tóbak, vín, spíritus, eldspýtur.

9. flokkur. Gjald kr. 28.00 fyrir hvern grip.
Hestar, nautgripir, svín.
Sauðfé kr. 7.00 fyrir hvern grip.
Gjald kr. 1.40 fyrir hvert stykki: Tómar tunnur.
Gjald kr. 4.20 fyrir hvert stykki: Síld og lýsi í tunnum.

10. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir hvert teningsfet:
Trjáviður.

11. flokkur. Gjald kr. 1.40 fyrir hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Vörugjald fyrir óvenjulegar vörur, svo og vörur, sem ekki eru sérstaklega nafngreindar í gjaldskrá þessari, skal ákveða af gjaldkera hafnarinnar. Verði um ágreining að ræða, má skjóta úrskurði hans til hafnarnefndar, sem hefur endanlegt úrskurðarvald um vörugjaldið.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum skal vera kr. 5.00.

Gjaldskrá þessi gildir um vörur, sem fluttar eru til eða frá höfninni.

XI. KAFLI
Um ýmis gjöld til hafnarinnar.

31. gr.

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 0.75 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

32. gr.

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

XII. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

33. gr.

Hafnargjaldkeri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

34. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, ljósgjalds, bryggju- eða festargjalds.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, unz gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skip fer burt úr höfninni.

35. gr.

Gjöld fyrir vörur, sem um getur í 30. grein, greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Tálknafirði. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjöldin eru greidd.

Eigi margir aðilar vörur í sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslu vörugjaldsins til hafnargjaldkera.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

36. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í hafnarsjóð. Má taka þau lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem opinber gjöld.

Enn fremur skulu öll skipsgjöld tryggð með lögveði í skipi og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

XIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar og áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningar takast ekki um skaðabætur, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila sem er, er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið.

Yfirmat skal framkvæmt af fimm óvilhöllum mönnum, dómkvöddum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira, en sem nemur 10% af hinni upprunalegu matsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

38. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni á meðan mál hans er enn óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd metur gilda.

39. gr.

Enginn skipstjóri getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni með vottorði hafnargjaldkera, að hann hafi greitt gjöld þau, er honum ber að greiða, samkvæmt reglugerð þessari. Sama gildir um sektir og skaðabætur, ef um þær er að ræða.

40. gr.

Hverja þá skipun, sem gefa má skipi samkvæmt reglugerð þessari, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 8. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur fengið skipunina.

41. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við skv. lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Tálknafjarðarhafnar.

42. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi fyrri reglugerð fyrir lendingarbótasvæðið á Sveinseyri við Tálknafjörð frá 29. apríl 1947 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. febrúar 1970. Nr. 44.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir lendingarsvæðið Örlygshöfn við Patreksfjörð, nr. 72 4. maí 1956.

1. gr.

Öll gjöld til hafnarinnar samkvæmt reglugerðinni hækka um 150%.

2. gr.

2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Innlend strandferðaskip greiði hálft gjald samkvæmt 1. mgr.

3. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í lendingarbótasjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað, nr. 94 21. ágúst 1961.

1. gr.

VII. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

Um hafnsögugjald.

23. gr.

Öll aðkomuskip, sem fara inn fyrir hafnargarð, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, skyld til að greiða hafnsögugjald eins og hér segir:

Innlend skip greiða hafnsögugjald aðeins einu sinni á ári, nema þau noti hafnsögumann.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 300.00 krónur fyrir hvert skip allt að 300 brúttórúmlestir og 30 aura fyrir hverja rúmlest, sem þar er yfir.
b. Fyrir leiðsögu frá höfninni 300.00 krónur fyrir hvert skip, sem er allt að 300 brúttó-rúmlestir og 20 aura fyrir hverja rúmlest, sem þar er yfir.
c. Fyrir leiðsögu um höfnina greiðist hálft gjald samkvæmt a-lið.
d. Fyrir að vera úti í skipum að lokinni venjulegri leiðsögn, 1200.00 krónur fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, unz hafnsögumaður er aftur kominn heim.

2. gr.

VIII. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

Um lestagjald.

24. gr.

a. Allir bátar og skip, sem heima eiga í Höfðakaupstað, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 20.00 krónur fyrir hverja brúttó-rúmlest, þó aldrei minna en 100.00 krónur.
b. Aðkomubátar og skip, sem stunda fiskveiðar frá Höfðakaupstað og liggja innan hafnargarðs, skulu greiða 5.00 krónur fyrir hverja brúttó-rúmlest fyrir hvern mánuð, þó ekki minna en 300.00 krónur fyrir mánuð eða hluta úr mánuði.
c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 90 aura fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, sem þau koma til hafnar, þó skulu innlend fiskiskip og strandferðaskip aðeins greiða hálft gjald. Strandferðaskip ríkisins skulu ekki greiða lestagjald oftar en tvisvar í mánuði.

25. gr.

Undanþegin lestagjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip, dýpkunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að setja á land sjúka eða látna.

3. gr.

IX. kafli reglugerðarinnar, um ljósagjald, fellur niður og breytist röð eftirfarandi kafla og greina í samræmi við það.

4. gr.

X. kafli, sem verður IX. kafli, orðist þannig:

Um bryggjugjald.

26. gr.

Hvert skip, sem leggst við hafnargarð eða bryggju eða við skip, sem liggur við bryggju eða hafnargarð, skal greiða 40 aura af hverri brúttó-rúmlest skipsins. Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring, eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en 50.00 krónur í hvert sinn.

Skipstjóri, sem fer frá bryggju án þess að greiða bryggjugjald skipsins, er sekur um brot á hafnarreglugerðinni.

Undanþegin þessu gjaldi eru sömu skip og ekki greiða lestagjald.

Þeir, sem vilja hafa skip sín í skipakvínni vetrarlangt, skulu æskja þess við hafnarnefnd fyrir 1. september ár hvert. Skipakvíargjald fer eftir samningi.

5. gr.

XI. kafli, sem verður X. kafli, orðist þannig:

Um vörugjald.

27. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í 30. grein.

28. gr.

Vörugjald skal reikna eftir tölu, máli eða þyngd með umbúðum.

Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt að láta hafnarverði í té eftirlit af farmskrá. Hafi skipstjóri eða formaður báts farminn óskráðan, skal hann gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt. Þyki hafnarverði ástæða til, getur hann látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsóknina, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum og beri gjaldskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst gjald greiðist af. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Lægsta gjald af hverri sendingu er 25.00 krónur. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja einhverja vöru, ákveður hafnarvörður það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

29. gr.

Undanþegar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skips og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

30. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Kol, koks, sement, áburður, saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið, kornvara, sykur, garðákvexir, mjólk, hey, fóðurvörur, útlendar, gærur, freðsíld, vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar og byggingarefni, annað en trjáviður og ekki annars staðar talið, girðingarnet og girðingarefni, smurningsolíur, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessían, herpinætur, kaðlar, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. h., kjöt, ull, mör, tólg, salt.
2. flokkur. Gjald kr. 10.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólfdúkar, saumur, málningavörur alls konar, pappírsvörur alls konar, krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeiti, sápur, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur, kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir, nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakaó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
3. flokkur. Gjald kr. 2.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir þyngd og ekki annars staðar taldar.
4. flokkur. Gjald kr. 20.00 hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar ísskápur, baðker.
5. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Ísvarinn fiskur.
6. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hverja tunnu af saltsíld og hvers konar sjávarafurðum í tunnum. Af hálftunnum reiknast kr. 5.00.
7. flokkur. Fyrir tómar tunnur greiðast kr. 2.00 hver tunna.
8. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hvert teningsfet:
Timbur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli.
9. flokkur. Gjald kr. 20.00 hver gripur eða kind:
Stórgripir, sauðfé.
10. flokkur. Gjald kr. 6.00 hver 100 kg:
Brennsluolíur, benzín, lýsi.

Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 25.00.

6. gr.

XII. kafli, sem verður XI. kafli, orðist þannig:

Um aflagjald.

31. gr.

Af heildarafla skips greiðist kr. 20.00 af smálest af slægðum fiski með haus og óslægðum, sem landað er á hafnarsvæðinu, nema síld.

Af hverjum 160 kg síldar greiðist kr. 2.00.

Gjald þetta er kræft um leið og afla er landað. Eigandi skips er ábyrgur fyrir greiðslunni. Nú er afli afhentur eða seldur, án þess að gjald þetta hafi verið greitt, og hvílir þá greiðsluskylda einnig á þeim aðila, er þá hefur umráð yfir aflanum.

Skyldur er skipstjóri og formenn að gefa hafnarverði upp heildarafla skips hverju sinni. Ef það er ekki gert, skal hafnarvörður áætla gjaldið og innheimta samkvæmt þeirri áætlun. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

33. gr.

Hafnarsjóður hefur einkarétt á vatnssölu til skipa á hafnarsvæðinu. Þeir, sem ekki hafa gert sérstaka samninga um kaup á vatni frá vatnsveitu hafnarinnar, skulu greiða kr. 50.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

7. gr.

37. gr., sem verður 36. gr., orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Höfðakaupstaðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

19. febrúar 1970. Nr. 46.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Vestmannaeyjahöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Vestmannaeyjahöfn skiptist í:

a. Innri höfn.
b. Ytri höfn (án hafnarlegu).
c. Hafnarlegu.

a. Innri höfn er hinn svokallaði Botn og takmarkast af skjólgörðum á Hringskeri og Hörgaeyri og landinu í kring.
b. Ytri höfn takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Yztakletti að Klettsnefi og línu þaðan í Sigurðar-Rönku (Urðaviti).
c. Hafnarsvæði er austan við Heimaey, en hafnarlegan er norðan við Heimaey.
   1. Hafnarsvæðið (án akkerislegu) er austan Heimaeyjar og nær yfir svæðið sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Sigurðar-Rönku (Urðaviti), sunnan í Bjarnarey, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Yztaklett og meðfram honum í Klettsnef og úr því í Sigurðar-Rönku (Urðaviti).
   2. Norðurlegan nær yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Yztaklett, með honum og Heimakletti, Eiði, Klifi og Dalfjalli móts við Grasleysu, í hana og þaðan í Faxasker.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón Hafnarmálastofnunar ríkisins og ráðuneytis þess, sem fer með stjórn hafnarmála.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum er bæjarstjórn kýs þannig: 3 aðalfulltrúar og 3 varafulltrúar úr hópi bæjarfulltrúa, en 2 aðalfulltrúar og 2 varafulltrúar utan bæjarstjórnar. Hafnarstjórnarfulltrúar skulu kosnir hlutfallskosningu, fulltrúar úr hópi bæjarfulltrúa sér og fulltrúar utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarráðs Vestmannaeyja.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta: Bæjarstjóri, hafnsögumaður og hafnarvörður á fundum hafnarstjórnar og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt. Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar og stýri hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má bæjarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi hann þar atkvæðisrétt.

Bæjarstjórn getur ráðið hafnarstjóra, samanber hafnalög nr. 48/1967, IV. kafla 11. greinar, ef hún telur þess þörf.

Undir stjórn hafnarstjórnar sér hafnarvörður um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður undir umsjón bæjarstjóra og hafnarstjórnar, eða öðrum, sem slíkt verður falið.

4. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skipa hafnsögumenn og hafnarverði, að fengnum tillögum hafnarstjórnar.

Til aðstoðar hafnsögumönnum og hafnarvörðum skulu vera svo margir starfsmenn, sem hafnarstjórn telur nauðsynlegt. Hafnarstjórn setur fastráðnum mönnum hafnarinnar erindisbréf.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann eða hafnarstjórn setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipan starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar lipurðar og kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeir, sem ekkert löglegt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf, sem þar eru unnin.

Einnig má banna ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka og hafnarsvæði.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni, svo og á hafnarsvæðinu og fara eftir reglugerð um brunamál, XII. kafla, 88. gr., sem gefin er út skv. lögum nr. 37 1 apríl 1948.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum í höfninni svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnaryfirvalda. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema fyllstu varúðar sé gætt. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að affermingu eða fermingu eldfimra efna.

Notkun skotvopna er bönnuð, án leyfis, á innri og ytri höfn.

Þá er skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til.

8. gr.

Öllum skipum, farartækjum, svo og verksmiðjum, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi eða annað slíkt og hér að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, reglugerð sem sett er skv. 3. gr. laga nr. 77 frá 10. maí 1966.

Í innri höfnina má ekki kasta kjölfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, tógum, vöruleifum, vöruumbúðum eða öðru þess háttar.

9. gr.

Geymsla á tómum benzíntunnum eða ílátum undan eldfimum efnum, svo og öðru sem sprengju- eða eldhætta getur stafað af, er bönnuð á bryggjum, hafnarbökkum eða á hafnarsvæðinu.

10. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, eða neitt það sem getur valdið óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfnina, nema leyfi hafnarstjórnar komi til hverju sinni.

IV. KAFLI

Um hafnsögu, legu skipa á höfninni og afgreiðslu þeirra.

11. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

12. gr.

Sérhvert skip, sem ætlar til Vestmannaeyja og skal nota leiðsögu hafnsögumanns, skal gera boð um það til hafnarskrifstofunnar eða hafnsögumanns. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið út á hafnarlegur og hafnarsvæðið við Heimaey, ef skipstjóri æskir þess. Hafnsögumaður vísar skipinu til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við hafnarbakka. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Einnig er hafnsögumanni skylt að leiðbeina skipum á legu á hafnarlegu, ef skipstjóri óskar eftir því. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

13. gr.

Ef sjúkdómur er í skipi, eða ef ástæða þykir til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

14. gr.

Ef skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, sem segir til um hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 400 brúttó-rúmlestir og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns. Hafnarstjórn getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum.

15. gr.

Skip skulu að öðru jöfnu, nema hafnarstjórn þyki ástæða til vegna þrengsla í höfninni, fá afnot af hafnar- og bryggjurými í þeirri röð, sem þau koma inn í innri höfnina. Þó skulu póst- og farþegaskip og skip, sem taka neyðarhöfn, undanþegin þessu ákvæði.

Verði ágreiningur um rétt á hafnar- eða bryggjurými, sker hafnarvörður úr.

16. gr.

Eigi mega skip liggja á öðrum stöðum við hafnarbakka eða bryggju en þeim, sem hafnarvörður eða starfsmenn hafnarinnar hafa ákveðið. Heimilt er hafnarverði að flokka skip í legurúm við hafnarbakka, bryggjur eða bátakvíum, og er öllum viðkomandi skylt að hlýða fyrirmælum hans.

Skylt skal hverju skipi, að nota traustar og öruggar festartaugar. Liggi skip í hliðarröðum út frá hafnarbökkum eða bryggjum, skal það setja traustar festar upp í hafnarbakka eða bryggju. Þyki hafnarverði ekki nægilega vel fest eða festartaugar ótryggar, getur hann krafizt úrbóta hlutaðeigandi tafarlaust.

17. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur til tekið og fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

18. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju sinni við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrú, eða á annan hátt. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

19. gr.

Skip, sem ekki ferma eða afferma, eða ekkert er verið að vinna við, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi affermingu eða fermingu annarra skipa og þau skulu jafnan skyld að hlýða boðum hafnsögumanns, hafnarvarðar og annarra starfsmanna hafnarinnar, hvar þau megi liggja eða leggjast. Skipum, sem ekki er verið að ferma eða afferma og liggja að nauðsynjalausu í innri höfn, getur hafnarvörður skipað að fara út, sé þess þörf, til að önnur skip geti komizt að til afgreiðslu.

Skipum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Ef skipstjóri eða eigandi tregðast við að hlýða boðum hafnsögumanns eða hafnarvarðar um að flytja skip sitt, festa taugar eða strengi, er heimilt að gera það á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

Hafnarvörður getur fyrirskipað, að vörður sé um borð í skipum, ef honum finnst ástæða til.

20. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós eða dagmerki.

21. gr.

Skip, sem koma inn í innri höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og rám snúið.

22. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarstöpla eða festarhringi, að tilvísan hafnarvarðar.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða hafnarbökkum og varúðarmerkjum komið fyrir á festartaugum, sem á land liggja.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og bryggju eða hafnarbakka, ef hafnarvörður krefst þess.

23. gr.

Skipum, sem liggja bundin við bryggju eða hafnarbakka, er bannað, nema með leyfi hafnarvarðar, að láta aflvélar með viðtengdum gangskrúfum ganga með svo miklu afli, að hafnarmannvirkjum stafi hætta af eða valdi öðrum skipum óþægindum eða hættu.

24. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigenda og er hafnarstjórn heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fram fara. Skal skipstjóri sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið í land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

26. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi, ef þörf gerist, þrífa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

27. gr.

Bannað er að leggja skipum í hafnarfjöru þannig, að það bagi vinnu við höfnina. Enginn má, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar, láta skip standa yfir fjöru við hafnarbryggjur.

V. KAFLI

Um fermingu og affermingu eldfimra efna.

28. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, terpentínu, aceton eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfn, nema þau hafi fengið til þess leyfi hafnarvarðar og slökkviliðsstjóra hafi verið tilkynnt um farminn.

Um útskipun í skip á farmi, sem um getur í grein þessari, gilda sömu reglur og um affermingu.

29. gr.

Skylt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma vörur sem um getur í 28. gr. Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Kostnað við öryggisvörzlu greiðir farmflytjandi eða farmeigandi.

30. gr.

Skip, sem flytja eða hafa meðferðis þau eldfimu efni, sem um getur í 28. gr., skulu að degi til hafa rautt flagg í framsiglu, en að nóttu rautt ljós.

VI. KAFLI
Um hafnargjöld í Vestmannaeyjum.

31. gr.

Lestagjöld.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða með vörur eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn er þau koma til hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, sem síðar greinir. Lestagjaldið skal reiknast af brúttó-rúmlestar stærð skipsins.

32. gr.

a. Öll skip, skrásett í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári og er gjalddagi 2. janúar ár hvert. Gjaldið skal vera 75.00 kr. fyrir hverja brúttórúmlest skipsins upp að 500 brúttó-rúmlestum, en þó aldrei minna en kr. 500.00. Skip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og stærri eru en 500 brúttó-rúmlestir skulu greiða lestagjald þannig: Fyrir 500 brúttó-rúmlestir greiðast kr. 37 500.00 og kr. 40.00 fyrir hverja rúmlest þar fram yfir. Fyrir 1000 brúttó-rúmlestir og meira greiðast kr. 57 500.00 og kr. 25.00 fyrir hverja rúmlest þar fram yfir.

b. Skip, sem ekki eru skrásett í Vestmannaeyjum, en stunda fiskveiðar héðan og hafa viðlegu á innri höfninni, skulu greiða kr. 20.00 fyrir hverja brúttó-rúmlest fyrir hvern mánuð eða hlutfallslega fyrir hluta úr mánuði.

Öll skip, sem koma á ytri eða innri höfnina, skulu greiða lestagjald kr. 1.00 fyrir hverja brúttó-rúmlest. Þó eru undanþegin þessu lestagjaldi íslenzk varðskip, björgunarskip, vitaskip, skemmtiferðaskip, spítalaskip og skip, sem um getur í stafliðum a. og b.

c. Skip, sem leita vars á ytri höfninni eða hafnarsvæðinu, vegna illviðris, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestagjald, nema þau hafi samband við land.

d. Heimilt er hafnarstjóra að fella niður lestagjald af skipi, sem kemur á ytri höfnina einungis þeirra erinda, að setja farþega af skipi eða taka farþega.

e. Innlend fiskiskip, sem ekki eiga heimahöfn í Vestmannaeyjum og ekki stunda fiskveiðar frá Vestmannaeyjum skulu þó eigi greiða lestagjald skv. c.-lið oftar en tvisvar í mánuði, þótt þau komi oftar til hafnarinnar.

f. Strandferðaskip, önnur en þau sem skrásett eru í Vestmannaeyjum en sigla eftir föstum ferðaáætlunum, skulu greiða hálft lestagjald, sbr. hafnarlög nr. 48/1967, IV. kafla 12. gr. 5. málsgr.

g. Skip, er greiða lestagjald skv. 32. gr. stafl. b, c, d og f, skulu greiða að nýju lestagjald kr. 1.00 fyrir hverja brúttó-rúmlest skipsins eftir hverja 10 daga samfelldan viðverutíma í höfninni eða hafnarsvæðinu.

33. gr.
Bryggjugjöld.

Hvert það skip, sem leggst við bryggju eða hafnarbakka, skal greiða bryggjugjald af hverri brúttó-rúmlest skipsins. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr honum kr. 0.60 af hverri brúttó-rúmlest, þó aldrei minna en kr. 125.00 fyrir hvern sólarhring eða hluta úr honum. Skip, sem um getur í 32. gr. a- og b-lið, greiða ekki bryggjugjald. Heimilt er að hækka bryggjugjald um 50% eftir 20 daga samfelldan legutíma skipsins.

34. gr.
Fjörugjald.

Öll skip, sem ekki eru skrásett í Vestmannaeyjum og lagt er í hafnarfjörur, skulu greiða í fjörugjald kr. 250.00 fyrir hvern sólarhring eða hluta úr honum.

35. gr.
Hafnsögusjóðsgjald.

Hvert skip, sem skylt er að greiða hafnsögugjald skv. 36. gr. skal greiða í hafnsögusjóð kr. 75.00.

36. gr.
Hafnsögugjöld.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma á innri höfnina, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki. Þó skulu innlend fiskiskip, sem ekki eru skrásett í Vestmannaeyjum og eru minni en 400 brúttó-rúmlestir að stærð því aðeins greiða hafnsögugjald, að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns. Sömu undanþágu njóta fiskiskip skráð í Vestmannaeyjum.

37. gr.

Hafnsögugjald skal greiðast sem hér segir:

a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar kr. 450.00 fyrir hvert skip, auk kr. 1.25 fyrir hverja brúttó-rúmlest.
b. Fyrir leiðsögn frá höfninni kr. 400.00 fyrir hvert skip, auk kr. 0.80 fyrir hverja brúttó-rúmlest.
c. Fyrir leiðsögn um innri höfnina, skal hvert skip greiða kr. 300.00, auk kr. 0.40 fyrir hverja brúttó-rúmlest.

38. gr.
Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, með þeim undantekningum sem síðar getur.

39. gr.

Ef vörur, sem skv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Vestmannaeyja og eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.

40. gr.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands, greiðist hálft vörugjald. Sama gegnir um afla skipa, sem fluttur er milli skipa.

41. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vörur skv. farmskrá skips, sem eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
b. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi, enn fremur salt og ís, sem fluttur er úr landi á íslenzk fiskiskip til eigin afnota.
c. Bréfapóstur, farþegaflutningur, vörur til hafnarinnar og fyrirtækja bæjarsjóðs, innlend nýmjólk og rjómi og allt, sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.
d. Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil eining, en minna broti en hálf gjaldeining sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikningu vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta hafnarskrifstofunni í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarskrifstofunni ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í vörusendingunni og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

42. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalda eftir því, sem vörugjaldskrá til tekur og greiða gjald eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki skuli telja vörur, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

43. gr.

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, kex, leir, salt, sement og alls konar vörur úr ódýrum steintegundum.

2. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Kornvörur, jarðávextir, kjöt, fóðurvörur alls konar, smjör, smjörlíki, sykur, kaffi, te, lyf, áburður, ál, asfalt, carbit, fiskbein til fiskimjölsframleiðslu, girðingarefni, gólfdúkur, gólfábreiður, gærur, járn, stál til smíða, net, lína, kaðlar, veiðarfæri önnur, keðjur, leður, kítti, málning og efni til hennar, miðstöðvarofnar og katlar, pípur úr asbesti, stáli, áli, járni, pokar úr striga, gerviefnum, pappír, umbúða- og prentpappír, rúðugler, einfalt og tvöfalt, saumur og alls konar boltar og rær, strigi, segldúkur, smurolía, tvistur, vír óeinangraður úr járni, stáli, kopar eða áli, vírnet, þakplötur úr asbesti, áli, járni eða kopar, tjara.

3. flokkur. Gjald kr. 5.40 fyrir hver 100 kg:
Olíur til eldsneytis og hreyfla, benzín.

4. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Niðursuðuvörur, nýlenduvörur, ávextir, brauðvörur, sápa, sápugerðarvörur, þvottaefni, bækur, lofttegundir á stálflöskum eða í öðrum umbúðum, brennisteinn, sóti, vitisóti, hráefni til efnagerðar, svo sem essensar o. þ. h., ull.

5. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
A. Fiskimjöl (fiski-, síldar- og loðnumjöl), lýsi.
Gjald kr. 7.00 fyrir hver 100 kg:
B. Hraðfrystur fiskur, niðursoðinn fiskur, ísvarinn fiskur, skreið, saltsíld, ný og söltuð hrogn, saltfiskur.

6. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Efni til rafmagnslagna, eldhúsáhöld, gólfplötur, gúmmídúkur, hjólbarðar, harðviður og þilplötur alls konar, húsgagnaspónn, hreinlætistæki, lím alls konar, leirvörur, tengihlutir til miðstöðvarlagna, vatnslagna, rafmagnslagna.

7. flokkur. Gjald kr. 15.00 fyrir hver 100 kg:
Borðbúnaður, dúnn, fiður, eldspýtur, glervörur, gúmmívörur, leðurvörur, leikföng, vefnaðar- og prjónavörur, súkkulaðikex, sælgætisvörur, skófatnaður, súkkulaði.

8. flokkur. Gjald kr. 20.00 fyrir hver 100 kg:
Heimilisvélar, landbúnaðarvélar, hreyflar, bifreiðir, þungavinnuvélar, varahlutir til áðurnefndra véla og í bifreiðir og önnur ökutæki.

9. flokkur. Gjald kr. 40.00 fyrir hver 100 kg:
Skemmtibátar, ferðaútbúnaður, flugvélar, hljóðfæri, klukkur, úr, útvarps- og sjónvarpstæki, firðsjár, myndavélar, sjónaukar, sportvörur, mælitæki raf- og loftknúin, skrifstofuvélar, sauma- og prjónavélar.

10. flokkur. Gjald kr. 80.00 fyrir hver 100 kg:
Fegrunarmeðul og smyrsl, ilmvötn, glysvarningur, tóbak, vín, vínandi.

11. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir hvern 0.1 m^3.
Timbur, svampur, korkur, húsgögn, ýmis einangrunarefni úr gerfiefnum og annað, sem reiknað er eftir rúmmáli.

12. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hvern grip:
Hestar, nautgripir, svín.
Gjald kr. 8.00 fyrir hvert stk.:
Sauðfé, loðdýr.
Gjald kr. 3.00 fyrir hvert stk.:
Tómar tunnur, endursendir vín- og ölkassar.

13. flokkur. Gjald kr. 20.00 fyrir hver 100 kg:
Allt annað.

14. flokkur. Fiskiskip, sem landa afla í Vestmannaeyjahöfn, skulu greiða gjald, sem hér segir:
1. Af loðnu kr. 5.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Af síld kr. 7.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Af öðrum fiski kr. 12.00 fyrir hver 1000 kg.
Einnig er hafnarstjórn heimilt að fella niður vörugjald af bifreiðum og bifhjólum ferðamanna.

44. gr.

Fyrir lóðir og lendur hafnarinnar, geymsluhús og verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða leigugjald sem ákveðið verður með samningi við hafnarstjórn.

45. gr.

Leiga eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar, svo og lán á landfestum og aðstoð veitta af starfsmönnum hafnarinnar greiðist eftir gjaldskrá, sem hafnarstjórn setur.

46. gr.

Fyrir sjó frá Sjóveitu Vestmannaeyja, skulu notendur greiða það gjald, sem hafnarstjórn ákveður hverju sinni.

VII. KAFLI

Innheimta og greiðsla hafnargjalda.

47. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

48. gr.

Skipstjóri og eigandi skips, bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarverði eða hafnarskrifstofunni þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarvörður krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipinu, unz gjöld eru greidd. Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur fengið afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarskrifstofunni, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

49. gr.

Vörugjald skv. 43 .gr. greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

Leiga á lóðum og húsum hafnarinnar, skv. 44. gr., svo og leigugjald eftir báta og tæki hafnarinnar, skv. 45. gr., greiðir leigutaki.

50. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og önnur opinber gjöld, skv. IV. kafla hafnalaga 12. gr. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir öllum samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, vitagjald, bryggjugjald, hafnsögu- og hafnsögusjóðsgjald, fjörugjald, gjöld fyrir báta og tæki og aðra aðstoð, sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

51. gr.

Öll erlend skip, sem koma til Vestmannaeyja og greiða eiga gjöld skv. 31., 32., 33., 34., 35., 36. og 37. gr. hafnarreglugerðarinnar, skulu þar til öðruvísi verður ákveðið, greiða gjöld þau, sem nefndar greinar ákveða, með 50% viðauka.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Þeir munir, eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

53. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningi verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því, er matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

54. gr.

Nú veldur skip skemmdum á höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjórnar.

55. gr.

Hafnarverði skal tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

56. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

57. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjórnar eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjórn að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

58. gr.

Innan hafnargarða má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst., nema sérstaklega standi á.

59. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins, má ekki gera nein mannvirki, nema til komi leyfi hafnarstjórnar og samþykki ráðuneytisins, samkv. IV. kafla hafnarlaga, 17. gr.

60. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð Vestmannaeyja.

61. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála, og skulu þau rekin fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð nr. 73 31. maí 1961 fyrir Vestmannaeyjahöfn með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 47. 19. febrúar 1970.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ólafsvíkurkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Ólafsvíkurhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Sjávarfossi í Fossá í Bullusker, og þaðan lína, er hugsast dregin í vestur á Rif, og lína frá Loðnugjá í Ólafsvíkurenni hornrétt í fyrrnefnda línu.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjóra við daglegan rekstur hafnarinnar, eftirlit og umsjón, skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem, m. a. verksvið þeirra er ákveðið.

Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

III. KAFLI
Um almenna reglu á höfninni og hafnarsvæðinu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll. Eintak af hafnarreglugerðum fæst afhent í skrifstofu hafnarinnar án endurgjalds og skal það vera í sérhverju skipi, er liggur á höfninni eða við bryggju eða hafnargarð.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða (sjá 22. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt að ekkert af henni renni í höfninni, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI
Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

að fara til móts við skipið út fyrir Hornafjarðarós, eða þangað, sem fært þykir vegna veðurs eða annarra ástæðna, að dómi hafnsögumanns. Vísar þá hafnsögumaðurinn skipinu leið til hafnar og má ekki yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar í höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Ef sjúkdómur er á skipi, eða ástæða til að ætla að sótthætta geti stafað frá því, ber hafnsögumanni að stuðla að því, að fylgt sé reglum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins.

13. gr.

Ef skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri tafarlaust snúa sér til hafnarnefndar, sem segir til, hvar skipið megi liggja.

Ekkert íslenzkt skip, sem er stærra en 300 brúttó rúmlestir og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina, eða út úr henni, án þess að hafnsögumaður sé um borð. Hafnarnefndin getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

14. gr.

Skip, sem koma inn í höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga. Leggist skipið við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, vörpuhlerum og þess háttar tækjum, snúið inn fyrir borðstokkinn, þannig að eigi valdi truflun fyrir aðra umferð.

15. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum í þeirri röð, sem þau koma inn í höfnina. Þó skulu póst- og farþegaskip, er sigla eftir fastri ferðaáætlun, að jafnaði eiga forgangsrétt við bryggju og verða önnur skip að víkja meðan þau eru afgreidd.

Verði ágreiningur um þetta atriði, ræður hafnarnefndin í hvaða röð skip koma að bryggju.

16. gr.

Ekkert skip má liggja annars staðar við byrggju, eða hafnarbakka, en þar sem hafnarnefndin eða starfsmenn hafnarinnar hafa ákveðið.

Þeir geta einnig vísað skipum frá bryggju, ef þeir álíta það nauðsynlegt vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

17. gr.

Eigi má festa skipum við bryggju eða hafnarbakka, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða uppfyllingum. Þar sem eigi verður hjá því komizt, að festar liggi yfir bryggju, skal varúðarmerkjum komið fyrir á festartaugum.

18. gr.

Ekki má láta aflvélar skipa ganga með svo miklu afli að það valdi öðrum skipum hættu eða óþægindum.

19. gr.

Ef skip lendir á grynningum, eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hana, skal færa það burt, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefndin látið færa skipið á kostnað eiganda og er henni heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur.

20. gr.

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í höfninni, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er geti tekið á móti fyrirskipunum hafnarstarfsmanna og framkvæmt þær.

Ef eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips, tregðast við að hlýða boðum hafnarnefndar, eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, festartaugar eða strengi, er heimilt að gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

V. KAFLI

Um umferð um höfnina.

21. gr.

Ekki má sigla hraðar en með 3 mílna ferð um leiðina út og inn frá Mikleyjarál að bryggjum.

22. gr.

Ekki má leggja skipum við dufl eða akkeri í höfninni. Skip mega ekki leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki, að það tálmi umferð um höfnina.

Hafnarnefndin getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

23. gr.

Bannað er að leggja veiðarfærum í höfnina, þar sem það getur hindrað greiða umferð um hana.

VI. KAFLI

Um fermingu og affermingu.

24. gr.

Skip, sem ekki ferma eða afferma, mega aldrei liggja svo í höfninni, að það tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa.

25. gr.

Sé vinnu við skip eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarnefndar, eða ef hlé verður á að nauðsynjalausu, ber skipinu að víkja fyrir öðrum skipum, ef hafnarnefnd krefst þess.

26. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna á bjálkabrúm eða með öðrum hætti. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

27. gr.

Álíti hafnarnefndin að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, getur hún stöðvað verkið, þar til gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Um umferð um höfnina.

28. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal eigandi vöru eða afgreiðslumaður láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefur verið. Sé það vanrækt, má láta gera það á kostnað eiganda eða afgreiðslumanns vörunnar.

29. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða uppfyllingum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en þar sem hafnarnefnd ákveður.

Heimilt er að taka gjald eftir vörur, sem látnar eru liggja á landi hafnarinnar.

VII. KAFLI

Um mannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

30. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera á sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né heldur breyta eða auka við þau mannvirki, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og gildir leyfið aðeins til tveggja ára. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til ráðuneytisins.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta geti stafað af því.

31. gr.

Við bryggjur eða uppfyllingar einstakra manna og félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt, næst eiganda.

32. gr.

Við bryggjur einstakra manna og félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, getur hafnarnefnd krafizt að sé umsjónarmaður, sem hún tekur gildan.

33. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýmis nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunartæki o. s. frv. fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

VIII. KAFLI

Um hafnargjöld.

34. gr.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, með þeim undantekningum er síðar greinir. Gjaldið reiknast af hálfum rúmlestum í heilum krónum, og skal hálfur eða meira teljast sem heill, en minna broti sleppt.

35. gr.

Undanþegin lesta- og bryggjugjöldum eru varðskip, vitaskip, björgunarskip og rannsóknarskip, nema erindi þessara skipa til hafnarinnar sé annað en að framan greinir. Enn fremur skip, sem leita hafnar vegna óveðurs eða sjóskaða, ef þau hafa ekki samband við land.

Lestargjald.

36. gr.

a. Skip, heimilisföst í Hafnarkauptúni, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, 29 krónur af hverri brúttórúmlest, þó eigi minna en 460 krónur á ári. Opnir bátar skulu greiða 290 krónur á ári.

b. Aðkomuskip, sem stunda fiskveiðar frá Hafnarkauptúni, skulu greiða lestargjald 7 krónur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði.
c. Öll önnur skip, skulu greiða 250 krónur af hverri brúttórúmlest, nema strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða 1.15 krónu af brúttórúmlest.

Bryggjugjald.

37. gr.

a. Öll skip, sem leggjast að bryggju, eða skipi, sem við hana liggur, skulu greiða 50 aura af hverri brúttó rúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó eigi minna en 30 krónur á sólarhring.
b. Skip, sem greiða lestargjöld samkvæmt 36. gr. a og b, greiða ekki bryggjugjald.
c. Bryggjueigendur greiða ekki bryggjugjald af sínum eigin fiskiskipum.
d. Fyrir sérstaka notkun á hafnarbryggjum og uppfyllingum, svo sem aðgerð, síldarsöltun o. fl., skal greiða gjald, sem hafnarnefnd ákveður hverju sinni.

Vatnsgjald.

38. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

Hafnsögugjald.

39. gr.

Öll skip, sem til hafnarinnar koma og nota hafnsögumann, skulu greiða hafnsögugjald sem hér segir:

a. Við komu skips til hafnarinnar 400 krónur fyrir hvert skip, og auk þess gjald, 1 krónu fyrir hverja brúttó rúmlest.
b. Við brottför frá höfninni, 300 krónur fyrir hvert skip og auk þess 60 aura fyrir hverja brúttó rúmlest.
c. Fyrir leiðsögu um höfnina 300 krónur fyrir hvert skip og auk þess 30 aura fyrir brúttó rúmlest.
d. Fyrir að vera úti í skipum skal greiða 1000 krónur fyrir hvern sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn heim. Sama gjald greiðist ef hafnsögumaður þarf að fara með skipinu til annarra hafna. Auk þess greiðist ferðakostnaður heim.
e. Skip, sem ekki eru skráð í Hafnarkauptúni, en sigla eftir föstum áætlunum, skulu því aðeins greiða hafnsögugjald, að þau noti hafnsögumann.

IX. KAFLI

Vörugjald.

40. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum, sem fluttar eru á land eða úr landi, eða úr einu skipi í annað, innan hafnarinnar, með þeim undantekningum er síðar getur.

41. gr.

Ef vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna, en látnar eru á land um stundarsakir, skal aðeins greiða vörugjald, þegar vörurnar eru látnar í land.

42. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.

c. Póstur og farangur ferðamanna.
d. Vörur og tæki til hafnarinnar.

43. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil. Fara skal eftir farmskrá skips við útreikning vörugjalds, og er skipstjóra eða skipaafgreiðslu skylt að láta starfsmönnum eða skrifstofu hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins, áður en ferming eða afferming hefst.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagnið, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki ástæða til, getur hafnarnefndin hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund vöru, sem hæst gjald er af.

44. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og greiðist gjald eins og þar segir.

Ef vafi leikur á því, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal sveitarstjóri skera úr, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

Vörugjaldskrá.

45. gr.

1. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Kol salt, sement, ís.
2. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Kornvara og sykur í sekkjum og pökkum, fóðurvörur, áburður, garðávextir, mjólk.
3. flokkur. Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg:
Olíur og benzín í lausu máli og tunnum.
4. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Sjávarafurðir, landbúnaðarvörur.
5. flokkur. Gjald kr. 7.00 fyrir hver 100 kg:
Byggingarvörur, girðingarefni, útgerðarvörur, umbúðir um fisk og landbúnaðarvörur, efni til miðstöðva og raflagna, vatnspípur, smíðajárn, málningarvörur, smurningsolíur í litlum pakkningum.
6. flokkur. Gjald kr. 18.00 fyrir hver 100 kg:
Nýlenduvörur og önnur matvara, hreinlætisvörur, búsáhöld, vefnaðarvara, bifreiðar og vélknúin tæki, varahlutir til véla.
7. flokkur. Gjald kr. 30.00 fyrir hver 100 kg:
Sælgæti, öl og gosdrykkir, hljóðfæri, sportvörur og allar aðrar vörur, sem gjald reiknast af eftir þyngd.
8. flokkur. Gjald kr. 5.25 fyrir hvern 0.1 rúmmeter:
Timbur, kork og önnur einangrunarefni.
9. flokkur. Gjald kr. 6.80 fyrir hvern 0.1 rúmmeter:
Húsgögn og allar aðrar vörur, sem gjald reiknast af eftir rúmmáli.
10. flokkur. Gjald kl. 6.00 hver tunna:
Síld, hrogn, garnir, saltkjöt.
11. flokkur. Gjald kr. 4.00 hvert stykki:
Tómar tunnur.

12. flokkur. Gjald kr. 2.00 hvert stykki:
Tómir ölkassar og mjólkurbrúsar.
13. flokkur. Gjald kr. 18.00 hvert stykki:
Stórgripir.
Gjald kr. 6.00 hvert stykki:
Kindur.
14. flokkur. Aflagjald:
½% af verðmæti sjávarafla lögðum á land til vinnslu eða verkunar. Kaupandi, vinnsluaðili eða verkandi innheimtir gjaldið hjá innleggjanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess hjá innleggjanda.

Minnsta gjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

Ýmis gjöld.

46. gr.

Fyrir geymslu á vörum í húsum eða á lóðum hafnarinnar, skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

47. gr.

Fyrir lóðir og land hafnarinnar, geymsluhús eða verbúðir, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum, skal greiða leigugjald, sem ákveðið er með samningi.

48. gr.

Fyrir notkun á bátum og tækjum hafnarinnar og aðstoð, sem veitt er af starfsmönnum hennar, skal greiða það gjald, sem hafnarnefnd ákveður hverju sinni.

X. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

49. gr.

Sveitarstjóri sér um innheimtu allra gjalda til hafnarinnar. Gjöldin skal greiða í skrifstofu hreppsins.

50. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda (skipagjalda). Er skipstjóra skylt að afhenda starfsmönnum hafnarinnar þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef þess verður krafizt, og hefur hafnarsjóður haldsrétt í skipinu unz gjöldin eru greidd.

Hafnargjöld falla í gjalddaga þegar skipið er komið í höfnina nema þau gjöld, sem greiða ber einu sinni á ári samkvæmt 36. gr., en gjalddagi þeirra er 1. marz.

51. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald og leigu samkvæmt 46. gr. fyrir vörur, sem koma til hafnarinnar, en seljandi fyrir vörur, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, er affermir.

Vörugjöld falla í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, sem um aðfluttar vörur væri að ræða, en vörugjald af vörum sem fluttar eru frá höfninni, falla í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á farmskrá. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur og haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

52. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau sama forgangsrétt sem önnur opinber gjöld. Hafnargjöld (skipagjöld) eru auk þess tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Hafnargjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjöld, vatnsgjald, hafnsögugjald, gjald fyrir báta og tæki og aðra þá aðstoð, sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

53. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samingum verður eigi við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveimur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er undirmati var lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, sem þess krefst, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

54. gr.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni, eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá skipinu óheimil brottför úr höfninni, þar til málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarnefndar.

55. gr.

Enginn getur vænzt þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar, svo og sektir og skaðabætur, sem honum kann að bera samkvæmt reglugerð þessari.

56. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra þess, en stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hafi fengið hana sjálfur.

57. gr.

Heimilt er að neita þeim aðilum um aðstoð og afgreiðslu, sem eru í vanskilum við höfnina á einhvern hátt.

58. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

59. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 289 29. desember 1964.

Samgönguráðuneytið, 10. marz 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Grundarfjörð.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Grundarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Spjararsnoppu, austan fjarðarins, beint í Flangasker og þaðan aftur í beina stefnu í svokallaðan Hamar, vestan við bæinn Krossnes á vesturströnd fjarðarins. Að öðru leyti takmarkast höfnin af strandlínu milli þessara sömu staða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar og rekstur.

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 3 manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjóra við daglegan rekstur hafnarinnar, eftirlit og umsjón, skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið.

Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

III. KAFLI

Um almenna reglu á höfninni og hafnarsvæðinu.

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll. Eintak af hafnarreglugerðum fæst afhent í skrifstofu hafnarinnar án endurgjalds og skal vera í sérhverju skipi, er liggur á höfninni eða við bryggju eða hafnargarð.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta

reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin.

Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni, sem sprengihætta stafar af.

Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða. (Sjá 24. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt að ekkert af henni renni í höfnina eða á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI

Um legu skipa í höfninni og afgreiðslu þeirra.

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað af því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eigenda.

Brottfarartíma skipa skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra, er utar liggja yfir þilfar hinna, sem nær liggja.

Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti 1 maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki má skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip, sem lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið í land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burtu af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið, sé þess þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI
Um skip, sem lagt er í lægi.

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo að það skemmi ekki höfnina.

Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarstjórnar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðarreglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarstjórn um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarnefnd sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafizt, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, ef færa þarf skipið eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
Um fermingu og affermingu eldfimra vökva og sprengiefna.

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, benzín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“, að degi til, en að næturlagi rautt ljós í stað þess. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
Um gjöld til hafnarinnar.

26. gr.

Öll skip, sem eru 12 rúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna eins og hún er mest meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálft lestagjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslenzk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

Lestagjald.

27. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald kr. 2,00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald er kr. 100,00.

Skip, sem leita til hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur. Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

Bryggjugjöld.

28. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring kr. 1,50 af hverri brúttólest, þó aldrei minna en kr. 100,00.

Hafnargjöld fyrir íslenzk fiskiskip allt að 400 rúmlestir.

29. gr.

a. Opnir bátar greiði 500 kr. á ári.
b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar, þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu, eða lengur, skulu greiða kr. 60.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttó rúmlest á ári. Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.
c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 20.00 í lesta og bryggjugjald af hverri brúttó rúmlest á mánuði.
d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni skulu greiða krónur 2.00 í lesta- og bryggjugjöld, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni. Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanksmánuði.

Gjöld þau er um getur í grein þessari skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.
b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

Vörugjöld.

33. gr.

Vörugjöld skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri framskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera 10 kr. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

Vörugjaldskrá.

35. gr.

Brottfluttar og aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fóðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum, garðávextir, steypustyrktarjárn, smíðajárn ,steinefni til bygginga, sement, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þungavörur.
2. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Olíur alls konar og benzín.
3. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Vélar, varahlutir, rafmagnsvörur, miðstöðvarefni, vatnsrör og pípur, byggingavörur o. t. h.
4. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:
Vefnaðarvörur og fatnaður úr hvers konar efni, efni til fatnaðar, skófatnaður, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnivörur til iðnaðar. Vörur ó.t.a., sem reiknast eftir þyngd.

5. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir 0.1 ten.m.:
Trjáviður, húsgögn, hljóðfæri og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Brottfluttar sjávarútvegs og landbúnaðarafurðir:

6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur og ísaður, saltfiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, lýsi.

7. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Síld og hrogn í tunnum.

8. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Skreið, niðursuðuvörur og aðrar útfluttar afurðir ó.t.a.

9. flokkur. Gjald fyrir hvert stykki:

Stórgripir	kr. 30.00
Sauðfé, loðdýr	— 10.00
Tómar tunnur og kassar o. þ. h.	— 4.00

10. flokkur. Gjald 0.75% af verðmæti afla (aflagjald), lögðum á land á hafnarsvæðinu til vinnslu, verkunar eða brottflutnings. Fiskkaupanda ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Fiskkaupanda ber að standa skil á greiðslu aflagjalds mánaðarlega.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

36. gr.

Fyrir að leggja skip eða bát í fjöru hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 0.50 af hverri brúttólest skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 50.00.

37. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi:

a. Leigutaki greiði sjálfur rafmagn og upphitun á leiguhúsnæði sínu.
b. Húsaleigu skal greiða fyrirfram og skal fyrsti gjalddagi vera 2. janúar ár hvert.
c. Réttur til innheimtu á húsaleigu í verbúðum er sami og á öðrum hafnargjöldum, og hefur höfnin rétt til þess að kyrrsetja báta og afla þeirra til greiðslu á húsaleigu, upphitun og rafmagni og einnig viðgerðarkostnaði, sem leigjandi telst eiga að greiða.
d. Öllum skemmdum, sem kunna að verða á verbúðunum eða íbúðum, ber leigutaki fulla ábyrgð á, og skal hann bæta þær að fullu. Fulltrúi frá hreppsnefnd og hafnarnefnd skal fylgjast með ástandi hússins og ganga eftir, að gert sé við skemmdir eða láta gera við skemmdir á kostnað leigutaka.

39. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

40. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin þar.

41. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

42. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkv. 12. og 13. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, unz gjaldið er greitt.

43. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

44. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

45. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjöld, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

46. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 2 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiði sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

47. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

48. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipinu og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

49. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

50. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum nr. 48 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnargjöld fyrir Grundarfjarðarhöfn nr. 106 27. júlí 1962 og breytingar frá 25. apríl 1966.

Samgönguráðuneytið, 3. apríl 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

13. febrúar 1970. Nr. 67.

SAMÞYKKT

fyrir vatnsveitufélag Litla-Árskógssands.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Litla-Árskógssands. Heimili þess og varnarþing er í Árskógshreppi Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpinu fyrir vatni.

3. gr.

Skylt er öllum þeim, sem eiga hús á félagssvæðinu, að vera meðlimir Vatnsveitufélagsins, nema til komi ákvæði 23. gr. 2. töluliðs vatnalaga nr. 15 20. júní 1923, og skal hver húseigandi greiða um leið og hann gerist félagsmaður, óafturkræft stofngjald til félagsins sem fylgifé húseignarinnar, að upphæð að minnsta kosti kr. 500.00, enda telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en sú greiðsla hefur verið af hendi innt. Vilji einhver húseigandi leggja fram hærra stofngjald, skal hann tilgreina upphæð þess um leið og hann gerist félagsmaður.

Vatnslögn í fjós, þvottahús, sem áföst eru við íbúðarhús, og aðra smáskúra, sem í þarf vatn og eingöngu eru til heimilisnotkunar, telst undir sama stofngjald og íbúðarhúsið, en af innlögn í öll hús, er heyra undir sjálftæðan rekstur, skal greiða stofngjald. Félagsskylda samkvæmt 1. málsgr. er því skilyrði háð, að húseiganda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur umráð yfir á hverjum tíma.

4. gr.

Rétt er að taka nýja meðlimi í félagið, ef lögmætur félagsfundur samþykkir, enda sé slíks máls getið í fundarboði. Hinn nýi félagsmaður skal greiða að sínum hluta, frá því er hann gekk í félagið, öll gjöld, sem á félaginu hvíla og með sama

hætti sem aðrir félagar, nema öðruvísi semji. Sjálfur skal hann kosta allar þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverri innlögn eða íbúð. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð skattsins þannig, að hann nægi til greiðslu vaxta og afborgunar stofnkostnaðar við aðalleiðslu vatnsveitunnar, rekstrarkostnaðar vatnsveitunnar og viðhalds hennar.

Fái menn utan félagsins vatn frá vatnsveitunni, skal þeim reiknaður 25% hærri vatnsskattur en félagsmönnum.

Félagsstjórnin ákveður upphæð vatnsskattsins fyrir eitt reikningsár félagsins — þ. e. almanaksár — í senn. Heimilt er stjórninni að leggja viðbótarskatt á félagsmenn, ef sýnt þykir, að áður ákvarðaður skattur nægi ekki til að standast útgjöld félagsins. Nemi viðbótarskatturinn 10% af áður álögðum vatnsskatti, þarf stjórnin þó samþykki lögmæts félagsfundar til aukaálagningarinnar.

Geri tekjur félagsins betur en að hrökkva fyrir gjöldum þess, skulu 25% tekjuafgangs lögð sem fyrningargjald í varasjóð, en afganginum ráðstafað samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Sjóði félagsins skal ávaxta í sparisjóði eða banka eða með öðrum jafntryggum hætti, þó þannig að peningarnir geti orðið handbærir með 3ja mánaða fyrirvara.

Gjöld skv. 1. mgr. þessarar greinar og 1. mgr 3. gr. ásamt áföllnum innheimtukostnaði má taka lögtaki, og skulu þau njóta sama forgönguréttar í þrotabúum, sem skattar eða gjöld til ríkisins.

Á hverri innlögn skal vera lokunarkrani, sem loka má og innsigla, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnustu skuldbindingum þess. Enginn félagsmanna ber ábyrgð á þeim umfram þau gjöld, sem þeim er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Til þess að skuldbinda félagsmenn vegna félagsins umfram það, sem nú var sagt, þarf samþykki ¾ allra félagsmanna á lögmætum félagsfundi.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef 5 félagar eða 2 stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda tiltaki þeir hvert sé tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til fundarins boðað. Hafi tvisvar verið boðaður félagsfundur vegna ónógrar fundarsóknar, skal síðari fundurinn talinn lögmætur, — hver svo sem fundarsókn verður, — svo framarlega sem fundurinn hafi verið löglega boðaður.

Fundur er löglega boðaður, sé fundarboð auglýst á opinberum stað a. m. k. 2 sólarhringum áður en fundurinn á að hefjast. Þó er fundur löglega boðaður, þótt fyrirvari sé skemmri, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið persónulega, en þá verður félagsstjórnin að geta sannað, að hún hafi náð til ¾ félagsmanna að minnsta kosti.

8. gr.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan atkvæðisrétt, og ræður afl atkvæða úrslitum. Félagsmaður getur ekki falið öðrum að fara með atkvæði sitt. Sé félagsmaður forstöðumaður fyrirtækis eða opinberrar stofnunar eða sjóðs, getur hann ekki farið með umboð fyrirtækisins eða stofnunarinnar gagnvart Vatnsveitufélaginu, heldur skal það umboð falið manni utan Vatnsveitufélagsins, sem tilnefndur er sérstaklega í þessu skyni af stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Skal til hans boðað með auglýsingu á opinberum stað með a. m. k. 2ja sólarhringa fyrirvara.

Aðalfundur er lögmætur, ef ¾ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver svo sem fundarsókn verður.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn og 3 til vara og 2 endurskoðendur og 1 til vara, allir til eins árs í senn. Liggi fyrir aðalfundi önnur mál en venjuleg aðalfundarstörf, skal þeirra getið í fundarboði.

10. gr.

Færa skal gerðabók um aðalfundi félagsins og almenna félagsfundi. Skal fundarritari lesa fundargerðina í lok fundar og undirrita hana síðan samþykkta ásamt formanni félagsstjórnar eða fundarstjóra.

11. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Starf stjórnar og endurskoðenda skal vera ólaunað. Formaður stjórnarinnar kveður stjórnina saman til funda og boðar til félagsfunda og aðalfundar. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Í forföllum aðalmanna taka varamenn sæti í stjórninni í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Færa skal gerðarbók stjórnarfunda, og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

12. gr.

Stjórn félagsins ræður vatnsveitunni umsjónarmann. Skal hann annast reikningshald félagsins, innheimtu á gjöldum til þess og viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Að launum fyrir starfa sinn skal umsjónarmaður hafa 6% af brúttótekjum félagsins, nema öðruvísi sé um samið.

13. gr.

Segja má maður sig úr félaginu, er ⅔ félagsmanna samþykkja á lögmætum félagsfundi, eða ef svo reynist, að landareign hans verður mun meiri kostnaður að félagsskapnum en öðrum landareignum, samanborið við hagnaðinn eða hagræðið. Úr ágreiningi um hið síðarnefnda atriði skal skorið með mati, sem skjóta má til fullnaðarúrskurðar félagsmálaráðherra. Ef maður segir sig úr félaginu, skal hann ábyrgjast öll þau gjöld, sem á hann hafa fallið samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar til þess tíma, er hann fer úr félaginu.

14. gr.

Félaginu skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á tveim lögmætum félagsfundum í röð, enda séu ályktuninni fylgjandi eigi færri en ⅔ allra félagsmanna. Um skipti og meðferð á eignum félagsins fer eftir ákvæðum 1. kafla vatnalaga nr. 15 20. júní 1923 og fyrirmælum skiptalaganna, eftir því, sem við á. Verði eignir umfram skuldir, skal þeim skipt milli félagsmanna að réttri tiltölu við þá fjárhæð, sem hver þeirra hefur samtals greitt til félagsins.

15. gr.

Verði félaginu slitið, skal Árskógshreppur eiga rétt á að kaupa eignir þess fyrir matsverð, ef ekki nást samningar um verðið.

Til matsins skal hvor aðili nefna 2 menn, en sýslumaður Eyjafjarðarsýslu oddamann.

16. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi, enda hafi breytingartillagnanna verið getið í fundarboði og að minnsta kosti ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna séu samþykkir þeim.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 68. 13. febrúar 1970.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Litla-Árskógssands.

1. gr.

Vatnsveitufélag Litla-Árskógssands hefur einkaleyfi til sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir, og hún getur fullnægt, svo og til hafnar á Litla-Árskógssandi.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, er vatnsveituna varða, annast stjórn félagsins. Skal hún skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um félagssvæðið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, þar sem það er hægt, eða sem næst lóðarmörkum. Frá aðalæðum skulu húseigendur sjálfir leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveituna, skal senda skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Sama skylda hvílir á lóðareiganda. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki félagsstjórnar og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Félagsstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, ef þess þarf, vegna hreinsunar á vatnsgeymum, eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef nokkur tök eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Félagsstjórn er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo

og ef þeir hafa vatnsæðum sínum svo fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skylt er manni að láta af hendi land sitt og landsafnot í þágu vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögunum, auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati félagsstjórnar.

10. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við.

11. gr.

Félagsstjórn eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella stjórninni heimilt að gera það á hans kostnað.

12. gr.

Af öllum íbúðarhúsum á félagssvæðinu, sem virt eru til fasteignamats, og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsæðum vatnsveitunnar.

13. gr.

Af öllum húsum á félagssvæðinu, sem svo er ástatt um, sem um getur í 12. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 2% — tvo af hundraði —. Þó skal lágmark skattsins vera kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — fyrir hvert íbúðarhús.

14. gr.

Af húsum, sem nota vatn vegna annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, er útheimtir mikið vatn, svo sem frystihús, þvottahús, verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða vatnsskatt 2% — tvo af hundraði — af fasteignamati, nema öðru vísi sé sérstaklega um samið við vatnsveitunefnd.

15. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

Fyrir hvern stórgrip, sem stendur inni	kr.	30.00
Fyrir hverja sauðkind	—	3.00
Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu	—	3.00
Fyrir vatn til skipa pr. smálest	—	3.00
Fyrir innveginn fisk í fiskiðjuver pr. smálest	—	6.00
Fyrir saltfiskþvott pr. smálest	—	6.00

16. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa, atvinnurekandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts.

Eigandi framleiðslustöðvar eða atvinnustofnunar ber ábyrgð á, að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans sé greiddur á gjalddaga.

17. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 14. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd. Vatnsskattur samkvæmt 15. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar rekstur hættir ár hvert.

Vatnsskatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

18. gr.

Heimilt er félagsstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

19. gr. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem Vatnsveitufélag Litla-Árskógssands hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 69. 7. apríl 1970.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um guðsþjónustuhald í þeim prestaköllum, sem tveir prestar þjóna.

Með vísun til tillagna yðar, háæruverðugi herra, í tilefni af framkomnum óskum sóknarnefnda í Reykjavíkurprófastsdæmi um að úr því verði skorið, hve oft skuli haldnar almennar guðsþjónustur í prestaköllum, sem tveir prestar þjóna, skal yður hér með tjáð eftirfarandi:

Svo sem fram kemur í tilskipun 29. maí 1744, um tilhlýðilegt helgihald, ber hverjum presti að halda opinbera guðsþjónustugerð í einhverri sóknarkirkju sinni hvern helgidag þjóðkirkjunnar, en með bréfi stjórnarráðsins nr. 61 28. maí 1909 var staðfest að þessi regla gilti með sama hætti um prestana í dómkirkjusöfnuðinum í Reykjavík, er þá hafði verið lögfest að skyldu vera tveir, þannig að hvor presturinn um sig skyldi prédika að forfallalausu hvern helgan dag.

Staðfestir ráðuneytið, að fyrrnefnd ákvæði um embættisskyldu sóknarprestanna til að halda guðsþjónustugerð hvern helgan dag að forfallalausu, eru í fullu gildi og eiga einnig við um hvorn prestinn fyrir sig í prestaköllum, þar sem tveir prestar starfa saman.

Þetta tilkynnist yður hér með til birtingar fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, og á þann hátt, sem þér teljið bezt henta.

6. apríl 1970. Nr. 70.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 100 29. júní 1957 um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa, sbr. reglugerð nr. 31 22. febrúar 1961 og reglugerð nr. 145 30. júní 1964.

1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði, skal á meðan hreppsnefnd Garðahrepps ekki leyfir fólksbifreiðastöðvar í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Hafnarfirði, miðuð við íbúatölu á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Neista, Hafnarfirði, þannig að ein bifreið komi fyrir hverja 285 íbúa, sem þar eiga lögheimili, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Félagssvæði samkvæmt 1. mgr. telst Hafnarfjörður og Garðahreppur.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 285 íbúa, skal ekki veita ný leyfi.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 285 íbúa.

Atvinnuleyfin skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. apríl 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

3. apríl 1970. Nr. 71.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 100% álagi í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. apríl 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. marz 1965.

1. gr.

Aftan við samþykktina komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Réttindi til að gera uppdrætti, skv. 11. gr. samþykktarinnar, hafa þeir einir, sem öðlazt hafa slík réttindi, er samþykkt þessi tekur gildi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir meðan fram fer sú endurskoðun, sem byggingarnefnd hefur ákveðið, að fram fari á ákvæðum 11. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 73. 17. apríl 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands h. f. nr. 185 9. nóvember 1962.

1. gr.

Við 16. gr. bætist: 4. Fasteignaveðslánum veðdeildar.

2. gr.

21. gr. orðist þannig:

Um veðdeildarlán bankans gilda eftirfarandi ákvæði þessarar gr. og annara gr. reglugerðarinnar eftir því sem við á.

a. Bankanum er heimilt að veita lán með veði í fasteign og má lánstími vera allt að 10 árum.
b. Bankastjórnin ákveður fjárhæð veittra lána. Hvert einstakt lán má ekki vera hærra en 50% af virðingarverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í, að viðbættum áhvílandi veðböndum.
c. Til fjáröflunar fyrir veðdeild er Iðnaðarbankanum heimilt að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða á handhafa. Ráðherra ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála að fengnum tillögum bankaráðs.

Bankanum er heimilt að veita lán með öðrum hætti, en að framan greinir, enda sé þess gætt, að slík lán samrýmist eðlilegri bankastarfsemi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 17. apríl 1970.

Jóhann Hafstein.

Árni Þ. Árnason.

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Frá og með 1. júlí 1970 skulu allar bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þunga, vera búnar ökumælum á hjólnafi eða í stýrishúsi af þeim gerðum, sem ráðuneytið viðurkennir.

Bifreiðar, sem búnar eru ökumælum samkvæmt 1. málsgrein, skulu frá og með 1. júlí 1970 greiða þungaskatt eftir fjölda ekinna kílómetra samkvæmt gjaldskrá, er ráðuneytið setur. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur þó veitt frest til ísetningar ökumælis fram yfir 1. júlí 1970, ef telja verður sérstaka örðugleika á að koma ökumæli fyrir í bifreiðinni fyrir þann tíma. Í slíkum tilvikum skal þungaskattur eftir 1. júlí 1970 reiknaður í réttu hlutfalli við ákvæði 87. gr. vegalaga nr. 23 16. apríl 1970, þar til ökumæli hefur verið komið fyrir í bifreiðinni.

2. gr.

Óheimilt er öðrum verkstæðum en þeim, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu, að setja ökumæla og búnað þeirra í bifreiðar eða taka þá úr, nema nauðsynlegt sé vegna viðgerðar eða bilunar á bifreið. Í II. og III. kafla þessarar reglugerðar er nánar greint, hvers gæta skuli um viðgerðir bifreiða með ökumælum, svo og viðgerð og viðhald á mælum.

3. gr.

Hvert það verkstæði, sem setur ökumæli í bifreið samkvæmt reglugerð þessari, skal skrá eftirfarandi upplýsingar í akstursbók, sem ráðuneytið lætur í té.

a. Skráningarnúmer bifreiðar.
b. Nafn og heimilisfang eiganda.
c. Gerð ökumælis og númer.
d. Stærð hjólbarða á því hjóli eða hjólum, sem mælir er knúinn af.
e. Drifhlutfall í mæli.
f. Hvar og hvenær mælir var settur í bifreiðina.
g. Nafn og heimilisfang þess verkstæðis, sem setti mælinn í bifreiðina.

Akstursbókin skal afhent eiganda ökutækis með þessum upplýsingum innfærðum.

4. gr.

Áður en mælir er tekinn í notkun, skal eigandi bifreiðar fara með hana til skoðunar hjá bifreiðaeftirlitsmanni, sem athugar, hvort mælir og ísetning eru í samræmi við þær reglur, sem greindar eru í II. og III. kafla þessarar reglugerðar. Þar sem eigi er kostur bifreiðaeftirlitsmanna, tilnefnir fjármálaráðuneytið eftirlitsmann (t. d. lögreglumann eða hreppstjóra), er framkvæmir eftirlit með ökumælum, og gilda þá ákvæði reglugerðar þessarar um þessa eftirlitsmenn á sama hátt og um bifreiðaeftirlitsmenn.

Við samþykkt mælis innsiglar eftirlitsmaður mælinn við ökutækið, fjarlægir bráðabirgðainnsigli, sbr. II. og III. kafla, og staðfestir jafnframt samþykki sitt í akstursbókina og skráir stöðu mælis og númer í hana. Í skoðunarvottorð bifreiðarinnar skal eftirlitsmaður jafnframt skrá, að mælir hafi verið settur í bifreiðina.

5. gr.

Eftirlitsmaður sendir tilkynningu um, að mælir hafi verið settur í bifreiðina og mælisstöðu, á þar til gerðu eyðublaði til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem bifreiðin er skráð.

6. gr.

Akstursbók skal ávallt vera í bifreiðinni. Sé þess krafizt, skal akstursbók sýnd þeim, er eftirlit annast. Óheimilt er að breyta því, sem skráð hefur verið í akstursbók, eða fjarlægja blaðsíður úr henni. Eigandi bifreiðar skal varðveita akstursbók í 3 ár, eftir að hún er útskrifuð eða skipt hefur verið um hana.

7. gr.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal mánaðarlega lesa á ökumæli og skrá mælisstöðu í akstursbók sína.

Í lok hvers ársfjórðungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársfjórðungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársfjórðungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Nú er skráningarmerki bifreiðar afhent lögreglustjóra til geymslu eða bifreið afskráð, og skal þá á sama hátt láta lesa á og skrá stöðu ökumælis. Er áfallinn skattur þá gjaldfallinn.

Tilkynningu um mælisstöðu skal eftirlitsmaður senda tafarlaust á þar til gerðu eyðublaði til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs, þar sem bifreiðin er skráð.

Álestur ökumæla skal framkvæmdur eftir nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur.

8. gr.

Komi fram bilun á ökumæli eða ef líklegt þykir, að mælir telji rangt, svo sem vegna breyttrar stærðar hjólbarða, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar fara með hana til skoðunar hjá næsta eftirlitsmanni, sem skráir stöðu mælisins. Jafnframt ákveður hann hæfilegan frest til lagfæringar mælis eða frest til að setja nýjan mæli í bifreiðina.

9. gr.

Við árlega skoðun bifreiðar skal skrá stöðu ökumælis í akstursbók ásamt dagsetningu og athugasemdum, ef einhverjar eru.

Sama gildir í hvert sinn, er sérstök skoðun fer fram á bifreiðum með ökumælum. Komi í ljós við slíka skoðun, að mælir sýni á einhvern hátt rangt, skal skoðunarmaður (bifreiðaeftirlitsmaður, lögreglumaður eða vegaeftirlitsmaður), tafarlaust senda tilkynningu um það til hlutaðeigandi eftirlitsmanns ríkissjóðs, sem ákveður hæfilegan frest til lagfæringar mælis, sbr. 8. gr.

10. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs reikna út skatt samkvæmt ökumælum eftir tilkynningum um álestur mælis ársfjórðungslega. Skal skatturinn reiknaður út fyrir hvern liðinn ársfjórðung eftir fjölda ekinna kílómetra á því tímabili.

Komi í ljós við eftirlit, að mælir sé eigi innsiglaður, svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun, án þess að mælir hafi verið virkur, ákvarðast skatturinn af hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs.

11. gr.

Skatturinn greiðist á þann hátt og innan þess frests, sem fjármálaráðuneytið ákveður. Við umskráningu bifreiðar má krefjast þess, að framvísað sé kvittun um, að áfallin gjöld séu greidd.

Ef bifreið með ökumæli er seld, skal seljandi hennar tilkynna það innan þriggja daga til hlutaðeigandi innheimtumanns ríkissjóðs. Nú er skipt um vél í benzínbifreið, sem er 5 tonn eða meira að eigin þunga, þannig að hún falli undir ákvæði þessarar reglugerðar, og hvílir þá sama tilkynningarskylda á eiganda bifreiðarinnar.

Innan sama frests skal og tilkynna sérhverja breytingu á búsetu eiganda bifreiðar, hvort heldur er innan innheimtuumdæmis eða ef flutt er í annað innheimtudæmi.

12. gr.

Við útreikning á skatti fyrir hvert gjaldtímabil skal upphæðin miðast við heilar krónur. Sama gildir, ef bifreið er eigi færð til álesturs á tilskildum tíma.

II. KAFLI

Ákvæði er varða nafmæla.

Forðast verður að setja ökumæli á hjólnaf bifreiðar, þar sem mælir nær út fyrir mestu breidd bifreiðarinnar.

13. gr.

Nafmælir skal settur á vinstra framhjólsnaf bifreiðarinnar. Skal það gert samkvæmt teikningum, sem ráðuneytið lætur í té eftirlitsmönnum og verkstæðum þeim, sem viðurkennd eru til ísetningar á ökumælum.

14. gr.

Á skrúfum í botnplötu ökumælis skulu vera innsigli þannig, að eigi verði komizt að teljara, án þess að öryggin séu rofin. Innsigli þessi skulu útbúin af framleiðanda ökumælisins eða umboðsmanni hans. Í öryggi þessi skal þrykkja tegundarheiti mælis. Á hverjum ökumæli skal vera plata úr kopar, rétthyrnd 28x14 mm, þykkt 1 mm. Á báðum styttri hliðum skulu vera göt, 4,5 mm í þvermál. Platan skal vera fest við mælinn með tveim innsiglisskrúfum svo nálægt hjólnafi bifreiðarinnar sem mögulegt er, þannig að nota megi sem stytztan innsiglisvír til að innsigla númersplötu við ökumælinn og ökumælinn við hjólnaf. Á númersplötuna skal þrykkja númer og gerð mælis.

15. gr.

Ökumælirinn skal vera tengdur við hjólnafið með innsigli, þannig að hann verði eigi tekinn af, án þess að innsigli sé rofið. Verkstæði það, sem setur ökumælinn í, lætur tvö innsigli á vírinn og notar ytra innsiglið sem bráðabirgðainnsigli. Frá innsigli skal þannig gengið, að eigi þurfi að rjúfa það, þótt skipta þurfi um eða gera við hjólbarða á bifreiðinni. Göt þau, sem innsiglisvír er þræddur í, skulu vera með ávölum brúnum til að hlífa innsiglisvírnum. Innsiglisskrúfur á ökumæli og hjólnafi skulu eigi vera meira en 4 mm í þvermál og þegar mögulegt er með eigi færri en 10 gengjum. Innsiglisvír skal vera viðurkenndur af ráðuneytinu. Ávallt skal gæta þess að innsiglisvír sé eigi óþarflega slakur.

16. gr.

Þegar ökumælir hefur verið settur á og innsiglaður með bráðabirgðainnsigli, gefur verkstæði það, er setur ökumælinn í, út akstursbók og skráir í hana svo sem fyrir er mælt í 3. gr.

17. gr.

Eigi er öðrum heimilt að taka teljara úr eða setja teljara í ökumæli en umboðsmanni ökumæla eða verkstæðum, sem viðurkennd eru til þess af ráðuneytinu. Þegar skipta þarf um teljara í mæli, skal ávallt setja á hann nýja plötu með nýju mælis-

númeri. Þegar teljari er tekinn úr ökumæli til þess að skipta um olíu, hreinsa glerið og þess háttar, skal þó eigi skipta um númersplötu, enda sé sami teljari settur í með sömu mælisstöðu.

18. gr.

Eftirlit á mælum skal fara fram eftir um það bil 150.000 km akstur og eigi seinna en eftir 170.000 km.

19. gr.

Viðgerðir, breytingar og eftirlit á teljara í ökumæli má einungis framkvæma hjá umboðsmanni ökumælanna eða verkstæðum, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu, sem ávallt skal setja teljara í núllstöðu og endursenda hann ásamt nýrri númersplötu. Til þess að númersplata glatist ekki, skal hún fest við mælisbotn með innsiglisvír.

20. gr.

Þegar framkvæma skal eftirlit á ökumæli samkv. 18. gr. eða gera við bilun á ökumæli, skal viðgerð hagað eins og hér greinir:

a. Verkstæði, sem til þess er viðurkennt af ráðuneytinu, tekur teljarann úr ökumælinum og sendir hann til umboðsmanns ásamt númersplötu, sem festa skal við botnplötu teljara. Jafnframt skal setja annan teljara í núllstöðu og setja nýja númersplötu á ökumælinn.
b. Verkstæði, sem til þess er viðurkennt af ráðuneytinu, tekur ökumælinn af bifreiðinni og sendir mælinn með áfastri númersplötu til umboðsmanns. Jafnframt skal setja annan ökumæli á með teljara í núllstöðu og með nýrri númersplötu.
c. Sé bifreiðin á verkstæði vegna viðgerðar, þannig að ökumælir eða teljari geti hlotið viðgerð eða verið sendur til eftirlits samkv. 18. gr., á meðan bifreiðin eigi er í notkun, má nota sama ökumæli eða teljara, eftir að umboðsmaður hefur sett teljara í núllstöðu og sett nýja númersplötu á mælinn.

21. gr.

Þegar ökumælir með nýrri númersplötu hefur verið settur í bifreið, gefur verkstæðið út nýja akstursbók, eftir að mælir hefur verið innsiglaður svo sem greint er í 15. gr. Í akstursbók þess ökumælis, sem úr hefur verið tekinn, færir forstöðumaður verkstæðisins mælisstöðu mælisins, ástæðuna fyrir því, að hann var tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðisins og heimilisfang, og undirritar síðan.

Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til skoðunar svo sem greint er í 4. gr.

22. gr.

Númersplötu af ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun, skulu varðveittar hjá umboðsmanni, og er eigi heimilt að nota þær aftur á sama gjaldári.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafizt þess hjá umboðsmanni, að hann veiti upplýsingar um mælisnúmer, mælisstöðu, svo og dagsetningu á þeim ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun.

23. gr.

Þegar taka verður ökumæli úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við ökutækið. Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðu fyrir því, að mælir er tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðis og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið, færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu ökumælisins, dagsetningu og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða annars aðila, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsiglunar á ökumælum.

24. gr.

Verði bilun á bifreið í akstri, þannig að eigi verði ekið lengra án viðgerðar, sem hefur í för með sér að taka verður ökumæli af, er ökumanni heimilt að rjúfa innsigli það, er tengir mæli við bifreiðina. Skal hann þá skrá í akstursbókina stað og stund, er innsigli var rofið, mælisstöðu og ástæðuna fyrir því og staðfesta síðan með undirskrift sinni.

III. KAFLI

Ákvæði er varða ökumæla í stýrishúsi.

25. gr.

Ökumælir skal vera með innsiglaðri númersplötu og mælinúmeri. Skal honum komið þannig fyrir í stýrishúsi bifreiðar, að hann hindri ekki ökumann í notkun stjórntækja hennar. Þegar ökumælir kemur í stað hraðamælis bifreiðar, skal honum komið fyrir í sjónmáli ökumanns.

26. gr.

Drifsnúra í barka skal tengjast við gírkassa, vinkildrif, millistykki og mæli svo sem sýnt er á teikningum, sem ráðuneytið lætur í té. Eins og sjá má á teikningu, má festa driftengi beint á gírkassaúttak hraðamælis eða, verði því ekki við komið, þá á annan hentugan stað. Við þær aðstæður skal nota millitengi milli driftengis og gírkassa. Vinkildrif notast, þegar nauðsyn er vegna rúmleysis, eða ef það kemur í stað driftengis. Sé snúningshlutfall á hraðamælisúttaki gírkassa hið sama og á mæli þeim, er setja skal í, má sleppa driftengi.

27. gr.

Drifsnúra með barka má hvergi vera í sveig með minna en 25 cm radíus, og eigi má vera meira en 1 m milli festinga.

28. gr.

Á áðurnefndri teikningu er sýnt, hvernig innsigli skal hagað. Göt, sem innsiglisvír er þræddur í, skulu vera með ávölum brúnum til að hlífa innsiglisvírnum. Eins og sjá má á teikningum, skulu:

a. öll tengi milli gírkassa, driftengis og mælis vera innsigluð, þannig að eigi sé hægt að losa um þau án þess að innsigli sé rofið. Sé upprunalegur hraðamælir bifreiðarinnar tekinn úr notkun, skal úttak fyrir hraðamælissnúru á driftengi vera lokað með lokaðri ró úr málmi, sem innsigluð er svo sem áður er nefnt.
b. allar skrúfur á driftengi vera innsiglaðar, þannig að eigi verði við þeim hreyft, án þess að innsigli sé rofið. Driftengi má eigi vera með smurnippli eða hliðstæðu.
c. öll tengi fyrir drifsnúru vera innsigluð, þannig að drifsnúra verði eigi losuð nema innsigli sé rofið.
d. ísettur mælir skal innsiglaður, þannig að hann verði eigi losaður frá festingum nema innsigli sé rofið. Innsigli skal sjást auðveldlega í stýrishúsi. Verkstæði það, er setur mælinn í, setur tvö innsigli á innsiglisvír þann, er hér notast, og skal verkstæðið nota ytra innsiglið til bráðabirgða. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns. Sjá 4. gr.
e. númersplata með mælisnúmeri á annarri hlið, en gerð mælis á hinni, skal innsigluð við mælinn. Platan skal vera úr kopar, rétthyrnd, 30x12 mm, þykkt 1 mm. Á annarri styttri hlið skulu vera tvö göt, hvort 2 mm í þvermál, fyrir innsiglisvír.

29. gr.

Innsigli þau, sem um getur í 28. gr. a til c, skulu sett á af verkstæði því, er setur mælinn í. Innsigli það, sem um getur í e-lið 28. gr., skal sett á af umboðsmanni mælis.

30. gr.

Þegar mælir hefur verið settur í bifreið og innsiglaður, svo sem að framan getur, gefur verkstæðið út akstursbók eins og greint er í 3. gr.

31. gr.

Reglubundið eftirlit á mælum skal fara fram eftir um það bil 150.000 km akstur og eigi seinna en eftir 170.000 km. Jafnframt skal athuga og smyrja driftengi og snúrudrif.

32. gr.

Viðgerðir, breytingar og eftirlit á ökumælum og fylgihlutum þeirra, má einungis framkvæma af umboðsmanni eða verkstæðum, sem til þess eru viðurkennd af ráðuneytinu. Í þeim tilvikum skal ávallt setja nýja númersplötu á ökumælinn og stilla teljara hans í núllstöðu, áður en hann er endursendur. Við ísetningu skal innsiglað svo sem fyrir er mælt.

Þegar framkvæma skal eftirlit á ökumæli samkv. 31. gr. eða gera við bilun á ökumæli, sendir verkstæðið, sem verkið vinnur, mælinn til umboðsmanns, án þess að innsigli við númersplötu sé rofið.

33. gr.

Þegar ökumælir er tekinn úr bifreið, skal jafnframt setja annan mæli í staðinn. Sé bifreiðin á verkstæði vegna viðgerðar, þannig að gera megi við ökumæli eða senda hann til eftirlits, meðan bifreiðin er eigi í notkun, má þó nota sama mæli, eftir að ný númersplata hefur verið sett á hann.

34. gr.

Þegar annar ökumælir með nýrri númersplötu er settur í bifreiðina, gefur verkstæðið út nýja akstursbók, eftir að mælirinn hefur verið innsiglaður svo sem fyrir er mælt í 3. gr. Í akstursbók þess ökumælis, sem úr hefur verið tekinn, færir forstöðumaður verkstæðisins mælisstöðu mælisins, ástæðuna fyrir því, að hann var tekinn úr, dagsetningu, nafn verkstæðisins, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til skoðunar, svo sem greint er í 4. gr.

35. gr.

Númersplötur af ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun, skulu varðveittar hjá umboðsmanni, og er eigi heimilt að nota þær aftur á sama gjaldári.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafizt þess hjá umboðsmanni, að hann veiti upplýsingar um mælisnúmer, mælisstöðu, svo og dagsetningu á þeim ökumælum, sem teknir hafa verið úr notkun.

36. gr.

Þegar taka verður ökumæli eða hluta af mælabúnaði úr vegna viðgerðar á bifreið, er verkstæði því, er framkvæmir viðgerðina, heimilt að rjúfa innsigli þau, er tengja þá hluti við bifreiðina.

Forstöðumaður verkstæðisins skal þá skrá í akstursbókina mælisstöðu, ástæðuna fyrir því, að tekið var sundur, dagsetningu ásamt nafni verkstæðisins og undirrita síðan.

Þegar viðgerð er lokið, færir forstöðumaður verkstæðisins á ný í akstursbókina mælisstöðu ökumælisins, dagsetningu, og undirritar síðan. Bifreiðin skal síðan færð til bifreiðaeftirlitsmanns eða sérstaks eftirlitsmanns, sem fjármálaráðuneytið tilnefnir til innsiglunar á ökumælinum.

IV. KAFLI
Um gildistöku og refsingar o. fl.

37. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt.

38. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 100.000.00 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með slík mál skal fara að hætti opinberra mála.

39. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í b-lið 87. gr. vegalaga nr. 23 16. apríl 1970, tekur gildi 1. júlí 1970 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. apríl 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

15. apríl 1970. Nr. 75.

REGLUGERÐ

um réttindi nemenda úr framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna til inngöngu í aðra skóla.

1. gr.

Nemendur, sem lokið hafa prófi 1. eða 2. árs í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til inngöngu í sérskóla og framhaldsskóla umfram umsækjendur með skemmra almennt undirbúningsnám.

2. gr.

Auk þeirra almennu réttinda, er um getur í 1. grein, skulu próf frá framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna veita þann rétt til inngöngu í einstaka framhaldsskóla, er hér segir:

Tækniskóli Íslands.

Lokapróf fyrra árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í síðari helming undirbúningsdeildar, enda fullnægi umsækjandi kröfum skólans um verklegan undirbúning.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

1. Meðaleinkunn í öllum greinum: 5.0.
2. Meðaleinkunn í raungreinum (tvígildri stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði): 5.0.

Lokapróf síðara árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í raungreinadeild.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

1. Meðaleinkunn í öllum greinum: 6.0.
2. Meðaleinkunn í raungreinum: 6.0.
3. Einkunnir í einstökum raungreinum: 3.0.

Iðnskólar.

Lokapróf fyrra árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til styttingar iðnskólanáms um 4 mánuði, enda hafi viðtökuskóli að dómi menntamálaráðuneytisins tök á að skipuleggja kennslu í sérgreinum og faggreinum í samræmi við slíka styttingu námstímans.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

Engar.

Lokapróf síðara árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til styttingar iðnskólanáms um 8 mánuði, með sömu skilyrðum og greinir hér að framan.

Vélskóli Íslands.

Lokapróf fyrra árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í 1. bekk (2. stig) skólans án inntökuprófs, enda fullnægi umsækjandinn kröfum skólans um verklega þjálfun.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

Engar.

Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi umfram þau, er lokapróf fyrra árs veitir.

Bændaskólinn á Hvanneyri.

Lokapróf síðara árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til inngöngu í framhaldsdeild skólans að loknu búfræðiprófi með tilskilinni lágmarkseinkunn.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

Meðaleinkunn í öllum greinum: 6.0.

Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

Lokapróf fyrra árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til að hefja nám á öðru námsári skólans, enda fullnægi umsækjandi kröfum skólans um verklega þjálfun.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

Engar.

Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi til styttingar námstímans umfram þau, er lokapróf fyrra árs veitir.

Hjúkrunarskóli Íslands.

Próf á hjúkrunarkjörsviði veitir forgangsrétt til inngöngu umfram umsækjendur með annað jafnlangt undirbúningsnám.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

Engar.

Menntaskólar.

Lokapróf fyrra árs — án sérstakra lágmarkseinkunna — veitir rétt til að hefja nám í menntaskóla á fyrsta námsári, en sé um að ræða að hefja nám á öðru námsári menntaskóla skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

a) að skólastjóri eða námsráðgjafi mæli sérstaklega með umsækjanda til menntaskólanáms, og séu meðmælin send beint til viðtökuskóla;
b) að umsækjandinn standist próf viðtökuskólans í þeim greinum, sem kenndar eru á fyrsta námsári hans, en ekki í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna;
c) að umsækjandinn afli sér viðbótarkennslu í þeim greinum, þar sem viðtökuskóli telur, að námsnefni framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna nægi ekki til undirbúnings undir áframhaldandi nám í menntaskóla, og skal umsækjandinn í þeim tilgangi eiga aðgang að haustnámskeiðum þeim, sem haldin eru við menntaskólana, með sömu kjörum og reglulegir nemendur skólanna.

Heimilt er viðtökuskóla að fresta prófum þeim, er um getur í b-lið, ef um er að ræða greinar, sem ekki teljast beinn undirbúningur undir nám á öðru námsári skólans.

Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir:

1. Meðaleinkunn í öllum greinum: 5.50.
2. Einkunn í hverri grein: 4.0.

Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi til styttingar námstímans umfram það, er lokapróf fyrra árs veitir.

3. gr.

Þegar tiltekin eru einkunnamörk, er jafnan átt við einkunn á vorprófi.

4. gr.

Ákvæðin um Garðyrkjuskólann og Bændaskólann á Hvanneyri í þessari reglugerð eru sett í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum frá 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. apríl 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Akureyrar.

Lýsing.

A–1 Um kwst.mæli á kr. 9.40 hverja kwst.

A–2 Um kwst.mæli á kr. 2.70 hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 1400.00 á ári fyrir 25 m² gólfflöt eða minna af gólffleti af rúmi því er lýsa skal og kr. 40.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m². Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp af 3 kw., og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfflatar.

Almenn heimilisnotkun.

B–1 Um tvo kwst.mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 9.40 á kwst., en á hinn mælinn kr. 2.30 á kwst.

B–2 Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.82 hverja kwst., auk þess greiðast fastagjöld kr. 1.16 á mánuði af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B–3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 1.81 á kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitunnar.

Vélanotkun.

C–1 Um kwst.mæli á kr. 4.56 fyrir hverja kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 650.00 á hvert kw. í málraun vélanna.

C–2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 1000 klst. á ári greiðist kr. 1500.00 fyrir hvert kw. upp að 50 kw. og kr. kr. 0.76 á kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. á ársnotkun.

C–3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 1000 klst. á ári greiðist kr. 1240.00 fyrir hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 0.66 á kwst. fyrir umfram 200 000 kwst.

C–4 Ef um meira en 30 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 1000 kwst. á ári, á kr. 2.65 hverja kwst.

C–5 Um kwst.mæli á kr. 2.80 fyrir hverja kwst. til búreksturs.

Hitun.

D–1 Um kwst.mæli á kr. 0.69 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukkurofa í þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D–2 Um tvígjaldsmæli á kr. 0.95 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.

D–3 Um tvígjaldsmæli á kr. 0.50 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8.

D–4 Um kwst.mæli á kr. 0.38 hverja kwst. ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til kl. 23.

D–5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar til hitunar, kr. 0.39 hver kwst. Svo D-6 og kr. 0.35 frá 1.5 til 1.10

Til hitunar í iðnaði.

E–1 Á kr. 1.23 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
E–2 Um tvígjaldsmæli á kr. 1.56 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
E–3 Um tvígjaldsmæli á kr. 0.77 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8.
E–4 Rafmagn til súgþurrkunar á kr. 0.85 fyrir hverja kwst.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir hann samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða árslegu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Tegund mælitækis	Upp að 30 Amp. kr.	35—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kwst.mælar	138.00	170.00	184.00		
3-fasa kwst.mælar	233.00	357.00	461.00	768.00	1 689.00
Tvígjalds og mestastraumsmælar		461.00	768.00	1 236.00	2 477.00
Klukkurofar og skiptiklukkur ..	589.00				

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Opnunargjald.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 100.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir. Þetta gildir eingöngu um byggingar utan skipulagðra byggingasvæða:

Liður	Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Lágmark kr.	Jarðstrengur Yfirlengd kr. á m.	Loftlína Lágmark kr.	Loftlína Yfirlengd kr. á stólpa
1.	25 1-fasa			1 200.00	1 600.00
2.	60 3-fasa			2 400.00	2 800.00
3.	60 3-fasa	3 800.00	220.00		
4.	100 3-fasa	4 900.00	250.00		
5.	200 3-fasa	9 900.00	410.00		
6.	350 3-fasa	17 400.00	560.00		

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Ýmis ákvæði.

a. Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
b. Söluskattur er innifalinn í verðinu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 32. 24. janúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 19. janúar 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 77. 24. apríl 1970.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Vík í Mýrdal.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 22. þ. m. staðfest skipulagsupdrátt af Vík í Mýrdal.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Stjórnartíðindi B 3, nr. 42—77. Útgáfudagur 22. maí 1970.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 — 1970

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

1. Ljós.

1.1. Um kwst.mæli 980 aura/kwst.

1.2. Um kwst.mæli 490 aura/kwst. auk fastagjalds er nemi 30 kr./m² á ári, í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur 15 kr./m².

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kwst.mæli 240 aura/kwst. auk fastagjalds 20 kr./mánuði af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi, þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 m² skal telja sem hálft, þó þannig að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum sem eru minni en 5 m². Herbergi sem eru stærri en 25 m² skal telja sem tvö.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kwst.mæli 490 aura/kwst.

3.2. Um afl -og orkumæla þannig reiknað:

Aflgjald af notuðu afli kr. 2620.00 kw./ári. Orkugjald af allri notkun 75 aura/kwst. Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalálag yfir stundarfjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 9500.00 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlið má selja raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða, gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.

4. Hitun.

4.1. Til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða má selja raforku til suðu og hitunar um sér mæli á 240 aura kwst. enda séu suðu- og hitatæki fasttengd.

4.2. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum 75 aura/kwst. á tímanum frá kl. 22—10, 240 aura/kwst. á tímanum 10—22, enda sé straumurinn rofinn í 4 stundir á mesta álagstíma Rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn, og notendur kosti uppsetningu tvígjaldsmæla.

4.3. Hiti í kirkju um kwst.mæli 150 aura/kwst., enda sé straumurinn rofinn í 4 stundir á mesta annatíma Rafveitunnar, þó eigi lengur en tvær stundir í senn.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. Önnur notkun.

5.1. Til götu og hafnarljósa um kwst.mæli 220 aura/kwst.
5.2. Til nota við vinnulagnir við byggingu, meðan á byggingu stendur, þannig:
a. Um kwst.mæli 490 aura/kwst.
b. Um mestastraumsrofa kr. 75.00 hvert amper einfasa á mánuði. Rafveitustjóri ákveður hvort settur skuli upp kwst.mælir eða mestastraumsrofi.
5.3. Til súgþurrkunar um kwst.mæli 140 aura/kwst.
5.4. Alla raforkunotkun, sem ótalin er, og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitustjórnar komi til.
6. Ofangreint raforkuverð er miðað við að raunstuðullinn sé ekki lægri en 0.8 Verði raunstuðullinn lægri er heimilt að miða raforkuverðið við kVA og KVast. í stað KW og kWst.

Lágmarksnotkun um hverja heimtaug skal vera kr. 1000.00 á ári.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja sem nota skal fyrir hverja veitu og sú ákvörðun er skuldbindandi fyrir notanda sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasa kwst.mælum	kr. 22.00	á mánuði
2.	Af þrífasa kwst.mælum 100 A og minni	— 50.00	— —
3.	Af mestaaflsmælum 100 A og minni	— 125.00	— —
4.	Af mestaaflsmælum stærri en 100 A	— 155.00	— —
5.	Af skiptiklukkum	— 22.00	— —
6.	Af ljósnæmisrofum	— 95.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem hér eru nefnd, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjöld fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 metrum skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málmstraumur stofnvara	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m.
60 A. 1 fasa	7 000.00	465.00
60 A. 3 fasa	9 000.00	495.00
100 A. 3 fasa	14 000.00	575.00
125 A. 3 fasa	17 000.00	665.00
200 A. 3 fasa	27 000.00	825.00
350 A. 3 fasa	48 000.00	1 150.00

Fyrir heimtaug með flutningsgetu 150 kVA, (hér kann að þurfa spennistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 290.00 á hvert kVA. Skal þá aflið miðað við varastærðirnar 350, 400 eða 630 Amp. Yfirlengdargjald miðast við 350 Amp. skv. töflu. Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 Amp. reiknast frá varkassa, stytztu greiðfæra leið að lóðamörkum. Lengd stærri heimtauga reiknast frá varkassa að spennistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd sem er umfram 100 m frá varkassa. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimtaug akbraut

skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. Lengd loftlínuheimtaugar 60—100 Amp. reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 metra svo hún nái löglegri hæð skal greitt umframgjald kr. 3000.00 fyrir stólpann.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum Rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Sé lögð bráðabirgða heimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amper 1 fasa	kr. 2 500.00
60 amper 3 fasa	— 2 500.00

Óski húseigandi eftir að heimtaug verði breytt úr 1 fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingu skv. kostn., þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkv. gjaldskrá. Þurfi að breyta loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða ⅙ hluta heimtaugargjalds samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds húseiganda eða gera honum að greiða heimtaugina skv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum Rafveitunnar er óheimilt að opna fyrir aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 200.00 í opnunargjald á skrifstofu Rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu Rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka raforkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. janúar 1970 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 4%. Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til þess að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur. Söluskattur er innifalinn í þessari gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Ísafjarðar nr. 31 20. janúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu við lágspennu.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

11.	Fast gjald	kr.	F 1.
	Orkugjald	—	10.50 á kwst.
12.	Fast gjald	—	F 1 + F 2.
	Orkugjald	—	5.50 á kwst.

2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.

21.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	2.70 á kwst.
	Aflmarksmæling		
23.	Aflgjald, lágmarksstilling 3 kw.	—	10 000.00 á ári.
	Aflgjald, frá 3 til 6 kw.	—	2 375.00 á kw. á ári.
	Aflgjald, umfram 6 kw.	—	1 770.00 á kw. á ári.
	Orkugjald af allri notkun	—	0.48 á kwst.
	Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	—	5.50 á kwst.

3. Vélanotkun o. fl.

31.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 2.
	Lágmarksgjald	—	48 × F 1 á ári.
	Orkugjald	—	5.50 á kwst.
32.	Aflgjald, lágmark 2 kw.	—	6 000.00 á ári.
	Aflgjald, 2—5 kw.	—	3 000.00 á kw. á ári.
	Aflgjald umfram 5 kw.	—	2 750.00 á kw. á ári.
	Fast gjald	—	F 1 + F 3.
	Orkugjald af allri notkun	—	1.00 á kwst.
34.	Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. okt.:		
	Aflgjald	—	900.00 á kw. á ári.
	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	0.48 á kwst.
35.	Aflgjald, lágmark 2.5 kw. (uppsett kw. í málraun véla)	—	6 000.00 á ári.
	Aflgjald, umfram 2.5 kw.	—	2 160.00 á kw. á ári.
	Fast gjald	—	F 1 + F 3.
	Orkugjald	—	1 00 á kwst.

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	kr.	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	1 00 á kwst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald, lágmark 2 kw.	—	F 1 + F 4.
	Orkugjald	—	0.40 á kwst.
	Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag.		

43.	Fast gjald, lágmark 2 kw.	—	F 1.
	Orkugjald	—	0.25 á kwst.
	Roftími allt að 15 klst. að degi til.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	kr.	F 1.
	Fyrir hvert götuljósker	—	6 × F 1.
	Orkugjald	—	1.35 á kwst.
52.	Fast gjald	—	F 1.
	Orkugjald	—	3.35 á kwst.

6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu, vegna vanskila, eru samtals kr. 400.00 í hvert skipti.

II. SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Föst gjöld.

F 1		kr.	72.00 á mánuði.
F 2	a. Verzlanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	2.70 á m² á mánuði.
	b. Gangar, geymslur o. þ. h.	—	1.40 á m² á mánuði.
F 3		—	28.00 á gjaldeiningu á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

a. Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálft, en 25 m² eða stærra, tvö.

b. Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 m², mælt innan útveggja, án geymslu og ganga þeim tilheyrandi.

c. Fyrir útihús vegna búrekstrar.
Fyrstu 50 m² eða minna ein gjaldeining.
Hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.

d. Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h.
30 m² fyrir vinnslurúm.
40 m² fyrir geymslurúm.

F 4	Hvert uppsett kw.	—	240.00 á ári.

2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 32.
Gjaldskylt afl hvers almanksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforkuna meðan fasvikstuðullinn er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annara tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum um skemmri eða lengri tíma, eftir aðstæðum hverju sinni.
   Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F 4.

4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð á dísilolíu í Reykjavík, kr. 2575.00 á tonn. Hitaverð lækki eða hækki hver kwst. um 2.4 aura á gjaldskrárlið 41, 1 eyri á lið 42 og 0.6 eyri á lið 43, fyrir hverjar fullar 65 krónur, sem olíutonnið hækkar eða lækkar.

5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis, samkvæmt ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.

Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár svo sem á dísilstöðvarsvæðum eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á þeim gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

Í öllum framangreindum tölum er 11% söluskattur innifalinn.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og öðlast gildi hinn 1. marz 1970. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 207 30. júní 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

1.1. Um kwst.mæli á kr. 9.40 hverja kwst.

1.2. Um kwst.mæli á kr. 3.25 hverja kwst. auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 50.00 á ári af hverjum fermetra gólffflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 17.50 á ári af hverjum fermetra. Einnig greiðist grunngjald, kr. 900.00 á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

2.1. Um kwst.mæli þannig reiknað:

a. Grunngjald ..... kr. 16.00 á mán.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 2.00 kwst.
c. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 16.00 á mán.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

3. Vélanotkun.

3.1. Um kwst.mæli á kr. 5.30 hverja kwst.

Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli.

3.2. a. Á kr. 1.75 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.

3.3. b. Á kr. 2.65 hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

3.4. Um afl og orkumæli þannig reiknað:

a. Aflgjald, af notuðu afli ..... kr. 2 870.00 á kw. á ári.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0.65 á kwst.

eða

a. Af ástimpluðu afli véla ..... — 2 400.00 á kw. á ári.
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0.65 á kwst.

Grunngjald reiknast í báðum tilfellum kr. 2 870.00.

4. Hitun.

4.1. Um kwst.mæli á 75 aura hverja kwst., enda sé minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku eftir þessum gjaldskrárlið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegi og síðdegis, en ekki lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að klukkurofar séu fáanlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

5. Önnur raforkunotkun.

5.1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 2.00 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
5.2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 5.30 hverja kwst.
5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22.00.
5.4. Raforku til götu- og hafnarlýsingar á kr. 2.65 hverja kwst.
5.5. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis á kr. 6900.00 árskw., enda sé spennan þá 32 volt og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina.
Innifalið í verðinu er verðjöfnunargjald.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... kr. 15.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 25.00 á mán.
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ..... — 35.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:
Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m., skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

	Jarðstrengur	
	Lágmark	Yfirlengd
Málstraumur stofnvara	kr.	kr./m
60 A 1-fasa	6 000.00	475.00
60 A 3-fasa	9 100.00	500.00
100 A 3-fasa	14 000.00	580.00
125 A 3-fasa	17 200.00	670.00
200 A 3-fasa	27 200.00	870.00
350 A 3-fasa	47 700.00	1 150.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra, en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.
Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stytztu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínu-

dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Sauðárkróks, nr. 55 10. febrúar 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. febrúar 1970. Nr. 81.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. febr. 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar á Þverá í Reykjahverfi og er stofnaður til minningar um þau af nokkrum niðjum þeirra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er innstæða, er verið hefur á bókum nr. 21—25 í deild hinnar ævinlegu erfingjarentu í Söfnunarsjóði Íslands, og er nú samtals að fjárhæð kr. 15 104.49. Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja einstæða sjúklinga í Sjúkrahúsi Húsavíkur með jólagjöfum eða á annan svipaðan hátt. Má verja til þessa hálfum árlegum vaxtatekjum sjóðsins, en hinn helming vaxtanna ásamt öðrum tekjum sjóðsins skal leggja við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, yfirlæknir sjúkrahússins á Húsavík og formaður sjúkrahússstjórnar.

5. gr.

Stjórnin skal leita tillagna yfirhjúkrunarkonu sjúkrahússins, áður en úthlutað er úr sjóðnum.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir með reikningum sjúkrahússins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 3. febrúar 1970.

F. h. stofnenda

Jónas Snorrason.

Nr. 82. 4. marz 1970.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Hvamms og Garðs.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hvamms og Garðs. Heimili þess og varnarþing er í Hrunamannahreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna:

Hvammur I, Hvammur II og Garður, Hrunamannahreppi.

Hver stofnandi greiðir kr. 10 000.00 sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkv 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á

félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaður að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöldum hlutum fyrir býli á félagssvæðinu: Einn þriðji hluti á hvert býli. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 2. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur, ef ¾ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Hvamms og Garðs í Hrunamannahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. marz 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 83. 6. marz 1970.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 7.00 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 2.70 hver kwst. auk fastagjalds af gólffleti, er nemi kr. 34.50 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.
13. Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kwst.mæli, og greiðist þá fastagjald af gólffleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kwst. gjaldi samkv. A 11 og kwst.gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli þannig reiknað:
    a. Orkugjald kr. 2.20 hver kwst.
    b. Grunngjald (mælaleiga innifalin):
    Af einfasamælingu kr. 18.50 á mánuði.
    Af þrífasamælingu kr. 37.00 á mánuði.
    c. Herbergisgjald kr. 18.50 á mánuði.
    Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.
    Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal reikna sem hálft, en stærra en 25 ferm., sem tvö.
    Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm., hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 3.80 hver kwst.
    Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kwst. á ári á hvert kw. í málraun véla.

32. Um kw/kwst.mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kw.:
    a. Orkugjald kr. 0.80 hver kwst.
    b. Aflgjald af notuðu afli kr. 2400.00 á hvert kw. á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.
    c. Aflgjaldið af uppsettu afli véla kr. 2100.00 á hvert kw. í málraun véla. Sé aflgjaldið miðað við málraun, greiðist ekki samkvæmt lið b.

Raforkuverð fyrir vélanoktun miðast við, að fasviksstuðull álagsins hjá notanda sé eigi lægri en 0.8.

Sé fasviksstuðull lægri, getur Rafveitan krafizt þess, að hann sé hækkaður upp í það gildi, en þar til það er gert, miðast aflgjaldið við 80% sýndaraflsins. Uppsetning rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafizt að fasviksstuðull spennanna, sé eigi lægri en 0.8.

D. Hitun.

41. Um kwst.mæli á kr. 1.15 hver kwst.

E. Önnur raforkunotkun.

51. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa, og annarra slíkra staða á kr. 2.20 hverja kwst, enda sé notkunin mæld með sérmæli og tæki fasttengd.
52. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 4.00 hverja kwst.
53. Til fasttengdra bökunarofna, vatns- og gufukatla á brauðgerðarhúsum er kr. 1.00 hverja kwst., enda sé notkunin takmörkuð við tímabilið frá kl. 22.00 til kl. 10.00.
54. Til götu og hafnarlýsingar á kr. 4.00 hverja kwst.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 11. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1.	Af einfasa kwst.mælum 60 A og minni	kr. 8.00	á mán.
2.	Af þrífasa kwst.mælum 50 A og minni	— 16.00	— —
3.	Af þrífasa kwst.mælum 50 A til 100 A	— 26.00	— —
4.	Af þrífasa kwst.mælum yfir 100 A (straumspennumælum) ..	— 58.00	— —
5.	Af mestaaflsmælum 100 A og minni	— 52.00	— —
6.	Af mestaaflsmælum yfir 100 A (straumspennumælum)	— 92.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun.

Ein heimtaug er lögð að hverri eign (á sömu lóð), og skal greiða heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð), samkv. eftirfarandi reglu. Heimtaugargjald fyrir allt að 15 m jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 m loftlínu-

heimtaug frá loftlínukerfi, reiknast eftir þessari jöfnu (2000 + 200 × kWA) krónur. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu leið (greiðfæra) að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í. Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknast frá loftlínustólpa að inntakskassa, en þveri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: Yj = (250 + 3 × kVA) kr./m.

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: Yl = (50 + 3 × kVA) kr./m, að viðbættum 2500.00 kr. á hvern straur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðarheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 1 300.00
60 amp. þriggja fasa	— 1 600.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri, að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis skal notandinn greiða mismun skv. gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti, vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma), og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt þegar sótt er um heimtaug.

Tafla yfir heimtaugargjöld.

Gjaldskrá-liður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarks-afl KVA	Heimtaugar-gjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	6 000.00
2.	3 × 60	1 × 60	22	8 500.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	12 700.00
4.			50 sp.	16 000.00
5.		3 × 100	66	20 000.00
6.	3 × 200		75 sp.	22 000.00
7.			100 sp.	29 000.00
8.	3 × 350	2 × 200	132	38 000.00
9.			150 sp.	42 000.00
10.			200 sp.	56 000.00
11.		3 × 350	231	63 000.00
12.			300	82 000.00

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 150.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, kr. 100.00 á skrifstofu Rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkv. samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, má hækka rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur skv. lögum nr. 10/1960, ásamt síðari viðaukum og breytingum, sbr. lög nr. 3 11. febrúar 1970, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, er um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja nr. 54 13. febrúar 1968 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 6. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

9. marz 1970. Nr. 84.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Akureyrar nr. 122 14. apríl 1966.

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Vatnsskattur samkvæmt 1. gr. skal vera 4% af fasteignamati húss.

2. gr.

3. gr. orðist svo:
Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitustjórn skattinn, að fengnum tillögum vatnsveitustjóra.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 3.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla, og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

20 til 32 mm mælir	kr.	300.00
40 mm mælir	—	400.00
50 mm mælir	—	800.00
80 mm mælir	—	1 000.00
100 mm mælir	—	2 000.00

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn, skal vera kr. 25.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 300.00. Þurfi að afgreiða vatn til skipa og báta utan venjulegs vinnutíma, greiðir kaupandi vatnssölumanni eftirvinnu- eða helgidagakaup.

6. gr.

9. gr. orðist svo:

a) Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkrana húss, sbr. 5. gr. reglugerðar vatnsveitunnar nr. 55 frá 30. apríl 1959, skal vera kr. 10.00 fyrir hvern teningsmetra húss.

b) Tengigjald fyrir vörugeymslur og verkstæði, þar sem ekki er gert ráð fyrir iðnaði.

Vatnsnotkun miðist við eðlilega þörf starfsmanna. Heimæðavídd 25—40 mm.
Fyrir fyrstu 2000 rúmmetra húss greiðist kr. 10.00 á rúmmetra.
Fyrir næstu 2000 rúmmetra húss greiðist kr. 5.00 á rúmmetra.
Fyrir rúmmetra umfram 4000 greiðist kr. 2.00 á rúmmetra.

c) Tengigjald fyrir iðnaðarbyggingar.

Heimæðavídd 5—100 mm.
Fyrir fyrstu 3000 rúmmetra húss greiðist kr. 10.00 á rúmmetra.
Fyrir næstu 3000 rúmmetra húss greiðist kr. 5.00 á rúmmetra.
Fyrir rúmmetra umfram 6000 greiðist kr. 3.00 á rúmmetra.

d) Tengigjald fyrir bifreiðaþvottastöðvar, benzínafgreiðslur og byggingar af tilsvarandi stærð greiðist samkvæmt kostnaði við lögn heimæðar með 40% álagi.

e) Þurfi vatnsveitan að leggja kostnaðarsamar vatnsæðar, til að tengja við heimæðar, vegna bygginga, sem eru utan skipulagsuppdráttar eða langt frá vatnsæðum, getur vatnsveitan þegar þannig stendur á, látið viðkomandi aðila taka þátt í kostnaði við þær framkvæmdir.

Vatnsveitustjóri mun meta slíkar aðstæður og kostnað hverju sinni og leita síðan álits og samþykktar vatnsveitustjórnar.

f) Stofngjald skal greiða af bifreiðageymslum, viðbyggingum og stækkunum. Innheimta skal stofngjöld með byggingarleyfisgjöldum, áður en leyfið er veitt.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

8. gr.

14. gr. orðist svo:

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum getur bæjarstjórn að fengnum tillögum vatnsveitustjórnar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, aukavatnsskatt, mælaleigu, tengigjöld og vatn til skipa um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

13. marz 1970. Nr. 85.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 8.60 á hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 3.60 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

a. Fyrir verzlanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 2.90 á ferm. á mánuði.
b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 1.45 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 2.10 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 17.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 5.95 hverja kwst. ársnotkun.
32. Til matvælaiðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 1.0 kwst.:
    a. Kr. 1.70 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

b. Kr. 2.45 hver kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
c. Um afl- og orkumæla (mestaaflsmæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 2375.00 á kwst.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0.80 á kwst.
d. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á kr. 0.80 hverja kwst., auk fastagjalds, kr. 2065.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 1.10 hver kwst.
42. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 0.55 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
43. Til húshitunar um kwst.mæli á kr. 0.48 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
44. Til húshitunar um kwst.mæli á kr. 0.36 hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 09.
45. Til fasttengdra bökunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli á kr. 0 70 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 08. og kr. 2.45 hver kwst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli kr. 3.60 hver kwst.
2. Til götu- og hafnarlýsingar kr. 1080.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 50 amp. og minni	kr.	15.00	á mánuði
2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni	—	22.00	— —
3. Af þrífasa mælum 50—100 amp.	—	30.00	— —
4. Af mestaaflsmælum 100 amp. og minni	—	60.00	— —
5. Af mestaaflsmælum stærri en 100 amp.	—	120.00	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal miðast við flutningsgetu heimtauganna skv. eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara		
60 amp. 1 fasa	kr.	6 500.00
100 amp. 1 fasa	—	8 600.00
60 amp. 3 fasa	—	8 600.00
100 amp. 3 fasa	—	11 500.00
200 amp. 3 fasa	—	23 000.00
350 amp. 3 fasa	—	39 600.00
150 kwa.	—	46 200.00
300 kwa.	—	92 400.00
500 kwa.	—	153 000.00

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m skal húseigandi greiða yfirlengdargjald. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsóknir.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, bílskúra og beitingaskúra greiðast eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. þessari gjaldskrá um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 48 8. febrúar 1968 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 13. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirri, sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunngjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, áður en hús er tengt eða gert skriflegan samning um greiðslu þess og má krefjast þess, að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindum skilyrðum um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr. nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignarmatsverði. Grunngjald skal vera 15.000 krónur á hvern notanda og til viðbótar við grunngjald skal greiða 20 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 100 000 kr. matsverði, og 5 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 100 000 krónur, enda sé samanlögð lengd háspennu -og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 12 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði kr. 55 þús. Þó skal tekið tillit til þess, ef býlið telst, að dómi landnámsstjóra, verulega frábrugðið meðalnýbýli, að því er fasteignamat varðar.

Heimtaugargjöld sumarbústaða ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins.

Verði fallizt á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein, skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem framyfir eru.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins frá 6. apríl 1968 og gildir frá 15. apríl 1970 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins frá 10. júlí 1968.

Iðnaðarráðuneytið, 15. apríl 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

Staðfesting forsetans á Skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð Gunnlaugs Jónssonar, Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. marz 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð Gunnlaugs Jónssonar, Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Gunnlaugs Jónssonar, Akranesi. Er sjóðurinn stofnaður af syni hans Jóni Einari, héraðslækni, hinn 28. apríl 1969. Gunnlaugur lauk kennaraprófi vorið 1926, en Jón Einar 1957.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur — og eru þær nú ávaxtaðar í sparisjóðsbók nr. 127560 í Landsbanka Íslands.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að verðlauna með vönduðum penna beztan frágang í skriflegum úrlausnum og prófum í 4. bekk Kennaraskóla Íslands eða lokaprófum í almennu kennaranámi, ef skipulagi skólans verður breytt, og styrkja efnilegan kennara til framhaldsnáms í skrift eða annarra gagnsamlegra starfa í þágu skriftarkennslunnar í landinu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins og dómnefnd skipa aðalskriftarkennari skólans, skólastjóri og aðalmóðurmálskennari í lokabekk skólans hverju sinni.

Þegar styrkir eru veittir úr sjóðnum, skal stofnandi hans vera með í ráðum, svo lengi sem hans nýtur við.

5. gr.

Sjóðinn skal varðveita á tryggilegan og hagkvæman hátt, svo sem í verðtryggðum skuldabréfum.

Eigi má skerða stofnfé sjóðsins, heldur leggja við hann vexti þá, sem ekki er varið til verðlauna eða styrkveitinga ár hvert, en til verðlauna eða styrkja skal aldrei verja fram yfir 75% ársvaxta. Heimilt er að veita sama aðila styrk til allt að þriggja ára, eftir því, sem afgangur vaxta endist til. Öðru fremur skal styrkja nema til þess náms eða þeirra ritstarfa, er koma skriftarkennslu í landinu að sem almennustum notum. Sjóðsstjórn metur, hvernær hún telur sjóðinn hafa bolmagn til styrkveitinga.

6. gr.

Reikninga sjóðsins annast skólastjóri, og skulu þeir birtir í skólaskýrslum ásamt vottorði endurskoðenda.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar, sem vatn fá úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Vatnsskattur samkv. 1. gr. skal vera 2.5% af fasteignamati húsa.

3. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskattur.

4. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðaþvottastöðvar, svo og aðrir sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.

5. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

6. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli kr. 350.00.

7. gr.

Vatnsveitan ákveður verð, skilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

8. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.

9. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert, og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár.

Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á, með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs. Vatn til skipa skal greiða við afhendingu. Vatnsskattur greiðist í skrifstofu bæjargjaldkera.

10. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar.

Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skipa.

Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

11. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum, getur bæjarráð ákveðið, fyrir eitt ár í senn, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins, að hækka gjaldskrána um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Ísafjarðar nr. 74 30. júní 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Haligrímur Dalberg.

13. marz 1970. Nr. 89.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 6.50 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 2.25 hverja kwst. auk fastagjalds af gólffleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur ..... kr. 1.50 á m^2 á mánuði
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. ..... — 0.62 – m^2 – —

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 1.80 hverja kwst., og auk þess fastagjald kr. 11.00 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m^2, telst sem hálft, en stærra en 25 m^2 sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m^2, má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m^2 jafngilda einu herbergi og hverjar 5 m^2 hálfu herbergi. Einnig má selja til vinnuljósa og bygginga í smíðum samkvæmt taxta þessum.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 490.00 fyrir kw. í málraun véla.

2. Um afl- og orkumæla til véla í frystihúsum, fiskverkunarstöðvum og iðnaðarfyrirtækjum, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw., þannig reiknað:
   a. Aflgjald af notuðu afli ..... kr. 2 400.00 á kw. á ári
   b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0.65 - kwst.

   Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags.
3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 0.75 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 1295.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
4. Til súgþurrkunar um kwst.mæli á kr. 0.90 hverja kwst., enda skuldbindi notandi sig til að nota ekki vélarnar á mesta álagstíma dagsins, skv. fyrirmælum rafveitustjóra.

D. Hitun.

1. a. Um kwst.mæli á kr. 0.53 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 3 stundum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
   b. Án straumrofs á kr. 0.92 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.36 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn á tímanum frá kl. 8—23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þá getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.
b. Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 2.35 hverja kwst.
2. Hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja samkv. lið A-1.

II. MÆLALEIGA

Notandi greiði leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kwst.mælum allt að 50 amp. ..... kr. 6.50 á mánuði
2. Af þrífasa kwst.mælum allt að 50 amp. ..... — 19.00 - —
3. Af þrífasa kwst.mælum 50—200 amp. ..... — 30.00 - —
4. Af þrífasa kwst.mælum yfir 200 amp. ..... — 48.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Skal leigan af mælitækjunum innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunngjald af hverri loftlínuheimtaug ..... kr. 850.00
2. Grunngjald af hverri jarðlínuheimtaug ..... — 1 150.00

Auk þessa grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 100.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 100.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 113 30. apríl 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 13. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með því verði, sem hér segir.

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 9.30 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 3.40 hver kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 45.40 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.97 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.14 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 0.80 á mánuði af gólfflatarferm. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.46 hver kwst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 1095.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum, kr. 5.29 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk- og kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
   a. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið, og síðdegis en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem er til eftirlits, með að rofið sé á tilskildum tímum.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 9.89 hver kwst. í 1½ klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en kr. 1.60 kostar hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 2471.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 0.92 á notaða kwst.

D. Stórnotkun.

Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kw.:
Aflgjald kr. 3051.00 árs. kw.
Orkugjald kr. 0.37 hver kwst.
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

E. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.68 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.34 hver kwst. á tímanum 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkv. reglum sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

F. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða kr. 2.87 hverja kwst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 5.57 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 0.92 hver kwst. á tímanum frá 22 til 8 30 og kr. 2.12 hver kwst. frá kl. 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 0.99 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra gjaldskrárliði skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr. 15.30	á mánuði
2. Af þrífasamælum upp að 50 amp.	— 17.59	— —
3. Af þrífasamælum 50—220 amp.	— 44.96	— —
4. Af þrífasamælum yfir 220 amp.	— 65.89	— —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 335.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 335.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð samkv. lið 2, nema þyngri refsing liggi við.

IV. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri eign (hverri lóð) og skal greitt heimtaugargjald af

hverri heimtaug (spennistöð) fyrir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskráliður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarksafl KVA	Heimtaugargjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	10 077.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	13 123.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	18 814.00
4.			50 sp.	22 290.00
5.		3 × 100	66	31 940.00
6.	3 × 200		75	37 630.00
7.			100 sp.	44 563.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	61 771.00
9.			150 sp.	70 850.00
10.			200 sp.	89 128.00
11.		3 × 350	231	100 841.00
12.			300	141 745.00
13.			500	236 817.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæru leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda), skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yl = (250 + 4 KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: Yl = (50 + 3 KVA) kr./m að viðbættum kr. 4674.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amp. einfasa ..... kr. 2 475.00
60 amp. þrífasa ..... — 2 972.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum.

Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari viðaukum og breytingum er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. og 2. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur nr. 73 10. marz 1969.

Iðnaðarráðuneytið, 20. marz 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

2. apríl 1970. Nr. 91.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Keflavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Keflavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir.

A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 9.00 hver kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 3.30 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 39.30 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.30 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli á kr. 2.00 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 15.50 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m², skal teljast sem hálft, en stærra en 25 m², sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samciginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og 6 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

31. Um kwst.mæli á kr. 4.90 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 981.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
32. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum kr. 2.00 hver kwst.

33. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- eða mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
    a. Um kwst.mæli á kr. 1.42 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kosti klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tíma.
    b. Um tvígjaldsmæli á kr. 8.50 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en á kr. 1.55 hver kwst. utan þeirra tíma.
    c. Um tvígjaldsmæli á kr. 8.50 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á kr. 1.55 hver kwst. utan þess tíma.
34. Um mæli á kr. 1825.00 fyrir hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 1.00 á notaða kwst.
35. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl má selja þannig:
    Um mæli á kr. 1200.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess kr. 1.00 á notaða kwst.

D. Hitun.

d. Að tæki, lagnir og allur búnaður í sambandi við rafmagnshitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m. a. ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.
e. Að notkun um mæli hitalagnarinnar sé eigi minni en 6000 kwst. á ári.

C. Sérákvæði um rafmagnssölu.

C 1. Til götu- og hafnarlýsingar:
1.3 gjaldstig fyrir hverja kwst.

C 2. Til notkunar eftir sérstökum samningi:
Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu sam-

þykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn.

2. KAFLI
MÆLAGJÖLD OG ROFAGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mæla, rofa og stýritækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða eftirfarandi árgjöld:

	Gjaldstig
1. Af mælum, þ. e.:	
M (11) einfasa kwst.mælum, 30 A og minni	60
M (12) þrífasa kwst.mælum, 50 A og minni	100
M (13) þrífasa kwst.mælum, yfir 50 A, án straumspenna	200
M (14) þrífasa kwst.mælum, yfir 50 A, með straumspennum	350
M (15) mestaaflsmælum	1200
M (16) markaflsmælum	1200
2. Af rofum, þ. e.:	
R (21) klukkurofum, 40 A og minni	300
R (22) klukkurofum, yfir 40 A, til og með 60 A	400
R (23) klukkurofum, yfir 60 A, til og með 200 A	500
R (24) klukkurofum,yfir 200 A	700
R (25) fjarstýritækjum	400

Af öðrum mælum og rofum en þeim, sem nefnd eru hér að framan, skal árgjaldið vera sem næst 15% af verði tækisins.

3. KAFLI
TENGIGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

Gjaldskrárliður Heimtaug eða spennistöð	Málstraumur stofnvara í 3-fasa kerfi 220 V amp.	380 V amp.	Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis kVA	Tengigjöld skv. jöfnu g = 1500 + 150 × kVA Gjaldstig	Tengigjald g. kr.
T 11	2 × 60	1 × 60	13		3 400
T 12	3 × 60	2 × 60	22		4 800
T 13	3 × 100	3 × 60	38		7 200
T 14		3 × 100	66		11.400
T 15	3 × 200		76		12 900
T 16	3 × 350	3 × 200	132		21 300
T 17		3 × 350	231		36 100
T 18			300		41 500
T 19			500		76 500

Fyrir aðrar stærðir stofnvara eða spenna en hér er talið, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan.

Önnur ákvæði um heimtaugar.

Tengigjald miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug eða allt að 30 metra loftlínuheimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa. Yfirlengargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana þannig: Yj = (200 + 3 × kVA) gjaldstig á metra. Yfir-

lengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana þannig: Yl = (40 + 2 × kVA) gjaldstig á metra, að viðbættum 2000 gjaldstigum á hvern stólpa í umfram-línu.

Um spennistöðvar.

Tengigjald skal reikna eftir stærð spennis, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja að öllu leyti settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Almennt.

Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða tengigjald eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar. Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð. Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða sem svarar 1500 gjaldstigum eða eftir reikningi, ef um verulega hærri kostnað er að ræða.

4. KAFLI
OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 200 krónur.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

5 KAFLI
VERÐGILDI GJALDSKRÁR

1. Verðgildi gjaldstigs í þessari gjaldskrá er 1.85 kr. frá og með 1. marz 1970.
2. Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði veitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Hlutdeild kostnaðarliða í verðgildinu 1.85 er þannig, reiknað í aurum: Orkukostnaður = 74.7, verðjöfnunargjald = 15.0, laun = 15.9, ýmis kostnaður (opinber gjöld, skrifstofuk., keypt þjónusta o. fl.) = 12.0, efni = 50.0, söluskattur = 17.4, samtals 185.0 aurar, þ. e. vísitala reksturskostnaðar.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef kostnaðarvísitalan hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira. — Skal þá að jafnaði miða breytinguna við 1. janúar eða 1. júlí. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun áður en þær taka gildi.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í hálfum eða heilum tug aura.

Ef hækkun fer upp fyrir 20% frá síðustu staðfestri gjaldskrá, skal leita staðfestingar ráðherra á nýrri gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Borgarness nr. 27 31. janúar 1968 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. apríl 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1970

6. júlí 1970. 399 Nr. 102.

AUGLÝSING

um afturköllun leyfis til síldveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu samkvæmt auglýsingu nr. 57 20. marz 1970.

Ráðuneytið afturkallar frá og með 7. júlí 1970 leyfi til síldveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu, sem veitt var með auglýsingu nr. 57 20. marz 1970, sbr. reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breyting á reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966, um bann við veiði smásíldar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

6. júlí 1970. Nr. 103.

AUGLÝSING

um bann við veiðum með botnvörpu, flotvörpu, dragnót og herpinót á hrygningarsvæðum síldar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 7. júlí til 7. ágúst 1970 er bannað að veiða með botnvörpu, flotvörpu, dragnót og herpinót á eftirgreindum svæðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands:

1. Í Faxaflóa á svæði, sem afmarkast af línum, er hugsast dregnar milli eftirtalinna **punkta:**

   1) 64°12′ n.br., 23°18′ v.lgd.
   2) 64°30′ n.br., 23°28′ v.lgd.
   3) 64°30′ n.br., 22°48′ v.lgd.
   4) 64°12′ n.br., 22°38′ v.lgd.

2. Fyrir suðurströnd landsins á svæði, sem takmarkast að vestan af 22°32′ v.lgd. og austan af 21°57′ v.lgd. og nær frá fjöruborði út að línu, sem hugsast dregin í beina stefnu milli punkta á ofangreindum lengdarbaugum 3 sjómílur frá landi.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum auglýsingar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 — 1970

7. júlí 1970. 401 Nr. 104.

REGLUGERÐ

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

1. gr.

Landinu er skipað í bústaðasvæði, og hefur hvert bústaðasvæði ákveðna gildistölu. Bústaðasvæðin og gildistölur þeirra eru sem hér segir:

Gildistala	Bústaðasvæði
1.0	Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðahreppur, Hafnarfjörður, Mosfellssveit og Akureyri.
0.6	Kjalarnes, Selfoss, Hveragerði, Keflavík, Keflavíkurflugvöllur og Njarðvíkurhreppur, kauptún á Reykjanesi, nema Hafnir, svo og sveitir á Reykjanesi nema Hafnahreppur.
0.5	Akranes og Vestmannaeyjar.
0.4	Borgarnes, kauptún á Snæfellsnesi, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hnífsdalur, Bolungarvík, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Dalvík, Húsavík, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Höfn í Hornafirði, Vík í Mýrdal, Eyrarbakki, Stokkseyri, Hella og Hvolsvöllur. Sveitir í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu svo og Hafnir og Hafnahreppur.
0.3	Ólafsfjörður, öll kauptún með 300 íbúa eða fleiri, sem eigi hafa verið talin annars staðar. Sveitir á Snæfellsnesi, Dalasýslu, Barðastrandasýslu, Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Skaftafellssýslu.
0.1	Sérstakir afskekktir og einangraðir staðir.

2. gr.

Ríkið leggur eigi til íbúðarhúsnæði starfsmönnum sínum, er búa á íbúðarsvæðum, sem hafa gildistölu 1.0, öðrum en þeim, er vegna sérstakra gæzlustarfa þurfa að búa á vinnustað. Það fer eftir mati hlutaðeigandi ráðherra í samráði við fjármálaráðherra, hverjir slík gæzlustörf stunda. Hlutaðeigandi ráðherra ákveður og í samráði við fjármálaráðherra, hvaða starfsmönnum, sem búsettir eru á svæðum með gildistölu 0.1—0.6 ríkið skuli leggja til húsnæði.

3. gr.

Aðilum þeim, er afnot hafa af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins ber að greiða ríkissjóði leigugjald fyrir húsnæðið. Sé húsnæðið sameign ríkis og sveitarfélaga greiðist leiga í hlutfalli við eignarhluta ríkissjóðs í íbúðarhúsnæðinu.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Húsaleigugjald er 5% — (hundraðstala leigu) — af brunabótamati íbúðar. Húsaleiga ákvarðast og af gildistölu bústaðasvæðis og reiknast leiga því skv. svofelldri líkingu:

$$\text{Leiga á mánuði} = \frac{\text{Brunabótamat} \times \text{gildistala bústaðasvæðis} \times 5}{100 \times 12}$$

Þegar starfi fylgir kvöð um búsetu í húsnæði ríkisins skal af því húsnæði greiða leigugjald svo sem væri húsnæðið staðsett á svæði með gildistöluna 0.4 sé það eigi staðsett á svæðum með gildistölunum 0.3 eða 0.1.

5. gr.

Um ákvörðun stærðar íbúðarhúsnæðis fer skv. starfsreglum Húsnæðismálastjórnar. Íbúðarhúsnæði, sem er allt að 150 m², telst fullnýtt af leigutaka, séu íbúar húsnæðisins 6 manns eða færri. Hver íbúi umfram 6 íbúa er talinn nota 5 m² húsnæðis. Til íbúðarhúsnæðis leigutaka telst eigi húsnæði allt að 15 m², sem leigusali hefur samþykkt að nota skuli sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins.

6. gr.

Fullnýti leigutaki eigi húsnæði, getur hann óskað lækkunar húsaleigu frá því sem segir í 4. gr. er nemur því húsnæði, sem ónýtt er, enda eigi þá leigusali umráðarétt yfir því húsnæði.

Leiga á mánuði, þar sem húsnæði er eigi fullnýtt ákveðst með svofelldri líkingu:

$$\text{Leiga} = \frac{A \times B \times P \times NF}{100 \times 12 \times RF}$$

Í líkingu þessari þýðir:

A = Brunabótamat.
B = Gildistala íbúðasvæðis.
P = Hundraðstala leigu.
NF = Fjöldi fermetra, er leigutaki notar til íbúðar.
RF = Reiknaður fermetrafjöldi íbúðarhúsnæðis, (þ. e. NF + húsnæði, sem nýtt er sem starfshúsnæði af ríkinu + annað íbúðarhúsnæði umfram 150 m² sbr. 5. gr.).

7. gr.

Ákveða skal starfsmanni húsaleigu um leið og húsnæði er selt á leigu. Hinn 1. júlí ár hvert skal húsaleiga endurskoðuð með hliðsjón af þeirri breytingu, sem kann að hafa orðið á tölu íbúa undanfarið ár, og er þá miðað við þjóðskrá þann 1. desember næsta ár á undan.

Engar breytingar til hækkunar eða lækkunar húsaleigu, sem ákvörðuð hefur verið með ofangreindum hætti, skal gera frá öðrum degi en 1. júlí ár hvert nema leigutaki segi upp hinu leigða húsnæði.

8. gr.

Leigutaki ber einn allan kostnað af upphitun húss, ljósi og ræstingu. Kvöð þessi nær til íbúðarhúsnæðis, skrifstofu- eða starfshúsnæðis skv. ákvæði 5. gr. svo og til þess annars húsnæðis, sem leigusali nýtir ekki, sbr. ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar, og telja verður óaðskiljanlegan hluta hins leigða.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir alla skatta og skyldur, svo og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sem að öllu er eign ríkisins. Slíkan kostnað af íbúðarhúsnæði, sem er sameign ríkis og annarra aðila, greiðir ríkissjóður einungis í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn. Ákvarðanir leigutaka um viðhald íbúðarhúsnæðis skuldbinda eigi ríkissjóð.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 25. apríl 1968 og öðlast gildi 1. nóvember 1970.

Reglugerð þessi tekur til þeirra starfsmanna ríkisins, er afnot fá af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins eða skipta um slíkt húsnæði eftir lok október 1970.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins nr. 289 frá 18. desember 1969.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

9. júní 1970. Nr. 105.

REGLUGERÐ

um vernd barna og ungmenna.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir þessi verkefni og úrræði:

1. Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili, þ. e. möguleikum barna og ungmenna til andlegs og líkamlegs þroska.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluleikvöllum, daggæzlu á einkaheimilum gegn greiðslu, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið eigi falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum og sé það eftirlit þá tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega eða andlega miður sín, einkum þeim sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávitar.
6. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðilega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
7. Vinnuvernd.
8. Eftirlit með skemmtunum.

Með börnum er samkvæmt reglugerð þessari átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum:

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði, sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því takmarki. Enn fremur skulu téðir aðilar stuðla að því svo sem við verður komið með viðeigandi aðgerðum, að tillögur þeirra og ábendingar komist í framkvæmd. Skal þess jafnan gætt við vernd barna og ungmenna, samkvæmt liðum 1—8, í 1. gr., að haga aðgerðum þann veg gagnvart þeim, er verndarinnar eiga að njóta, og aðstandendum þeirra, að stuðlað sé að því, svo sem við verður komið, að gera viðkomendur sjálfum sér nóga og að nýtum þjóðfélagsborgurum. Í öllum viðskiptum við börn og ungmenni, skulu þeir, er slíkt starf hafa á hendi, kosta kapps um að koma á sem nánustum tilfinningatengslum við hvern einstakan skjólstæðing sinna.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu, ef þörf þykir, leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæzlu og félagsmála, sálfræðideild skóla í Reykjavík, prófessora í uppeldisfræðum og sálarfræði við Háskóla Íslands, lögreglu og aðra þá er fjalla um málefni barna og ungmenna.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslið á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða vísir í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir, störf þeirra og starfsháttu.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og hverjum hreppi í landinu. Heimilt er þó að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, ef þeir eru fámennir.

5. gr.

Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna til 16 ára aldurs, svo og ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Þar til öðruvísi kann að verða ákveðið með lögum, kýs bæjarstjórn (borgarstjórn) í kaupstöðum en hreppsnefnd eða hreppsnefndir utan kaupstaða sbr. 4. gr., barnaverndarnefnd. Í Reykjavík skal kosin 7 manna barnaverndarnefnd, en í öðrum kaupstöðum 5 manna, en utan kaupstaða 3ja manna. Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera skyn á mál þau, er barnaverndarnefnd fjallar um.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. lög nr. 58 29. marz 1961, 19. gr., sbr. 18. gr., og um þá kosningu fer eftir 37. gr. sömu laga, eftir því sem við á, sbr. þó 8. gr. 1. mgr. hér á eftir.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Kjósa skal með sama hætti jafnmarga varamenn í barnaverndarnefnd.

Í kaupstöðum skal leitast við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd, þar sem slíks er kostur.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar (borgarstjórnar) eða sveitarstjórnar þeirrar, er kýs þær, þó svo að barnaverndarnefnd gegni störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin.

Oddvitar (sveitarstjórar) og bæjarstjórar (borgarstjóri) skulu, þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram, skýra menntamálaráðuneytinu frá skipun nefndar.

8. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórnir (borgarráð) og hreppsnefndir ákveða þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr sveitarsjóði, þar með talin laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

Við ákvörðun þóknana og launa til starfsmanna, skulu bæjar- (borgar) stjórnir og hreppsnefndir taka sérstakt tillit til tillagna barnaverndarnefnda og þess starfsfólks annars, sem gleggst þekkir starfsemi og starfsaðstöðu viðkomenda. Sama máli gegnir um aðra einstaka gjaldaliði í sambandi við starfið.

Tryggja skal, svo sem við verður komið, nægilegt hæft starfslið.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir apríllok ár hvert.

Barnaverndarnefnd í kaupstað skal að jafnaði koma saman til fundar einu sinni til tvisvar í mánuði, og oftar, þegar einstök mál kunna að gefa efni til tíðari funda. Í hreppum skal halda fundi að jafnaði ekki sjaldnar en þrisvar á ári. Krefjist einstök mál tíðari fundahalda, skulu þeir haldnir svo oft, sem þörf krefur. Formaður boðar til funda og ákveður fundarstað.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi.

Nú á lögfræðingur ekki sæti í nefndinni og skal héraðsdómari (í Reykjavík borgardómari) þá taka sæti í nefndinni, sem meðlimur hennar með fullum réttindum og skyldum, ef fjalla á um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um að felldur sé niður úrskurður um töku barns af heimili, eða sviptingu foreldravalds. Ályktanir um þessi málefni ná ekki gildi, nema 2 nefndarmenn hið fæsta af þrem, 3 af 4, 4 af 5, eða 6, 5 af 7 og 6 af 8 gjaldi því jákvæði. Að öðru leyti ræður afl atkvæða á fundum

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

10. gr.

Um vanhæfi nefndarmanns til meðferðar einstakra mála, gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Öllum meiri háttar málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt, og skal vekja athygli á að heimild sé til málskots, sbr. 56. gr., er því er að skipta.

11. gr.

Barnaverndarnefnd skal, að fenginni heimild borgar-, bæjar- eða sveitarstjórnar, ráða eftir þörfum sérhæft starfsfólk. Skal sérstök áherzla á það lögð, að slíkt starfsfólk hafi kynnt sér barnaverndarmál og/eða starfað að þeim og aflað sér þekkingar og reynslu á þann hátt.

Barnaverndarráð skal beita sér fyrir því að ráðnir séu sérhæfðir starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna svæða landsins.

12. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd eins fljótt og kostur er.

13. gr.

Við úrlausn barnaverndarmáls, skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna og ungmenna, sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða forráðamenn og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan heimilis, svo og andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Um öflun upplýsinga utan umdæmis nefndar, gilda ákvæði 14. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á einkaheimili og barnaheimili til rannsóknar á högum barns eða ungmennis, taka skýrslu af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi sínu, er um kann að bera, svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringa máli.

Þegar barnaverndarnefnd leysir úr máli, skal jafnan það ráð upp taka, sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir beztu. Nefndinni ber jöfnum höndum að hafa hliðsjón af því, hvort dvöl barna á heimili kynni að hafa skaðleg áhrif á önnur börn, sem þar vistast. Enn fremur ber að forðast að sundra systkinahópi.

14. gr.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess sbr. 37. gr. 3. mgr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Nú flyzt barn úr umdæmi nefndar, eftir að nefnd hefur tekið mál til meðferðar, og skal barnaverndarnefnd í hinni nýju heimilissveit barnsins fjalla til fullnaðar um málið, en barnaverndarráð getur þó ákveðið, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um málið, ráði því til lykta.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringa málum og framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

15. gr.

Áður en meiri háttar barnaverndarmáli er ráðið til lykta, ber að veita foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega þ. á m. með liðsinni lögmanns, ef því er að skipta. Að jafnaði ber að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stendur á.

16. gr.

Barnaverndarnefnd skal fylgjast með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

17. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna sé ábótavant, svo og aðbúnaði eða hegðun barns, og skal hún þá láta málið til sín taka, á þann hátt er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

18. gr.

Ef barn verður forsjárlaust eða forsjármenn veita því ekki fullnægjandi framfærslu, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, sem láta sig hag þess varða, við að koma því í fóstur á gott heimili eða sjá því farborða með öðrum hætti, sbr. 38. og 39. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, enda er óheimilt að vista börn á öðrum heimilum en þeim, er barnaverndarnefnd, sem í hlut á, samþykkir.

19. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns, eða forráðamanns er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta og greiðist kostnaður úr bæjar- eða sveitarsjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingum ber ekki að greiða hann. Jafnan skal þess gætt að aðstoð við heimili fari á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta að því leyti, sem við verður komið.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanns.

20. gr.

Nú er barn sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp, eða barn er fáviti eða að öðru leyti andlega vanþroska, og fær ekki þá umönnun, sem því er þörf á, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni, heilbrigðisyfirvöld og aðra sérfræðinga, er því er að skipta, gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis, svo og ef heilsu barns eða ungmennis þykir stafa hætta af sjúkdómi, sem aðrir heimilismenn hafa tekið.

21. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti, er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanns, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðilegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar eða notkunar deyfilyfja, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv. og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum eða forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili og/eða ungmenni eftirlitsmann, eiga hlutdeild í því, að sjúklingi eða annmarkamanni verði komið brott af heimili eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum forræði barnsins. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 66/1963, eftir því sem við á.

Hlutverk eftirlitsmanna er að veita skjólstæðingum sínum þá leiðsögn og þann stuðning, er þeir mega. Ef einstök ungmenni eiga í hlut, skal eftirlitsmaður hafa samvinnu við skóla skjólstæðings, svo og vinnuveitanda, ef hann er fyrir hendi. Þá skal eftirlitsmaður hafa forgöngu um að tengja skjólstæðing sinn, er um ungmenni ræðir, heilbrigðri æskulýðsstarfsemi. Tilgangi eftirlits verður því aðeins náð, að milli eftirlitsmanns og skjólstæðings, heimilisfeðgur eða ungmennis, myndist gagnkvæm vinátta og traust. Eftirlitsmaður skal hins vegar forðast að gera skjólstæðing háðan sér um of.

Þegar um erfið vandamál er að ræða, skal eftirlitsmaður gera viðkomandi barnaverndarnefnd aðvart.

Svo sem við verður komið, skal velja eftirlitsmenn úr hópi þeirra, sem nokkra þekkingu hafa á vandamálum ungmenna, svo sem kennara, félagsráðgjafa o. s. frv., en ekkert er því til fyrirstöðu, að þeir séu úr öðrum atvinnustéttum. Gæta skal þess svo sem við verður komið, að eftirlitsmenn hafi til að bera heilbrigða löngun til að

verða öðrum að liði, og aðra þá eiginleika, sem starfið krefst, þolinmæði, umburðarlyndi og víðsýni í lífsskoðunum.

Eftirlitsmenn eru trúnaðarmenn barnaverndarnefnda og starfi í tengslum við þær.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkv. ákvæðum þessarar greinar, en eldri maður en 60 ára getur þó skorazt undan kvaðningu.

22. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimilismanna, svo sem vegna deyfilyfjanautnar, ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir eða aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggi hag barnsins, eða ungmennisins að þessu leyti og í því skyni, jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 49. gr. laga nr. 53/1966.

23. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku, óknytta, útivistar á óleyfilegum tíma, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrots, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir, þar á meðal krefja til sérfræðinga, ef þess er talin þörf. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barnið er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn virðist bera til, skal barnaverndarnefnd láta taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða vistheimili, eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar á staðnum né þeirrar, er barninu hefur ráðstafað.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni sbr. 21. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Nú verður barn 16 ára á heimili eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða forráðamanni hans, að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

Um skilorðsbundna niðurfellingu saksóknar fer eftir 56. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, 3. gr., og um niðurfellingu saksóknar sbr. 24. gr. laga nr. 82, 21. ágúst 1961, sbr. 30. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. lög nr. 17 31. marz 1962, 1. gr.

24. gr.

Ef barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að fylgjast með högum þess. Jafnframt ber þeirri nefnd skylda til að sjá um að barnið eða ungmennið skipti ekki um dvalarstað, nema með leyfi þeirrar barnaverndarnefndar, er barninu hefur ráðstafað. Barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns skal skylt að láta barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi þess fylgjast með högum þess, með skýrslugjöf eða á annn hátt.

25. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 21. og 23. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 15 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfs eða náms, er bezt svarar til hæfis þess og því má að gagni koma. Kostnaður af þessu greiðist hlutfallslega úr ríkissjóði og sveitarsjóðum, samkvæmt fræðslulögum.

26. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim er í 23. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum og viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt þessu koma m. a. til greina ákvæði 56. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1925, 3. gr.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin, samkv. ákvæðum þessarar reglugerðar, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi og hafa yfirleitt nákvæmt eftirlit með því þar til séð er fyrir, svo sem unnt er, að ungmennið sé komið á eðlilega braut, sem verðandi nýtur þjóðfélagsþegn.

27. gr.

Nú telur barnaverndarnefnd, að ekki verði hjá því komizt að taka barn af heimili og skal þá leita eftir samþykki foreldra eða annarra lögráðamanna til þeirrar ráðstöfunar. Ef það fæst ekki eða samþykki er tekið aftur, skal fara með mál samkvæmt því, er 9. gr. mælir fyrir um. Ef barn er forsjárlaust, tekur nefndin þegar við forsjá þess og hlutast eftir atvikum til um, að því sé skipaður lögráðamaður.

Þegar barn er tekið af heimili samkv. ákvæðum barnaverndarnefndar, hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu, en nefndin getur falið forsjá þess einstökum mönnum þ. á m. forstöðumanni uppeldisstofnunar eða aðila, er tekur barn til framfærslu eða fósturs. Heimilt er að svipta foreldra, annað eða bæði foreldravaldi, sbr. þó 13. gr. laga nr. 53/1966, ef ákvæði 26. og 28. gr. sbr. 31. gr. laganna eiga eigi við og nauðsyn krefur og hlutast nefndin þá til um, að barninu verði skipaður lögráðamaður hið fyrsta.

28. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal dómsmálaráðuneytið leita umsagnar barnaverndarnefndar sbr. 8. gr. laga nr. 19/1953. Skal hún kynna sér gaumgæfilega hagi væntanlegra kjörforeldra og kjörbarna, áður en umsögn er látin uppi.

29. gr.

Skylt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með, vegna umkomuleysis eða annmarka, sömuleiðis yfir þau börn, sem njóta ekki umsjónar forsjármanna.

30. gr.

Enginn má taka barn eða ungmenni í fóstur, nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans. Skal sú barnaverndarnefnd kynna sér gaumgæfilega hag og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra svo og hagi barnsins, þar á meðal skal nefndin kynna sér heilsufar væntanlegra fósturforeldra og annars heimilisfólks. Nefndin veiti ekki samþykki sitt til þess, að barn verði tekið í fóstur,

nema tryggilegt þyki, að barn hljóti góða aðhlynningu, og uppeldi á fósturheimili og ekkert sérstakt geri athugavert að fallast á umsóknina.

Enginn má ráðstafa barni til fósturs, nema til aðilja, sem fengið hafa samþykki barnaverndarnefndar til þess samkv. 1. mgr.

31. gr.

Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um, að þeir, sem hafa barn í fóstri, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað og skal hún þá gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar barni eða ungmenni, og koma þá m. a. þau úrræði til greina, er getur í 21. gr. Auk þess getur barnaverndarnefnd lagt bann við því að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur, skal hún gera sér allt far um að velja heimili við hæfi þess. Þá skal eftirlitsmaður barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi barnsins koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt, að úrskurða að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, ef vel fer um það og traust ástúðarsamband hefur myndazt milli þeirra og barns, þótt þeir, er foreldraráð hafa yfir barni, kalli eftir því.

III. KAFLI

Um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimili til skamms tíma og dagvistun.

32. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo sem við verður komið, setja á stofn eða hlutast til um að sett verði á stofn hvers konar vistheimili fyrir börn og ungmenni, sem hún, að tillögum barnaverndarnefnda, barnaverndarráðs eða annarra þar til bærra aðila, telur nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, þar sem eigi verður komið við leiðbeiningum við foreldra eða útvegun fósturheimilis. Skal menntamálaráðuneytið láta semja og gefa út sérstakar nánari reglur og leiðbeiningar fyrir innri stjórn, starfsfólk og alla aðbúð slíkra heimila og sjá um birtingu þeirra.

Til slíkra uppeldisheimila skulu teljast:

1. Venjuleg dvalarheimili fyrir börn frá 1—16 ára, sem eigi geta alizt upp hjá foreldrum.
2. Upptökuheimili, þar á meðal rannsóknar- og gæzluheimili, sem veita börnum og ungmennum viðtöku um stundarsakir, eða þangað til þeim hefur verið fenginn varanlegur uppeldisstaður.
3. Ungbarnaheimili.
4. Fæðingarheimili og vistheimili fyrir mæður, sem þarfnast hjúkrunar í sambandi við barnsburð, þar sem þær geta haft börnin hjá sér allt að einu ári.
5. Heimili, er taki börn og ungmenni í fæði og til aðhlynningar um langan eða skamman tíma í veikinda- eða öðrum forföllum foreldra, eða vegna þess, að barnið þarfnast aðhlynningar af öðrum ástæðum.
6. Heimili er taki á móti börnum til hressingar eða heilsubótar í skamman tíma.
7. Æskulýðs- og námsheimili fyrir ungmenni yfir 15 ára, er þau geti dvalið á sem heimili á námsárum og meðan þau eru að koma fyrir sig fótum.
8. Sumardvalarheimili.

Við stofnun og rekstur framangreindra heimila skal sérstaklega huga að neðangreindum atriðum, eftir því sem við á um hvern flokk.

A. Skipulag og stjórn.

Ákveða skal markmið og stjórn heimilisins, þar á meðal við hvaða börnum eða ungmennum það taki, hver beri ábyrgð á rekstrinum, hvert sé starfsfólk og stjórn.

B. Aðbúð og gæzla barna og ungmenna á heimilinu.

Barnaheimili sem taka börn um lengri eða skemmri tíma, eiga að koma í stað foreldraheimila og öll aðbúð miðast við það, að því takmarki verði náð á sem fullkomnastan hátt, líkamlega og andlega.

Gæta skal þess að hvert barn verði aðnjótandi slíkrar aðbúðar og umönnunar, þar á meðal áhrifa í umgengni, lífsviðhorfum og tilfinningatengslum við þá, er það umgengst, að til andlegs og líkamlegs þroska horfi. Enn fremur skal vakað yfir andlegri og líkamlegri heilsu barna, læknis vitjað þegar er tilefni gefst, kostað kapps um að þau öðlist öryggiskennd og andlega staðfestu, svo sem við verður komið. Hvers konar refsingar eru bannaðar, — nema að því er varðar heilbrigt agavald —, líkamlegar sem aðrar, svo sem einangrun í refsiskyni o. s. frv. Jafnan skal kappkosta að viðhafa frekar leiðbeiningar en ásakanir, þar sem því verður við komið, ef um ávirðingar barna er að ræða.

C. Híbýli, umhverfi og önnur slík aðstaða.

Keppa skal að því að hafa barnaheimili eigi fjölmennari en svo, að einstaklingsþroskinn njóti sín. Hámarksfjöldi barna á einu heimili sé 15. Hámarksfjöldi má þó vera meiri, ef sérstaklega stendur á, svo sem aðstæður til greiningar í smærri hópa innan heimilisins eða hver hópur búi í sérstöku húsi, þó getur menntamálaráðuneytið veitt undanþágu frá hámarksfjölda barna á heimilum, sem starfað hafa fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, svo og öðrum atriðum, sem telja verður eftir atvikum erfitt að uppfylla, enda sé séð fyrir nægu hæfu starfsliði, að mati ráðuneytisins. Heimilin skulu svo sem við verður komið vera í sérhýsi, eða í afskekktum íbúðum, ef þau eru inni í bæjum eða þorpum, íbúðarherbergi séu sólrík og rými nóg í þeim og aðstaða til innileikja sé góð. Húsin skulu vera byggð í samræmi við reglur byggingasamþykkta. Ráðuneytið getur þó gefið undanþágu fyrir hús, sem þegar hafa verið tekin í notkun. Gæta skal þess að loftrými og loftræsting sé fullkomin. Í hverju húsi skal vera dagstofa og auk þess leikherbergi fyrir yngri börn, ef heimilið er fyrir börn á öllum aldri. Í leikherbergjum skal gólfrými fyrir hvert barn vera 3—5 fermetrar. Þá er æskilegt að til sé handíðaherbergi. Þá skal vera rúmgott herbergi til að matast í og einangrunarherbergi fyrir sjúk börn. Á ungbarnaheimilum skulu auk svefnherbergis vera skrið-herbergi, geymsluherbergi og svalir eða pallur.

Í svefnherbergjum sé minnst 4—5 ferm. gólfrúm fyrir hvert barn. Eigi skulu vera fleiri en 4 börn í hverju svefnherbergi. Eldri börn skulu að jafnaði höfð í eins eða tveggja manna herbergi. Svefnherbergjum skal þannig komið fyrir að börnin truflist ekki af hávaða í húsinu. Auk barnaherbergja skulu vera fullnægjandi íbúðarherbergi fyrir þjónustufólk, skrifstofa, eldhús, forðabúr, búningsherbergi, snyrtiherbergi og þvottaherbergi.

D. Fyrirkomulag herbergja og húsgögn.

Fyrirkomulag herbergja í barnaheimili sé þannig að þau notist vel, einfalt og auðvelt að snyrta þau og með notalegum og heimilislegum blæ. Húsgögn og önnur tæki til afnota fyrir börnin séu sniðin fyrir stærð barnanna og hæfi. Hústækin séu einföld, vönduð og auðvelt að ræsta þau, en jafnframt notaleg og heimilisleg.

Hvert barn skal hafa legurúm út af fyrir sig, svo og fataskáp og skúffur fyrir einkamuni sína í leikstofu og svefnherbergi. Standi legurúm hlið við hlið, skulu þau vera með a. m. k. 0.90 m millibili.

Á barnaheimili séu næg leikföng og starfstæki fyrir þau börn, er þar dvelja, miðað við aldur barnanna.

Bannað sé að hafa blýblandaða málningu á herbergjum, húsgögnum, leikföngum og öðrum tækjum, er börn geta komizt í snertingu við.

Kappkostað sé að öll starfstæki og aðstaða þjónustuliðs séu miðuð við að létta og einfalda starf þess.

E. Brunavarnir.

Gæta skal þess, að hvers konar ráðstafanir og eftirlit í sambandi við brunahættu séu jafnan í fullkomnu lagi, svo sem brunavarzla, björgunartæki, slökkvitæki. Slökkviæfingar séu um hönd hafðar, þar sem börn séu höfð í verki með og í sambandi við þær uppfræðsla barna um hættu af eldi og vörn gegn henni. Gæta skal þess svo sem við verður komið að hafa eigi um hönd eldfim efni við framkvæmdir í sambandi við barnaheimili.

F. Starfslið.

Starfslið barnaheimila skal vera það fjölmennt, að séð sé fyrir líkamlegri og andlegri þroskaþörf barnanna. Starfslið skal hafa skilning á þörfum barna, andlegum og líkamlegum, vera menntað og þjálfað í slíku starfi. Stjórnandi barnaheimilis skal svo sem við verður komið, hafa aflað sér uppeldisfræðilegrar þekkingar. Stjórnandi ungbarnaheimilis eða ungbarnadeilda skal vera lærð fóstra og mæðraheimila lærð hjúkrunarkona. Skulu allir forstöðumenn og forstöðukonur slíkra heimila hafa starfað áður á sams konar heimilum með góðum árangri.

Starfslið skal bundið þagnarskyldu um allt, er það kann að verða vísara í sambandi við starf sitt og um hagi barna og aðstandenda þeirra.

G. Heilbrigðiseftirlit.

Hvert barnaheimili skal hafa samband við starfandi lækni í sinni þjónustu, er fylgist nákvæmlega með heilsu barna og mæðra og annarra, er heilbrigðisvelferð barna kann að velta á. Ekkert barn má taka til dvalar á barnaheimili, nema að undangenginni rannsókn á heilsu þess og þeirra, er að því standa í þeim skilningi. Skal skoðun læknis og lýsing á heilsufarsástandi viðkomenda í nútíð og að undanförnu vera sem nákvæmast og greint í sérstöku vottorði læknis. Verði skoðun af einhverjum ástæðum eigi komið við, fyrir töku barns á heimili, skal þannig frá gengið, með einangrun eða á annan hátt, að eigi hljótist af tjón á heilbrigði viðkomenda.

Á sama hátt skal gætt þess, að börn, er vistuð eru á barnaheimilum, geti eigi beðið heilsutjón vegna smitunar frá þeim, er á heimilinu eru fyrir.

Á sama hátt og fer um eftirlit með heilsufari barna, skal farið um starfsfólk heimilis fyrir komu þess á heimilið og meðan á dvöl þess þar stendur. Skal læknir heimilisins auk frumrannsóknar hafa eftirlit með heilsufari starfsfólks og gera viðeigandi ráðstafanir, þegar þörf krefur.

Rekstur barnaheimilis skal eigi hefjast, fyrr en að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins, og skal leyfið eigi veitt, nema fyrir liggi ákveðnar upplýsingar um öll atriði, þar á meðal upplýsingar um stjórnendur heimilisins og annað starfsfólk. Skal jafnan leitað álits barnaverndarnefndar á staðnum og barnaverndarráðs, áður en leyfi til rekstrar er veitt. Ávallt skal leyfisbréf og læknisvottorð vera til staðar svo eftirlitsmenn geti séð þau án tafar.

Innri stjórn, bókhald og reikningsfærsla opinberra heimila, sé undir eftirliti menntamálaráðuneytisins.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu hafa eftirlit með slíkum heimilum og ber stjórn heimilisins jafnan að láta viðkomandi barnaverndarnefnd fylgjast með rekstri þess.

33. gr.

Við rekstur sumardvalarheimila og svonefndra sumarbúða, skal sérstaklega gætt neðangreindra reglna, auk reglna 32. gr., og jafnframt þeim:

1. Sumardvalarheimili telst hvert það heimili, sem tekur 5 börn eða fleiri til sumardvalar. Menntamálaráðuneytið veitir heimild til stofnunar og rekstrar sumardvalarheimila, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi barnaverndarnefndar og héraðslæknis og með samþykki Barnaverndarráðs Íslands.

   Sama gildir um stofnun og rekstur svonefndra sumarbúða, að því leyti, sem við á, en aðalmunur á þeim og sumardvalarheimilum er sá, að þær eru venjulega reknar fyrir fleiri börn, sem skipt er í flokka og um skemmri tíma, t. d. 2—3 vikur fyrir hvern flokk.
2. Eigi er heimilt að taka börn yngri en 6 ára til dvalar á sumardvalarheimili eða sumarbúðir. Þó skal heimilt að taka yngri börn að fengnu sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins, enda séu þá gerðar auknar kröfur með tilliti til fjölda starfsfólks og sérþekkingar þess í meðferð ungra barna. Séu mörg börn á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum, 25 eða fleiri, skal lærð fóstra eða fóstrur, eftir ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni, starfa á heimilinu, eða annað starfsfólk með hliðstæða menntun og/eða reynslu.
3. Umsóknum á þar til gerðu eyðublaði, um heimild til þess að reka sumardvalarheimili eða sumarbúðir, skulu fylgja:
   a. Greinargóð umsögn barnaverndarnefnda um heimilið, þar sem komi skýrt fram álit hennar á hæfni og aðstæðum heimilisins, til þess að taka börn til sumardvalar.
   b. Heilbrigðisvottorð heimilisfólks, svo og umsögn héraðslæknis um öll atriði, er snerta heilbrigðisaðstæður barna og starfsfólks, sbr. g lið 32. gr. hér að framan, allt eftir því sem við á hverju sinni, brunahættu og aðra slysahættu svo og hæfilegan fjölda barna.
   c. Sakavottorð umsækjanda.

   Leyfi til rekstrar heimila gildir til eins árs í senn.
4. Húsakynni skulu fullnægja eftirtöldum lágmarksskilyrðum:
   a. Drengir og stúlkur skulu vera sér um svefnherbergi.
   b. Hvert barn skal sofa sér í rúmi.
   c. Börn mega ekki sofa í svefnherbergjum heimilisfólks.
   d. Í svefnherbergjum mega ekki vera háarúm, nema hæð herbergisins sé 2.50 m eða meira, og þó því aðeins að minnst 1.80 m fjarlægð (gólfflötur) sé á milli rúmstokka. Aldrei má vera nema eitt háarúm yfir hverju rúmi, þar sem ekki eru háarúm, skulu vera minnst 0.90 m á milli rúmstokka.
   e. Ekki má sofa í borðstofu eða öðrum herbergjum, sem börn eða starfsfólk (heimilisfólk) nota sameiginlega.
   f. Börn skulu hafa aðgang að baði og vatnssalerni.
   g. Skylt er að hafa einangrunarherbergi.
5. Þegar starfsemi sumardvalarheimilis eða sumarbúða er ráðin og tilskilið leyfi fengið, skal fara fram læknisskoðun á heimilis- og starfsfólki, áður en starfræksla þess hefst. Forstöðumaður eða kona skal og krefjast heilbrigðisvottorðs með hverju barni, sem tekið er til sumardvalar. Ef heilbrigðisvottorð fylgir ekki barni, skal umsvifalaust fá héraðslækni til að athuga heilbrigði þess.

6. Barnaverndarnefndum ber að veita forstöðufólki sumardvalarheimila og sumarbúða upplýsingar og leiðbeiningar eins og við verður komið. Þær skulu fylgjast rækilega með rekstri slíkra heimila í umdæmi þeirra og koma á þau minnst tvisvar á sumri og oftar, ef þörf gerist, til þess að kynna sér sem bezt aðbúð og líðan barnanna og beita sér fyrir því, að bætt sé úr ágöllum, ef í ljós kunna að koma.

Ef svo alvarlegar misfellur koma fram í rekstri barnaheimilis, að nefndinni þyki orka tvímælis, hvort rétt sé að það starfi áfram, skal hún tafarlaust gera Barnaverndarráði Íslands viðvart. Kostnaður vegna eftirlits barnaverndarnefnda greiðist af hlutaðeigandi dvalarheimili, nema eftirlitið sé falið öðrum.

Annist forstöðumaður slíkra heimila flutning barna að heimilinu eða frá, skal hann sjá um að gætt sé fyllsta öryggis við flutninginn og aðbúð barnanna við flutninginn sé sem bezt.

7. Í lok hvers rekstrartímabils slíkra heimila, skal forstöðumaður senda hlutaðeigandi barnaverndarnefnd og Barnaverndarráði Íslands skýrslu um reksturinn. Skulu þar m. a. tekin fram nöfn og heimili forstöðufólks og starfsfólks, tala barna, aldur þeirra og kyn, heimilisfólk og dvalartími. Þá skulu tilgreind dvalargjöld.

34. gr.

Við val á einkaheimilum um skamman tíma, skal tekið fyllsta tillit til þeirra atriða, sem gilda um fóstur barna almennt. Ætíð ber að fá heimild hjá barnaverndarnefnd til þess að taka barn/börn í fóstur. Lagt sé fram heilbrigðisvottorð, sem kveði á um líkamlega sem andlega heilbrigði fósturforeldra, sem og annars heimilisfólks. Sakavottorð sé lagt fram. Þá séu vandlega kannaðar aðstæður fósturheimilis með tilliti til húsrýmis, brunahættu, aðstöðu til innileikja, sem og möguleika til útiveru, þar sem aðgát sé höfð með slysahættu vegna umferðar.

Áður en barn er vistað á fósturheimili, skal fara fram athugun á því, hvort viðkomandi heimili mæti þörfum þessa sérstaka barns. Skal þá bæði taka tillit til aldurs fósturforeldra og barna þeirra, ef þau eiga börn, sem og til staðsetningar fósturheimilis. Að jafnaði skal leitast við að vista barn á heimili í sama hverfi og foreldraheimili þess er og draga þannig úr þeim framandleika, sem vistun utan heimilis hefur í för með sér, nema að líkur séu til að barninu væri annað hentara. Sé barn á skólaaldri, skal þess sérstaklega gætt, að því sé fengin vist á fósturheimili í sama skólahverfi sem foreldraheimilið tilheyrir.

Læknisskoðun fari fram á hverju barni, þegar er vistun hefur átt sér stað.

Gert sé ráð fyrir, að barnaverndarnefnd geri um það skriflegan samning við forráðamann/menn fósturheimilis, hversu mörg börn séu í fóstri á viðkomandi heimili og hversu starf fósturheimilis skuli launað.

Meðan samningur gildir, er fósturheimili háð sérstöku eftirliti barnaverndarnefndar. Komið sé að jafnaði einu sinni í mánuði á fósturheimilið. Barnaverndarnefnd skal rifta samningi fyrirvaralaust, ef í ljós kemur, að uppeldi eða aðbúð barns er ábótavant.

Eftir hverja heimsókn starfsmanns barnaverndarnefndar á fósturheimili skal hann færa á skýrslu hvers barns fyrir sig upplýsingar varðandi heilsufar, hegðun og framfarir barnsins.

35. gr.

Þessar reglur skulu gilda um neðangreindar stofnanir og heimili, sem annast dagvistun barna, auk reglna 32. gr. og jafnframt þeim, eftir því sem við á:

1. a. Dagheimili, sem taka við börnum 2—6 ára allan daginn.
   b. Dagvöggustofur og skriðdeildir, sem taka við börnum 3 mán. — 2 ára allan daginn.

c. Leikskóla, sem taka við börnum 2—6 ára, 3—5 tíma á dag.
d. Einkaheimili, sem taka við börnum til 6 ára aldurs, allan daginn eða hluta úr degi.

2. Sérhverri dagvistarstofnun skal sett skipulagsskrá og skulu þar í vera ákvæði um markmið og stjórn heimilisins. Skipulagsskrá er háð samþykki viðkomandi ráðuneytis.
3. Dagvistarstofnun hefur umsjón með og annast börn þann tíma, sem þau eru á stofnuninni. Stefnt skal að því í samvinnu við foreldra, að skapa börnunum þroskavænleg viðfangsefni, bæði í andlegu og líkamlegu tilliti. Þess skal gætt, að börnin fái hæfilega útivist, næga hvíld og gott fæði miðað við aldur. Í hinu eðlilega hópstarfi á barnaheimilum skal ætíð taka tillit til hvers einstaklings. Líkamlegar refsingar og innilokanir eru bannaðar og aðrar refsingar ber að forðast frekar en varðar eðlilegt agavald.
4. Dagvistarstofnun má ekki vera of stór, þar sem auðveldara er að stofna til náins sambands starfsmanna við börnin á litlu heimili. Þegar um er að ræða stofnun með margar deildir, skal lögð áherzla á, að þær verði greindar sem mest í sundur, t. d. með sérinngangi.

   Á dagheimilum og leikskólum skal barnafjöldi á hverri deild vera 14—22 eftir aldri.

   2ja ára deild 14 börn.
   3ja ára deild 18 börn.
   4—6 ára deild 20—22 börn.
   Vöggustofa og skriðdeildir 10 börn.
   Miðað er við 2 starfsstúlkur á hverri deild.
5. Dagvistarstofnun skal helzt vera í sér húsi með skjólgóðum og sólríkum leikvangi. Húsin skulu byggð í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar og skal sérstök áherzla lögð á fullkomna loftræstingu. Við byggingu dagvistarstofnunar skal þess gætt að hafa samráð við aðila, sem hefur reynslu og þekkingu á barnaheimilarekstri.

   Leikskóli. Á hverri deild í leikskóla skal vera leikherbergi og hverju barni reiknaðir 2—3 ferm. gólfflötur. Auk þess skal vera búningsherbergi (fataklefi) um 12—15 fermetrar eftir stærð hópsins, skrifstofa fyrir forstöðukonu um 8 fermetrar, sem sameinuð væri einangrunarherbergi, salerni með 2 klósettskálum og 2 handvöskum. Í hverjum leikskóla skal vera sérstaklega ætlað starfsfólki: sér fataskápur, salerni og kaffistofa með setustofukrók.

   Dagheimili. Á hverri deild skal vera leikrými fyrir hvert barn um 2.5—3.5 fermetrar. Auk þess sem að framan greinir, skal vera á dagheimilum sérstakt einangrunarherbergi, matstofa fyrir starfsfólk með setustofukrók, eldhús með fullkominni aðstöðu til geymslu matvæla.

   Dagvöggustofur. Á dagvöggustofum skal vera auk (framanritaðra aðalherbergja), mjólkureldhús, snyrtiherbergi, (fyrir bað, skol, handklæði og sloppa), upphituð barnavagnageymsla og skjólgóð afgirt útiaðstaða til svefns (sólbyrgi eða sólsvalir).

   Auk framanritaðra atriða skal á dagvistarstofnunum vera nægilegir skápar og geymslur fyrir úti og inni leiktæki, möguleikar til að þurrka blautan fatnað o. fl.
6. Fyrirkomulag herbergja á dagvistarstofnun skal vera hagkvæmt, einfalt og auðvelt að halda þeim hreinum. Húsgögn og tæki, sem börn nota, skulu vera sniðin við þeirra hæfi og skulu vera einföld og vönduð. Notaðir skulu stólar og borð, en ekki langborð og bekkir. Á dagheimili skulu vera möguleikar til hvíldar fyrir hvert barn fram að 3ja ára aldri a. m. k. Börn innan þess aldurs hafi hvert

um sig sérstakan bedda með teppi og kodda. Kostað skal kapps um, að ætíð séu fyrir hendi nægileg tæki til leikja bæði úti og inni. Áherzla skal lögð á, að leiktækin hæfi aldri barnanna og séu til þess fallin að efla hreyfiþroska þeirra og jafnframt fullnægja þörf þeirra til sköpunar. Tækjum þessum skal ætlaður ákveðinn staður og þau þannig staðsett, að auðvelt sé að ná til þeirra. Skal leggja ríka áherzlu á reglusemi í meðferð tækja og börnin vanin við það, að hver hlutur á sinn ákveðna stað. Af sömu ástæðu skal lögð áherzla á, að hvert barn fái ákveðið merkt sæti í búningsherbergi og ákveðinn snaga.

7. Gæta skal þess, að hvers konar ráðstafanir í sambandi við brunahættu séu í fullkomnu lagi t. d. brunavarnir, björgunartæki og slökkvitæki. Ef um er að ræða húsnæði á 2. hæð eða hærra, skulu gerðar strangar kröfur til allra brunavarna.
8. Forstöðukona dagvistarstofnunar skal vera sérmenntuð fóstra og á hverri skal hafa sérmenntaða fóstru ásamt aðstoðarkonu.
9. Hver dagvistarstofnun skal hafa trúnaðarlækni. Ekkert barn má taka til dvalar á dagvistarstofnun, nema að undangenginni læknisrannsókn. Læknir heimilisins skal hafa eftirlit með heilsufari starfsfólks og gera viðeigandi ráðstafanir, ef þörf krefur.
10. Óheimilt er að koma á fót dagvistarstofnun nema leyfi menntamálaráðuneytis komi til.

Ekki má fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd, er í hlut á, telur þar til hæfa. Umsóknir um leyfi til að reka dagvistarstofnun skulu vera skriflegar og þeim fylgja eftirtalin gögn:

a. Skipulagsuppdráttur.
b. Teikningar af húsinu.
c. Skipulagsskrá fyrir stofnunina.
d. Útfyllt eyðublað, sem gefur ýmsar upplýsingar um stofnunina.
e. Umsögn heilbrigðisnefndar.
f. Rekstraráætlun.

Við mat á hæfni forstöðumanns dagvistarstofnunar skulu liggja fyrir upplýsingar um aldur, menntun og fyrri störf. Skulu því fylgja meðmæli og umsagnir fyrri vinnuveitanda.

11. Á dagvistarstofnun skal haldin spjaldskrá ásamt fjarvistarskrá, sem gefur upplýsingar um hvert einstakt barn, svo unnt sé að fylgjast með líkamlegri og andlegri meðferð barnsins. Skal unnið að eflingu samstarfs milli starfsfólks dagvistarstofnunar og foreldra.
12. Reikningsfærsla og bókhald viðkomandi stofnunar skal ætíð gefa glöggar upplýsingar um tekjur og gjöld. Stofnunin skal ætíð senda ársskýrslur ásamt reikningsyfirliti um rekstur til viðkomandi barnaverndarnefndar.
13. Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með dagvistarstofnunum í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna.
14. Dagvistun barna á einkaheimilum. Óheimilt er að taka barn/börn í dagvist á einkaheimili gegn gjaldi, nema viðkomandi heimili hafi verið veitt leyfi til slíkrar starfsemi frá viðkomandi barnaverndarnefnd. Áður en leyfi er veitt, skal barnaverndarnefnd ganga úr skugga um, að heimili uppfylli þau skilyrði, sem sett eru um fósturheimili almennt. Lagt sé fram heilbrigðisvottorð, sem kveði á um líkamlegt og andlegt heilbrigði heimilisfólks. Þá séu vandlega kannaðar aðstæður dagvistarheimilis með tilliti til húsrýmis, brunahættu, aðstöðu til innileikja, sem og möguleika til útiveru, þar sem aðgát sé höfð með slysahættu vegna umferðar. Tekið sé tillit til fjölda heimilisfólks og aldurs barna, sem fyrir eru á heimilinu, og æskilegur fjöldi dagvistarbarna ákvarðaður með hliðsjón

af því, sem og með tilliti til fyrrgreindra atriða. Dagvistarheimili eru háð eftirliti barnaverndarnefndar.

36. gr.

Óheimilt er að koma á fót eða reka barnaheimili þar með talin vistheimili, dagheimili, einkagæzluheimili og leikskólar, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra komi til.

Áður en leyfi er veitt, skal leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, er heimili er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu. Sérstök stjórnarnefnd 3ja manna er menntamálaráðherra tilnefnir, skal vera fyrir hverju heimili, sem um getur í síðustu málsgrein.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnaheimilum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu, þar með talin sumardvalarheimili, og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með því hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum barnaheimilum, nema sumardvalarheimilum, og samþykkja þá staði, sem þau fara í. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili en stofnanir þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Nú stendur sveitarfélag eða aðilar innan þess fyrir rekstri barnaheimilis í öðru umdæmi, og skal barnaverndarnefnd í sveitarfélagi, sem rekur heimilið, eða þaðan, sem heimilið er rekið, hafa eftirlit með því á þann hátt, sem segir í 2. mgr. Sömuleiðis ber barnaverndarnefnd að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að vera úr hennar umdæmi á barna- eða sumardvalarheimili í öðru umdæmi, þ. á m. með beinu eftirliti a. m. k. einu sinni á ári.

Ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun er óhæfileg, eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar er á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt heimilið rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þetta undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

37. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín, sbr. 5. tölulið 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til um, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðilegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa í stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra skal setja sérstaka reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar eða stöðva í samráði við barnaverndarráð, sbr. og 32. gr.

38. gr.

Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum og þörf krefur, að setja á stofn og reka heimili, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu heimili þessi vera

a. m. k. 2, annað fyrir stúlkur en hitt fyrir pilta. Forðast skal svo sem við verður komið að blanda saman börnum og ungmennum á ólíkum afbrotastigum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á heimilum þessum, fræðslu, uppeldi og aga, svo og um stjórnarnefndir, sbr. hér á eftir.

Heimili þau, sem að framan getur, skulu hvert um sig hafa stjórnarnefnd, 3—5 manna, sem skipaðir eru af ráðherra til 4ra ára í senn að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Skal nefnd þessi hafa stöðugt og nákvæmt eftirlit með rekstri, aðbúð og uppeldi barna þar og aðstoða forstöðumenn. Nánari ákvæði um stjórnarnefndir skal setja í sérstaka reglugerð, sbr. 1. mgr.

Þegar þörf krefur að áliti framkvæmdanefndar eða félagsmálaráðs í Reykjavík, skulu sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, setja á stofn og reka eftirtalin heimili eða stofnanir:

a. Til að annast uppeldi og ef þörf krefur fræðslu þeirra barna, sem eru frá heimilum, er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börn að dveljast þar.
b. Til að annast uppeldi, og ef þörf krefur fræðslu, gáfnasljórra, andlega vanþroska barna.
c. Til að annast uppeldi og fræðslu barna, sem að dómi skólalæknis hafa ekki heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt skólanám.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofn- og rekstrarkostnaði þeirra heimila og stofnana, sem um getur í 3. málsgrein, í sömu hlutföllum og gilda um byggingu og rekstur skóla skyldunámsstigsins. Barnaverndarráð skal beita sér fyrir samstarfi tveggja eða fleiri sveitarfélaga um stofnun og rekstur slíkra heimila, þar sem aðstæður leyfa.

Sveitarfélög skulu eitt eða fleiri saman eftir þörfum stofna heimangöngu- eða heimavistarskóla fyrir börn, sem að dómi skólastjóra eru miður heppileg fordæmi öðrum skólabörnum. Kostnaður við slíka skóla greiðist í sömu hlutföllum og getur í næstu málsgrein hér á undan.

Um greiðslu fyrir börn og ungmenni á heimilum þessum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 33. gr. getur, fer samkvæmt lögum nr. 78/1936.

39. gr.

Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með þeim þrefaldan barnalífeyri, með börnum innan 7 ára aldurs og tvöfaldan með eldri börnum, en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni.

Að öðru leyti greiðist kostnaður úr sveitar- eða bæjarsjóði, sbr. þó 24. og 39. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

IV. KAFLI

Um vinnu barna og ungmenna.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfinga-

skipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starf við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.

Við framkvæmd ákvæða um vernd barna og ungmenna, skal jafnan kosta kapps um að ala þau upp í anda starfs og framkvæmda, og að öðru leyti á þann veg að andlegur og líkamlegur þroski þeirra glæðist og að þau fái sem bezt neytt hæfileika sinna.

Jafnframt skal þess gætt í starfsvali að starfið sé í samræmi við afkastagetu og starfsþol viðkomanda. Sérstaklega skal þess gætt að starfið reyni ekki um of á líkamsþrek viðkomanda, hvorki að því er varðar eðli starfsins eða lengd starfstíma. Þannig ber að gæta þess að tímalengd starfsins fari eigi í bág við andlega uppfræðslu barnsins eða ungmennisins, svo sem skólavist þess. Enn fremur skal þess gætt að viðkomandi njóti nægrar hvíldar, svefns og fæðis.

Þá skal þess gætt, að starfsaðstaða á vinnustað sé góð, andrúmsloft gott, frekar lögð áherzla á úti- en innivinnu, þar sem því verður komið við.

Enn ber að gæta þess sérstaklega, að barni eða ungmenni sé eigi falið starf, sem í eðli sínu eða vegna starfsliðs geti haft siðspillandi áhrif á viðkomanda.

Hafa ber um hönd nákvæmt eftirlit með líkamlegri og andlegri heilsu barna og ungmenna í sambandi við starf, bæði að því er varðar val starfs og í sambandi við starfið að öðru leyti. Þannig ber að sjá fyrir nægu eftirliti læknis, bæði að því er varðar viðkomanda sjálfan og samstarfslið.

Forðast skal að fela börnum meðferð fjár eða önnur verzlunarviðskipti í starfi.

Þá skal þess gætt að fela eigi börnum eða ungmennum starf með hættulegum tækjum, svo sem hvers konar ökutækjum eða öðrum tækjum, sem sérstök slysahætta getur stafað af, nema að þau hafi hlotið kennslu og hæfnispróf.

Að því er varðar vinnu með ökutækjum við landbúnaðarstörf, vegavinnu og önnur störf, þar sem aðstæður kunna að valda því, að slík vinna sé eðlileg eða óhjákvæmileg, skal þess gætt, að hún fari eingöngu fram á sléttlendi eða þar sem eigi er hætta á veltu ofan í gryfjur, skurði eða aðrar slíkar misfellur í landi.

Ef nauðsynlegt þykir eða óhjákvæmilegt að fela börnum eða ungmennum starf í frystihúsum, skipum eða annars staðar, þar sem vélar eða önnur hættuleg tæki eru staðsett og notuð, skal það því aðeins heimilt, að barnið sé yfir 14 ára og að foreldri, aðrir forráðamenn eða sérstakir trúnaðarmenn viðkomandi barnaverndarnefndar hafi tryggt eftirlit með högum barnsins við vinnuna. Í slíkum tilvikum séu börn eða ungmenni frekar höfð við úti- en innistörf og eingöngu á stöðum, þar sem auðvelt er að fylgjast nákvæmlega með þeim.

Bannað er að börn innan 16 ára vinni að jafnaði lengur en 6 klukkutíma í einu eða næturvinnu.

V. KAFLI

Um gæzlu siðferðis barna og ungmenna.

41. gr.

Jafnan skal þess gætt við uppeldi barna, hvort heldur er á heimilum foreldra, fósturforeldra eða hvers konar dvalarheimilum, svo og í barnaskólum, að kenna þeim háttvísi og góða siði í umgengni við aðra, eldri og yngri. Þá skal og forðast að hafa í frammi í nálægð þeirra hvers konar framferði í orði eða verki, er spillt geti hugsunarhætti þeirra eða viðhorfi til lífsins.

42. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengis- og tóbaksneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnanefnd í umdæmi sínu, og skal meðal annars stuðla að því, að þeir, sem veita eða selja þeim tóbak eða áfengi, sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

43. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum, svo og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim, sem veita slíkum skemmtunum forstöðu skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, sbr. einnig um kvikmyndasýningar 28. gr. 5. mgr. l. nr. 53/1966. Skulu þá forstöðumenn skemmtunar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum þeim, sem honum eru settar samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

44. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og öðru slíku þéttbýli með 400 íbúa og fleiri, mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20, og eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið, að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæðum þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er að stúlkur innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

VI. KAFLI
Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs.

45. gr.

Ráðherra skipar 5 manna barnaverndarráð til 4ra ára í senn. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn.

Barnaverndarráð skal hafa aðsetur í Reykjavík. Það skal hafa fasta skrifstofu. Barnaverndarráð skiptir sjálft með sér verkum, að öðru leyti en því, að ráðherra tilnefndir formann og varaformann.

Barnaverndarráð heldur fundi, þegar málefni berast til afgreiðslu og annars þegar þörf krefur að dómi þess.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og þrír þeirra fylgjast að máli.

Til ráðstafana þeirra, sem um getur í 2. mgr. 13. gr. l. nr. 53/1966, þarf þó samþykki fjögurra barnaverndarráðsmanna.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

Gerðir ráðsins skulu skráðar í fundargerðabók.

Barnaverndarráð skal ráða í þjónustu sína, sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, enn fremur annað starfsfólk eftir þörfum.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna og greiðast þau úr ríkissjóði, ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu uppeldisstofnun, samkvæmt lögum þessum.

46. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfs allra barnaverndarnefnda á landinu og fara með úrskurðarvald barnaverndarráðs, samkvæmt 56. gr. laga nr. 53/1966. Skal það veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða o. s. frv.

Barnaverndarráð skal leita álits sérfræðinga utan ráðsins, þegar ástæða þykir til.

47. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

48. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar og lagt fyrir hana að framkvæma sérstakar ráðstafanir í því, hvort sem hún hefur áður fjallað um eða ekki. Fer um tilhögun rannsóknar í þessu efni eftir því, sem við á á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

Skylt er barnaverndarnefnd að framkvæma samþykktir barnaverndarráðs, nema framkvæmd þeirra heyri undir önnur stjórnarvöld.

Ef beita verður valdi við framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs, samkvæmt lögum þessum, heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs, skal þó ávallt vera viðstaddur allar slíkar framkvæmdir.

49. gr.

Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim, ásamt skýrslu um störf sín, ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur að fengnum tillögum barnaverndarráðs, beitt dagsektum, 50—100 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

50. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnaheimila og allra uppeldisstofnana á landinu, þ. á m. sumardvalarheimila, og beint eftirlit með heimilum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum, hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum eða fleiri ráðsmönnum eða sérstökum fulltrúa að hafa eftirlit með heimilum eða stofnunum, svo oft sem þörf þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Skal forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif og heilsufar, mataræði, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framgangi eftirlits, varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 49. gr. 3. mgr. laga nr. 53/1966.

51. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barna svo og aðrir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. l. nr. 53/1966 eiga hér einnig við, og getur barnaverndarráð mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á, getur barnaverndarráð þó ákveðið, að framkvæmd ályktana barnaverndanefnda skuli frestað unz ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Skal barnaverndarráð þá hraða störfum svo sem frekast er unnt.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til, eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir, en barnaverndarnefnd. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti, ef því er að skipta.

Nú verður barnaverndarráð þess áskynja, að barnaverndarnefnd hafi gert ráðstöfun andstætt lögum, og ber barnaverndarráði þá að láta mál til sín taka, þótt því hafi ekki verið skotið til ráðsins.

VII. KAFLI

Um skoðun kvikmynda.

52. gr.

Enga kvikmynd má sýna nokkurs staðar á landinu, börnum innan 16 ára aldurs, nema að undangenginni athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum. Ráðherra tilnefnir, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, fæst 3 og 2 til vara sérstaklega þar til hæfa menn til fimm ára í senn til að annast skoðun kvikmynda.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd geti haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skulu þeir hverju sinni ákveða, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs.

Ekki aflar það barni innan ákveðins aldurs heimildar til aðgangs að kvikmyndahúsi, þar sem sýnd er mynd, sem bönnuð er börnum á þessum aldri, að það sé í fylgd með foreldrum eða öðrum fullorðnum, sem heimild hafa til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Nú hefur kvikmynd, önnur opinber sýning eða skemmtun verið bönnuð börnum innan tiltekins aldurs samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar eða 1. málslið 43. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, og bera þá dyraverðir og eftirlitsmenn samkomustaðar ásamt hlutaðeigandi forstöðumanni ábyrgð á framkvæmd bannsins. Enn fremur bera foreldrar eða aðrir forráðamenn ábyrgð á að börn sjái ekki slíkar myndir. Þegar slík sýning hefur verið bönnuð, eru dyraverðir og eftirlitsmenn viðkomandi skemmtistaðar skyldir að láta þau börn, sem eftir útliti og vexti gætu verið yngri en tilskilið er, sanna aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, þá er þau æskja aðgangs að sýningunni. Nafnskírteini er því aðeins fullnægjandi sönnunargagn um aldur í þessu sambandi, að í því sé mynd skírteinishafa með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík, og skulu þeir, er skoðunar beiðast, tryggja skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfsins. Heimilt er þó ráðherra að ákveða, að skoðun fari fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er fyrir slíka skoðun að mati hans. Úrskurður skoðunarmanns skal fylgja hverri mynd, og gildir hann hvarvetna á landinu.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal hinn þriðja kveðja til og ræður þá meiri hluti, hvort banna á myndina eða ekki.

Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

Barnaverndarnefndir á viðkomandi stöðum skulu hafa eftirlit með, að aðeins séu þar sýndar börnum kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

Ef forráðamaður kvikmyndahúss eða aðrir, er ábyrgð bera á börnum á framangreindum aldri brýtur gegn ákvæðum þessarar greinar eða öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, er að þessu lúta, varðar það allt að 15 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar.

53. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið sem opinber lögreglumál og varða þau refsingu samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, eftir því, sem við á, svo og sviptingu rekstrarleyfis.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. júní 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUR

um radíóleyfi áhugamanna.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar, dags. 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, eru hér með settar eftirfarandi reglur um radíóleyfi áhugamanna.

1. gr.

Öll samskipti póst- og símamálastjórnarinnar við radíóáhugamenn fara fram gegnum I.R.A. (félagið „Íslenzkir radíóamatörar").

Umsókn um leyfi til að setja upp eða reka radíóstöð áhugamanna skal I.R.A. senda póst- og símamálastjórninni, og skal geta fæðingardags og heimilisfangs áhugamanns þess, sem sótt er um leyfi fyrir. Einnig skulu vottorð um próf, skv. 4. gr. hér á eftir, fylgja.

2. gr.

Umsækjandi um radíóleyfi áhugamanna skal:

1. vera íslenzkur ríkisborgari, sjá þó 14. gr.,
2. vera fullra 14 ára til að öðlast Nýliðaleyfi, en 16 ára til að öðlast A-leyfi,
3. hafa lokið prófi, sbr. 4. gr., er póst- og símamálastjórnin tekur gilt.

3. gr.

Radíóleyfi áhugamanna eru ferns konar:

Nýliðaleyfi: Leyfi til að setja saman og setja upp til eigin afnota radíóviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra radíóáhugamenn.

Hámarksjafnspenna má vera allt að 32 voltum. Þá skal niðurfærsla spennu úr 220 volta riðspennu í 32 volta jafnspennu vera gjörð á löggiltan hátt samkvæmt reglum Rafmagnseftirlits ríkisins.

Mögnun merkis í tækjunum skal einungis framkvæmd með transistorum.

Hámarks inngangsafl síðasta mögnunarstigs skal vera 5 wött, A1 útgeislun.

Sendirinn skal vera krystalstýrður.

Leyfistími skal vera 2 ár, hið mesta, og leyfið óendurnýjanlegt.

Leyfishafa er heimilt að þreyta A-próf hvenær sem er á framangreindu tímabili, þó ekki fyrr en að 3 mánuðum liðnum frá nýliðaprófi, og að öðru leyti í samræmi við 4. gr.

Próf þetta er ekki nauðsynlegur undirbúningur A-leyfis.

Félagssamtök íslenzkra radíóáhugamanna skulu hafa eftirlit með starfsemi nýliðanna og bera ábyrgð á radíóáhugamannastarfsemi þeirra gagnvart póst- og símamálastjórninni.

A-leyfi: Leyfi til að setja saman og setja upp til eigin afnota radíóviðtæki, senditæki og loftnet til Morse-viðskipta við aðra áhugamenn.

Hámarks inngangsafl á plötu síðasta mögnunarstigs sé 50 wött, A1 útgeislun.

Hafi áhugamaður haft nýliðaleyfi, skal umsögn félagssamtaka I.R.A. fylgja leyfisumsókn.

Til að öðlast A-leyfi skal umsækjandi afla sér heimildar Rafmagnseftirlits ríkisins, til starfrækslu rafbúnaðar sem nauðsynlegur er við radíóáhugamannastöð.

B-leyfi: Hafa starfrækt áhugamannastöð samkvæmt A-leyfi í a. m. k. hálft ár við innanlands og utanlandsviðskipti, staðfest með viðhlítandi gögnum (radíódagbók) ásamt umsögn félagssamtaka íslenzkra radíóáhugamanna.

Hámarks inngangsafl síðasta mögnunarstigs sé 200 wött, útgeislun A1 fyrstu 6 mánuði, síðan einnig A3 og A3a.

C-leyfi: Hafa starfrækt áhugamannastöð samkv. B-leyfi í a. m. k. eitt ár, staðfest með viðhlítandi gögnum (radíódagbók) ásamt umsögn félagssamtaka íslenzkra radíóáhugamanna.

Hámarksafl 250 wött, útgeislun A1 og A3, en við A3a útgeislun má aflið vera allt að 500 wött PEP.

Póst- og símamálastjórnin getur, telji hún ástæðu til, vegna menntunar, starfsþjálfunar eða annarra skilyrða leyfishafa, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, enda liggi fyrir umsögn félagssamtaka íslenzkra radíóáhugamanna hverju sinni.

4. gr.

Póst- og símamálastjórnin heldur próf fyrir radíóáhugamenn tvisvar á ári, vor og haust, enda hafi borizt óskir um það frá félagssamtökum íslenzkra radíóáhugamanna hverju sinni, og skulu slíkar óskir komnar í hendur póst- og símamálastjórnarinnar a. m. k. einum mánuði áður en próf óskast haldin.

Prófkröfur eru þessar:

Nýliðapróf:

a. Helztu atriði í lögum um fjarskipti og tilheyrandi reglum varðandi radíóviðskipti.
b. Viðtaka og sending Morse-merkja (35 bókstafir á mín.), nokkrar helztu Q-skammstafanir og lágmarksþekking í radíófræði.

A-próf:

a. Helztu atriði laga um fjarskipti og tilheyrandi reglna varðandi radíóviðskipti, svo og í þeim greinum alþjóða radíóreglugerðarinnar, er snerta stöðvar áhugamanna og neyðarviðskipti, svo og gildandi reglum um raforkuvirki.
b. Viðtaka og sending Morse-merkja (60 stafir á mín.), leikni í viðskiptum og notkun algengustu Q-skammstafana.
c. Undirstöðuatriði raffræði og radíótækni, leikni í stillingu senditækja, bylgjumælingu o. þ. l. Verklega verður krafizt leikni í meðferð mælitækja, vönduðum frágangi, öryggi í stillingu tækjanna o. þ. l.

Hafi umsækjandi áður tekið fullnægjandi próf í einhverju framangreindu, að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, þarf hann ekki að ganga undir próf í því, en prófast hins vegar í öðrum greinum.

5. gr.

1. Sendirinn skal vera stöðugur í öldutíðninni og eins laus við aukasveiflur og alþjóðareglur mæla fyrir um.
2. Öflun radíóefnis, svo og uppsetning á vélum og tækjum (og loftnetum) skal vera í samræmi við gildandi reglur, bæði um radíóstöðvar og um raforkuvirki. Áður en vélar eða tæki eru tekin í notkun eða tengd við rafveitukerfið, skulu þau skoðuð af eftirlitsmönnum frá póst- og símamálastjórninni og frá Rafmagnseftirliti ríkisins. Slík skoðun verður og að fara fram, hvenær sem breytt er gerð tækjanna eða hlutum í þeim, ef það getur haft nokkur áhrif á öryggi eða truflanahættu eða aðra eiginleika tækisins frá því, er getið er um í skýrslu skoðunarmanna.

3. Á stöðinni verður að vera til nákvæmur öldutíðnimælir, sem er réttur á þeim öldutíðnum, sem sendirinn notar. Ef sendirinn er ekki krystalstýrður, verður stöðin einnig að hafa nægilega góðan bylgjumæli með sveifluvaka, sem er aðskilinn frá sjálfum sendinum.
4. Handhafi leyfisbréfs er skyldur til að fara eftir þeim reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda á hverjum tíma um búnað og notkun sendisins.
5. Stöðinni er úthlutað kallmerki, sem byrjar á TF, síðan kemur tölustafur, sem ákveðst með tilliti til þess landshluta, sem stöðin er staðsett í, og síðan tveir eða þrír bókstafir. Kallmerkið skal nota reglulega alltaf, þegar sent er og við lengri sendingar skal nota það með stuttu millibili.
6. Sending má aðeins fara fram á þeim öldutíðnum, sem ákveðnar eru í leyfisbréfinu.

Tíðnir stöðvanna, útgeislun og orka verða fyrst um sinn ákveðnar innan eftirfarandi bylgjusviða, þannig:

	Nýliðal.	A-leyfi	B-leyfi	C-leyfi
3500— 3550 Krð/s	A1	A1	A1 A3	A1 A3
3700— 3800 —			A1 A3	A1 A3
			A3a	A3a
7000— 7040 Krð/s		A1	A1	A1
7040— 7100 —			A1 A3	A1 A3
			A3a	A3a
14000—14100 Krð/s		A1	A1	A1
14100—14350 —			A1 A3	A1 A3
			A3a	A3a
21000—21150 Krð/s	A1	A1	A1	A1
21150—21450 —			A1 A3	A1 A3
			A3a	A3a
28000—28200 Krð/s		A1	A1	A1
28200—29700 —			A1 A3	A1 A3
			A3a	A3a
144.0—146.0 Mrð/s			A1 A2	A1 A2 A3 A3a
			A3 A3a	F1 60F3
430— 440 Mrð/s				A1 A2 A3 A3a
				F1 60F3
1215—1300 Mrð/s				A1 A2 A3 A3a
				F1 60F3
Leyfð hámarks inngangsafl til síðasta mögnunarstigs	5 wött	50 wött	200 wött	250 wött
Leyfð hámarks hátíðnitoppafl til loftnets (PEP A3A)			500 wött	500 wött

6. gr.

1. Einungis þau viðskipti eru leyfð, er fjalla um tilraunirnar sjálfar, svo og þýðingarlítil persónuleg mál o. þ. l., sem annars eru ekki send í skeytum eða símtölum.
2. Stöðina má ekki nota til að koma á framfæri eða taka á móti, beint eða óbeint, tilkynningum, fréttum, auglýsingum eða verzlunartilkynningum, eða á nokkurn hátt, sem orðið gæti til tjóns fyrir hið opinbera eða aðra aðila. Ef tekið er óviljandi á móti slíku, má hvorki skrifa það, segja það, né notfæra sér það á nokkurn hátt, heldur skal halda því stranglega leyndu.
3. Öll sending efnis, til skemmtunar, fræðslu, auglýsingar eða áróðurs eða því um líkt, er bannað, hvort heldur það á upptök sín á stöðinni sjálfri eða er móttekið frá öðrum stöðvum.
4. Handhafi leyfisbréfs ber ábyrgð á, að sending eða útbreiðsla gabb-neyðarmerkja, neyðarkalla eða annarra tilkynninga í blekkingarskyni eigi sér ekki stað um tæki hans.
5. Það er bannað að hafa eða reyna að hafa viðskipti við stöðvar í löndum, þar sem slík viðskipti eða slíkar stöðvar eru ekki leyfðar.
6. Stöðin má ekki trufla önnur radíóviðskipti eða starfsemi opinberra stofnana. Kostnaður við að losna við slíkar truflanir skal eigandi sendisins greiða, hvort heldur sem um er að ræða nauðsynlegar breytingar á sendingum eða stöðinni, sem truflað er.

7. gr.

Við stöðina skal halda dagbók, þar sem skrifað er, hvenær sending byrjar og hvenær hún hættir og við hvaða stöðvar skipt er á morse og á tali og yfirleitt allt, sem gildi hefur til að dæma um notkun sendisins.

Leyfishafi er einnig skyldur til, hvenær sem er, að gefa þær upplýsingar, sem póst- og símamálastjórnin kynni að æskja, varðandi rekstur stöðvarinnar.

8. gr.

Ef radíóáhugamaður fær einhvern grun um, að stöð, sem hann hlustar á, hafi ólögleg viðskipti, ber honum skylda til að tilkynna póst- og símamálastjórninni og félagssamtökum sínum það tafarlaust og, eftir því sem hægt er, að staðsetja hinn ólöglega sendi og tilkynna póst- og símamálastjórninni árangur af athugun sinni. Einskis endurgjalds getur radíóáhugamaður krafizt fyrir vinnu sína af þessu tilefni, nema sérstaklega sé um það samið.

9. gr.

Sendinn má aðeins nota þar, sem tilgreint er í leyfisbréfinu. Eftirlitsmenn póst- og símamálastjórnarinnar geta hvenær sem er skoðað stöðina og radíóefni það, sem áhugamaður hefur undir höndum.

10. gr.

Við útgáfu leyfisbréfs greiðist leyfisbréfsgjald. Í því gjaldi er innifalin upphafsskoðun tækja þeirra, er leyfisbréfið kveður á um.

Fyrir 1. apríl hvers árs, greiðist gjald til framlengingar leyfisins fyrir yfirstandandi almankasár.

Leyfi er bundið við ákveðinn stað. Þó getur póst- og símamálastjórnin leyft hreyfanlegar stöðvar, sbr. 11. gr. Flytji leyfishafi með starfsemina frá þeim stað, sem leyfið er bundið við, skal skoðun fara fram á nýja staðnum, framkvæmd af radíóeftirliti Landssímans, og leyfisbréfið endurnýjað, með tilliti til flutningsins.

Fyrir slíka skoðun greiðist sérstakt skoðunargjald. Sömuleiðis ef skoðun fer fram vegna breytinga, sbr. 5. gr. 2, hér að framan.

Upphæð gjalda þessara ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni með gjaldskrá.

11. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur leyft hreyfanlegar stöðvar (portable), þó aðeins handhöfum B- og C-leyfa. Skal slíkt tilgreint í leyfisbréfi viðkomandi.

Hverju sinni sem notkun slíkrar hreyfanlegrar stöðvar er fyrirhuguð, skal um það sótt skriflega til radíóeftirlits Landssímans og þá tilgreint væntanlegt notkunarsvæði og tímabil. Slíkt verður aðeins leyft um takmarkað tímabil hverju sinni og að jafnaði ekki í þéttbýli.

Við notkun hinnar hreyfanlegu stöðvar skal leyfishafi bæta aftan við kallmerki sitt /P, t. d. TF3AA/P. Þá skal leyfishafi gæta þess, að notkun hreyfanlegu stöðvarinnar sé í fullu samræmi við leyfisbréf hans, svo sem tíðni, útgeislun og orka.

12. gr.

Þegar póst- og símamálastjórnin telur það nauðsynlegt, getur hún lokað stöðinni, eða takmarkað notkun hennar, og einnig getur hún afturkallað leyfið. Greidd leyfisgjöld endurgreiðast ekki.

13. gr.

Leyfið fellur fyrirvaralaust niður, ef:

a. um brot á reglunum er að ræða.
b. handhafi leyfisins hættir að vera íslenzkur ríkisborgari,
c. leyfisgjald er ekki greitt á réttum tíma.

14. gr.

Póst- og símamálastjórnin getur, um skemmri eða lengri tíma, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum, til erlendra ríkisborgara, enda sé um gagnkvæm skipti að ræða við það ríki, er viðkomandi er borgari í.

Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Umsókn skal vera skrifleg og sendist samtökum íslenzkra radíóamatöra, sem síðan sendir hana ásamt umsögn samtakanna og öðrum skilríkjum til póst- og símamálastjórnarinnar og skal umsóknin vera í höndum póst- og símamálastjórnarinnar eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa.
b. Umsækjandi skal hafa gildandi áhugamannsleyfisbréf frá heimalandi sínu, og skal það eða greinilegt afrit þess fylgja umsókninni, ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann er hann hyggst nota hérlendis.
c. Leyfi verður ekki veitt vegna skemmri dvalar í landinu en 1½ mánaðar.
d. Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera víðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
e. Leyfishafi skal nota kallmerki það er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki, t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
f. Að öðru leyti en tekið er fram hér að framan (14. gr.) er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

15. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Leyfishafi er á ófriðartímum skyldur til, ef þess er krafizt, að afhenda ríkinu umráð yfir radíóefni sínu eða láta innsigla það.

16. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

17. gr.

Brot gegn reglum þessum varðar viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar frá 9. maí 1942 um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

18. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. maí 1970. Frá sama tíma falla úr gildi „reglur um radíóleyfi áhugamanna" frá 1. janúar 1966, svo og „sérreglur" frá 29. nóvember 1963.

Póst- og símamálastjórnin, 21. apríl 1970.

G. Briem.

Sig. Þorkelsson.

5. maí 1970. Nr. 107.

SAMÞYKKT

um bann við hundahaldi í Dalvíkurkauptúni.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps hefur hinn 29. ágúst 1968 samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, samþykkt að banna allt hundahald í Dalvíkurkauptúni í Dalvíkurhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Dalvíkurhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 5. maí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón Thors.

Nr. 108.

REIKNINGUR

Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Efnahagsreikningur 31. desember 1969.

Eignir:

1. Innstæða hjá Búnaðarbanka:			
a. Ráðstafað	kr. 6 700 000.00		
b. Óráðstafað	— 6 573 609.10		
		kr.	13 273 609.10
2. Skuldabréf f. lánum		—	17 612 484.85
		Kr.	30 886 093.95

Skuldir:

1. Höfuðstóll	kr.	30 536 093.95
2. Viðskiptamenn (ógr. styrkir)	—	350 000.00
	Kr.	30 886 093.95

Rekstrarreikningur 1969.

Tekjur:

1. Ríkissjóðsframlag	kr.	10 000 000.00
2. Vextir af lánum	—	614 334.60
3. Vextir af innstæðum	—	784 468.00
4. Lántökugjald	—	72 800.00
	Kr.	11 471 602.60

Gjöld:

1. Kostnaður	kr.	147 800.00
2. Styrkveiting	—	350 000.00
3. Til höfuðstóls	—	10 973 802.60
	Kr.	11 471 602.60

Nr. 109.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Símonar Bjarnarsonar Dalaskálds og Margrétar Sigurðardóttur konu hans fyrir árið 1968.

Tekjur:

Frá fyrra ári:

1. Spariskírteini	kr.	16 000.00
2. Innstæða í bók nr. 25505	—	3 124.63
3. Vextir 1968	—	281.22
	Kr.	19 405.85

Gjöld:

Til næsta árs:

1. Spariskírteini	kr.	16 000.00
2. Innstæða í bók nr. 25505 í Búnaðarbanka Íslands	—	3 405 85
	Kr.	19 405.85

Helga Guðmundsdóttir, Gilhaga.

Reikning þennan hef ég endurskoðað og geri ekki athugasemd aðra en þá, að vextir af spariskírteinum eru ekki færðir og ekki vitað um, hvað þeir eru.

Björn Egilsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Símonar Bjarnarsonar Dalaskálds og Margrétar Sigurðardóttur konu hans fyrir árið 1969.

Tekjur:

Frá fyrra ári:		
1. Spariskírteini	kr.	16 000.00
2. Innstæða í bók nr. 25505 í Búnaðarbanka Ísl., Sauðárkróki	—	3 405.85
3. Vextir 1969	—	306.53
	Kr.	19 712.38

Gjöld:

Til næsta árs:		
1. Spariskírteini	kr.	16 000.00
2. Innstæða í bók nr. 25505	—	3 712.38
	Kr.	19 712.38

Helga Guðmundsdóttir, Gilhaga.

Endurskoðað.

Björn Egilsson.

Nr. 111.

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs fyrir árið 1969.

Iðnlánasjóður.

Rekstursreikningur árið 1969.

Gjöld:

Vextir	kr.	15 246 118.67
Reksturskostnaður	—	2 613 059.55
Framlag til hagrannsókna og fl. í þágu iðnaðarins	—	878 750.00
Afskrifað af áhöldum	—	108 723.00
Tekjuafgangur	—	59 641 466.88
	Kr.	78 488 118.10

Tekjur:

Iðnlánasjóðsgjald:			
Álagt 1968	kr.	6 800 000.00	
— 1969	—	30 900 000.00	
			kr. 37 700 000.00
Framlag ríkissjóðs samkv. fjárl.			— 10 000 000.00
Vextir			— 30 788 118.10
			Kr. 78 488 118.10

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1969

Eignir:

Vélalán 1. janúar 1969	kr.	103 936 821.64	
+ Útlán 1969	—	47 721 000.00	
	kr.	151 657 821.64	
÷ Afborganir 1969	—	32 965 282.02	
			kr. 118 692 539.62
Byggingarlán 1. janúar 1969	kr.	162 885 606.40	
+ Útlán 1969	—	57 300 000.00	
	kr.	220 185 606.40	
÷ Afborganir 1969	—	10 745 209.19	
			— 209 440 397.21
Lán vegna breytinga á lausaskuldum 1. janúar	kr.	48 316 996.58	
+ Útlán 1969	—	23 350 000.00	
	kr.	71 666 996.58	
÷ Afborganir 1969	—	8 316 977.60	
			— 63 350 018.98
Hagræðingalán 1. janúar 1969	kr.	9 500 000.00	
÷ Afborganir 1969	—	310 672.00	
			— 9 189 328.00
Verðbréfaeign og víxlar			— 18 887 984.55
Innstæður á bankareikningi	kr.	5 576 492.76	
do. vegna gjaldfallinna lausaskulda	—	10 199 350.00	
			— 15 775 842.76
Áhöld og húsbúnaður	kr.	582 694.00	
Afskrifað áður kr. 74.000.00			
— 1969 — 108 723.00			
	—	182 723.00	
			— 399 971.00
Vélar			— 9 418.03
			Kr. 435 745 500.15

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands			kr. 100 552 658.00
Skuldir í viðskiptabönkum			— 26 933 333.36
Sérskuldabréfalán:			
Vegna lausaskuldalán	kr.	65 130 000.00	
Vegna hagræðingalána	—	10 515 000.00	
			— 75 645 000.00
Stofnsjóður 1. janúar 1969	kr.	172 973 041.91	
Tekjuafgangur samkv. rekstursreikningi	—	59 641 466.88	
			— 232 614 508.79
			Kr. 435 745 500.15

Veiðarfæradeild.

Rekstursreikningur árið 1969

Gjöld:

Vextir	kr.	387 750.00
Tekjuafgangur	—	2 514 826.00
	Kr.	2 902 576.00

Tekjur:

Verðjöfnunargjald	kr.	2 099 403.80
Vextir	—	792 372.20
Þóknun	—	10 800.00
	Kr.	2 902 576.00

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1969

Eignir:

Skuldabréf		kr.	10 000 000.00
Inneign á hlr. 1740		—	4 434 248.70
Veiðarfæralán 1. janúar 1969	kr. 4 950 000.00		
+ Útlán 1969	— 540 000.00		
	kr. 5 490 000.00		
÷ Afborganir	— 177 833.70		
		—	5 312 166.30
		Kr.	19 746 415.00

Skuldir:

Framkvæmdasjóður Íslands		kr.	6 000 000.00
Höfuðstóll pr. 1. janúar 1969	kr. 11 231 589.00		
Tekjuafgangur samkv. rekstrarreikningi	— 2 514 826.00		
Höfuðstóll 31. desember 1969		—	13 746 415.00
		Kr.	19 746 415.00

Reykjavík, 16. febrúar 1970.

IÐNLÁNASJÓÐUR

Framkvæmdastjórnin

Bragi Hannesson. **Pétur Sæmundsen.**

Reikning þennan höfum við yfirfarið ásamt fylgiskjölum, borið hann saman við bækur sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 10. marz 1970.

Bjarni Björnsson. *Otto Schopka.*

Með vísun til yfirlýsingar endurskoðenda Iðnlánasjóðs samþykkir stjórn sjóðsins reikningana.

Reykjavík, 10. marz 1970.

Tómas Vigfússon. *Gunnar J. Friðriksson.* *Helgi H. Eiríksson.*

REIKNINGUR

Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1969.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins 1. janúar 1969		kr. 8 737 775.46
2.	Minningargjafir afhentar árið 1969	kr. 6 275.00	
3.	Samúðarskeyti Landssímans	— 1 649 161.50	
			— 1 655 436.50
4.	Greiddir vextir 1969		— 811 742.96
5.	Til jafnaðar gjaldalið 3		— 5 000.00
			Kr. 11 209 954.92

Gjöld:

1.	Styrkveitingar til sjúklinga 1969		kr. 864 000.00
2.	Önnur gjöld sjóðsins, sbr. fskj. 1—20		— 76 581 50
3.	Útdregið Sogsvirkjunarbréf 1951		— 5 000.00
4.	Eign sjóðsins 1. janúar 1970:		
	a. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr. 19 000.00	
	b. Veðdeildarbréf Landsbankans, 15. fl.	— 20 000.00	
	c. Bankainnstæður	— 10 225 373.42	
			— 10 264 373.42
			Kr. 11 209 954.92

Steinunnararfur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969			kr. 58 247.38
Afgjald eftir hálfa jörðina Haga 1967—1968			— 1 000.00
Vextir í Söfnunarsjóði 1968	kr. 729.26		
Vextir í Landsbankanum	— 4 493.41		
			— 5 222.67
			Kr. 64 470.05

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:		
Hálf jörðin Hagi í Skorradal	kr. 1 050.00	
Í Söfnunarsjóði, aðaldeild nr. 460	— 7 919.65	
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5461	— 55 500.40	
		kr. 64 470.05
		Kr. 64 470.05

Minningargjöf um Hans Natansson og Kristínu Þorvarðsdóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969	kr. 16 769.05
Vextir og vaxtabætur í Söfnunarsjóði 1968	— 1 638.89
	Kr. 18 407.94

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:
Í Söfnunarsjóði, aðald. nr. 456 ..... kr. 18 407.94

Kr. 18 407.94

Minningargjöf um Jóhann Guðmundsson og börn hans: Stefán, Ólafíu, Elísabetu, Sveinbjörn og Steinunni.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969 ..... kr. 19 686.68
Vextir í Búnaðarbankanum ..... — 1 771.72

Kr. 21 458.40

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:
Í Búnaðarbankanum, sparisjóðsbók nr. 60749 ..... kr. 21 458.40

Kr. 21 458.40

Minningargjöf um Hans Wíum sýslumann.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969 ..... kr. 10 577.00
Vextir í Landsbankanum ..... — 951.90

Kr. 11 528.90

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5468 ..... kr. 11 528.90

Kr. 11 528.90

Minningargjöf um Þórunni Jónassen.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969 ..... kr. 21 681.90
Vextir í Landsbankanum ..... — 1 951.30

Kr. 23 633.20

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5469 ..... kr. 23 633.20

Kr. 23 633.20

Minningargjöf um Vigfús G. Melsted.

Eign sjóðsins 1. janúar 1969	kr.	13 811.12
Vextir í Landsbankanum	—	1 242.98
	Kr.	15 054.10
Eign sjóðsins 1. janúar 1970:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 4562	kr.	15 054.10
	Kr.	15 054.10

Minningargjöf um Guðbjörgu Þorsteinsdóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969	kr.	46 740.86
Vextir í Landsbankanum	—	4 206.64
	Kr.	50 947.50

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5467	kr.	50 947.50
	Kr.	50 947.50

Minningargjöf um Gísla Oddsson skipstjóra.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969	kr.	38 963.56
Vextir í Landsbankanum	—	3 506.64
	Kr.	42 470.20

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5466	kr.	42 470.20
	Kr.	42 470.20

Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar og Guðlaugar Jónsdóttur.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1969		kr.	217 222.51
2. Vextir af Sogsvirkjunarbréfi 1951	kr. 300.00		
Vextir í Landsbankanum	— 19 534.59		
		—	19 834.59
3. Útdregið Sogsvirkjunarbréf 1951		—	5 000.00
		Kr.	242 057.10

Gjöld:

1. Til jafnaðar tekjulið 3		kr.	5 000.00
2. Eign sjóðsins 1. janúar 1970:			
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5471	kr. 237 057.10		
		—	237 057.10
		Kr.	242 057.10

Sjóður Marsíbilar Illugadóttur.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969	kr.	52 026.06
Vextir í Landsbankanum	—	4 682.34
	Kr.	56 708.40

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5463	kr.	56 708.40
	Kr.	56 708.40

Reykjavík, 9. janúar 1970.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum yfirfarið reikninga þessa, borið þá saman við tilheyrandi skjöl og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 14. janúar 1970.

Sigríður Brynjólfsdóttir. *María Sigurðardóttir.*

Nr. 113.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning árið 1969.

Tekjur:

Eign sjóðsins 1. janúar 1969			kr. 117 350.81
Minningargjafir afhentar 1969			— 300.00
1. Gjöf þriggja bekkjarsystra í Húsmæðrakennaraskólanum	kr.	1 200.00	
Gjöf bekkjarsystra í Kvennaskólanum í Rvík	—	5 000.00	
Gjöf bekkjarsystra í tilefni af 25 ára brautskráningarafmæli þeirra úr H.K.Í. 1969	—	9 000.00	
			— 15 200.00
2. Vextir í Landsbankanum, viðskiptabók	kr.	11 083.66	
Vextir í Landsbankanum, sparisjóðsbók	—	181 60	
Vextir í Útvegsbankanum, bankabók	—	6.00	
			— 11 271.26
			Kr. 144 122.07

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1970:		
Í Landsbankanum, viðskiptabók nr. 5470	kr.	143 848.70
Í Útvegsbankanum, bankabók nr. 10081	—	273.37
	Kr.	144 122.07

Reykjavík, 14. janúar 1970.

Ragnheiður Jónsdóttir.

Við undirritaðar höfum í dag farið yfir reikning sjóðsins ásamt tilheyrandi fylgiskjölum og höfum ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 7. febrúar 1970.

Anna Gísladóttir. *Guðrún Markúsdóttir.*

Nr. 114.

REIKNINGUR

Barnaspítalasjóðs Hringsins árið 1969

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

I. Áheit og gjafir			kr.	105 364.60
II. Seld minningarkort:				
1. Verzl. Blómið	kr.	143 601.00		
2. Þorsteinsbúð	—	52 288.00		
3. Wilhelm Norðfjörð	—	13 529.00		
4. Vesturbæjar apótek	—	12 685.00		
5. Aðrir	—	27 516.00		
			—	249 619.00
III. Vextir:				
1. Af skuldabr. Ólu Þorleifsdóttur	kr.	2 830.00		
2. — — Ingólfs Hanness.	—	3 740.00		
3. — — Guðna Þórðarsonar	—	10 442.00		
4. — — Kárastíg 12	—	53 676.00		
5. Landsbankabók nr. 1977	—	44 015.34		
6. — — 1449	—	85 806.32		
7. — — 7394	—	191 277.40		
8. — — 25087	—	12 429.44		
9. — ávb. nr. 54506	—	1 068.72		
10. — nr. 2411	—	6 745.10		
11. Iðnaðarb. Íslands nr. 20963	—	507.00		
12. Búnaðarbanki Íslands nr. 47053	—	9 420.33		
13. — — — 41230	—	1 126.93		
14. Verzlunarbanki Íslands nr. 630845	—	282.90		
			—	423 367.48

IV. Ýmsar tekjur:				
1. Kaffisala, bazar o. fl.	kr.	228 418.50		
2. Vörukaup og kostnaður	—	63 682.60		
			—	164 735.90
V. Söfnun í sparibauka á flugvöllum			—	31 092.00
			Kr.	974 178.98

Gjöld:

I. Ýmis kostnaður:				
1. Endurskoðun og ársuppgjör	kr.	7 500.00		
2. Prentun og umslög	—	14 740.00		
3. Auglýsingar	—	4 910.00		
4. Húsaleiga	—	30 000.00		
5. Gjafir	—	2 620.00		
6. Erfðaskattur o. fl. vegna Kárastígs 12	—	12 055.10		
7. Ýmislegt	—	976.60		
			kr.	72 801.70
II. Yfirfært tillag til Kvenfélags Hringsins vegna gjafar til stækkunar kvensjúkdóma og fæðingardeildar Landspítalans			—	100 000.00
III. Nettó tekjur			—	801 377.28
			Kr.	974 178.98

Efnahagsreikningur.

Eignir:

I. Verðbréf:				
1. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	kr.	500.00		
2. Skuldabréf vegna Óðinsgötu 30	—	200 000.00		
3. — — Ólu Þorleifsd.	—	35 000.00		
4. — — Ingólfs Hannessonar	—	44 000.00		
5. — — Kárastígs 12	—	540 000.00		
			kr.	819 500.00
II. Bankainnstæður:				
1. Landsbankabók nr. 1977	kr.	986 440.70		
2. — — 1449	—	1 410 934.80		
3. — — 7394	—	2 432 364.00		
4. — — 25087	—	172 582.00		
5. Búnaðarbanka Ísl. nr. 47053	—	410 711.70		
6. — — 41230	—	17 226.40		
7. Verzlunarbanki Ísl. nr. 630845	—	15 282.90		
8. Iðnaðarbanki Ísl. nr. 20963	—	10 507.00		
9. Landsbanki Ísl. ávb. nr. 54506	—	58 072.10		
			—	5 514 121.60
III. Vextir af skuldabréfi vegna Óðinsgötu 30			—	15 000.00
IV. Plastblóm			—	78 973.20
			Kr.	6 427 594.80

Skuldir:

I. Höfuðstólsreikningur:		
1. Hrein eign skv. efnahagsreikningi 1968 ..	kr. 5 626 217.52	
2. Nettó tekjur skv. rekstrarreikningi	— 801 377 28	
		kr. 6 427 594.80
		Kr. 6 427 594.80

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning ársins 1969, hef ég endurskoðað og ekkert fundið athugavert.

Ég hef sannreynt að bankainnstæður og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 28. apríl 1970.

pr. RAGNAR Á. MAGNÚSSON, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

Nr. 115.

REIKNINGUR

Áhaldasjóðs Barnaspítalasjóðs Hringsins árið 1969

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:		
1. Landsbankabók nr. 5797	kr. 66 282.51	
II. Vextir:		
1. Af Landsbankabók nr. 5797	— 5 965.39	
		kr. 72 247.90
		Kr. 72 247.90

Gjöld:

I. Yfirfært til næsta árs:	
Landsbankabók nr. 5797	kr. 72 247.90
	Kr. 72 247.90

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning fyrir Áhaldasjóð Barnaspítalasjóðs Hringsins, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að bankainnstæða er fyrir hendi.

Reykjavík, 28. apríl 1970.

pr. RAGNAR Á. MAGNÚSSON, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

REIKNINGUR

Jólaglaðnings og hjálparsjóðs Gunnlaugs Bjarna árið 1969.

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 826	kr.	215 115.40	
2. Skuldabréf Byggingarsamvinnfél. prentara	—	25 000.00	
			kr. 240 115.40
II. Gjöf			— 5 000.00
III. Vextir:			
1. Af skuldabréfum	kr.	1 750.00	
2. — söfnunarsjóðsbók	—	20 811.59	
			— 22 561.59
			Kr. 267 676.99

Gjöld:

I. Yfirfært til næsta árs:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 826	kr.	242 676.99	
2. 7% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags prentara nr. 384, 380, 378, 377, 379	—	25 000.00	
			kr. 267 676.99
			Kr. 267 676.99

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1969, fyrir Jólaglaðnings og hjálparsjóð Gunnlaugs Bjarna, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að bankainnstæður og verðbréf eru fyrir hendi.

Reykjavík, 28. apríl 1970.

pr. RAGNAR Á. MAGNÚSSON, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

Nr. 117.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Gunnars Jakobsen, árið 1969

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:			
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr.	23 680.67	
2. — — 572	—	13 488.02	
			kr. 37 168.69
II. Vextir:			
1. Af söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr.	2 314.10	
2. — — — 572	—	1 260.00	
			— 3 574.10
			kr. 40 742.79

Gjöld:

I. Yfirfært til næsta árs:		
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 421	kr. 24 873.77	
2. — — 572	— 15 869.02	
		kr. 40 742.79
		kr. 40 742.79

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1969, fyrir Minningarsjóð Gunnars Jakobsen, hef ég endurskoðað.
Ég hef sannreynt að bankainnstæða er fyrir hendi.

Reykjavík, 28. apríl 1970.

pr. RAGNAR Á. MAGNÚSSON, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

Nr. 118.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Kristínar V. Jakobsen árið 1969.

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:		
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr. 22 335.39	
2. — — 571	— 20 630.87	
		kr. 42 966.26
II. Vextir:		
1. Af söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr. 2 121.86	
2. — — — 571	— 1 932.53	
		— 4 054.39
		Kr. 47 020.65

Gjöld:

I. Yfirfært til næsta árs:		
1. Söfnunarsjóðsbók nr. 799	kr. 23 043.25	
2. — — — 571	— 23 977.40	
		kr. 47 020.65
		Kr. 47 020.65

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1969, fyrir Minningarsjóð Kristínar V. Jakobsen, hef ég endurskoðað.
Ég hef sannreynt að bankainnstæða er fyrir hendi.

Reykjavík, 28. apríl 1970.

pr. RAGNAR Á. MAGNÚSSON, löggiltur endurskoðandi

Gunnar Hjaltalín.

REIKNINGAR

Verzlunarbanka Íslands h.f. fyrir árið 1969.

Rekstursreikningur ársins 1969.

Gjöld:

Reksturskostnaður bankans:			
Laun	kr. 13 856 276.00		
Annar kostnaður	— 7 775 639.50		
		kr.	21 631 915.50
Greiddir vextir		—	57 909 469.60
Afskrifað		—	1 313 528.60
Lagt í varasjóð		—	3 602 000.10
Óráðstafaður tekjuafgangur		—	1 581 938 60
		kr.	86 038 852.40

Tekjur:

Forvextir	kr.	40 951 344.90
Vextir af bankainnstæðu og verðbréfum	—	25 053 884.10
Vextir af yfirdrætti hlaupareiknings	—	10 745 392.50
Aðrar tekjur	—	9 244 367.70
Óráðstafaður hagnaður frá fyrra ári	—	43 863.20
	kr.	86 038 852.40

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1969.

Eignir:

Fasteignir	kr.	34 200 000.00
Áhöld og innanstokksmunir	—	4 350 000.00
Verðbréf	—	164 375 856.10
Víxlar	—	474 114 797.90
Skuld í hlaupareikningi	—	131 487 164.60
Ógreiddir vextir	—	9 095 966.50
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	10 575 130.00
Ýmsir skuldunautar	—	1 120 824.00
Innstæða í Seðlabanka á bundnum reikningi	—	166 117 000.00
Innstæður í bönkum	—	3 554 475.90
Verzlunarlánasjóður	—	6 000 000.00
Ógreitt hlutafé	—	4 563 280.00
Sjóður	—	3 710 960.60
	Kr.	1 013 265 455.60

Skuldir:

Hlutafé	kr.	30 000 000.00
Varasjóður	—	24 000 000.00
Verðbréf til endurlána	—	3 900 000.00
Verzlunarlánasjóður	—	38 133 329.00
Innstæður í sparisjóði	—	798 782 016.50
Innstæður í hlaupareikningi	—	97 632 742.80
Fyrirfram greiddir vextir	—	7 356 460.40

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	10 575 130.00
Arður 1967	—	291 610.00
Arður 1968	—	467 603.00
Ýmsir kröfuhafar	—	544 625.30
Yfirfært til næsta árs	—	1 581 938.60
	Kr.	1 013 265 455.60

Reykjavík, 15. janúar 1970.

Höskuldur Ólafsson. **Tryggvi Árnason.**

Framanritaða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1969 höfum við endurskoðað og vottum að reikningarnir eru í fullu samræmi við bækur bankans. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að birgðir bankans af víxlum og verðbréfum eru fyrir hendi, svo og aðrar eignir hans.

Reykjavík, 9. febrúar 1970.

Pétur Pétursson. *Jón Helgason.* *Sveinn Björnsson.*

Framanskráða, endurskoða reikninga Verzlunarbanka Íslands hf. fyrir árið 1969 hefur bankaráð samþykkt á fundi sínum í dag.

Reykjavík, 27. febrúar 1970.

Þ. Guðmundsson. *Magnús J. Brynjólfsson.* *V. H. Vilhjálmsson.*

Reikningsyfirlit pr. 30. júní 1969.

Eignir:

Fasteignir	kr.	34 200 000.00
Áhöld og innanstokksmunir	—	5 217 795.10
Verðbréf	—	147 783 492.27
Ógreitt hlutafé	—	7 410 500.00
Víxlar	—	423 559 086.21
Skuld í hlaupareikningi	—	107 538 665.73
Ógreiddir vextir	—	7 017 148.80
Ýmsir skuldunautar	—	1 763 674.35
Reksturskostnaður	—	9 820 504.37
Skuldir viðskiptamanna vegna ábyrgða	—	3 052 260.00
Innleystar ávísanir	—	14 524 805.59
Bankainnstæða	—	1 610 737.16
Stofnkostnaður útibúa	—	1 008 000.00
Bundin innstæða vegna bindiskyldu	—	154 005 000.00
Rekstur fasteignar	—	283 634.90
Framlag til Verzlunarlánasjóðs	—	4 000 000.00
Útibú bankans	—	51 835 834.36
Sjóður	—	24 215 424.09
	Kr.	998 846 562.93

Skuldir:

Hlutafé	kr.	30 000 000.00
Varasjóður	—	20 225 600.00
Innstæður í sparisjóði	—	729 140 323.90
Innstæður í hlaupareikningi	—	67 972 499.39
Fyrirfram greiddir vextir	kr.	30 000 000.00
Forvextir af víxlum	—	19 582 285.25
Vextir af yfirdrætti á hlaupareikningi	—	4 037 298.13
Aðrar vaxtatekjur	—	3 408 527.51
Ýmsar tekjur	—	3 931 679.70
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	3 052 260.00
Ýmsir kröfuhafar	—	2 477 424.65
Verzlunarlánasjóður	—	31 066 657.00
Óráðstafaður hagnaður	—	43 863.21
Útibú bankans	—	44 096 754.46
Bankaskuldir	—	20 535 649.73
Verðbréf til endurlána	—	13 100 000.00
Arður 1967	—	367 350.00
Arður 1968	—	700 775.00
	Kr.	998 846 562.93

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

Höskuldur Ólafsson. **Tryggvi Árnason.**

7. júlí 1970. Nr. 120.

Bréf menntamálaráðuneytisins um bindindiseftirlit í skólum.

Við bréf menntamálaráðuneytisins, nr. 212, dags. 16. september 1950, varðandi fyrirmæli um, að ekki megi hafa um hönd áfengi á skemmtunum eða fundum í skólahúsnæði, bætist eftirfarandi málsgrein:

Nú er skólahús notað til hótelrekstrar að sumarlagi, meðan skóli starfar ekki, og gilda þá eigi framangreind ákvæði um bann við því, að vín sé haft um hönd í húsum skólans.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 227 9. ágúst 1968, um slátrun, mat og meðferð sláturafurða.

1. gr.

Töluliður 2 í 20. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

2. Alikálfakjöt.

Skrokka af kálfum á aldrinum frá 3 til 12 mánaða aldurs skal meta og merkja, sem hér segir:

a. AK I. séu skrokkarnir vel holdfylltir, einkum í lærum og hrygg, nægilega feitir og vel útlítandi.

Sé um að ræða vel alda kálfa á aldrinum 3 til 4 mán., sem einungis hafa verið fóðraðir á mjólk og kjarnfóðri, skal merkja skrokkana — AK I Úrval — enda séu þeir vel holdfylltir, einkum á lærum og hrygg, kjötið ljóst og mjög fallegt í útliti.

b. AK II. séu skrokkarnir allvel holdfylltir og ógallaðir í útliti.

c. AK III. holdlitla skrokka og lakari að útliti.

2. gr.

Töluliður 3 í 20. gr. orðist svo:

3. Ungneytakjöt.

Skrokka af ungneytum — nautum, uxum og geldum kvígum, frá 1 til 2½ árs skal meta og merkja, sem hér segir:

a. UN I. séu skrokkarnir vel holdfylltir einkum í lærum og hrygg, hæfilega feitir og gallalausir að útliti.

Áberandi vel holdfyllta skrokka, einkum á ganglimum og hrygg, aðeins af holdanautablendingum, hæfilega feita og fallega í útliti, skal merkja UN I H. Þó skal merkja skrokka af holdanautablendingum, á aldrinum 16 til 24 mán., er vega minnst 150 kg. mjög vel vöðvafyllta, hæfilega feita og fallega í útliti UN I H Úrval, enda hafi viðkomandi gripir verið fóðraðir á góðu gras- og heyfóðri ásamt kjarnfóðri að minnsta kosti 90 daga fyrir slátrun og hafðir við hús þann tíma allan.

b. UN II. af holdþynnri gripum en krafizt er í a. lið og einnig mjög feita skrokka, en þó vel útlítandi.

Skrokka af kvígum allt að 2½ árs, sem borið hafa einum kálfi og lítið eða ekkert hafa mjólkað má merkja UN II. séu skrokkarnir vel holdfylltir og fallegir í útliti.

c. UN III. holdlitla skrokka og lakari að útliti.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUR

um úthlutun styrkja af fé því, er veitt er á fjárlögum 1970 til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

1. Tilgangur styrkjanna er:
   a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanemenda, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms.
   b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanemenda, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.

2. Framhaldsskólar eru:
   a) Gagnfræðastigsskólar ofan skyldunáms.
   b) Menntaskólar.
   c) Kennaraskólar.
   d) Sérnámsskólar.

3. Veittir skulu tvenns konar beinir styrkir til framhaldsskólanemenda, — ferðastyrkir og dvalarstyrkir.
   Auk þess skal framhaldsskólum, þar sem aksturskostnaður fellur ekki undir ákvæði 20. gr. laga nr. 49/1967, veittur styrkur til skipulagðs aksturs að skólanum.

4. Ferðastyrkir, allt að þremur fjórðu, eru veittir vegna ferðakostnaðar nemenda frá dvalarstað hans innanlands við byrjun skólaárs að skóla, og frá skóla að dvalarstað innanlands við lok skólaárs.
   Fyrir skólaárið 1969/70 er lágmarksviðmiðun kr. 400.00.

5. Dvalarstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dvelja utan heimila sinna, án þess að eiga kost á skólaheimavist. Fyrir skólaárið 1969/70 er hámark dvalarstyrks kr. 1200 á mánuði. Miða skal við nauðsynlegan dvalartíma á skólastað vegna námsins, að meðtöldum skólafríum.

6. Við úthlutun dvalarstyrkja koma að jafnaði þeir framhaldsskólanemendur einir til greina, er sækja nám í skóla, er kennir hverjum nemanda að minnsta kosti 30 stundir á viku, og eigi skemur en 24 vikur á skólaári.

7. Njóti nemandi námsláns eða styrks annars staðar að eða launa án vinnuframlags á skólaárinu, má lækka dvalarstyrk til hans með hliðsjón af því.

8. Ríkissjóður greiðir að hluta daglegan flutningskostnað þeirra framhaldsskólanemenda, er hér um ræðir, enda hafi menntamálaráðuneytið áður samþykkt akturinn og greiðslur fyrir hann. Sé hægt að nota strætisvagna eða áætlunarbifreiðir, greiðir ríkissjóður helming kostnaðar, sé skólaleið nemanda 2.0 km eða meir. Verði að skipuleggja sérstakan akstur, greiðir ríkissjóður þrjá fjórðu kostnaðar.

9. Sé skóli rekinn sameiginlega af ríki og sveitarfélagi (félögum), og hafi sveitarfélag greitt aksturskostnað, fær það hlutfallslega endurgreiðslu úr ríkissjóði samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, sbr. ákvæði 20. gr. laga nr. 49/1967. Sé skóli rekinn af ríki eða sem sjálfseignarstofnun, er greitt úr ríkissjóði til skólans, en nemendur bera helming eða fjórðung kostnaðar, eftir því sem við á.

10. Menntamálaráðherra skipar úthlutunarnefnd þannig: Ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, einn mann án tilnefningar, einn mann samkv. tilefningu fjármálaráðuneytisins, og tvo menn samkv. tilnefningu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Hlutverk úthlutunarnefndar er:
1) Að úthluta styrkjum og annast endurgreiðslur.
2) Að annast gagnasöfnun varðandi aðstöðumun nemenda til framhaldsnáms.

Menntamálaráðuneytið, 21. maí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Nr. 123. 25. maí 1970.

AUGLÝSING

um myntútgáfu.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabankinn gefa út á næstunni 10 aura og 50 króna málmpeninga með svofelldri gerð:

1. Tíu aura peningurinn er 15 mm í þvermál og vegur 0,449 gr. Hann er úr hreinu áli. Peningurinn er með sömu myndum og 10 aura peningar, sem í umferð eru. Rönd peningsins er riffluð. Á bakhlið peningsins er ártalið „1970" yfir fánamerki lýðveldisins.
2. Fimmtíu króna peningurinn er 30 mm í þvermál og vegur 12,5 gr. Málmhlutföll peningsins eru 75% kopar og 25% nikkel, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla.
   Á framhlið peningsins eru tölustafirnir „50" fyrir miðjum pening inni í hring og þar fyrir ofan „ÍSLAND" en að neðan „KRÓNUR".
   Á bakhlið peningsins er mynd af Alþingishúsinu og ártalið „1970" þar fyrir neðan.
   Rönd peningsins er slétt.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 25. maí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 124. 9. júní 1970.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Vinstri beygja verður bönnuð af Snorrabraut til vesturs inn á Laugaveg.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. júní 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968:

1. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á bátabryggjunni og sementsbryggju.
2. Garðabraut ásamt framhaldi hennar að bæjarmörkum er aðalbraut.
3. Einstefnuakstur verður framvegis á Deildartúni, aksturssteﬁna frá Vesturgötu.
4. Einstefnuakstur verður framvegis á Sandabraut, aksturstefna frá Skagabraut.
5. Biðskylda er á eftirtöldum stöðum:
   a. Á Esjubraut við Þjóðbraut.
   b. Á Vallholti við Vogabraut.
   c. Á Hjarðarholti við Vogabraut.
   d. Á Vogabraut við Esjubraut.
   e. Á Heiðarbraut við Háholt.
   f. Á Brekkubraut við Háholt.
   g. Á Laugarbraut við Akurgerði.
   h. Á Heiðarbraut við Akurgerði.

Umferðarmerki verða sett upp á viðkomandi stöðum.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 2. júní 1970.

Jónas Thoroddsen.

11. júní 1970. Nr. 126.

AUGLÝSING

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, getur ráðherra, samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið.

Fiskifélag Íslands hefur leitað álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Í samræmi við ákvæði téðra laga og athuganir Fiskifélags Íslands hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að leyfi til dragnótaveiða skuli veitt frá og með 15. þessa mánaðar á eftirgreindum svæðum:

I. Milli lína, sem hugsast dregnar réttvísandi um Bjarnarey sunnan Vopnafjarðar og réttvísandi norðaustur frá Kögri sunnan Héraðsflóa.

II. Milli línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) að línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Gvendarnesi, sunnan Fáskrúðsfjarðar. Þó skulu veiðar óheimilar innan línu, sem hugsast

dregin úr Álftavíkurfjalli (Álftavíkurtanga) fyrir mynni Loðmundarfjarðar og Seyðisfjarðar í Dalatanga og þaðan fyrir mynni Mjóafjarðar í Flesjatanga og fyrir mynni Norðfjarðarflóa í Barðsneshorn. Einnig eru veiðar óheimilar í Reyðarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Krossanestanga norðan fjarðarins í Vattarnestanga sunnan fjarðarins. Þá eru dragnótaveiðar og óheimilar í Fáskrúðsfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Hafnarnesi að norðan í Hafnarnesvita að sunnan.

III. Frá línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur úr Streitishvarfi sunnan Breiðdalsvíkur suður og vestur um að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestur frá Reykjanesvita, og frá línu er hugsast dregin réttvísandi vestur frá Malarrifi á Snæfellsnesi að línu er hugsast dregin réttvísandi norður úr Hornbjargi.

Vegna ónógrar þáttöku í skoðanakönnun um dragnótaveiðar í Faxaflóa, er ákvörðun um þær veiðar frestað fyrst um sinn, þar til að lokinni nýrri könnun.

Á Vestfjörðum er dragnótaveiði óheimil innfjarða innan lína, sem hugsast dregnar sem hér segir:

1. Úr Ólafsvita um Tálkna, þvert fyrir Patreksfjörð og Tálknafjörð.
2. Milli Svarthamra að sunnan og Tjaldaness að norðan í Arnarfirði.
3. Milli Keldudals að sunnan og Arnarness að norðan í Dýrafirði.
4. Milli Mosdals að sunnan og Arnarness að norðan í Önundarfirði.
5. Milli Keravíkur að sunnan og Galtabæjar að norðan í Súgandafirði.
6. Milli Galtarvita að vestan og Straumnesvita að austan. Bátum innan lögmætra stærðarmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á framangreindum svæðum, verður veitt leyfi til að veiða hvar sem er á svæðunum.

Enn fremur hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að bátum innan lögmætra stærðatakmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Norðurlandi, verði veitt leyfi til dragnótaveiða á svæði frá línu, sem hugsast dregin réttvísandi norður úr Hornbjargi austur um að línu, sem hugsast dregin réttvísandi norðaustur úr Font á Langanesi.

Þó skulu veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Innan línu, sem hugsast dregin utan Ingólfsfjarðar og Ófeigsfjarðar frá Veturmýrarnesi í Selsker og þaðan í Drangatanga.
2. Innanverðum Hrútafirði innan línu, sem hugsast dregin frá Prestbakkaey, þvert yfir fjörðinn að Mýrarnesi.
3. Innanverðum Miðfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Stapa utan Hvammsstanga í vestur þvert yfir fjörðinn.
4. Í Skagafirði innan línu, er hugsast dregin úr Hegranestá í Fagranes á Reykjaströnd.
5. Í Skagafirði innan línu, sem hugsast dregin frá Hellnanesi á Þórðarhöfða í Kringlu í Málmey og úr norðurenda Málmeyjar í Stapa á Hrolllaugshöfða.
6. Í Haganesvík innan línu, sem hugsast dregin úr Músarnesi vestan Haganesvíkur fyrir víkina í Olnboga austan Haganesvíkur.
7. Í Siglufirði innan línu, sem hugsast dregin frá Landsenda vestan Siglufjarðar fyrir fjörðinn í Siglunesvita.
8. Í Eyjafirði innan línu, sem hugsast dregin frá nyrzta odda Hálshöfða vestan fjarðarins þvert yfir um syðsta odda Hríseyjar, beina stefnu yfir í Svínárnes.
9. Í Eyjafirði innan lína, sem hugsast dregnar 1 sjómílu réttvísandi austur úr Fossdalsvita í línu, er hugsast dregin 1 sjómílu réttvísandi austur úr Múlatöng.
10. Á 3ja mílna belti kringum Grímsey miðað við strandlengju eyjarinnar.
11. Á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst innan línu, sem dregin er úr Brikurskeri við vestanverðan Skjálfandaflóa um Lundey í Héðinshöfða, við austanverðan fló-

ann. Á tímabilinu 16. ágúst til 31. október eru dragnótaveiðar óheimilar á innanverðum Skjálfandaflóa innan línu, sem dregin er úr innra horni Skálavíkur við vestanverðan flóann um Lundey í Héðinshöfða við austanverðan flóann.
12. Á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst n.k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Gerðibrekkuhaus að vestan í Grímshafnartanga að austan.
13. Á tímabilinu 1. september til 31. október n.k. á innanverðum Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr ós Naustár að sunnan í Grímshafnartanga að norðan.
14. Í Axarfirði innan línu, sem hugsast dregin úr Leirhafnartanga að sunnan í Grjótnes að norðan.
15. Á svæði innan línu, sem hugsast dregin frá Ásmundarstaðarey norðan Raufarhafnar í Melrakkanes.
16. Í Þistilfirði á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst innan línu er hugsast dregin úr Grenjanesi í Rauðanestá og á tímabilinu 16. ágúst til 31. október innan línu er hugsast dregin úr Hleinartanga í Laxártanga vestan fjarðarins.

Bátum, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á hinum leyfðu veiðisvæðum fyrir Norðurlandi, verður einum veitt leyfi til að veiða á þeim svæðum, en hins vegar verða þeim ekki leyfðar dragnótaveiðar annars staðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, taka heimildir þær, sem veittar eru í þeim lögum til veiða með botnvörpu og flotvörpu, og til dragnótaveiða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júní 1970.

Emil Jónsson.

Jón L. Arnalds.

22. júní 1970. Nr. 127.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970.

Að lokinni nýrri skoðanakönnun Fiskifélags Íslands um dragnótaveiðar í Faxaflóa og í samræmi við ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir yfirsindalegu eftirliti, hefur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að bátum innan lögmæltra stærðarmarka, sem skráðir eru og gerðir hafa verið út frá verstöðvum á Suður- og Vesturlandi, og leyfi fá til dragnótaveiða, skuli heimilar dragnótaveiðar til 31. október næstkomandi á eftirgreindu svæði til viðbótar þegar auglýstum veiðisvæðum samkvæmt auglýsingu frá 11. júní s.l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða sumarið 1970:

Á svæði frá línu réttvísandi vestur frá Reykjanesvita að línu réttvísandi vestur frá Malarrifi á Snæfellsnesi. Þó skulu dragnótaveiðar óheimilar á svæði innan línu, sem hugsast dregin milli punkta tvær sjómílur réttvísandi í vestur frá Reykjanestá (Önglabrjótsnefi) og tvær sjómílur réttvísandi vestur frá Stafnestá. Svæðið takmarkast að sunnan af línu réttvísandi í vestur frá Reykjanestá (Önglabrjótsnefi)

og að norðan af línu réttvísandi í vestur frá Einbúa í Ósum. Í Faxaflóa eru dragnótaveiðar óheimilar innan eftirgreindra lína:

1. Úr Garðskagavita um punktinn 64°8′ n.br. og 22°42′ v.l. í Gerðistangavita.
2. Úr Hólmbergsvita um bauju nr. 6 í Faxaflóa í Kirkjuhólsvita.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1970.

Emil Jónsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 128. 23. júní 1970.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum, nr. 2 18. janúar 1964.

1. gr.

G-liður 1. greinar gjaldskrárinnar hljóði þannig:

Í hvert sinn sem skip sem flytur vörur og er 500 rúmlestir eða meira kemur í höfn til losunar eða lestunar skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlitsins þannig:

Skip, sem eru	500	til	1000	brúttólestir	greiði kr.	500.00
— — —	1000	—	2000	—	— —	1000.00
— — —	2000	—	3000	—	— —	1500.00
— — —	3000	brúttólestir og þar yfir			— —	2000.00

2. gr.

Breyting þessi tekur gildi 1. júlí 1970 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. júní 1970.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 129. 25. júní 1970.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku reglugerðar samgönguráðuneytisins nr. 74/1970, um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að vegna verkfalls bifvélavirkja hefur reynzt óhjákvæmilegt að fresta gildistöku fyrrgreindrar reglugerðar til 1. ágúst 1970.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku reglugerðar fjármálaráðuneytisins nr. 94/1970 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að gildistöku reglugerðar nr. 94/1970, um innheimtu þungaskatts o. fl., er frestað.

Í júlímánuði skal leggja þungaskatt á bifreiðar, sem falla undir c-lið 3. gr. téðrar reglugerðar þannig, að skatturinn verði 1/12 árlegs þungaskatts, sbr. b-lið 87. gr. vegalaga nr. 23/1970. Þungaskatt af bifreiðum þessum skal innheimta um leið og innheimta þungaskatts fer fyrst fram skv. ökumæli, þ. e. um mánaðamótin september—október n.k.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1970.

F. h. r.

Björn Hermannsson.

Þorsteinn Ólafsson.

29. júní 1970. Nr. 131.

AUGLÝSING

um, að Norðurlandasamningur um almannaskráningu taki til Færeyja.

Með samkomulagi yfirstjórna almannaskráningar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið ákveðið, að samningur um almannaskráningu milli þessara ríkja skuli frá og með 1. júlí 1970 taka til Færeyja (sbr. 2. málsgr. 7. gr. í Norðurlandasamningi, sem undirritaður var í Osló hinn 5. desember 1968, og birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu utanríkisráðuneytisins, nr. 2 24. febrúar 1969).

Samkvæmt þessu er hér með tilkynnt, að ákvæði auglýsingar nr. 178 22. september 1969, um almannaskráningu við flutninga milli Íslands og annarra Norðurlanda, taka til Færeyja frá og með 1. júlí 1970.

Hagstofa Íslands, 29. júní 1970.

F. h. r.

Kl. Tryggvason.

Ingimar Jónasson.

9. júlí 1970. Nr. 132.

AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 við Lyfjaverðskrá III. Dýralyf, A. Lyfjaefni og samsetningar, frá 15. október 1965.

Frá og með 25. júlí 1970 gengur í gildi breyting nr. 2 við Lyfjaverðskrá III. Dýralyf, A. Lyfjaefni og samsetningar, frá 15. október 1965, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969.

Frá og með 25. júlí 1970 gengur í gildi breyting nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins, frá 21. desember 1969, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 134. 9. júlí 1970.

AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 við Lyfjaverðskrá I frá 20. janúar 1969.

Frá og með 25. júlí 1970 gengur í gildi breyting nr. 2 við Lyfjaverðskrá I, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 135. 9. júlí 1970.

REGLUR

um kosningu í Æskulýðsráð ríkisins.

1. gr.

Æskulýðsráð ríkisins skal skipað fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn.

Skipunartími er tvö ár.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hvaða æskulýðssambönd skuli teljast hliðstæð Æskulýðssambandi Íslands, skv. 1. gr. Ráðuneytið boðar til fundar, þar sem kosnir skulu framangreindir þrír menn og þrír til vara í Æskulýðsráð. Skulu á fundinn boðaðir fulltrúar frá aðildarsamtökum Æskulýðssambandsins og framangreindum hliðstæðum æskulýðssamböndum. Skal einn fulltrúi boðaður frá hverjum þessara aðila, og hefur hver fulltrúi eitt atkvæði.

Fulltrúi frá ráðuneytinu stjórnar fundinum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

11. ágúst 1970. Nr. 136.

AUGLÝSING

um leyfi til síldveiða fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu.

Að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskifélags Íslands og Beitunefndar og samkvæmt reglugerð nr. 13 9. janúar 1970 um breytingu á reglugerð nr. 7 22. febrúar 1966 um bann við veiði smásíldar, hefur ráðuneytið ákveðið að leyfa frá og með 16. ágúst næstkomandi, þar til öðru vísi verður ákveðið, veiði síldar fyrir Suður- og Vesturlandi til niðursuðu og beitu, þrátt fyrir veiðibann samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Þó er óheimilt að veiða í þessu skyni meira en 5 þúsund smálestir síldar alls meðan veiðibannið varir að meðtöldu því aflamagni, sem þegar hefur verið landað á árinu 1970. Verður auglýst um stöðvun veiðanna, þegar leyfilegu síldarmagni hefur verið landað. Ekki þarf að sækja um sérstök leyfi til þessara veiða. Fiskmati ríkisins hefur verið falið að fylgjast með því, að síld sú sem veiðist, verði öll nýtt til niðursuðu og beitu.

Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar skal heimilt að taka sýnishorn úr aflanum.

Athygli skal vakin á því, að lágmarksstærð síldar, sem leyfilegt er að veiða, er sem fyrr 25 cm.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

5. ágúst 1970. Nr. 137.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1970.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1970, vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr.	15 000.00
II. flokkur	—	12 000.00
III. flokkur	—	9 000.00
IV. flokkur	—	6 000.00
V. flokkur	—	3 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

I. flokkur: Reykjavíkur apótek.

II. flokkur: Holts apótek,
Laugavegs apótek,
Lyfjabúðin Iðunn.

III. flokkur: Akureyrar apótek,
Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Hafnarfjarðar apótek,
Ingólfs apótek,
Stjörnu apótek,
Vesturbæjar apótek.

IV. flokkur: Akranes apótek,
Apótek Vestmannaeyja,
Borgar apótek,
Garðs apótek,
Háaleitis apótek,
Ísafjarðar apótek,
Kópavogs apótek,
Laugarnes apótek,
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Neskaupstaðar,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Húsavíkur apótek,
Patreksfjarðar apótek,
Sauðárkróks apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 1. nóvember 1970.
Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu, 5. ágúst 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 9.20 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 3.42 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 41.30 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.77 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.06 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 16.53 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi sem er minna en 5 m^2, skal teljast sem hálft, en stærra en 25 m^2, sem tvö. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu. Þar sem meðalstærð herbergja í búð er undir 10 m^2, má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra. Þannig að hverjir 10 m^2, jafngildi einu herbergi og 6 m^2, hálfu herbergi.

3. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 5.00 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 1018.00 á hvert kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum, kr. 2.06 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
   a. Um kwst.mæli á kr. 1.47 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
   b. Um tvígjaldsmæli á kr. 8.85 hver kwst. í 1½ klst. tvisvar sinnum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
   c. Um tvígjaldsmæli á kr. 8.85 hver kwst. í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en 1 klst. í senn, en á kr. 1.59 hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 1805.00 hvert kw. mesta notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mínútna meðalálag og auk þess kr. 1.06 á notaða kwst.
5. Ef ekki eru tök á að mæla mesta notað afl má selja þannig: Um mæli á kr. 1180.00 fyrir hvert uppsett kw. vélanna og auk þess kr. 1.06 á notaða kwst.

4. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.71 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á mestu álagstímum rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.35 hver kwst. í 9 klst. á tímum frá kl. 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi setji klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra. Kostar þá notandi tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum, og hitastillar notaðir.

5. Önnur raforkusala.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annara slíkra staða á kr. 2.71 hverja kwst. enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.-mæli á kr. 5.13 hver kwst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 0.83 hver kwst., ef straumur er rofinn frá kl. 8.30 til kl. 22, eða um tvígjaldsmæli á kr. 0.83 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 8.30 og kr. 2.06 hver kwst. frá kl. 8.30 til kl. 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 2.06 hver kwst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir 1.1.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó, að tilskildu samþykki rafveitustjórnar, veita afslátt frá gjaldskrárliðum 3—5 (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Enn fremur að selja orku eftir sérstökum samningi, sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum sem hér segir:

1.	Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr. 13.57 á mán.
2.	Af þrífasamælum upp að 50 amp.	— 16.83 á mán.
3.	Af þrífasamælum 50 til 200 amp.	— 43.66 á mán.
4.	Af þrífasamælum yfir 200 amp.	— 61.06 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins.

Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 312.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 312.00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helztu raforkunotkun. Ein heimtaug er lögð að hverri eign (hverri lóð), og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) fyrir allt að

15 metra jarðstrengsheimtaug og allt að 30 metra loftlínuheimtaug samkv. eftirfarandi töflu:

Gjaldskrá-liður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi Amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi Amp.	Hámarks-afl KVA	Heimtaugar-gjald kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	8 142.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	10 797.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	15 470.00
4.			50 sp.	18 320.00
5.		3 × 100	66	25 444.00
6.	3 × 200		75	30 942.00
7.			100 sp.	36 639.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	50 752.00
9.			150 sp.	58 240.00
10.			200 sp.	73 278.00
11.		3 × 350	231	84 453.00
12.			300 sp.	116 512.00
13.			500 sp.	194 730.00

Sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma, sem frost er í jörðu.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í. Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntaksskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: Yl = (300 × 4 KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: Yl = (300 × 3 KVA) kr/m að viðbættum kr. 4070.00 á hvern staur í umframlengd. Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða í hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 2 034.00
60 amp. þrífasa	— 2 445.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkv. gjaldskrá, sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöð, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma), og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að

ræða, eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari viðaukum og breytingum, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld þau sem um ræðir í gjaldskránni um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi numdar eldri gjaldskrár Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 22. apríl 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 139. 25. maí 1970.

AUGLÝSING

um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Á Vatnsstíg, Frakkastíg, Vitastíg, Barónsstíg, Ránargötu, Bárugötu og á 5 reitum á bifreiðastæði við Garðastræti, verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 140. 29. maí 1970.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Skólamerkissjóð Eiðaskóla, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. maí 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Skólamerkissjóðs Eiðaskóla.

Til sjóðs þessa var fyrst stofnað með upptöku merkis fyrir skólann á 75 ára afmæli hans 1958. Merkið teiknaði Þórarinn Þórarinsson, skólastjóri og var það vígt og helgað á afmælishátíðinni af biskupi Íslands Ásmundi Guðmundssyni, dr. theol., fyrsta skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum.

Merkið er þrjú vængstíliseruð M, hvít á bláum grunni, og standa þau fyrir kjörorð skólans: manntak-mannvit-manngöfgi.

Formlega var svo sjóðurinn stofnaður við skólasetningu þann 17. okt. 1965 með 10 000.00 króna framlagi fyrrverandi skólastjórahjóna, Sigrúnar Sigurþórsdóttur og Þórarins Þórarinssonar.

Skipulagsskrá sjóðs þessa skal vera sem hér segir:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólamerkissjóður Eiðaskóla.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a) að efla vöxt og viðgang Eiðaskóla,
b) að stuðla að alhliða þroska nemenda skólans og starfsmanna hans,
c) og að glæða fegurðarskyn þeirra.

3. gr.

Sjóðurinn vill vinna að tilgangi sínum með því að:

a) sýna þakklæti og veita viðurkenningu með skólamerki í silfri eða gull, þeim nemendum og starfsmönnum skólans, eldri og yngri, sem í athöfn, starfi og lífi sýna inntak kjörorða skólans, manntaks, mannvits og manngöfgi, eða hafa með langri og dyggri þjónustu stuðlað að velgengni hans, svo og öðrum, sem orðið hafa Eiðaskóla að góðu liði.
b) að afla skólanum hvers konar listaverka, er honum mega verða til fegrunar og prýði og þeim, er þeirra njóta til yndisauka og uppbyggingar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Hagnaður af sölu skólamerkisins.
2. Vextir af stofnframlagi.
3. Gjafir og áheit.

5. gr.

Af öllum tekjum sjóðsins skal einn fjórði hluti leggjast við höfuðstól, sem eigi má skerða, þó má, ef sérstaklega stendur á að dómi sjóðsstjórnar, veita lán úr sjóðnum, enda verði því varið í anda 2. gr. skipulagsskrárinnar.

Lánin endurgreiðist svo fljótt sem því verður við komið.

6. gr.

Stjórn þessa sjóðs svo og ákvarðanir um viðurkenningar og listaverkakaup skal vera í höndum skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum og eins kennara, sem kosinn er í sjóðsstjórnina, ásamt varamanni, á kennarafundi.

Verði ágreiningur innan stjórnarinnar, sker kennarafundur úr.

7. gr.

Skólastjóri Eiðaskóla hefur á hendi reikningshald sjóðsins, sem geyma skal á öruggum stað, þar sem hann nýtur beztu vaxtakjara. Birta skal reikning sjóðsins í skólaskýrslu.

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók og skulu í hana innfærðar ákvarðanir hennar svo og greinargerð fyrir þeim.

9. gr.

Verði því við komið, skulu viðurkenningar úr sjóðnum afhentar við skólasetningu ár hvert.

10. gr.

Merkið, allt eða hluta þess má ekki nota til skreytingar eða munsturgerðar, nema leyfi sjóðsstjórnar komi til.

11. gr.

Verði Eiðaskóli í núverandi formi lagður niður, skal sjóður þessi ganga til þeirra stofnunar á Austurlandi, sem kæmi í hans stað.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Í Reykjavík, 20. okt. 1965.
Sigrún Sigurþórsdóttir.

Staddur á Eiðum 17. okt. 1965.
Þórarinn Þórarinsson.

Nr. 141. 18. júní 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi nr. 35 19. febrúar 1970.

1. gr.

Við fyrstu grein reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:
Úr tollskrárnúmeri:
21.07.09 Tilbúinn rjómi, mjólk og mjólkurduft, svo og rjóma- og mjólkurís.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

Nr. 142. 26. júní 1970.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks, skulu hækka um 20% frá 1. júlí 1970 að telja.

Heimild nái og til hækkunar um allt að sama hundraðshluta á þeim bótum, sem veittar eru samkvæmt sérstökum heimildum, eftir ákvörðun Tryggingastofnunarinnar og samkvæmt tillögum sveitarstjórna, þar sem það á við, sbr. 21. gr. almannatryggingalaga.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965 um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, staðfestist hér með til þess að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 26. júní 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Stykkishólms.

1. gr.

Vatnsveita Stykkishólms er eign Stykkishólmshrepps. Heimili hennar og varnarþing er í Stykkishólmi.

2. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar og ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast daglegan rekstur og framkvæmdir vatnsveitunnar, en heimilt er að ráða sérstakan vatnsveitustjóra eða umsjónarmann til að sjá um eftirlit eða framkvæmdir við vatnsveituna, ef þess gerist þörf.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, en skrifstofa hreppsins annast allt reikningshald. Reikningarnir skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs og fylgja þeim ár hvert.

4. gr.

Stykkishólmshreppur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar í Stykkishólmi.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar svo víða um kauptúnið, sem þörf krefur og fært þykir, svo húseigendur eigi aðgang að þeim við veg, götu eða opin svæði, sem hús þeirra liggja að.

6. gr.

Allar vatnsæðar frá dreifikerfi vatnsveitunnar, að húsi og í því, eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lagningu þeirra og viðhaldi. Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum vatnsveitunnar, en á kostnað húseigenda.

7. gr.

Hver sá, er óskar að fá vatnsæð tengda að húsi sínu, gera endurbætur eða breytingar á eldri lögnum, skal sækja um það til hreppsnefndar og gera grein fyrir áætlaðri vatnsþörf og til hvers vatnið skuli notað. Vatnsveitan sér um tengingu frá vatnsveituæð gegn sérstöku tengigjaldi.

Allar lagnir skulu lagðar undir eftirliti starfsmanna vatnsveitunnar og ber húseiganda að fara í öllu eftir fyrirmælum þeirra að því er snertir efni og frágang.

8. gr.

Hverjum húseiganda og notanda er skylt að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær ef leki kemur að þeim. Skal þess sérstaklega gætt að ekki frjósi í leiðslunum. Ef eldri vatnsæðar liggja svo grunnt í jörðu, að hætta sé á, að í þeim frjósi, ber húseiganda að láta bæta úr því á þann hátt, sem starfsmenn vatnsveitunnar telja fullnægjandi.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Ekki má tengja dælur eða aflvélar í samband við vatnsveituna, né tengja saman æðar vatnsveitunnar og önnur veitukerfi, t. d. sjóveitur, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

9. gr.

Starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem sett eru í samband við vatnsveituna. Ef þeim þykir umbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseiganda skylt að bæta úr því tafarlaust. Ella getur vatnsveitan látið vinna verkið á kostnað eiganda.

10. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á vatnsæðum eða tækjum, sem við þær eru tengd, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Vatnsskatt ber að greiða að fullu, þótt lokað sé fyrir vatnið af þessum ástæðum.

11. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni eða loka fyrir vatnið vegna hreinsunar eða framkvæmda við vatnsveituna. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða í einkaeign. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar nema með sérstöku leyfi.

12. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkun á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum.

13. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal árlega greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem standa við vegi eða opin svæði og vatn er lagt í. Vatnsskattinn skal miða við fasteignamatsverð húsanna, en ef hús hefur ekki verið virt fasteignamatsvirðingu ákveður hreppsnefndin vatnsskattinn.

14. gr.

Hreppsnefndin getur ákveðið að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn, t. d. frystihús, vinnslustöðvar, iðjuver o. fl. og selja vatn eftir mælingu, eða ákveða að allt vatn skuli selt eftir mælingu. Skal þá vatnsveitan sjá um uppsetningu mælanna og kosta eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af mannavöldum eða frostum ber húseiganda að bæta. Ef mælingu verður eigi við komið má ákveða sérstakt gjald fyrir hverja framleiðslu- eða vinnslueiningu.

15. gr.

Vatnsskattur skal vera 4% — fjórir af hundraði — af fasteignamatsverði húsa.

Auk þess greiðist fast gjald kr. 500.00 af hverju íbúðarhúsi eða hverri einstakri íbúð.

Af öðrum húsum en íbúðarhúsum greiðist aukaskattur kr. 1000.00 af hverri húseign, ef vatn er ekki selt eftir mæli.

16. gr.

Ef vatn er selt eftir mæli skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern m^3. Auk þess leigu fyrir hvern mæli kr. 200.00 á ári.

Gjalddagar samkvæmt þessari grein skuli vera tveir, 30. júní og 31. desember.

17. gr.

Fyrir vatn til skipa í höfninni greiðist kr. 20.00 fyrir hvern m^3 og greiðist gjaldið við móttöku. Heimabátar greiða fast árgjald, sem ákveðið er í hafnarreglugerð.

18. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður eigi við komið, skal greiða gjald, sem hreppsnefnd ákveður.

19. gr.

Í stofngjald (tengigjald) skal greiða kr. 1000.00 fyrir íbúðarhús, en kr. 2000.00 fyrir önnur hús.

20. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari, öll þeirra eða hvert um sig, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 100%.

21. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Gjalddagi vatnsskatts fyrir árið 1970 skal þó vera 1. apríl.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga og ganga þau fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

23. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektin rennur í sveitarsjóð.

Ef einhver veldur skemmdum á vatnsveitunni skal hann bæta þær eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Stykkishólms nr. 45 21. marz 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar er fyrirtæki, sem Reyðarfjarðarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Reyðarfirði. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Reyðarfjarðar.

2. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna undir yfirstjórn hreppsnefndar. Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Reyðarfjarðar skal senda vatnsveitunefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað. Með umsókninni fylgi uppdráttur af heimæð í tvíriti og eigi í minni mælikvarða en 1:1000. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

5. gr.

Allar vatnsæðar frá vatnsveituæðum að húsi eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi. Vatnsveitan getur ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð og er óheimilt að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið, að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð, og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið, hvernig skipt skuli við slíkar framkvæmdir, ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð, skal fá til þess leyfi bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni.

6. gr.

Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimila, fyrir nægilegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða veg, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að tryggt sé, að kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notanda eða með því að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaðinum.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Hreppsnefnd áskilur sér rétt til að ákveða heimtaugagjöld.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi borið að einhverju eða öllu leyti þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðru vísi verði um samið.

7. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Alíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að verða.

8. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun, enda komi þar til fullar bætur ef um skemmdir verði að ræða. Vatnsveitan hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er vatnsveitunni heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Enn fremur er vatnsveitunni heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í vanskilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum.

Vatnsveitan getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið þegar þörf krefur vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

9. gr.

Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri notkun vatns eða hlíti ekki fyrirmælum vatnsveitunnar, um viðhald eða breytingu vatnsæða, hefur vatnsveitan rétt til þess að loka heimæð hans að undangenginni aðvörun.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Enn fremur getur hún krafizt þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari véla eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi. Ef fyrirmælum vatnsveitunnar er eigi sinnt innan hæfilegs frests, er heimilt að loka fyrir heimæð fyrirtækisins.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

10. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum. Vatnsveitan getur krafizt þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

11. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengdar, að eigi sé hætta á, að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum. Enn fremur er óheimil öll meðferð vatnstækja, sem valdið getur óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

12. gr.

Vatnsveitan hefur rétt til þess að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

13. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða eign vatnsveitunnar.

14. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

15. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna setur hreppsnefnd henni gjaldskrá. Árlegan vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í Reyðarfjarðarkauptúni, sem standa við götu eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja. Skattur þessi skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði húseignar. Sé hús, sem greiða ber vatnsskatt af, ekki virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskattur til viðbótar venjulegum vatnsskatti skal leggja á þá aðila, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskattur skal miðaður við ákveðinn hundraðshluta af fasteignamatsverði, og/eða samkvæmt mældri vatnsnotkun. Ef notað er vatn án mælis er vatnsveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun.

16. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. febrúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til skrifstofu Reyðarfjarðarhrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunnar.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins.

Vatnsveitan sér um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta.

Ef maður rýfur innsigli vatnsmælisins, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald, er hreppsnefnd ákveður í gjaldskrá. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi.

Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

18. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Reyðarfjarðar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskilum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

19. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

20. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslu.

Reikningar vatnsveitunnar skulu fylgja reikningum sveitarsjóðs.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 5000.00 — fimm þúsund — nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur í vatnssveitusjóð. Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar nr. 79 5. maí 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. Árlegur vatnsskattur sbr. 15. gr. 2. mgr.
   2% af fasteignamatsverði, þó aldrei lægri en kr. 500.00.
2. Aukavatnsskattur sbr. 15. gr. 3. mgr.
   a) 2% af fasteignamatsverði, þó aldrei lægra en kr. 500.00 að viðbættum kr. 1.50 pr. m^3 selds vatns skv. mæli.
   b) Sé vatn ekki selt eftir mæli skv. 15. gr. er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir:
   Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 2.25.
   Af hverri smálest síldar lagðri upp í bræðslu kr. 10.00.
   Af hverri smálest af frystum landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 30.00.
   Af hverri smálest afsaltfiski kr. 6.00.
   Af hverri kind, sem slátrað er kr. 0.90.
   Af hverjum stórgrip, sem slátrað er kr. 1.50.
   c) Kr. 2.50 pr. m^3 selds vatns skv. mæli. Ekkert fastagjald.
   d) Kr. 20.00 pr. m^3 selds vatns til skipa skv. mæli, þó ekki lægra en kr. 250.00.
3. Mælaleiga:
   Kr. 500.00 á ári.
4. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjaldskrána um allt að 50%, einstaka liði eða í heild án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. maí 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 146. 25. maí 1970.

VIÐAUKI

við byggingarsamþykkt Mosfellshrepps nr. 280/1967.

I. KAFLI
Um sumarbústaði.

1. gr.

Sumarbústaður skv. samþykkt þessari, er hús, sem aðeins er ætlað til samfelldrar dvalar að sumri til, en á öðrum tímum árs aðeins endrum og eins, einkum um helgar.

2. gr.

Reisa má sumarbústaði á þeim svæðum í hreppnum, þar sem slíkt er ákveðið í aðalskipulagi, svo og á þeim svæðum öðrum, þar sem hreppsnefnd og skipulagsstjórn ríkisins samþykkja.

3. gr.

Nú óskar eigandi (eigendur) lands, þar sem reisa má sumarbústaði, heimildar til að skipta því í sumarbústaðalönd, og skal hann þá senda hreppsnefnd uppdrátt af landinu ásamt tillögum sínum um skipulag landsins í stórum dráttum, sbr. reglugerð nr. 217/1966 25. gr.

Ef hreppsnefnd eða skipulagsstjórn geta ekki fallizt á tillögur skv. 1. mgr., skal hún svo fljótt sem verða má, tilkynna landeiganda hverju hún telur áfátt.

4. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að landeigandi leggi fram land undir vegi og sameiginleg útivistarsvæði allt að ⅓ af heildarflatarmáli þeirra sumarbústaðalanda, er samþykkt hennar nær til, sbr. 30. gr. í lögum nr. 19/1964.

5. gr.

Þegar hreppsnefnd og skipulagsstjórn hafa samþykkt tillögu að skipulagi landsins og heimilað skiptingu, skv. 3. gr., skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann selur eða leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja afsali. Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða og bílskýlis, ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skolpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0,5 hektarar, nema í sumarbústaðahverfum, þar skal lágmarksstærð lóðar vera 2000 m².

6. gr.

Þegar eigandi sumarbústaðalands ráðstafar slíku landi með afsali eða leigusamningi, skal hann kynna kaupanda (leigutaka) hverjum skilyrðum byggingaleyfi og notkun lands er háð.

Ekki má þinglýsa afsali eða leigusamningi, nema hreppsnefnd hafi hafnað forkaupsrétti (forleigurétti) og staðfest þá ákvörðun með áritun á afsal eða leigusamning. Við áritun á afsal eða leigusamning skal þess gætt, að skilyrða, skv. 1. mgr., sé getið í texta eða á viðfestu blaði, þannig að ekki verði um villzt.

Í afsali (leigusamningi) eða á viðfestu blaði skal taka fram eftirfarandi atriði eftir því sem þau geta átt við:

1. Til hve langs tíma byggingaleyfið gildir, en hreppsnefnd ákveður þann tíma fyrir hvert einstakt svæði, þar sem heimilt er að reisa sumarbústaði. Leyfistími skal þó aldrei vera lengri en 25 ár í senn.
2. Hámarksstærð sumarbústaðar er 45 m². Að jafnaði má hann ekki vera hærri en ein hæð og skulu teikningar af bústaðnum lagðar fram í þríriti ásamt afstöðumynd.
3. Sumarbústaður má ekki standa nær mörkum en 10 metra og ekki nær vegi en 15 metra. Girðingar á mörkum skulu vera limgerði eða lágar einfaldar girðingar, nema hreppsnefnd heimili annars konar girðingu.
4. Sumarbústaðir skulu gerðir úr timbri eða öðru léttu efni.
5. Eiganda sumarbústaðar er skylt að ganga frá rotþró eða skolpveitu, olíugeymi vegna upphitunar, þar sem slíkt er leyft og geymslu sorps svo og eyðingu

þess (brottflutningi) þannig að fullnægjandi sé að dómi hreppsnefndar (heilbrigðisnefndar).

6. Eiganda er skylt að hlíta reglum, er hreppsnefnd kann að setja um lagnir vatns og frárennslis, rafmagns og síma og annan tæknilegan umbúnað.
7. Eftir að byggingarleyfi er fallið úr gildi, getur hreppsnefnd krafizt þess, að sumarbústaður og önnur mannvirki verði fjarlægð henni að kostnaðarlausu. Tilkynna skal slíka ávörðun með a. m. k. 1 árs fyrirvara.

   Ef sumarbústað er svo illa við haldið eða ásigkomulag hans að öðru leyti þannig, að til verulegrar óprýði er, og eigandi sinnir ekki áminningu um að bæta úr innan hæfilegs tíma, er hreppsnefnd heimilt að láta fjarlægja hann á kostnað eiganda. Heimild er þó háð því, að tveir dómkvaddir menn votti, að ástand bústaðarins sé slíkt, sem að framan greinir.
8. Um þrifnað á sumarbústaðalöndum og aðkeyrslum, skulu gilda ákvæði heilbrigðis- og lögreglusamþykkta hreppsins, eftir því sem þær geta átt við.
9. Í leigusamiingi eða afsali skal auðkenna land með nafni og/eða númeri, þannig að ekki verði um villzt.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaðalönd greiðir landkaupandi eða leigjandi: Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m^2 hús kr. 10 000.00, síðan kr. 1000.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m^2. Hámarksgjald skal þó vera kr. 25 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 6. gr.

    Auk þessa er hreppsnefnd heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 1000.00 árlega af hverju sumarbústaðalandi vegna nauðsynlegrar gæzlu og eftirlits.

    Á gjöld samkvæmt grein þessari má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að reglugerð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Byggingarnefnd veitir byggingarleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingarsamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

8. gr.

Nú óskar eigandi lands, þar sem reisa má sumarbústaði, að skipuleggja þar sumarbústaðasvæði, er sé undir stjórn félagasamtaka, og skulu þá gilda reglur 2.—6. gr., eftir því sem þær geta átt við. Heimila má, að land slíks sumarbústaðasvæðis sé óskipt, og er þá leyfilegt að reisa stærri sumarbústaði, en segir í 6. gr. þó eigi stærri en 50 m^2.

Ef um er að ræða sumarbústaðasvæði, eins og að ofan greinir, getur hreppsnefnd áskilið tiltekna samræmda gerð húsa, að því er varðar þök og útlit. Hún getur og áskilið, að á skipulagi séu sýnd sameiginleg leiksvæði, gróðurbelti, gangstígar, bílstæði og annað slíkt. Um gerð og viðhald sameiginlegra mannvirkja, skal höfð hliðsjón af 3. kafla laga nr. 19/1959 um réttindi og skyldur sameigenda.

9. gr.

Nú vill eigandi sumarbústaðalands, selja það, með eða án mannvirkja og hefur þá hreppssjóður forkaupsrétt.

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905, sbr. lög nr. 84/1943 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

25. maí 1970. Nr. 147.

REGLUGERÐ

um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Húsavíkur nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Reglugerðin gildir um allar vatnshitalagnir, svo og lofthitunarkerfi og loftræstingarkerfi.

3. gr.

Stjórn hitaveitu.

Bæjarstjórn Húsavíkur fer með stjórn Hitaveitu Húsavíkur, sem er eign Húsavíkurbæjar. Um daglegan rekstur hitaveitunnar fer eftir samþykkt um stjórn bæjarins. Þegar þörf þykir á að mati bæjarstjórnar, skal ráðinn sérstakur hitaveitustjóri, en þar til hann verður ráðinn skal tæknifræðingur bæjarins fara með störf hans.

4. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Húsavíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

5. gr.

Utanhússlagnir.

Bæjarstjórn (hitaveitustjóri) lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús, sbr. þó 2. málsgr. 4. gr.

6. gr.

Þeim, sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, og getur hitaveitustjóri ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

7. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum og lögnum innanhúss að miðstöðvarkerfi húss. Þetta á þó ekki við um lagnir ofan kjallara eða 1. hæðar, ef hús er kjallaralaust.

8. gr.

Afnot hitaorku.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

9. gr.

Réttur húseigenda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur.

10. gr.

Ábyrgð hitaveitu.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

11. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss, svo og þéttivatn, ef um jarðgufuhitun er að ræða. Ef hitaveitustjóri óskar ekki eftir að nota slíkt afrennslisvatn, getur hitaveitustjóri leyft notkun þess til upphitunar á geymslu, bílskúr, gróðurhúsi eða öðrum slíkum stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Hitaveitustjóri getur þó jafnan afturkallað slík leyfi, ef hann telur hitaveituna þurfa á vatninu að halda.

12. gr.

Umsóknir.

Áður en hafizt er handa um lagning nýrra kerfa, er um getur í 2. gr., eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast.

Umsókn á að fylgja uppdráttur að lögninni í þríriti.

13. gr.

Uppdrættir.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða pípulagningameistara, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu bæjarstjórnar og ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

14. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera DIN A2 (42.0 × 59.4 cm) eða stærri samkv. þeim stöðlum. Lagnir skulu sýndar með rúmteikningu með jöfnun einingum á ásum í mælikvarða 1:50 eða 1:100, en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 49. gr.

Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, pípum, ofnum og loftristum og tengingu þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafizt þess, að útreikningar verði lagðir fram.

15. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafizt þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

16. gr.

Samþykkt uppdrátta.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans, tvö eintök skal varðveita í skjalasafni bæjarins, en hið þriðja skal afhent um sækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasafninu.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

17. gr.

Um rétt manna til að annast hitalagnir.

Um rétt manna til að annast hitalagnir í Húsavík fer eftir lögum um iðju og iðnað. Þeir, sem hitalagnir framkvæma bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða og samþykkta uppdrætti. Ef skipt er um ábyrgðarmenn meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.

Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum skv. reglugerð þessari, er staðizt hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu.

18. gr.

Eftirlit.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar hitalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitustjóra eða eftirlitsmanni hans.

Þrýstiprófa skal hitalagnir sbr. 48. gr.

Álíti eftirlitsmaður hitaveitustjóra, að verk sé eigi framkvæmt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

19. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

20. gr.

Dælur á heimæðum.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

II. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI

21. gr.

Efni og frágangur.

Öll vinna að hitalögnum skal vera vel af hendi leyst og allt efni óaðfinnanlegt. Nú telur hitaveitustjóri, að vinna eða efni sé gallað, og er þá skylt að bæta úr því.

22. gr.

Katlar.

Stærð katla skal tilgreind í Mcal/h (1 Mcal = 10^3 kcal) og fermetrum hitaflatar, og skulu þær stærðir letraðar framan á ketil. Þar skal og letra á hámarks notkunarþrýsting ketils, tilgreina framleiðanda og smíðaár.

Tilgreind afköst skv. 1. mgr. skulu miðuð við eftirfarandi: Ketill skal vera nýhreinsaður, kyntur a. m. k. 4 stundir fyrir prófun með viðeigandi eldsneyti og reykhiti eigi hærri en 200°C í reykpípu við ketil. Mælingar skulu miðaðar við 20° innihita í ketilhúsi.

Við brennslu með föstu efni miðað við ofangreind skilyrði má reykgas eigi innihalda minna en 12.5% af CO_2 en 11%, ef um fljótandi eldsneyti er að ræða.

Ef um minni katla er að ræða en 40 Mcal/h og 5 fermetra hitaflatar, má lágmarks innihald reykgass af CO_2 eigi vera minna en 90%.

Jafnan skal miða við sótlausan bruna eldneytis.

23. gr.

Þrýstiþol katla.

Katlar fyrir vatnshitun skulu þrýstiprófaðir með 6 kg/cm^2, nema annars hærra þrýstimarks sé óskað af þeim, sem uppdrátt gerir.

24. gr.

Uppsetning katla.

Katla skal setja upp þannig, að auðvelt sé að komast að þeim til sóthreinsunar, viðhalds og annars eftirlits. Vatnskatla skal einangra frá gólfi með 10 cm þykkum vikurplötum eða annarri jafngóðri einangrun, nema ketillinn sé með vatnsheldum botni, enda standi hann þá á minnst 3 cm háum fótum.

25. gr.

Um smíði katla, súgspjöld o. fl.

Öll ketillok skulu vera loftþétt. Á reykpípu eða reykháf skal setja sjálfvirkt súgspjald, er haldi jöfnum og réttum súgi í katlinum. Neðst á hverjum vatnskatli skal vera tæmingarstútur, og skal hann að jafnaði settur upp á framhlið hans. Stærð hans skal vera 15 mm á kötlum upp að 5 m^2 hitafleti, en 20 mm á 5 m^2 kötlum og stærri.

26. gr.

Um mæla og öryggisloka á kötlum.

Á öllum vatnskötlum skal koma fyrir vatnshitamæli, þrýstimæli og öryggisloka. Framan á hverjum katli skal komið fyrir reykhitamæli með vísi.

Á loftkatli skal vera hitamælir, er mælir hita frá katlinum.

27. gr.

Forhitarar.

Pípur í forhitara skulu vera þrýstiprófaðar með 30 kg/cm^2, en kápa með 6 kg/cm^2.

Forhitarar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg, lofti eða gólfi og tryggilega fastir.

Á forhiturum skulu vera hitamælar, þrýstimælar og öryggislokar á hliðstæðan hátt og kötlum, sbr. 26. gr., auk tæmingarstúta, sbr. 25. gr., og þannig frá gengið, að ekki valdi hávaða.

Leyfi hitaveitustjóri forhitara, ákveður hann lágmarksstærð hans svo og hvert þrýstingstap má mest verða í forhitaranum við hámarksálag.

28. gr.

Hitageymar.

Við smíði geyma skal þess ávallt gætt, að styrkleiki þeirra verði nægur til að þola vatnsþrýsting þann, sem á þeim kann að verða.

Þeir skulu aldrei prófaðir með minni þrýstingi en 6 kg/cm^2.

Um styrkleika á samskeytum skal fara eftir gildandi ákvæðum um eimkatla. Framan á hverjum geymi skal komið fyrir plötu, sem á sé letrað nafn framleiðenda, stærð geymisins í lítrum, þrýstiþol (raunþrýstingur) í kg/cm^2 og framleiðsluár.

29. gr.

Olíubrennarar.

Lágmarksnýting eldsneytis í olíubrennara skal vera í samræmi við þær reglur sem settar eru í 22. gr., miðað við það álag og þá olíutegund, sem framleiðandi tilgreinir. Olíubrennara skal þannig komið fyrir við ketil, að tryggt sé, að samskeyti við stút hans séu loftþétt. Í hverjum olíukyntum katli skal komið fyrir eld-

holi úr eldföstum steini. Stærð þess og gerð skal fara eftir fyrirsögn framleiðanda brennarans.

Þegar olíubrennari hefur verið settur upp, skal fram fara prófun hans og ketilsins, skv. 22. gr. Sú prófun skal framkvæmd af manni, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu til slíks, og sér hann um samhæfingu tækjanna. Hann skal síðar gefa vottorð um það til eftirlitsmanns hitaveitustjóra, þegar lokaúttekt hitalagnar fer fram.

Við frágang olíubrennara skal þess gætt, að sem minnstur hávaði stafi frá tækinu, enda fari hann ekki yfir 75 decibel mælt í 1 m fjarlægð frá miðju tæki.

Ef nota á olíubrennara, sem ekki eru sjálfvirkir, skal leita samþykkis slökkviliðsstjóra á því.

30. gr.
Baðvatnsgeymar.

Ytra byrði baðvatnsgeyma skal þrýstiprófa með 6 kg/cm² þrýstingi, en innra byrgði og gormpípur með 9 kg/cm².

Baðvatnsgeymar skulu staðsettir í minnst 5 cm fjarlægð frá vegg eða lofti og tryggilega festir. Stútar í baðvatnsgeymum skulu vera sem hér segir:

Fyrir hringrásarvatn	2 stútar
Fyrir baðvatn	2 stútar
Fyrir hitamæli	1 stútur
Fyrir hitastilli	1 stútur

Botnar baðvatnsgeyma skulu vera úthverfir, og skulu suðusamskeyti vera fyrir utan kúpuna.

Um kápugeyma gilda eftirfarandi sérákvæði: Séu geymar undir 700 mm þvermáli skal þykkt kápu vera minnst 4 mm, innra byrðis 5 mm og botns 6 mm. Sé þvermál geyma meira, ber að leggja fram sérstakan útreikning á styrkleika. Innan við kaldavatnsstútinn skal komið fyrir kringlóttri dreifiplötu, sem sé minnst 20 cm í þvermál og 3 mm á þykkt.

31. gr.
Pípur.

Pípur, sem notaðar eru til hitalagna, skulu fullnægja lágmarksákvæðum þeim, sem eru í gildandi þýzkum stöðlum (DIN-Normen 2440 eða 2448).

Allar pípur skulu vera hreinar. Í þeim mega ekki vera ryðskánir. Í gegnum hverja pípu, sem minni er en 50 mm, skal fyrir notkun renna stálkúlu, er sé minnst 80% af þvermáli pípunnar, en stærri pípur nægir að skyggna. Þar, sem pípur eru í múruðum eða lokuðum raufum, fer um samsetning þeirra eftir ákvæðum 32. gr. Um frágang á raufum í kjallaragólfum fer eftir ákvæðum 42. gr.

32. gr.
Um samsetningu pípna.

Pípur 40 mm og víðari skal að jafnaði sjóða saman. Grennri pípur skal annað hvort sjóða saman eða tengja með skrúfuðum tengistykkjum.

Þar sem pípur eru huldar, getur hitaveitustjóri krafizt þess, að samskeyti séu soðin.

Heimilt er að nota kraga eða samfellinga/tengja (Uniona), þar sem líkur eru á því að taka þurfi pípur í sundur síðar.

33. gr.

Um suðuvinnu á pípum.

Nú eru pípur soðnar saman, og skal þá tryggt, að frá öllum samskeytum sé þannig gengið, að soðið sé í gegnum pípuveggina og ekki sé gjall, loftbólur eða aðrir gallar á suðu.

34. gr.

Prófun á suðu.

Eftirlitsmaður hitaveitustjóra hefur rétt til að krefjast þess, að teknir verði bútar úr hitakerfinu til prófunar, svo margir, sem honum þykir við þurfa.

Sá sem ábyrgð ber á verkinu, skal taka slík sýnishorn og færa lögnina í samt lag aftur.

Komi í ljós, að sýnishorn fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður til þeirra, ákveður hitaveitustjóri, hvað gert skuli til lagfæringar eða hve mikinn hluta kerfis skuli endurleggja.

35. gr.

Um pípulögnina.

Pípur skal leggja með tilliti til lofttæmingar hitunarkerfisins.

Þegar breyta þarf stefnu lagnar, skal að jafnaði beygja pípu eftir því, sem aðstæður leyfa. Séu lyppubeygjur notaðar, skal eigi beygja meira en svo, að ein lyppa komi á hverja 10° beygju. Skámiðju-tengistykki skal nota eftir, því sem unnt er.

Við skurð á pípum skal snarað úr endum þeirra. Pípur, sem lagðar eru með veggjum og undir loftum, skal festa með burðarjárnum, og ber að ganga svo frá járnunum, að þau hindri ekki hitaþennslu pípnanna.

36. gr.

Miðstöðvarofnar.

Alla miðstöðvarofna skal skola og þrýstiprófa með 6 kg/cm² þrýstingi, áður en þeir eru settir upp. Ofnar skulu að jafnaði festir á vegg. Fjarlægð milli burðarjárna skal vera mest 80 cm og fjarlægð frá burðarjárni að enda ofns skal ekki vera meiri en 20 cm.

Burðarjárn ofna skal staðsetja þannig, að fjarlægð ofns verði að minnsta kosti 3 cm frá fullgerðum vegg, en fjarlægð frá fullgerðu gólfi upp að ofni skal vera 10—15 cm.

Tengipípur ofna skulu vera svo langar, að þær þoli þensluhreyfingu aðliggjandi stofna.

37. gr.

Geislahitunarlögn.

Í geislahitunarlögn má eingöngu nota pípur, sem þola a. m. k. 40 kg/cm² þrýsting.

Pípurnar skal beygja kaldar, þannig að bil milli pípnanna verði rétt samkv. uppdrætti. Um innsteypt samskeyti vísast til 32. gr. Hitamottur skal leggja á a. m. k. 5—6 mm steypustyrktarjárn eða steinflögur, þannig að tryggt séð að steypa geti runnið undir þær alls staðar.

Áður en hitafletir eru lagðir niður skal kúla send eftir pípum í hverjum einstökum þeirra, og skal hún vera a. m. k. ¾ af innanmáli þeirra pípna, sem hún á að fara í gegnum.

Að lokinni niðursetningu hitaflata og tengingu þeirra skal þrýstireyna geislahitunarkerfið með köldu vatni með 30 kg/cm² þrýstingi, er haldið óbreyttum í 2 klst. Geislahitunarkerfi telst þétt, ef ekki sést rakavottur utan á neinni pípu eftir slíka prófun. Eftirlitsmaður hitaveitustjóra skal vera viðstaddur, þegar prófanir samkv. þessari grein fara fram.

Á öllum geislahitunarkerfum skulu vera sjálfvirk stjórntæki, sem fyrirbyggi að of heitt vatn geti farið inn á þau.

38. gr.
Lokar.

Lokar skulu að jafnaði vera rennilokar með krögum eða suðuendum. Í lokum, sem eru 80 mm eða minni, mega endar vera skrúfuskornir.

Stillilokar skulu að jafnaði vera keilu- eða sætislokar. Við alla miðstöðvarofna skal vera tvístilliloki með kvarða, er sýni, á hvað viðkomandi loki er stilltur.

39. gr.
Þensluker.

Á öllum vatnshitunarkerfum skulu vera þensluker. Á miðstöðvarkerfum, sem hituð eru frá einföldu hitaveitukerfi, skal vera þensluker á uppstreymispípu þannig staðsett, að það sé efsti hluti hitakerfisins. Á kerfum, sem hituð eru frá forhiturum, þarf ekki að vera þensluker á hitaveituæðinni.

Þensluker þau, sem sett eru á frárennslispípur hitaveitukerfa, skulu vera hæfilega stór að dómi hitaveitustjóra. Á þenslukerunum skulu vera loftpípur. Sé frosthætta, þar sem þensluker er staðsett, skal þar einangrað.

Yfirfall skal vera frá öllum opnum þenslukerum til frárennsliskerfis. Yfirfallspípu úr zinkhúðuðu efni eða öðru jafngóðu skal tengja við frárennslikerfi með vatnslás.

Heimilt er að nota þrýstiþensluker (lokað þensluker).

40. gr.
Dælur.

Dæluhús og dæluhjól skulu gerð úr steypujárni eða öðru jafnhentugu efni, en dæluöxlar skulu vera úr ryðfríu stáli. Þó skal dæluhús vera úr stáli, sé notað heitara vatn í miðstöðvarkerfi en 100°.

Skylt er að ganga þannig frá dælu, að ekki valdi óþægindum vegna hávaða. Á dælu skal vera merkiplata með áletruðum upplýsingum um samsvarandi þrýstihæð í metrum og vatnsmagn í lítrum á mínútu (eða m 3/h), snúningshraða og verksmiðjunúmer. Dælu skal fylgja línurit, er sýnir þrýstihæð og vatnsmagn.

41. gr.
Málun.

Allar huldar pípur miðstöðvarkerfa svo og burðarjárn, sem hulin verða, skal mála vandlega með asfaltmálningu, er þoli þann hita, sem kerfið er gert fyrir. Pípur í geislahitunarflötum má þó ekki mála.

Pípur skulu vera þurrar og hreinar, áður en þær eru málaðar. Hitatæki í ketilhúsum skal bronza eða mála með ryðvarnarmálningu. Miðstöðvarofna skal mála með vatns- og olíumálningu, en ekki bronza.

42. gr.

Einangrun.

Allar pípur í veggjum og gólfum skal einangra með ólífrænu einangrunarefni, sem sé að minnsta kosti 20 mm þykkt. Pípur í kjallaragólfi skal þó einangra þannig, að raufir þær sem pípur liggja í, séu fylltar með mjúku asfaltefni, sem blanda má þurrum sandi í hlutföllum 1 hl. asfalt : 2 hl. sandur. Sýnilegar pípur í ketilhúsum skal einangra vandlega með ólífrænni einangrun. Bil milli pípna sé hvergi minna en 20 mm.

43. gr.

Sjálfvirk stjórnartæki fyrir olíuhitun.

Fyrir sjálfvirkar olíukyndingar skal setja upp reykrofa og vatnshitarofa við ketil. Við lofthitunarketil skal þó vera lofthitarofi í stað vatnshitarofa.

44. gr.

Sjálfvirk stjórnartæki fyrir kolahitun.

Á kolakyntum kötlum skal komið fyrir loftspjaldi, er stjórni lofstreymi inn í brennslurúm ketilsins í samræmi við vatnshita.

45. gr.

Sjálfvirk stjórnartæki fyrir rafmagnshitun.

Séu hús hituð frá rafmagnshituðum geymum, fer um uppsetningu þeirra og frágang svo sem ákveðið er í gildandi reglugerð um raforkuvirki.

46. gr.

Sjálfvirk stjórnartæki fyrir hitaveituhitun.

Þar sem hús eru hituð með hitaveituvatni, ber húseiganda að setja á inntakspípu sjálfvirkan loka. Lokanum skal ávallt stjórnað af hitastilli í útrennslispípu, en auk þess af herbergisstilli eða veðurskynjara (útithermostat) eftir því, sem við á í hverju tilfelli. Slíkir lokar skulu gerðir fyrir minnst 7 kg/cm^2 þrýstingsmun, og mega þéttibelgir í þeim ekki vera úr kopar eða koparblöndu.

47. gr.

Mælar.

Á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi Hitaveitu Húsavíkur setur hún upp mæla. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hennar og er skylt að tilkynna tafarlaust, ef vart verður við leka eða aðra bilun í mælunum.


48. gr.

Um þrýstiprófun hitakerfa.

Þegar lokið er lögn miðstöðvarkerfis og áður en pípur eru huldar, skal það þrýstiprófað að viðstöddum eftirlitsmanni hitaveitustjóra. Prófa skal með köldu vatni og 6 kg/cm^2 þrýstingi. Þrýsting skal mæla í ketilhúsi.

49. gr.

Tákn.


K
Ketill
Forhitari
Baðvatnsgeymir
Hitageymir
Öryggisloki með lóði
Þrívega hreyfilloki
Öryggisloki með fjöður
Flotloki
Einstreymisloki
Stilliloki
Hemill
Þrýstiminnkari
Ofnloki
Loftskrúfa
Miðstöðvarofn
Dæla
Framrennslispípa
Bakrennslispípa
Loki
Hreyfilloki
Þrívegaloki
Gólflistaofn
Geislahitunarflötur
Geislahitunarflötur
Lofthitari
Hitamælir
Þrýstimælir
Sáld
Þensluker, opið
Þensluker, lokað
Vatnsmælir

50. gr.

Eftirlit og úttekt.

Áður en einstökum hlutum miðstöðvarkerfis er lokað, skal eftirlitsmanni hitaveitustjóra gert aðvart með hæfilegum fyrirvara og skal hann þá gefa vottorð um ástand (úttekt) lagnarinnar.

51. gr.

Viðurlög við brotum.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. maí 1970. Nr. 148.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grímsey, nr. 120 14. september 1959.

1. gr.

Yfirskrift VII. kafla verði: Um lestagjöld.

2. gr.

21. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

A. Skip og bátar, 12 brúttórúmlestir að stærð og stærri, sem eru í eign manna búsettra í Grímsey og gerðir út þaðan til fiskveiða og flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Grímsey a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, kr. 5.00 af hverri brúttórúmlest skips eða báts, þó aldrei minna en kr. 100.00 á ári.

B. Önnur innlend fiskiskip, 12 til 50 brúttórúmlestir, greiði kr. 1.50 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar, en eigi skulu þau greiða lestagjald þetta oftar en tvisvar á sama mánuði, þó þau komi oftar til hafnarinnar.

C. Öll önnur skip, er til hafnarinnar koma (nema þau sem undanþegin eru lestagjaldi skv. 20. gr.) skulu greiða kr. 0.70 lestagjald fyrir hverja brúttórúmlest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri áætlun, greiði hálft lestagjald.

D. Hafi skip, gjaldskylt skv. B-lið, legið 6 daga, skal það greiða lestagjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skal flutningaskip, sem bíður eftir farmi, ekki greiða gjaldið fyrr en eftir 10 daga. Verði skip veðurteppt, telst sá tími ekki með.

E. Lestagjaldið er þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu.

Auk hafnargjalds greiða fiskiskip 12—50 brúttórúmlestir í bryggjugjald í hvert sinn er þau leggjast að bryggju, kr. 1.00 af brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 25.00.

Öll fiskiskip, 50 brúttórúmlestir og stærri, greiði kr. 0.30 á brúttórúmlest.

3. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vélbátar, 5 rúmlestir og minni, sem eru í eign manna búsettra í Grímsey, greiði kr. 300.00 á ári í hafnar- og bryggjugjöld.

Vélbátar, 5—12 rúmlestir brúttó, greiði kr. 600.00 í hafnar- og bryggjugjöld.

4. gr.

Á eftir 3. málsgrein 31. greinar reglugerðarinnar komi ný málsgrein, sem verði 4. málsgrein svo hljóðandi:

Undanþegin bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skip sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna veðurs, en hafa ekki samband við land, og skip, sem sannað er fyrir sjórétti, að hafi orðið að leita hafnar vegna sjótjóns.

5. gr.

37. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Grímseyjarhrepps.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. maí 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 149. 25. maí 1970.

AUGLÝSING

um staðfestingu á uppdrætti af aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 20. maí 1970 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Sauðárkróks.

Félagsmálaráðuneytið, 25. maí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 22. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laganna er veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 100 milljónum króna. Vaxtabréfin skiptast í flokka og er 19. flokkur þeirra, sá sem fyrst kemur til framkvæmda. Flokkur þessi nefnist 22. flokkur. Samanlögð fjárhæð bankavaxtabréfa í þessum flokki má ekki fara fram úr 15 milljónum króna. Áður hafa verið staðfestar reglugerðir um útgáfu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 73 22. maí 1965, fyrir 19., 20. og 21. flokk, að fjárhæð samtals 70 milljónir króna.

Heimilt er með samþykki ráðherra, að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn. Ráðherra ákveður að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær flokknum skuli lokið.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf til handhafa, (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari. Fjárhæð þeirra skal vera 5000.00 krónur og skal hvert vaxtabréf vera tölusett og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, sem stjórn Landsbankans ákveður. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda vaxtamiða til 10 ára minnst. Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum flokksins vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 8. gr. laganna).
3. Einföld ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3 skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum greiðast einu sinni á ári, 2. janúar gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga skulu innleystir í veðdeild Landsbankans. Stjórn veðdeildarinnar ákveður vextina og mega vextir af bankavaxtabréfum þessum aldrei vera hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

6. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í húseignum eða einstökum íbúðum með lóðarréttindum. Getur veðdeildin krafizt frumrita eða staðfestra afrita af þeim samningum, sem liggja til grundvallar viðkomandi lóðarréttindum. Veðið skal vá-

tryggt í vátryggingastofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

mílu út af Tösku. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur á skipi ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

15. gr.

Öll skip, sem stærri eru en 30 rúmlestir brúttó, skulu hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og athafna sig í höfninni. Komi sama skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiferðaskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

16. gr.

Ef sjúkdómar eru á skipinu eða ástæða er til að ætla, að sótthætta geti stafað af því, ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

17. gr.

Þegar skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarskrifstofunnar, sem segir honum hvar skipið megi liggja.

18. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald.

19. gr.

Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

20. gr.

Hafnsögugjald.

Öll aðkomuskip, sem fara inn á innri höfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald eins og hér segir, reiknað af brúttóstærð skipsins.

Innlend skip og bátar greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, ef þau koma á innri höfn, nema þau noti aðstoð hafnsögumanns.

Herskip og varðskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

a. **Fyrir leiðsögu til hafnarinnar** kr. 350.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir, og kr. 1.00 fyrir hverja brúttó rúmlest frá 100 til 3000 brúttó rúmlestir, og kr. 0.50 fyrir hverja brúttó rúmlest þar yfir.

b. **Fyrir leiðsögu frá höfninni** kr. 350.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir, og kr. 0.50 fyrir hverja brúttó rúmlest frá 100 til 300 brúttó rúmlestir, og kr. 0.25 fyrir hverja brúttó rúmlest þar yfir.

c. **Fyrir leiðsögu um höfnina** greiðist kr. 200.00 fyrir hvert skip, sem er allt að 100 brúttó rúmlestir og kr. 0.30 að auki fyrir hverja brúttó rúmlest fram yfir 100.

d. **Fyrir að vera úti í skipum** greiðist kr. 500.00 á sólarhring eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er aftur kominn heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim. Jafnframt greiði sömu skip hafnsögugjald undir staflið a. og b.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

21. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

22. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

23. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkvæmt 12. og 13. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum, unz gjaldið er greitt.

24. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

25. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

26. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

27. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

28. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 38 14. marz 1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Rifi á Snæfellsnesi, nr. 75/1959.

Samgönguráðuneytið, 22. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andréssonar gullsmiðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. júní 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólagjafasjóð Guðmundar Andréssonar gullsmiðs.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá Guðmundar Andréssonar, gullsmiðs dags. 11. okt. 1968, en hann andaðist 11. nóv. 1968.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til barna, gamalmenna og annarra vistmanna, er dvelja langdvölum á sjúkrahúsum landsins, hælum, elliheimilum og barnahælum svo og til hjúkrunarnema.

Styrkina skal veita um jólaleytið ár hvert.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undir forsjá landlæknisembættisins og annast það fjárvörzlu hans og reikningshald. Ríkisendurskoðunin skal hafa eftirlit með sjóðnum og árlega endurskoða reikninga hans.

4. gr.

Með úthlutun úr sjóðnum fer 3 manna úthlutunarnefnd. Skal hún skipuð landlækni, biskupinum yfir Íslandi eða fulltrúa er hann tilnefnir og manni kjörnum af stórstúku IOOF á Íslandi.

5. gr.

Eignir sjóðsins sem nú eru að mestum hluta í öðru en peningum, skulu seldar og skal við söluna fylgt fyrirmælum arfleiðsluskrár. En þess skal gætt eftir því sem unnt er að sjóðurinn sé jafnan varðveittur í verðtryggðum eignum. Landlæknisembættið skal ráðstafa eignavörzlu sjóðsins, og hafa þar um samráð við úthlutunarnefnd.

6. gr.

Við vörzlu sjóðsins skal þess jafnan gætt svo sem unnt er að eignir hans ekki rýrni að verðgildi. Skal úthlutunarnefnd miða fjárveitingar úr sjóðnum við það. Meðan eignum sjóðsins hefur ekki verið komið í vaxtabærar eignir að fullu má þó úthluta úr sjóðnum allt að kr. 100 000.00 á ári, en gæta skal þess að slíkar fjárveitingar verði aftur lagðar við sjóðinn á næstu árum eftir því sem vaxtatekjur hans leyfa.

7. gr.

Úthlutunarnefnd skal gjöra sér grein fyrir hag og þörfum fólks þess, er styrkja úr sjóðnum fær notið og setur sér að öðru leyti starfsreglur.

Úthlutunarnefnd skal halda gjörðabók um starf sitt, úthlutanir úr sjóðnum og fjárvarðveizlu sjóðsins.

Þannig sett og samþykkt samkvæmt fyrirmælum erfðaskrár Guðmundar Andréssonar dags. 11. okt. 1968.

12. febrúar 1970.

Sigurður Sigurðsson. Sigurbjörn Einarsson. Reynir Oddsson.
Kr. Kristjánsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Þórarin skólameistara Björnsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. júlí 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þórarin skólameistara Björnsson.

1. gr.

Minningarsjóður Þórarins skólameistara Björnssonar er stofnaður með framlögum nemenda hans, vina og vandamanna, eftir andlát hans hinn 28. janúar 1968, í virðingarskyni og þakklætis fyrir hin veigamiklu störf hans í þágu íslenzkra menntunar- og menningarmála.

Stofnfé sjóðsins er kr. 537 789.44.

2. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri og fer um vörzlu, fjárreiður, bókfærslu og endurskoðun á reikningum sjóðsins eftir almennum reglum um sjóði í vörzlum skólans.

3. gr.

Þriggja manna stjórn fer með yfirráð sjóðsins. Skal skólameistari vera sjálfkjörinn formaður hennar, en tveir meðstjórnendur kjörnir árlega af kennarafundi. Þó skal ekkju Þórarins, frú Margréti Eiríksdóttur, heimilt að tilnefna annan meðstjórnandann, ef hún óskar þess.

4. gr.

Úthluta skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Fer úthlutunin fram á afmælisdegi Þórarins Björnssonar, 19. desember, en tilkynna skal um styrkveitinguna við skólaslit.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingu og ræður því, hvort auglýsa skuli eftir umsóknum eða ekki.

5. gr.

Gjafir og aðrar tekjur sjóðsins leggjast óskiptar við höfuðstól, en hann má aldrei skerða.

Úthluta má hverju sinni allt að ⅘ hlutum af vöxtum sjóðsins eins og þeir voru næsta ár á undan úthlutun.

Styrki má veita stúdentum frá Menntaskólanum á Akureyri til háskólanáms eða framhaldsnáms, og skulu þeir stúdentar að öðru jöfnu ganga fyrir, sem leggja stund á frönsku eða franskar bókmenntir, latínu eða bókmenntir á latínu eða heimspekileg fræði. Styrknum skal úthlutað til traustra og góðra nemenda, er sýnt hafa góða ástundun og eru góðir skólaþegnar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 23. febrúar 1970.

Steindór Steindórsson,
formaður.

Brynjólfur Sveinsson,
meðstjórnandi.

Aðalsteinn Sigurðsson,
meðstjórnandi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 214 25. október 1966 um möskvastærð botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Sömu reglur um möskvastærð skulu gilda á hafsvæðinu er takmarkast af vesturströnd Grænlands og eftirgreindum línum: Frá 78°10′ n.br. og 73°00′ v.lgd. er dregin lína að 75°00′ n.br. og 73°30′ v.lgd. og þaðan í suðaustur átt að 69°00′ n.br. og 59°00′ v.lgd., þaðan í réttvísandi suður að 61°00′ n.br. og 59°00′ v.lgd. Þaðan hugsast lína dregin í suðausturátt að 52°15′ n.br. og 42°00′ v.lgd. og þaðan í réttvísandi norður að 59°00′ n.br. og 42°00′ v.lgd. og þaðan í réttvísandi vestur í punkt 59°00′ n.br. og 44°00′ v.lgd. og þaðan í Góðvon. (Cape Farwell).

2. gr.

Aftan við 1. málsgrein 7. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Þó skulu brot á ákvæðum síðustu málsgreinar 1. gr. reglugerðarinnar varða sektum frá 500.00 til 20 000.00 krónum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 56 12. maí 1970 um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar í Norðvestur Atlantshafi til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

Nr. 161. 21. júlí 1970.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn Akureyrar nr. 143 29. ágúst 1966.

1. gr.

29. gr. B, 2, orðist svo: „Sjúkrahússtjórn: 5 aðalmenn og 5 til vara".
29. gr. B, 3, orðist svo: „Elliheimilastjórn: 5 aðalmenn og 5 til vara".
29. gr. B, 7, orðist svo: „Heilbrigðisnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara".
29. gr. B, 9, orðist svo: „Skipulagsnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara".

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 12 5. febrúar 1958 um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar nr. 215 27. desember 1947.

1. gr.

Í stað orðanna „Bæjarráð skal skipað fimm fulltrúum“ í 1. gr. 1. mgr. samþykktarinnar, komi: „Bæjarráð skal skipað þrem bæjarfulltrúum“.

2. gr.

Eftir setningunni: „Í forföllum aðalmanna skulu varamenn mæta“ í 1. gr. 3. mgr. i. f. samþykktarinnar, komi: „Bæjarráð getur leyft, að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti“.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

30. júlí 1970. Nr. 163.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frú Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási í Hegranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júlí 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási í Hegranesi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 7. júlí 1969 í tilefni af því, að þá eru liðin 100 ár frá stofnun fyrsta kvenfélags í Skagafirði, en það var gert að Ási í Hegranesi, og að frumkvæði frú Sigurlaugar Gunnarsdóttur, húsfreyju þar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 og er það lagt fram af kvenfélögum í Sambandi skagfirzkra kvenna og ættingjum frú Sigurlaugar Gunnarsdóttur.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðstjórnarinnar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Héraðssjúkrahúsið á Sauðárkróki og ellideild þess eða elliheimili, sem reist kann að verða í hennar stað, til kaupa á lækninga-

tækjum eða öðru því, sem stjórn sjóðsins telur mesta nauðsyn á á hverjum tíma. Óheimilt er að nota fé sjóðsins til rekstrar þessara stofnana.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.

Sérstök þar til gerð bók skal liggja frammi í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki og má færa í hana stutt æviágrip þeirra, sem minningargjafir eru gefnar um og skulu gefendur annast ritun þeirra.

6. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal í fyrsta sinn ekki fara fram fyrr en höfuðstóll hans er orðinn kr. 200 000.00, en þá má veita úr honum þá upphæð sem umfram er kr. 100 000.00.

Eftir það er stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta, þó þannig að óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins þannig að hann verði lægri en kr. 100 000.00.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa yfirlæknir Héraðssjúkrahússins á Sauðárkróki og tvær konur, önnur búsett á Sauðárkróki en hin í Skagafjarðarsýslu.

Konur þessar skulu vera starfandi kvenfélagskonur og skulu þær kosnar á aðalfundi Sambands skagfirzkra kvenna til þriggja ára í senn. Á sama hátt skulu kosnar tvær konur til vara.

Endurskoðendur reikninga Héraðssjúkrahússins skulu endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og fjárreiður allar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 7. júlí 1969.

F. h. stofnenda í stjórn Sambands skagfirzkra kvenna:

Pála Pálsdóttir. Helga Kristjánsdóttir. Emma Hansen.

Nr. 164. 30. júlí 1970.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Eyrarbakkahreppi í Árnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er ráðningartímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum sveitarsjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum yrði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps í Árnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um hækkun fæðingarstyrks samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Fæðingarstyrkur, samkvæmt 18. gr. laga nr. 40 30. apríl 1963 skal hækka úr kr. 11 600.00 í kr. 13 000.00 við hverja fæðingu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 23. apríl 1965 um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963 um almannatryggingar, staðfestist hér með til að taka gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 10. ágúst 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 166. 12. ágúst 1970.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Blönduós.

I. KAFLI
TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Höfnin takmarkast landmegin frá Mógili sunnan við Bolanöf að hugsaðri línu vestur frá norðvesturhorni neðri brekku kauptúnsins, og er höfnin fyrir þessari strandlengju fram yfir mælda skipalegu.

II. KAFLI
STJÓRN HAFNARINNAR OG REKSTUR

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Sveitarstjórn kýs á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjóra við daglegan rekstur hafnarinnar, eftirlit og umsjón, skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann, og aðra fasta starfsmenn eftir tillögum hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem m. a. verksvið þeirra er ákveðið.

Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

III. KAFLI
UM ALMENNA REGLU Á HÖFNINNI OG HAFNARSVÆÐINU

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem kemur á skipi sínu á höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll. Eintak af hafnarreglugerðum fæst afhent í skrifstofu hafnarinnar án endurgjalds og skal það vera í sérhverju skipi, er liggur á höfninni eða við bryggju eða hafnargarð.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skylt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni og efni, sem sprengihætta stafar af. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum, né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt að ekkert af henni renni í höfnina á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI
UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFREIÐSLU ÞEIRRA

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sótthætta geti stafað að því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. 1 maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járni, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Flestum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má kræklja hökum í bryggju eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er ferming eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI
UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

21. gr.

Skipum má leggja í lægi í höfninni með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi í höfninni, skal ekki sjaldnar en á eins mánaðar fresti fara út í það til að líta eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eigenda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni þó það sé mannlaust, sé það svo þétt, að áliti hafnarstjórnar sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hætta.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarstjórn um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarnefnd sé samþykk útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafizt, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjóraréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð ef færa þarf skipið til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmannsins öllum þeim fyrirskipunum, er skipið varða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA VÖKVA OG SPRENGIEFNA

24. gr.

Skip sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, benzín, aceton, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B", að degi til en að næturlagi rautt ljós í stað þess. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

26. gr.

Öll skip, sem eru 12 rúmlestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil, en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestargjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslenzk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálft lestargjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslenzk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

27. gr.

Lestargjald.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald kr. 0.90 fyrir hverja brúttó rúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita eða setja á land sjúka menn eða látna.

28. gr.

Bryggjugjöld.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, kr. 0.40 af hverri brúttórúmlest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

29. gr.

Hafnargjöld fyrir íslenzk fiskiskip, allt að 400 rúmlestum:

a. Opnir bátar greiði kr. 500.00 á ári.
b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu, eða lengur, skulu greiða kr. 60.00 í lesta- og bryggjugjald af hverri brúttó rúmlest á ári. Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.
c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 20.00 í lestar- og bryggjugjald af hverri brúttó rúmlest á mánuði.
d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni skulu greiða kr. 2.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttó rúmlest, fyrir hvern sólarhring eða hluta

úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni. Þó greiðist þetta gjald ekki oftar en 10 sinnum á almanaksmánuði.

Gjöld þau, er um getur í grein þessari skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Af vörum, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, greiðist ekkert gjald.
b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslenzk skip til eigin notkunar.
c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
d. Bréfapóstur og farangur ferðamanna.

33. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldugur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til getur hún, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera 10 krónur. Leiki vafi á í hvaða flokk skuli telja vöru, skal hafnarstjóri skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

VÖRUGJALDSKRÁ

35. gr.

Brottfluttar og aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fóðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum, gærur, húðir og garnir, garðávextir, steypustyrkt-

arjárn, smíðajárn, steinefni til bygginga, sement, kalk, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þungavörur.

2. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Olíur alls konar og benzín, landbúnaðarafurðir ótaldar annars staðar.

3. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:
Vélar, varahlutir, rafmagnsvörur, miðstöðvarefni, vatnsrör og pípur, byggingarvörur ótaldar annars staðar.

4. flokkur. Gjald kr. 12.00 fyrir hver 100 kg:
Vefnaðarvörur og fatnaður úr hvers konar efni, efni til fatnaðar, skótau, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnavörur til iðnaðar. Vörur ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.

5. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir 0.1 teningsmeter:
Trjáviður, húsgögn, hljóðfæri og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
Brottfluttar sjávarútvegs- og landbúnaðarafurðir.

6. flokkur. Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg:
Hraðfrystur fiskur og ísaður, saltfiskur, fiskimjöl, síldarmjöl, lýsi.

7. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Síld og hrogn í tunnum.

8. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg:
Skreið, niðursuðuvörur.

9. flokkur. Gjald fyrir hvert stykki:
Stórgripir kr. 30.00, sauðfé, loðdýr kr. 10.00, tómar tunnur og kassar og þess háttar kr. 4.00.

10. flokkur. Gjald 0.75% af verðmæti afla (aflagjald), lögðum á land á hafnarsvæðinu til vinnslu, verkunar eða brottflutnings.

Fiskkaupanda ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega. Aflamagnið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Fiskkaupanda ber að standa skil á greiðslu aflagjalds mánaðarlega.

36. gr.
Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

37. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstöku mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

Ársleiga fyrir benzíntanka, olíutanka og dælur á hafnarsvæðinu, skal vera kr. 2500.00 fyrir hvern. Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

38. gr.

Fyrir að leggja skip eða bát í fjörur hafnarinnar til hreinsunar eða aðgerðar skal greiða kr. 0.50 af hverri brúttó rúmlest skipsins eða bátsins fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, þó aldrei minna en kr. 50.00.

49. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó kr. 500.00 á ári. 12—50 lestir brúttó kr. 1500.00 á ári. 50 lestir brúttó og yfir kr. 3000.00. Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 20.00 pr. tonn.

40. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki eru talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarnefnd.

UM INNHEIMTU OG GREIÐSLU GJALDA

41. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin þar.

42. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

43. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar samkvæmt 12. og 13. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, unz gjaldið er greitt.

44. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir samningsaðili.

45. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjóra um afnotin.

46. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipunum er látin í té af hafnarinnar hálfu.

47. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

48. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

49. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans, skv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

51. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Blönduós, nr. 150 31. júlí 1951, með áorðnum breytingum.

Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 167. 7. ágúst 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Á eftir fjórða tölulið B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar komi nýr töluliður svo hljóðandi:

Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra, sem áður er getið. Enn fremur í hlutabréfum, en þó má aldrei verja meiru en 10% af árlegu ráðstöfundarfé lífeyrissjóða til hlutabréfakaupa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. ágúst 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

17. ágúst 1970. Nr. 168.

REGLUGERÐ

um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, sem ætlaðar eru til sölu og neyzlu, skal framkvæma af dýralæknum eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 8. gr. laga nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna og 5. gr. og 7. gr. laga nr. 30 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

2. Þeir, sem framkvæma heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, verða að hafa góða sjón og mega ekki vera haldnir smitandi berklum.

3. Trikínuskoðun skal eingöngu framkvæmd af dýralæknum eða undir umsjón og ábyrgð þeirra af sérþjálfuðum mönnum. Yfirdýralæknir segir fyrir um, hvar trikínuskoðun skuli framkvæmd og á hvaða dýrum.

4. Ef nauðsynlegt er að fá úr því skorið með sýklarannsókn, hvort sláturafurðir eru hæfar til manneldis, skal senda sýni af gripnum til rannsóknar að Tilraunastöð háskólans í meinafræði, sem framkvæmir hana gegn hæfilegri þóknun.

5. Skylt er dýralæknum, læknum og öðrum, sem starfa að heilbrigðisskoðun sláturafurða að hlíta þeim reglum, sem hér eru settar.

Skoðun á lifandi sláturgripum.

2. gr.

Aðalmarkmið heilbrigðisskoðunar á sláturgripum er að verja heilbrigði neytenda gegn þeim margvíslegu hættum, sem neyzla kjöts getur haft í för með sér og girða fyrir að til neytenda berist óhreinar, mengaðar eða ógeðfelldar afurðir, skemmdar eða með annarlegu bragði eða útliti. Til að tryggja þetta sem bezt er ekki nóg að skoða kjöt og innyfli að lokinni slátrun, heldur þarf einnig að skoða sláturgripi á fæti.

1. Við skoðun gripa á fæti verður kjötskoðunarlæknir að leitast við að gera sér sem gleggsta grein fyrir heilsufari skepnanna og öðru, sem haft getur þýðingu fyrir kjötskoðunina, en einkum skal beina athygli að því, hvort um smit- eða septiska sjúkdóma eða eitranir geti verið að ræða.

2. Til að geta myndað sér skoðun um heilsufar sláturpenings skal kjötskoðunarlæknir athuga:

a. Holdafar og háralag.
b. Augnaráð, yfirbragð og andardrátt.
c. Hreyfingar, limaburð, liðamót, eitla, júgur og naflastæði á ungviði.
d. Hvort um sé að ræða rennsli úr munni, nösum eða skeið eða merki um skitu.
e. Hvort merki séu um útbrot, áverka, sár, mar, brákun eða beinbrot.

3. gr.

1. Virðist kjötskoðunarlækni skepna vera sjúk, skal rannsaka hana nánar, mæla líkamshita o. s. frv. Ef ástæða er til, skal dýralæknir leita upplýsinga um heilsufar skepnunnar undanfarið.

2. Sé líkamshitinn óeðlilega hár, en að áliti læknis skammvinnur, skal ráðlagt að fresta slátrun skepnunnar, auðkenna hana og halda henni sér.

3. Sjúkum skepnum skal slátra sér, og þess skal vandlega gætt, að afurðir þeirra geti undir engum kringumstæðum mengað afurðir af heilbrigðum sláturpeningi. Jafnframt skal framkvæma nauðsynlega hreinsun og sótthreinsun á þeim hluta sláturhússins, sem kann að hafa mengazt. Forðast skal að slátra sjúkum skepnum á sláturhúsum, sé þess nokkur kostur, nema til þess sé ætlaður sérstakur staður í húsinu.

4. Hafi sláturpeningur verið rekinn langar leiðir til slátrunar eða fluttur á vögnum eða skipum, einkum í heitu veðri, geta sjúkleg einkenni iðulega komið í ljós af völdum flutnings.

Ber þá að fresta slátrun um stundarsakir unz gripirnir hafa jafnað sig. Séu skepnur úr hófi skítugar, má vísa þeim frá slátrun unz þær hafa verið þrifnar.

5. Skoðun skal framkvæmd sjálfan slátrunardaginn, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun til slátrunar.

6. Við skoðun verður að vera góð birta, dagsbirta eða ljós ígildi hennar. Læknir skal auðkenna þá gripi, sem athugunarverðir reynast við skoðun, svo þá megi þekkja við slátrun.

7. Dýralækni ber að hafa gát á því, að ómannúðleg meðferð eða misþyrming dýra eigi sér ekki stað í sláturhúsi, eða við flutninga sláturpenings.

Kjötskoðun.

4. gr.

1. Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því, að hreinlæti sé um hönd haft í sláturhúsi, umgengni þrifaleg og að afurðir óhreinkist ekki eða sóttmengist, sbr. reglugerð um útbúnað sláturhúsa nr. 205/1967.

Hann á sjálfur að vera hreinlátur í vinnubrögðum og hafa hrein hlífðarföt og höfuðbúnað við vinnu. Hnífum og öðrum áhöldum, sem hann notar við skoðina, skal halda vel hreinum og sótthreinsa þau jafnaðarlega. Öll framkoma hans skal vera þannig, að til fyrirmyndar sé þeim, sem við slátursförf fást.

2. Kjötskoðunarlæknir skal gæta þess, að fláning sláturdýra nema svína sé framkvæmd án tafar að lokinni blæðingu skepnunnar. Hann skal gæta þess, að líffæri, sem tekin eru úr skrokknum áður en skoðun fer fram, séu merkt eða þeim raðað þannig, að rekja megi saman líffæri og skrokka og hausa. Einnig skal hann gæta þess, að ekki séu fjarlægð sjúk líffæri eða líffærahlutar. Ljúka skal skoðun þeirra sláturdýra, sem ætla verður heilbrigð, áður en skoðun á sjúkum dýrum hefst, sé þess kostur.

Ef líffæri vantar við skoðun á sláturdýrum eða hafi merkingar ruglazt, er kjötskoðunarlækni óheimilt að merkja sláturafurðir skilyrðislaust hæfar til manneldis. Kjötskoðunarlæknir skal gæta þess vandlega, að smitdreifing eigi sér ekki stað við skoðun á sláturafurðum, sem sjúklegar breytingar finnast í.

3. Kjötskoðunarlæknir á að vera til staðar í sláturhúsinu dag hvern meðan á slátrun stendur. Sé kjötskoðunarlæknir ekki viðlátinn einhvern tíma, skal trúnaðarmaður hans eða aðstoðarmaður fylgjast með því, að öll störf og meðferð sláturafurða fari fram reglum samkvæmt.

4. Kjötskoðun skal framkvæma eftir föstum reglum og í góðri birtu, helzt við dagsbirtu.

5. Endist dagur ekki til skoðunar, getur skoðun og merking afurða beðið næsta dags. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, er dýralækni heimilt að fresta lokadómi kjötskoðunar, t. d. ef þörf er fyllri upplýsinga eða rannsókna.

6. Kjötskoðunarlæknir má að jafnaði dag hvern ekki skoða yfir 1500 dilka eða 1000 sauðkindur fullorðnar, eða 100 stórgripi eða 200 svín eða 200 kálfa eða folöld. Fyrir heilbrigðisskoðun sláturgripa ber dýralækni þóknun samkvæmt gjaldskrá fyrir dýralækna. Sama gegnir um eftirlit með hreinlæti og þrifnaði í sláturhúsum. Nauðsynlega aðstoð við heilbrigðisskoðun og merkingu skal sláturleyfishafi greiða.

5. gr.

Fullorðna nautgripi skal skoða sem hér greinir:

Hausinn er skoðaður á þann hátt, að skornar eru ein eða tvær lengdarristur í innri og ytri tyggingarvöðva allt eftir þykkt þeirra. Er þar leitað að sullum (Cysticercus bovis). Finnist einn sullur eða fleiri, verður að hefja leit í öllum tyggingarvöðvum, þind og hjarta, sem skorið er í þunnar sneiðar. Kljúfa skal skrokkinn og hefja skipulega leit að fleiri sullum í vöðvum, einkum þó í tungu-, háls- og kviðarvöðvum.

Því næst skal skoða eitla í kverk (lgl. submandibularis, lgl. subparotidea, lgl. retropharyngeales), góm, nasir, kjálka og augu.

Tungan er skoðuð, þukluð, hvort ekki kunni að vera mein eða hnútar í henni; skorið í gl. tonsillaris. Vélinda skoðað. Barki og barkakýli opnað og skoðað.

Lungun. Við lungnaskoðun er fyrst skorið í eitla (lgll. mediastinales, lgl. bronchiales). Því næst eru lungnablöðin skoðuð og þukluð og ristur lagðar í lungun.

Hjarta og gollurshús er skoðað. Hjartahólf opnuð og rista skorin í vöðvann milli þeirra.

Lifur er skoðuð, skorið í lifrareitla (lgll. hepaticae) og rista lögð þvert á stærstu gallgangana.

Þindin er skoðuð beggja vegna og eitlar skornir (lgll. mediastinales).

Miltið er skoðað og þuklað, og lagðar í það tvær lengdarristur.

Vömb, magar og þarmar eru skoðaðir. Ekki þykir ástæða til að opna meltingarveginn, nema grunur sé vakinn um sjúklegar breytingar.

Netjan og hengið er skoðað og rist í eitla (lgll. mesentericae).

Legið er athugað og þuklað og leghornin opnuð, ef vakinn er grunur um sjúklegar breytingar. Sama máli gegnir um þvagblöðru.

Nýrun eru skoðuð, nýrnahjúpur tekinn af, og ef ástæða þykir til, eru nýrun opnuð með djúpri ristu.

Nýrnahetturnar eru skoðaðar og skurður lagður í þær.

Júgrið er skoðað og þuklað, djúp rista lögð í hvorn júgurhelming. Júgureitlar (lgll. inguinales superficiales) ristir sundur.

Getnaðarlimur og eistu skoðuð og þukluð.

Þegar innyflin hafa verið skoðuð, er **skrokkurinn** sjálfur skoðaður, vöðvar, fitulög, bein og liðir. Leitað er eftir bólgu í liðum, sárum, marblettum og blæðingum.

Brjósthimna og lífhimna eru skoðaðar, og rist er í lgll. inguinales profundae.

6. gr.

Kálfar. Skoðun fer fram með svipuðum hætti og á fullorðnum nautgripum. Þegar um smákálfa er að ræða, má sleppa ristum í tyggivöðva. Hnífristur í kverkeitla skal aðeins gera, ef ástæða er til. Gætt skal vandlega að því, hvort um sé að ræða

bólgu við naflastreng, stækkun á milti, lífhimnubólgu, liðabólgur, þarmabólgu, gulu, lungnabólgu, smáþarmabólgu eða sepsis og lélega blóðtæmingu úr skrokknum.

7. gr.

Hross. Skoðun fer eftir sömu reglum og nautgripaskoðun, þó er ekki leitað eftir sullum í tyggivöðvum. Athuga ber sérstaklega: Ef hrossið er grátt eða hvítt, eða ef dökkur litur sést í vegg æða í grindar- og kviðarholi, skal hefja leit að blekæxlum (melanosarkom). Bógar eru skornir frá, því oft er æxlið að finna í vöðvum undir herðablaðinu ofanvert.

Gæta skal að meltingarfærum, sérstaklega vegna kveisueinkenna, óeðlilegrar blóðfylli, dreps, magarifu eða æðatappa. Lífhimnu skal athuga vel, og hvort annarlegur þefur sé í kviðarholi, hvort meðalalykt finnist af kjötinu og hvort sjáanlegar séu blæðingar í bóg og lendavöðvum, sem merki þess, að hrossið hafi hent sér niður og velt sér.

Enn fremur skal aðgætt, hvort æxlismyndanir finnist á getnaðarlim og lgll. inguinales profundae eða ígerðir á geldingarstað.

Við skoðun á folöldum og tryppum skal sérstaklega aðgætt, hvort vöðvar á ganglimum séu bólgnir vegna ofreynslu, og aðgæta ormalirfur í fitu í kviðarholi.

8. gr.

Sauðfé og geitfé. Í stórum dráttum er farið eftir sömu reglum og við skoðun nautgripa. Þó skal eftirfarandi gætt:

1. Vömb ásamt vélinda, mögum og þörmum er skoðuð. Milti skoðað.
2. Mjógarnir eru breiddar út og hengi og hengiseitlar skoðaðir. Ef taka á sýni til skoðunar vegna garnaveiki, er það tekið aftast úr mjógörn framan við langa.
3. Netja er skoðuð, einkum með tilliti til sulla.
4. Lifur er þukluð og skoðuð frá báðum hliðum.
5. Lungu og hjarta eru skoðuð og þukluð.
6. Skrokkurinn er skoðaður að utan og gát höfð á óhreinindum, sárum og marblettum, liðabólgum, beinkröm og grófum fláningsgöllum.
7. Gáð er að óhreinindum í grindarholi, kviðar- og brjóstholi, smáblæðingum undir lífhimnu, rifbrotum, lífhimnu- og brjósthimnubólgu.
8. Nýrun eru þukluð, fylgi þau skrokknum.
9. Þukla skal læreitil (lgl. subiliaca), júgureitla (lgll. inguinales superficiales) og hnésbótareitil (lgl. poplitea). Síðan skal þukla bógeitilinn (lgl. cervicalis superficialis), og um leið er athugað, hvort óhreinindi og hár sé að finna framan við bóga og á hálsi.

Varðandi skoðun sauðfjár skal taka fram eftirfarandi um einstaka sjúkdóma:

Bráðapest. Það ber eigi sjaldan við, að bráðapestar verði vart í dilkum, sem bíða slátrunar. Ber þá við, að þessar kindur komi til slátrunar.

Sé bráðapest á háu stigi, leggur megnan, sérkennilegan óþef af innyflum og skrokk. Rauðir og rauðbláir flekkir sjást utan á vinstur, og sé vinstrin opnuð, er gorið oft blóðlitað og blóðug slímhúðarsár sjást einkum á vinstrarfellingum. Oft sést útbreidd lífhimnubólga með þrútnum háræðum og fíbrínskánum. Allur er skrokkurinn með sérkennilegum, brúnbláum litblæ.

Gula getur leynzt, ef ekki er skoðað við dagsbirtu, en oft sjást þá samtímis sjúklegar breytingar á lifur. Gulur litur á fitu sést af og til á heilbrigðum dilkum og er bundinn við ætterni.

Lungnakvillar af ýmsu tagi eru algengir, mest ber á langvinnri ormalungnabólgu, lungnapest og ákafri lungnabólgu í framblöðum. Þessum sjúkdómum fylgja iðulega ígerðir og samgróningar milli lungna og brjóstveggs.

Sullir. Kjötskoðunarlækni ber að hafa gát á því, að sullir séu jafnóðum teknir frá, látnir í sérstök ílát og brenndir. Enn fremur að hundum sé meinaður aðgangur að sláturhúsum og úrgangi þaðan.

Nú eru sullir horfnir að mestu nema netjusullur, sem enn er algengur.

Lífhimnubólgur eru ekki fágætar, oft afleiðingar erfiðra fæðinga og legbólgu í því sambandi. Stöku sinnum kemur fyrir þykknun í lífhimnu og þrengsli í mjógörn með stíflu, uppdrætti og megurð.

Hundsbit á hæklum og lærum eru tíð, stundum eru sárin mikið spillt. Liðabólgur, beinbrot, marblettir, sár eftir gaddavír eru algeng fyrirbæri.

Kýlapest kemur fram sem sérkennilegar ígerðir, einkum í eitlum í kverk og á hálsi.

Harðsperra sést oftast eftir erfiðan rekstur, einkum á vænum dilkum. Eru þá vöðvar á bringu og undir bógblöðum áberandi bólgnir.

Í nýrum eru sjúklegar breytingar af ýmsu tagi ekki óalgengar.

Garnaveiki gerir nær eingöngu vart við sig í fé, sem er tvævetur og eldra. Mjógörnin aftantil er þykknuð, slímhúðarfellingar í henni áberandi, görnin rekst illa. Hengiseitlar stækkaðir og vessaæðar í hengi áberandi.

Bólusetning er notuð í sumum landshlutum til varnar garnaveiki. Þessi bólusetning skilur nær alltaf eftir sig merki, er þó hverfa smám saman er frá líður. Venjulega er bólusett innanvert á læri, stundum á miðja síðu aftan við bógblað. Á bólusetningarstað koma langvinnar ostkenndar ígerðir, síðan bandvefsþykknun. Ostkenndar bólgur er oft að finna í tilheyrandi sogæðaeitlum á afturfæti, lgl. poplitea, lgl. subiliacae, lgl. inguinalis superficialis og lgl. iliosacralis. Skera verður inn á þessa eitla, ef bólusett hefur verið á læri. Sé bólusett á síðu, geta skemmdir fundizt í lgl. cervicalis superficialis, lgl. axillaris propriae og e. t. v. í lgl. sternalis.

9. gr.

Svín. Við heilbrigðisskoðun á svínum skal gæta eftirfarandi:

1. **Magi, þarmar, netja og hengi** eru athuguð og rist í hengiseitla.
2. **Milti** skal þuklað.
3. **Lifur** er skoðuð og rist í lifrareitla.
4. **Lungu** skulu skoðuð og þukluð og rist í þau og lungnaeitla, ef ástæða þykir til.
5. **Hjarta og gollurshús** skoðað og hjartahólf opnuð, ef ástæða þykir til.
6. **Nýru** skal skoða og taka af nýrnahjúpinn.
7. **Leg** og þvagblaðra eru þukluð, en ekki er rist í þessi líffæri nema ástæða sé til.
8. **Haus.** Rist er í kjálkaeitla (lgl. submandibularis et subparotidea) og aðgætt, hvort merki sjáist um snúðtrýni.
9. **Skrokkur.** Húð, kjöt, fita, bein og liðamót skoðuð ásamt brjóst- og lífhimnu. Á gyltum er júgrið þuklað vandlega, og rista skal í það, ef ástæða er til. Júgureitlar (lgll. inguinales superificiales) skoðaðir og rist í þá ásamt lgll. inguinales profundae. Á karldýrum skal þukla geldingarstað vandlega og þess gætt, hvort „galtarlykt" sé af kjötinu, ef um nýlega gelt eða ógelt dýr er að ræða. Rista skal í hálseitla (lgll. cervicales superficiales), ef sjúklegar breytingar er að finna á haus. Gát skal hafa á sárum á rófu og kanna vel eitla í grindarholi og undir hrygg og kljúfa hrygg að endilöngu, ef rófusár finnast.

Við skoðun á svínum skal hafa í huga sjúklegar breytingar af völdum berkla. Finnist berklahnútar, skal kljúfa skrokkinn að endilöngu, skoða vandlega hryggjarliði og mænu og rista eitla í þunnar sneiðar.

Tríkínuskoðun skal fyrst og fremst gera á fullorðnum svínum. Sýni eru tekin úr þindarálmunum sem næst sininni eða af þindarvöðvunum þar sem þeir festast við rifbeinin. Kjötbitar eru skornir úr vöðvunum á þessum stöðum. Af þessum bitum eru síðan klipptir 14 smábitar á stærð við hrísgrjón úr hverju dýri og flattir út milli tveggja glerplatna af sérstakri gerð og síðan skoðaðir vandlega í smásjá eða trikinoskópi.

Skoðun á skepnum, sem lóga verður vegna sjúkdóma eða slysa.

10. gr.

Þar sem ítarleg skoðun er nauðsynleg, skal kjötskoðunarlæknir láta kljúfa skrokkinn að endilöngu eftir miðjum hrygg. Þetta skal ávallt gera, ef grunur er um blekæxli (melanosarkom), hrossasótt, berkla, sulli í kjöti, ígerðir eða kýli, megurð, beinkröm og sjúklegar breytingar, sem ætla má, að meinvörp eða dreifing á smiti með blóðinu hafi fylgt. Sama máli gegnir, ef ætla má, að orsakir sjúkdómseinkenna sé að finna í miðtaugakerfi.

Afurðum af skepnum, sem slátrað er vegna sjúkdóms eða slysfara, skal fylgja greinargerð dýralæknis, eiganda eða umráðamanns um það með hvaða hætti slysið varð, lyfjanotkun o. fl.

Við skoðun á slíkum afurðum verður kjötskoðunarlæknir að vera á verði um það, að þær séu ekki af sjálfdauðum skepnum.

Óleyfilegt er að selja eða afhenda afurðir af sjálfdauðum skepnum til manneldis í hvaða mynd sem er.

Á sjálfdauðum skepnum eru allar æðar blóðfylltar, fituvefur allur með rauðbrúnum blæ, vöðvar dökkir á lit, og oft sjást útsvitanir af blóðvara á milli þeirra. Ítarleg skoðun verður þá að fara fram með ristu í eitla, vöðva og fituvef, kljúfa skrokkinn að endilöngu eftir hrygg o. s. frv. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess.

Þegar um aðflutt kjöt er að ræða af skepnum, sem farga hefur þurft vegna slysa eða sjúkdóms, skulu öll innyfli fylgja skrokknum greinilega merkt.

Sláturafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar svo óhæfar eru til manneldis eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað auðkenndar og eytt á þann hátt, að tryggt sé, að þær verði ekki nýttar eða hætta geti stafað af þeim. Ef þörf krefur, skal hella yfir þær sterkt lyktandi efnum, t. d. kreolinblöndu 5%.

Val og sending sýna til sýklarannsóknar.

11. gr.

1. Til þess að gera kjötskoðun tryggari og ítarlegri er oft nauðsynlegt að grípa til sýklarannsóknar, svo úr því fáist skorið, hvort kjötið er hæft til manneldis.

2. Þar sem ekki er aðstaða eða útbúnaður til sýklaskoðunar við sláturhús, verður að velja sýnishorn til sendingar á rannsóknarstofu þannig:

a. Óskert milti og óskert nýra.
b. Hluta af lifur með eitlum og helzt gallblöðru.
c. Tvo kjöteitla.
d. Vöðvapart (ca. 250 gr.) með vöðvahimnum af ganglim.
   Af svíni er sendur hluti af framfæti.
e. Ef um líffærasjúkdóm er að ræða, skal senda álitlegan hluta hins sjúka líffæris ásamt tilheyrandi eitlum óskertum.

3. Sýni skal taka með sótthreinsuðum áhöldum svo fljótt sem auðið er. Skal kæla þau áður en búið er um þau í hreinum pappír, svo miklum að ekki sé hætta á leka. Forðast skal að setja sýni í loftþéttar umbúðir.

4. Allar sendingar skal merkja greinilega og láta fylgja sem fyllstar upplýsingar um sjúkdóminn og sjúklegar breytingar.

5. Hraða skal sendingu sem kostur er.

Að lokinni sýklarannsókn skal kjötskoðunarlæknir skoða afurðirnar á nýjan leik með hliðsjón af niðurstöðum sýklarannsóknar.

Heilbrigðisflokkun og merking á sláturafurðum.

12. gr.

Sláturafurðir skulu dæmdar á þrennan hátt, eftir heilbrigði, útliti, hreinlegri meðferð og gæðum.

1. Sláturafurðir, sem eru óaðfinnanlegar með öllu og skilyrðislaust hæfar til manneldis.

2. Sláturafurðir, sem hæfar eru til manneldis vel soðnar eða vel steiktar. Sláturafurðir af þessu tagi má ekki nota til vinnslu á neinn hátt né heldur til útflutnings.

3. Sláturafurðir, sem eru dæmdar óhæfar til manneldis vegna sjúklegra breytinga, mengunar, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum. Getur hér verið um allar afurðir af sláturgripnum að ræða eða hluta af þeim, ef sjúklegar breytingar eru staðbundnar og hafa ekki haft áhrif á almenna heilbrigði gripsins.

13. gr.

Við heilbrigðisskoðun skulu afurðir stimplaðar og merktar, sem hér segir:

1. Afurðir, sem skilyrðislaust eru hæfar til manneldis, skulu merktar með jafnarma þríhyrndum stimpli og tölunni 1 innan í þríhyrningnum. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að breyta til um merkingu á afurðum þessa flokks, ef um útflutning er að ræða eða önnur ástæða þykir til.

2. Sláturafurðir, sem dæmdar eru hæfar til manneldis vel soðnar eða vel steiktar, skal merkja með jafnarma þríhyrndum stimpli og tölunni 2 innan í þríhyrningnum.

3. Sláturafurðir, sem dæmdar eru óhæfar til manneldis skulu merktar mjög áberandi með ferhyrndum stimpli og orðinu „sjúkt“ innan í ferhyrningnum. Kjötskoðunarlæknir skal hlutast til um að afurðir, sem þannig eru dæmdar og merktar, séu fjarlægðar úr sláturhúsi og eytt jafnskjótt og auðið er.

Löggildingarnúmer sláturhúss skal koma fram í stimplum, sem þar eru notaðir. Óheimilt er að merkja sláturafurðir með öðrum stimplum en þeim, sem kjötskoðunarlæknir notar. Gæta skal kjötstimpla vandlega, svo misnotkun þeirra geti ekki átt sér stað.

Yfirdýralæknir skal gefa fyrirmæli um stærð og gerð kjötstimpla og tegund og gerð lita, sem nota skal við stimpilmerkingar. Hann skal enn fremur gefa fyrirmæli um, hvar og hvernig stimpla skuli skrokka og slátur o. s. frv.

Merkimiða skal binda með sterku garni á hvern skrokk eða hluta af skrokk. Skal númer sláturhúss og nafn kjötskoðunarlæknis ritað eða stimplað á miðann til sönnunar því, að heilbrigðisskoðun hafi verið fullnægt. Í umbúðir pakkaðrar sláturvöru skulu lagðir miðar, sem á sama hátt gefa til kynna heilbrigðisskoðun og númer sláturhúss. Ef afurðir eru ætlaðar til útflutnings getur landbúnaðarráðherra ákveðið sérstakar merkingar á miða þessa.

FLOKKUN SJÚKDÓMA

Illkynja smitsjúkdómar.

14. gr.

Allar afurðir af gripum höldnum neðangreindum sjúkdómum skulu dæmdar óhæfar:

1. Hundaæði (Rabies).
2. Miltisbruni (Antrax).
3. Sníf (Malleus humidus et farciminosus).
4. Illkynjuð lungnabólga í hrossum (Pleuropneumonia contagiosa equorum).
5. Illkynjuð lungnabólga í nautgripum (Pleuropneumonia contagiosa bovum).
6. Nautgripapest (Pestis bovina).
7. Gin- og klaufaveiki (Aphtae Epizooticae).
8. Fjárbóla (Variola ovina).
9. Illkynjuð klaufaveiki í sauðfé (Paramychia contagiosa ovinum).
10. Svínapest (Pestis suum).
11. Smitandi blóðleysi í hrossum (Anemia infectiosa equorum).
12. Smitandi sogæðabólga í hrossum (Blastomycosis).
13. Illkynjuð stóðhestapest (Dourine, Trypanosomiasis equiperda).
14. Aðrir illkynja smitsjúkdómar, t. d. afríkönsk svínapest (Pestis suum africana), hrossapest (Pestis equorum), blátunga (Febris catarrhalis ovium), agalactia contagiosa, o. s. frv.
15. Verði vart einhvers framangreinds sjúkdóms við heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, ber dýralækni að tilkynna það yfirdýralækni án tafar og gera þegar í stað bráðabirgðaráðstafanir til að hindra smitdreifingu og eyða öllum afurðum af sjúkum dýrum.

Aðrir smitsjúkdómar.

15. gr.

1. Rauðsýki: Afurðir óhæfar sé um bráða rauðsýki að ræða. Ef aðeins er um að ræða einstaka húðflekki eða staðnaða liðabólgu og engan sótthita: 1. eða 2. flokkur að fráskildum sjúkum hlutum eða líffærum og að undangenginni sýklarannsókn.
2. Salmonellasýki: Óhæft.
3. Inflúenza í hrossum (Catarrhal influenza): Óhæft.
4. Illkynjuð slímhúðarbólga í nautgripum: Óhæft.
5. Pestbjúgur (Oedema malignes): Óhæft.
6. Bráðapest (Gastromycosis ovis): Óhæft.
7. Rotbjúgur (Gangrena emphysematosa): Óhæft.
8. Lungnapest (Pasteurellosis): Óhæft.
9. Pyæmia og septicemia: Óhæft.
10. Hnislasótt (Coccidiosis): Óhæft, ef um ákafa hnislasótt er er að ræða, annars 1. eða 2. fl.
11. Bólgur í görnum ungdýra (kálfa): Óhæft.
12. Stífkrampi (Tetanus): Óhæft.
13. Ákafar bólgur á naflastað: Óhæft.
14. Aktinomycosis, Botrymycosis: Óhæft, ef sjúkdómurinn hefur valdið megurð og meinvörpum. Annars 1. fl. eða 2. fl. Sjúk líffæri og eitlar óhæft.
15. Mæðiveiki: Óhæft, sé veikin á háu stigi og hafi valdið hor og vanþrifum. Annars 1. fl. eða 2. fl. Lungu og lifur: Óhæf.

16. Garnaveiki (Paratuberculosis): Óhæft, ef hor fylgir, annars 1. eða 2. fl. Lifur, garnir og mör óhæfur.
17. Berklaveiki (Tuberculosis): Óhæft, nema veikin sé mjög takmörkuð og stöðnuð, þá 1. eða 2. fl. Sjúk líffæri og eitlar óhæfir.
18. Hitasótt: Óhæft.
19. Blóðmiga í nautgripum: Óhæft.

Æxli og æxlissjúkdómar.

16. gr.

1. Góðkynjuð æxli (Tumores benignae): 1. fl. Líffæri eða líkamshlutar, þar sem æxlið finnst, óhæft.
2. Myksofibrom, Neurofibrom. Óhæft, sé útbreiðsla æxlanna mikil. 1. eða 2. fl. sé um afmarkað æxli að ræða og holdafar sæmilegt.
3. Melanosarkom: 1. fl., þegar um lítið afmarkað æxli er að ræða. Óhæft, þegar æxlismyndanir eru miklar eða meinvörp.
4. Illkynjuð æxli (Carcinoma, sarcoma o. s. frv.): Óhæft, ef æxlismyndun er útbreidd með meinvörpum og hor. 1. eða 2. fl., ef æxlin eru lítil og afmörkuð og engin meinvörp nema til eitla sjálfs líffærisins.
5. Leucosis: Óhæft.

Efnaröskunar-, hörgul og eitrunarsjúkdómar.

17. gr.

1. Anæmi með hor: Óhæft.
2. Hydræmi: Óhæft, þegar hor fylgir með vökva í brjóst- og kviðarholi.
3. Acetonæmi í nautgripum og puerperal hæmoglobinuria: Óhæft.
4. Hæmoglobinuria í hrossum: Óhæft.
5. Doði: Óhæft.
6. Krampadoði (Eklampsia): Óhæft.
7. Uræmi: Óhæft.
8. Ikterus: 1. fl., þegar gulan er staðbundin við lifur. Lifrin óhæf. Standi gulan í sambandi við smitsjúkdóm, eitrun eða langvinna sjúkdóma í lifur, svo um almenna gulu sé að ræða: Óhæft.
9. Melanosis í kálfum: Óhæft, ef útbreiðsla er mikil. Sé útbreiðsla afmörkuð og umfangslítil: 1. eða 2. fl. og hið litaða óhæft.
10. Acut tympanitis: Óhæft, hafi skepnan verið veik nokkurn tíma. 2. fl., ef skepnunni er lógað í byrjun veikinnar, og skrokkur og líffæri laus við óþef.
11. Rachitis, osteodystrofi og osteomalacia: 1. eða 2. fl., ef hold eru sæmileg, annars óhæft.
12. Bráðar eitranir: Óhæft.
13. Langvinnar eitranir, sem haft hafa í för með sér sjúklegar breytingar: Óhæft.

Óeðlileg lykt, bragð, litur.

18. gr.

1. Sláturafurðir með óþef eða óbragði af völdum sjúkdóms: Óhæft.
2. Sláturafurðir með óþef eða óbragði vegna fóðrunar með fiskimjöli, vissum káltegundum o. s. frv. Sé gallinn lítið áberandi og hverfi innan sólarhrings: 1. eða 2. fl. Annars óhæft.
3. Sláturafurðir með óþef eða óbragði vegna lyfjanotkunar: Óhæft.
4. Sláturafurðir af geithöfrum, hrútum og göltum, sem við loðir óþefur eða keimur: 2. fl. og kjöt og líffæri skal merkja tegundarheiti.

5. Fóstur fullburða: Óhæft.
6. Sláturafurðir af gripum, sem dældir hafa verið í hold, æð eða verið gefið inn lyf, er stöðvar sýklavöxt (fúkalyf eða kemotherapeutika): Óhæft, ef liðnir eru minna en 6 sólarhringar frá síðustu inngjöf, annars 1. fl. Í vafaatriðum má senda sýni (nýru) til rannsóknar.

Sjúkdómar í hjarta og æðakerfi.

19. gr.

1. Áköf bólga í gollurshúsi af völdum smits: Óhæft.
2. Langvinn bólga í gollurshúsi: 1. eða 2. fl., enda sé gripurinn í góðum holdum, laus við sótthita og blóðrásartruflanir.
3. Gollurshúsbólga í nautgripum og sauðfé af völdum aðskotahluta: Óhæft ef um hitasótt og blóðrásartruflanir er að ræða, annars 1. fl. að lokinni sýklarannsókn.
4. Langvinn afmörkuð gollurshúsbólga: 1. eða 2. fl., enda sé gripurinn í góðum holdum og blóðrásartruflanir engar.
5. Ulcerös endocarditis: Óhæft.
6. Verrucös endocarditis: Óhæft (sjá þó rauðsýki).
7. Hjartasjúkdómar, sem smitefni valda ekki (vansköpun o. þ. h.): 1. eða 2. fl., en hlutar af skrokk og líffæri óhæf, sé um blóðrásartruflanir að ræða.
8. Trombosis af völdum orma: 1. eða 2. fl. Óhæft, ef blóðrásartruflanir í kviðarholsæðum eða bólgur fylgja.

Sjúkdómar í öndunarfærum.

20. gr.

1. Sinuitis: Óhæft, ef sótthiti fylgir, annars 1. eða 2. fl. Haus: Óhæfur.
2. Snúðtrýni: 1. fl., enda sé gripurinn í sæmilegum holdum og ekki um aðra sjúkdóma að ræða. Haus ásamt eitlum óhæfur.
3. Kronisk katarrhalsk eða purulent bronchopneumonia: Óhæft, ef hor fylgir sjúkdóminum. Annars 1. fl. að lokinni sýklarannsókn. Lungu óhæf.
4. Pleuropneumonia í svínum: Óhæft. Sé um gamlar, afmarkaðar og staðnaðar bólgur að ræða, hold sæmileg og meinvörp engin: 2. fl. Lungu óhæf.
5. Gamlar ígerðir eða drephnútar, staðnaðir: 1. fl., enda sé holdafar gott og meinvörp engin.
6. Áköf lungnabólga: Óhæft.
7. Berkjubólga: 1. fl. Lungu óhæf.
8. Atelektasis, emfysem, blæðingar, aspirerað blóð o. s. frv.: 1. fl. Lungu óhæf.

Sjúkdómar í brjósthimnu.

21. gr.

1. Brjósthimnubólga: Dæmist eftir sjúkdómi þeim, sem hún stafar af.
2. Diffus serofibrinös, suppurativ ikorös brjósthimnubólga: Óhæft.
3. Samgróningur og óhrein brjósthimna vegna bandvefsmyndana: 1. fl. Lungu óhæf.
4. Vökvi í brjóstholi: 2. fl., ef holdafar er gott og enginn bjúgur. Annars óhæft.

Sjúkdómar í meltingarfærum.

22. gr.

1. Maga- og garnakvef í fullorðnum skepnum: 1. fl., ef skepnan er hitalaus og engar sjúklegar breytingar sjáanlegar annars staðar nema smávægilegur þroti

í hengiseitlum. Sýklarannsókn í vafatilfellum. Óhæft, ef hitasótt fylgir og mikil bólga er í þörmum, milti og lifur.
2. Langvinnt maga- og garnakvef: 1. eða 2. fl., ef holdafar er sæmilegt. Óhæft, sé skrokkurinn daunillur og horaður.
3. Septisk, krupös og hæmorrhagisk garnabólga: Óhæft.
4. Kveisa og vægar stíflur í hrossum, þar sem ekki er um lífhimnubólgur að ræða: 1. fl., annars óhæft.
5. Þemba, vindkveisa, garnaflækja, rifinn magi: Óhæft.
6. Loftmyndun í hengiseitlum á svínum (mesenterialemfysem): 1. fl. Hengi og garnir óhæft.

Sjúkdómar í lífhimnu.

23. gr.

1. Áköf eða útbreidd lífhimnubólga: Óhæft.
2. Vel afmörkuð fibrinös lífhimnubólga: 1. fl. að lokinni sýklarannsókn.
3. Bandvefsmyndanir og samgróningar í lífhimnu og afmarkaðar gamlar ígerðir: 1. fl. Hið sjúka óhæft og numið burt.
4. Vökvasafn í kviðarholi: 2. fl., ef holdafar er gott en enginn bjúgur. Annars óhæft.

Sjúkdómar í lifur.

24. gr.

1. Angioma, blöðrumyndanir, gallsteinar: 1. fl. Hluti af lifur eða lifrin öll óhæf.
2. Fituinfiltration: 1. fl. Lifur óhæf, ef mikil brögð eru að.
3. Útbreiddar lifrarskemmdir (degeneration): Óhæft (sjá smitsjúkdóma og eitranir).
4. Lifrarbólgur: Óhæft, ef um ákafar og útbreiddar bólgur er að ræða af völdum smitefna, eitrunar eða sníkjudýra. Sama máli gegnir um langvinnar lifrarbólgur, ef þeim fylgir hor, blóðrásartruflanir, gula eða óþefur. Langvinn lifrarbólga, án blóðrásartruflana og megurðar: 1. fl. Lifrin óhæf.
5. Hnútar í lifur af völdum sníkjudýra: 1. fl. Lifur óhæf.
6. Drephnútar eða ígerðir í lifur af völdum sýkla: Óhæft, ef um útbreidda og bráða skemmd er að ræða. Gamlar, staðnaðar skemmdir: 1. eða 2. fl. Lifur óhæf.
7. Drephnútar í lifur af völdum salmonellasýkla í kálfum: Óhæft.

Sjúkdómar í þvagfærum.

25. gr.

1. Nýrnasteinar, blöðrumyndanir eða litarefni í nýrum: 1. fl. Nýrun óhæf.
2. Bólga í nýrum: Óhæft, ef um hor og þvaglykt er að ræða. Langvinn bólga í nýrum, þar sem holdafar er gott og engin merki um ófullkomna nýrnastarfsemi: 1. fl. Nýrun óhæf.
3. Áköf nýrnabólga af völdum sýkla: Óhæft.
4. Blöðrubólga: Óhæft, ef hitasótt og þvaglykt fylgir, annars 1. eða 2. fl.
5. Sprungin þvagblaðra eða þvagrás: Óhæft, ef lífhimnubólga og þvaglykt fylgir.

Sjúkdómar í júgri og getnaðarfærum.

26. gr.

1. Áköf legbólga, hér með talin rotnandi fóstur í legi: Óhæft.
2. Langvinn legbólga með graftarhroða í legi: Óhæft, ef hor fylgir eða hitasótt. Annars 2. fl. að undangenginni sýklarannsókn.

3. Innþornuð fóstur í legi án útferðar: 1. fl.
4. Fastar hildir: Óhæft.
5. Brucellosis: 1. fl. Kynfæri og eitlar þeirra ásamt júgri: Óhæft.
6. Distokia og fæðingarhjálp ólokið. Óhæft, ef legbólga fylgir eða rotið fóstur. Annars 2. fl. að undangenginni sýklarannsókn.
7. Úthverft leg, rifið leg, snúið leg: Óhæft, ef hitasótt og lífhimnubólga fylgir. Annars 2. fl. að undangenginni sýklarannsókn.
8. Vökvasöfnun í legi: Óhæft, fylgi hor og blóðrásartruflanir. Annars 1. fl.
9. Septisk eða gangrænös júgurbólga: Óhæft. Sama máli gegnir um júgurbólgu, valdi hún hitasótt, hor eða spilltum líffærum.
10. Langvinn júgurbólga, sem ekki fylgir hitasótt eða almenn vanlíðan: 1. fl. Júgur og júgureitlar óhæfir.
11. Gamlir, inniluktir, staðnaðir drephnútar eða ígerðir í júgri: 1. fl. Júgur og júgureitlar óhæfir.
12. Litarmyndun (pigmentation) í júgri á gyltum: 1. fl. Júgur og júgureitlar óhæfir.

Sjúkdómar í beinum, liðum og sinaslíðrum.

27. gr.

1. Beinbrot:
   a) sóttmenguð brot: Óhæft.
   b) ósóttmenguð, ný eða gróin brot: 1. fl.
   Allt marið og spillt kjöt umhverfis brotið og tilheyrandi eitlar skornir frá.
2. Ígerðir í beinum og beinmerg (osteomyelitis): Óhæft, ef meinvörp, hitasótt eða vanlíðan fylgir. 1. fl. sé um staðnaða skemmd og staðbundna að ræða, sem ekki veldur hitasótt, enda sé sýklarannsókn neikvæð. Hið skemmda skorið burt.
3. Liðabólgur:
   a) ósóttmenguð liðabólga, langvinn eða bráð: 1. fl. Liður og tilheyrandi eitlar: Óhæft.
   b) sóttmenguð liðabólga (fibrinös, purulent):
      1. Í tveim eða fleiri liðum: Óhæft.
      2. Bólga í einum lið hjá ungdýrum: Óhæft.
      3. Bólga í einum lið hjá fullorðnum dýrum: Óhæft, ef hitasótt og vanlíðan fylgir, annars 1. fl. að undangenginni sýklarannsókn.
4. Langvinn liðabólga í svínum og sauðfé sjá rauðsýki (15. gr.).
5. Bólgur í sinaslíðrum dæmast á sama hátt og liðabólgur.

Sjúkdómar í vöðvum.

28. gr.

1. Kalkútfellingar í vöðvum: 1. fl. Hið skemmda skorið frá: Óhæft.
2. Vöðvadegeneration: Óhæft, þegar margir vöðvar eru spilltir eða ef hitasótt fylgir. Ef aðeins einstöku vöðvar eru spilltir: 1. fl. Spilltir vöðvar óhæfir.
3. Blæðingar í vöðvum: 1. fl. Hið skemmda skorið frá, sé um verulegar blæðingar að ræða.

Sjúkdómar í húð m. m.

29. gr.

1. Sár, marblettir og ígerðir:
   a) Ný eða gróandi sár, marblettir: 1. fl. Skemmdir skornar frá.
   b) Sóttmenguð sár eða ígerðir: Óhæft, ef hitasótt eða blóðeitrun fylgir. Annars 1. fl. að undangenginni sýklarannsókn.

2. Brunasár: Óhæft, ef hitasótt, bjúgur, spillt líffæri, berkju- eða lungnabólga fylgir eða ef reyklykt er af kjötinu. Annars 1. fl. að undangenginni sýklarannsókn.
3. Eksem og langvinn húðbólga í svínum: 1. fl., sé kvillinn á afmörkuðum svæðum og holdafar gott. Skemmdir og e. t. v. eitlar fjarlægðir. 2. fl., ef mikil brögð eru að húðskemmdum. Ef húðkvillinn hefur valdið hor og vanþrifum: Óhæft.
4. Húðbólgur af völdum sólarljóss, kals og kemiskra efna: 1. fl., ef ekki fylgir hitasótt. Skemmdir ásamt eitlum skornar burt.
5. Sarkopteskláði á svínum: Óhæft, ef útbreiðsla er mikil og hor fylgir. Annars 1. fl. Skemmdir, haus og lappir óhæft.
6. Psoróptesklái í sauðfé: Óhæft, ef veikin er á háu stigi og henni fylgir hor. Annars 1. fl.
7. Hringskyrfi: 1. fl. Húð, haus og lappir óhæft.
8. Mein og ígerðir eftir garnaveikibólusetningu: 1. fl., ef bólgan er afmörkuð og stöðnuð. Óhæft, ef hiti og hor fylgir. Hið skemmda og tilheyrandi eitlar numdir brott.

30. gr.

1. Cysticercus bovis: Óhæft.
2. Cysticercus cellulosae: Óhæft.
3. Trichinella spiralis: Óhæft.
4. Echinococcus sullir: 2. fl. Sollin líffæri: Óhæf og skulu brennd.
5. Höfuðsóttarsullur (Coenurus cerebralis): 1. fl., ef holdafar er gott, annars óhæft. Haus óhæfur, skal brenndur.
6. Netjusullir (Cysticercus tenuicollis): 1. fl., ef fáir sullir eru í kviðarholi. Óhæft, ef margir sullir finnast eða hor fylgir. Sullir skulu brenndir.
7. Lungna- og iðraormar: Óhæft, ef blóðleysi og hor fylgir. Annars 1. fl. Sjúk líffæri óhæf.
8. Sarkosporidia: Óhæft, ef sníklar þessir finnast um allan skrokkinn. Annars 1. fl., ef sníklar eru á fáum stöðum.
9. Hnútar af völdum sníkjudýra í görnum: 1. fl. Garnir óhæfar.
10. Lirfur og ormar í kviðarholi: 1. fl. Fituvefur í kviðarholi óhæfur.

Slasaðar og sjálfdauðar skepnur.

31. gr.

1. Sláturafurðir af skepnum, sem slátrað er vegna sjúkdóms eða slysfara og blætt hefur úr, skal dæma samkvæmt framangreindum reglum, ef sláturafurðir eru vel verkaðar og líta vel út. Að öðrum kosti óhæft.
2. Sláturafurðir af skepnum, sem drepast af völdum sjúkdóma eða slysa: Óhæft.

Sláturafurðir, er spillzt hafa eftir slátrun.

32. gr.

1. Útblásið kjöt eða útblásin lungu: Óhæft.
2. Óhreinkaðar sláturafurðir: 2. fl. eftir að möguleg hreinsun hefur farið fram. Óhæft, ef mjög mikil brögð eru að.
3. Skemmt kjöt, lágnað kjöt: Óhæft. Súrt og slepjað kjöt: Óhæft. Myglað kjöt: Séu myglublettir aðeins á yfirborði og auðvelt er að skera þá af: 2. fl. Annars óhæft.
4. Lýsandi kjöt: 2. fl., þegar um smábletti er að ræða, sem auðvelt er að skera af. Annars óhæft. Sama máli gegnir um rauðdílótt kjöt.

5. Kjöt með vium: 2. fl., ef tekst að hreinsa kjötið algjörlega. Annars óhæft.
6. Geymslugallar. Sláturafurðir, sem hafa þornað, þránað eða skrælnað við langa íshúsgeymslu: Óhæft. Afurðir, sem mengast hafa af kælivökva eða spillzt á annan svipaðan hátt: Óhæft, ef mikil brögð eru að, annars 1. eða 2. fl.

Eyðing á sláturafurðum, sem dæmdar eru óhæfar og auðkenning á afurðum ætlaðar dýrum.

33. gr.

1. Sláturafurðir, sem hlotið hafa þann dóm að vera óhæfar til manneldis, skal auðkenna greinilega með stimplinum „sjúkt". Dýralæknir eða trúnaðarmaður hans skal hlutast til um, að slíkar afurðir séu geymdar undir lás, unz þeim er eytt á tryggilegan hátt, annað hvort brenndar, grafnar eða soðnar og malaðar til skepnufóðurs. Til frekari tryggingar má hella yfir afurðir af þessu tagi kreolin upplausn 5%, svo engin hætta sé á, að þær verði nýttar til manneldis.
2. Sláturafurðir, sem ætlaðar eru sem dýrafóður, skulu auðkenndar með orðinu „dýrafóður" á umbúðirnar, er skulu vera hreinlegar, þéttar og vandaðar.

II. KAFLI

Endurskoðun á sláturafurðum.

34. gr.

Þar sem endurskoðun á sláturafurðum er fyrirskipuð, sbr. 12. gr. laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum nr. 30 1966, skal sú skoðun fara fram í fullnægjandi húsnæði, sem viðkomandi sveitar- eða bæjarfélag leggur til og viðurkennt hefur verið af yfirdýralækni.

Við endurskoðun á sláturafurðum skal læknir sá, er starfið annast, gæta eftirfarandi:

a) Að afurðir hafi verið læknisskoðaðar.
b) Að afurðirnar séu lausar við sjúklegar breytingar.
c. Að afurðirnar séu óskemmdar og óspilltar, svo af þeim sökum megi bjóða þær til sölu og nota til manneldis.
d) Að sláturafurðir hafi ekki óhreinkazt eða mengazt í geymslu eða flutningum eða spillzt á neinn hátt.
e) Að flutningstæki, sem notuð hafa verið, uppfylli þær kröfur, sem reglur gera ráð fyrir, og að umbúnaður hafi verið í samræmi við gildandi reglur.

35. gr.

Kjötskoðunarlæknir skal athuga gaumgæfilega vöðva, liði, brjóst- og lífhimnu. Ef nauðsyn krefur, skal rista í eitla á kjötskrokkum. Einnig er honum heimilt að skera í vöðva og liði til þess að ganga úr skugga um, hvort óþef leggi af kjötinu eða til að athuga vöðvafitu og bandvef.

36. gr.

Kjötskoðunarlækni er heimilt að taka sýnishorn til sýklarannsóknar, ef hann telur þörf á því, og má þá fresta úrskurði um kjötið þar til rannsókn er lokið.

37. gr.

Ef kjötskoðunarlæknir kemst að þeirri niðurstöðu, að sláturafurðir standast eigi lengur þann dóm, sem þær fengu að lokinni slátrun, er honum skylt að breyta stimplun og merkingu til samræmis við það.

Sé um óhæft kjöt að ræða, skal hann hlutast til um, að því verði eytt á tryggilegan hátt.

Honum er einnig heimilt að endursenda kjöt, ef það kemur í ljós, að stimpilmerkingu, spjöld og önnur auðkenni vantar eða eru í ósamræmi við gildandi reglur.

38. gr.

Ef kjötskoðunarlæknir verður var við, að sláturafurðir hafa óhreinkazt eftir slátrun, lágnazt, myglað o. s. frv., skal hann gera ráðstafanir til að vörum, sem óhæfar eru orðnar til manneldis, verði eytt á viðeigandi hátt. Jafnframt skal hann gæta þess, að sláturafurðir verði ekki fyrir skemmdum, óhreinindum eða spillist á annan hátt, meðan endurskoðun fer fram. Gildir það bæði um afurðir, sem berast frosnar til skoðunar og afurðir, sem þangað koma kældar.

39. gr.

Að lokinni endurskoðun skal auðkenna sláturafurðir með sérstöku stimpilmerki í bláum lit. Merkja skal hvern skrokk eða skrokkhluta með einu stimpilmerki að minnsta kosti. Yfirdýralæknir segir fyrir um gerð og auðkenni stimpla þessara.

40. gr.

Með mál út af brotum á þessari reglugerð skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. ágúst 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

21. ágúst 1970. Nr. 169.

REGLUGERÐ

um söluskatt.

I. KAFLI
UM SÖLUSKATT

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 11% söluskatt:

1. Af innlendum viðskiptum eins og nánar er fyrir mælt í III. kafla reglugerðar þessarar.
2. Af innfluttum vörum til eigin neyzlu eða nota innflytjenda, skv. III. kafla reglugerðar þessarar.

2. gr.

Ríkissjóður greiði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% þess skatts, sem um ræðir í 1. og 2. tölulið 1. gr. reglugerðar þessarar.

II. KAFLI
UM SÖLUSKATTSKYLDA AÐILA OG TILKYNNINGARSKYLDU

3. gr.

Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af hendi vinnu og þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í reglugerð þessari, innheimta söluskatt skv. 1. gr. og standa skil á honum í ríkissjóð.

4. gr.

Söluskattskyldir eru m. a.:

1. Allir þeir, sem skattskyldir eru skv. lögum nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt og hafa með höndum einhvern þann atvinnurekstur eða starfsemi, sem söluskattskyld er samkvæmt reglugerð þessari, og ekki eru sérstaklega undanþegnir söluskattskyldu.
2. Allir þeir, sem skattfrjálsir eru samkvæmt fyrrgreindum lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða sérstökum lögum, ef þeir hafa með höndum sams konar eða hliðstæða starfsemi eða viðskipti og þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 1. lið þessarar greinar, svo og opinber fyrirtæki, þótt starfsemi þeirra sé ekki sama eðlis, enda séu þessir aðilar ekki sérstaklega undanþegnir söluskattskyldu.
3. Umboðsmenn og aðrir aðilar, sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila, sem reka hér á landi söluskattskylda starfsemi eða viðskipti.

5. gr.

Hver sá, sem í eigin nafni eða í umboði annarra, rekur viðskipti með söluskattskyldar vörur, svo og hver sá, sem stundar sjálfstæða starfsemi eða selur einhverja þá þjónustu, sem ekki er sérstaklega undanþegin söluskatti skv. 14. gr., skal ótilkvaddur senda skattstjóra, þar sem hann er heimilisfastur, tilkynningu um atvinnurekstur sinn eða starfsemi.

Þeir, sem hefja tilkynningarskylda starfsemi, skulu senda tilkynningu, áður en starfsemin hefst. Tilkynningar þessar skal senda á þar til gerðum eyðublöðum, sem fást hjá skattstjórum. Í tilkynningu skal greina nafn og heimilisfang aðila, firmanafn, ef það er notað, hvers konar rekstur sé um að ræða, hver eða hverjir séu eigendur og hver eða hverjir stjórnendur, framkvæmdastjóri eða prókúruhafi. Einnig skal gefa upplýsingar um önnur atriði, sem tilgreind eru á eyðublöðunum.

Ef einhver rekur starfsemi í fleiri en einni starfsemisgrein, skal hann senda tilkynningu fyrir hvern þann þátt starfseminnar, sem talinn verður sjálfstæð starfsemi eða sérstök atvinnugrein.

Skattstjórar skulu, hver í sínu umdæmi, gera skrá um alla þá, sem tilkynnt hafa starfsemi sína og fengið skírteini, er veita þeim heimild til að kaupa vöru, vinnu og þjónustu, án söluskatts, sbr. 6. gr. Eintak af skrám þessum skal sent ríkisskattstjóra, svo og allar breytingar á þeim.

6. gr.

Sá, sem tilkynnt hefur starfsemi sína, skal fá sérstakt skírteini, og veitir það heimild til kaupa á vörum og vinnu til endursölu án söluskatts samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt, og með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 9. og 11. gr. þessarar reglugerðar.

Slík skírteini veita ekki heimild til að kaupa til endursölu án söluskatts:

1. Vörur, sem seldar eru í smásölu, sbr. 1. lið 33. gr.
2. Vörur þær, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, sbr. 3. lið 33. gr.
3. Benzín og olíu, sbr. 4. lið 33. gr.

4. Vörur, sem seljandi telur vafa leika á, hvort heimilt sé að selja handhafa skírteinis án söluskatts. Í þeim tilvikum er seljanda óheimilt að falla frá innheimtu söluskatts, sbr. 24. gr.

Skírteini þessi skulu gefin út til ákveðins tíma, en falla þó jafnskjótt úr gildi og skírteinishafi hættir starfsemi þeirri, sem þau taka til, enda ber honum þegar í stað að tilkynna það viðkomandi skattstjóra. Einnig skal skírteinishafi tilkynna skattstjóra um breytingar á starfsháttum og heimilisfangi. Ef starfsemi hættir vegna félagsslita, gjaldþrots eða andláts, skal skilanefnd eða skiptaráðandi tilkynna slíkt.

III. KAFLI
UM SÖLUSKATTSKYLDA SÖLU

1. Almennt

7. gr.

Greiða skal söluskatt af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, sbr. 1. gr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

8. gr.

Söluskattskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, þ. e. sölu til neytenda. Neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. 9. gr.

9. gr.

Sé eigi annað fram tekið í reglugerð þessari, er sala á vöru skattfrjáls til kaupanda, sem ekki er neytandi, enn fremur til kaupanda, er kaupir hana sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða og selja. Skilyrði fyrir því, að heimilt sé samkvæmt framansögðu að selja vöru eða vinnu án söluskatts er, að kaupandi hafi atvinnu af að selja sams konar vöru eða að hann noti sams konar vöru sem efni í vörur, er hann framleiðir og selur í atvinnuskyni. Síðara skilyrðið tekur þó eigi til neins konar óvaranlegra rekstrarvara eða hjálparefna, sbr. 11. gr., heldur einvörðungu til hráefna eða hálfunninnar vöru, sem tekin er til aðvinnslu eða úrvinnslu, og vöru, sem myndar efnisþátt eða hluta í nýrri vöru, svo og til fullunninna umbúða, sbr. þó 24. gr.

Eigi má selja vöru án söluskatts samkvæmt þessari grein til annarra en þeirra, er tilkynnt hafa starfsemi sína skv. 5. gr. og sýna heimildarskírteini frá skattstjóra um, að þeir hafi tilkynnt, að þeir hafi með höndum starfsemi sem endurseljendur eða framleiðendur vöru í viðkomandi starfsgrein og heimild til að kaupa vörur án söluskatts.

Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu, sem sá, er stundar sjálfstæða starfsemi, innir af hendi við framleiðslu vöru fyrir annað atvinnufyrirtæki, sem endurselur verðmæti vinnunnar með vörunni.

2. Söluskattskyld sala

10. gr.

Til söluskattskyldrar sölu á vörum, verðmætum og þjónustu telst m. a.:

1. Sala eða afhending frá smásala eða smásölufyrirtæki, þar með talin hvers konar pöntunarfélög, lausaverzlun, sveitaverzlun, tilboðasöfnun, sala vara í umboðssölu og sala við frjáls uppboð, einnig sala eða afhending frá heildsala eða heildsölufyrirtæki beint til neytenda.

2. Afhending vöru til greiðslu á vöru, vinnu, þjónustu eða öðru, sem láta á eða látið hefur verið í té.
3. Sala eða önnur afhending vara, vinna eða þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum eða iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, þar með talin afhending vöru, sem framleidd er eða unnið er að eftir pöntun, sbr. þó 14. gr.
4. Sala eða önnur afhending vara, vinnu eða þjónustu annarra aðila, sem stunda sjálfstæða starfsemi.
5. Úttekt úr eigin fyrirtæki, hvort heldur er til einkanota eigandans eða til nota í atvinnufyrirtækinu sjálfu. Gildir þetta bæði um aðkeyptar vörur og vörur, sem eru framleiddar eða sæta aðvinnslu í fyrirtækinu, svo og vinnu og þjónustu. Þetta tekur þó eigi til vöru, vinnu eða þjónustu, sem undanþegin er söluskatti.
6. Þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar.
7. Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, leiga á auglýsingakvikmyndum, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, uppskipunar- og útskipunargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

   Til skattskyldra sýninga í kvikmyndahúsum eða leikhúsum teljast hvers konar sýningar, þar sem aðgangseyrir er greiddur, annaðhvort við inngang eða sem hluti af félagsgjaldi. Skiptir ekki máli, þótt sýningar þessar séu ekki fyrir almenning.

   Til skemmtistarfsemi teljast hvers konar samkomur fólks, þar sem aðgangseyrir er greiddur, annaðhvort við inngang eða sem hluti af félagsgjaldi, svo sem söng- og annar tónlistarflutningur, fyrirlestrahald, dansleikir og fjölleikasýningar. Skiptir ekki máli, þótt samkomur þessar séu ekki opnar fyrir almenning.

   Um innheimtu söluskatts af skemmtanastarfsemi vísast til 2. liðs 33. gr.
8. Sala hvers konar auglýsinga, sem ekki er sérstaklega undanþegin.
9. Leiga gistihúsa og samkomuhúsa, sbr. þó 6. lið 14. gr.
10. Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum.

    Eigi skiptir máli, hvort rafmagnsveita fær orku frá vatns- eða gufuaflsstöð eða mótorrafstöð. Heitt vatn frá hitaveitu er skattskylt, þótt nokkur hluti hins heita vatns sé eigi jarðhitavatn. Þegar orka eða orkugjafi er notaður til hitunar á vatni, má draga innkaupin frá heildarsölu, enda sé söluskattur greiddur við kaup orkunnar eða orkugjafans.
11. Sala hvers konar vátrygginga, sem lög nr. 20/1954 taka til, nema sérstaklega sé undanþegin.

11. gr.

Ávallt skal innheimta söluskatt af orku, orkugjöfum, óvaranlegum rekstrarvörum og hjálparefnum, sem eyðast við framleiðslu annarrar vöru eða við aðra notkun, sbr. 1. mgr. 9. gr., nema um sé að ræða sölu til verzlunar, sem innheimtir söluskatt af smásöluverði vörunnar.

Ákvæði 1. mgr. taka m. a. til eftirtalinna vörutegunda:

1. Orka og efni til orkuframleiðslu.

   Rafmagn, jarðgufa og hitaorka frá jarðhitaverum, brennsluolíur (svartolía, gasolía, steinolía, benzín), gas, kol, koks, viðarkol, mór og mótöflur.
2. Vörur vegna vélareksturs og verkstæða.

   Smurningsolíur hvers konar, skurðolíur, borolíur, smurningsfeiti hvers konar, tvistur, hreinsiefni, lóðningarfeiti, reimaolíur og reimavax, sandur vegna

málmsteypugerðar, slípiefni hvers konar, þar með talinn sandpappír, fljótandi og föst fægiefni, stálull o. fl.

3. Vörur til þvotta og hreinsunar.
   Sápur, þvottaefni föst og fljótandi, vökvar til notkunar við fatahreinsun, þvottasóti, vítissóti, sótthreinsunarefni, mineral olíur, ræstiduft o. fl.
4. Efnavörur ýmiss konar.
   Efnavörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar, ljósprentunar, sútunar, málmhúðunar, litunar, prentmyndagerðar, litprentunar, sterkar sýrur og basar, sölt og önnur þau efni, sem notuð eru við iðnað og framleiðslu, enda myndi þau ekki efnisþátt vörunnar. Enn fremur sprengiefni, bleikiefni, bleikijörð, síuleir (filter aid) o. fl.
5. Ýmsar vörur.
   Hvellhettur, kveikiþræðir, ketilsink, herzluduft, prentmyndamót, leturmót, dekkpappír, límbönd, umbúðapappír, stensilpappír, filmur til offset- og lithografprentunar, svo og önnur þau efni, sem að dómi skattyfirvalda falla undir skilgreiningu reglugerðarinnar.

12. gr.

Nú er vara, sem skattskyld er skv. III. kafla þessarar reglugerðar, flutt inn til eigin nota eða neyzlu, og skal þá sá, sem flytur inn vöruna, greiða af henni við tollafgreiðslu 11% söluskatt þann, sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar. Skal skatturinn þá reiknaður af tollverði vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum, auk 10% áætlaðrar álagningar. Tekur gjaldskyldan til gjafa, sýnishorna og þess háttar, svo og til véla og tækja, sem sett eru í íslenzk skip erlendis, enda sé ekki um nýbyggingu skips að ræða.

Undanþegnar söluskatti skv. 1. mgr. hér á undan eru vörur þær, sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar, og auk þess vörur þær, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga, enda séu þær ekki endurseldar.

Ef fluttar eru inn vörur, sem ætlaðar eru til sölu, skal innflytjandi, áður en hann afhendir innflutningsskjölin til tollmeðferðar, hafa tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína og hafa fengið hjá honum tölusett skírteini, sem sýnir, að tilkynningarskyldunni hafi verið fullnægt. Þá skal innflytjandinn tilgreina á aðflutningsskýrslu, hvort vara er flutt inn til endursölu eða sem efnivara í söluvöru. Jafnframt skal hann tilgreina skírteinisnúmer. Hafi innflytjandi ekki söluskattskírteini, skal hann greiða söluskatt af vörunni við tollafgreiðslu, þótt hún sé flutt inn til endursölu.

3. Undanþágur

13. gr.

Sala á eftirtöldum vörum og verðmætum er undanþegin söluskatti:

1. Vörur, sem seldar eru úr landi.
   Undanþágan tekur aðeins til útflutningsvörunnar sjálfrar, en ekki til vinnu eða þjónustu við hana, sem skattskyld kann að vera samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, sbr. einnig 11. gr.
2. Sala á nýmjólk, súrmjólk og undanrennu.
   Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða sölu á mjólk í veitingahúsum, matsölum, veitingatjöldum eða öðrum greiðasölustöðum. Sala á öðrum mjólkurafurðum er söluskattskyld, svo sem rjóma, smjöri, skyri, ostum, mysu og þurrmjólk.
3. Sala á neyzlufiski, þó ekki sala á fiski, sem er flakaður, frystur og pakkaður í neytendaumbúðir í frystihúsum eða sala tilbúinna fiskrétta í verzlunum og veitingahúsum.

Undanþágan tekur heldur ekki til sölu á laxi, silungi, humar, rækju eða til sölu á öðrum fiski, sem sætt hefur einhvers konar vinnslu umfram venjulega aðgerð. Með fiski, sem sætt hefur venjulegri aðgerð, telst fiskur, sem er flakaður, saltaður, bútaður, hakkaður, reyktur (annar en álegg) eða frystur til geymslu í fiskbúðum, og er sala á honum því undanþegin söluskatti.

4. Fiskumbúðir og kjötpokar.
5. Veiðarfæri, svo og efni til veiðarfæragerðar og viðgerðar veiðarfæra.
   Þessi ákvæði taka þó ekki til sporttækja og efnis í þau.
6. Salt, þó ekki ef það er selt í smásöluumbúðum.
7. Beita, en til hennar telst auk beitusíldar önnur beita úr dýraríkinu.
8. Tilbúinn áburður, þó ekki ef hann er seldur í smásöluumbúðum og innhald með umbúðum vegur eigi yfir 5 kg.
9. Grasfræ.
10. Fóðurmjöl og hey, svo og annað dýrafóður.
11. Eldsneyti fyrir loftför.
12. Sala innlendra dagblaða og hliðstæðra blaða, svo og tímarita, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
13. Auglýsingar í dagblöðum, bókum, tímaritum og öðrum ritlingum.
14. Sala á fasteignum, skipum, loftförum og loftfaravarahlutum.
    Undanþágan tekur aðeins til sölu á nefndum verðmætum, en ekki til sölu á efni, sem notað er til byggingar þeirra eða smíða nema það sé undanþegið sérstaklega.
15. Sala á lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar seljanda.
16. Sala á verðbréfum.
17. Heimilisnotkun framleiðenda landbúnaðar- og sjávarafurða á eigin framleiðsluvörum.
18. Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands, eftir reglum, sem fjármálaráðherra setur. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
19. Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni til flokkunaraðgerða skipa, svo og af efni til meiri háttar viðgerða skipa og skipsvéla.

14. gr.

Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Á þetta við um hvers konar mannvirki, og skiptir ekki máli, hver lætur vinnuna í té.
   Undanþágan á þó ekki við um vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara, sem fram fer í verksmiðju, verkstæði eða starfstöð, heldur tekur hún einungis til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað.
   Nú fer aðvinnsla á efni eða vöru að einhverju leyti fram á verkstæði eða í verksmiðju og að öðru leyti á byggingarstað, og er þá sú vinna, sem fram fer á byggingarstað, skattfrjáls, samanber þó næstu málsgrein.
   Þegar settar eru upp vélar á eða í byggingarstað til aðvinnslu á vörum eða efni til mannvirkis, sem að jafnaði er unnið á verkstæði eða í verksmiðju, skal sú vinna eða aðvinnsla teljast skattskyld.
   Uppsetning véla eða tækja í verksmiðju eða verkstæði skal teljast söluskattskyld, þótt vinnan fari fram á byggingarstað.
2. Vinna við skipa- og loftfaraviðgerðir, hvort sem hún er framkvæmd af verkstæðum, verktökum, einstökum iðnaðarmönnum eða öðrum. Á þetta bæði við

um viðgerðir á skips- eða loftfaraskrokkum, föstum vélum, tækjum og munum, sem telja má venjulegt fylgifé með skipum eða loftförum.

Undanþágan tekur aðeins til vinnu við viðgerðirnar, en ekki til sölu eða afhendingar efnis í sambandi við þær.

3. Vinna við viðgerðir veiðarfæra, þó ekki sporttækja.
4. Vöruflutningar, fólksflutningar almennra leigubifreiða, svo og sérleyfis- og hópferðabifreiða. Undanþágan tekur til vöruflutninga á sjó, á landi og í lofti.
5. Sala farseðla í ferðir milli Íslands og annarra landa.
6. Húsaleiga, sbr. þó 9. lið 10. gr. reglugerðar þessarar. Undanþágan á við um húsaleigu almennt, hvort heldur er til íbúðar eða atvinnurekstrar.

Þegar gisti- eða samkomuhús er selt á leigu til aðila, sem rekur það samfellt um tiltekinn tíma og greiðir söluskatt af þeim rekstri, skal eigi greiða söluskatt af leigutekjum leigusala.

7. Útfararþjónusta.
8. Rekstur sjúkrahúsa, fæðingarheimila, heilsuhæla og annarra slíkra stofnana.

Undanþágan nær aðeins til þeirrar þjónustu, sem nefndar stofnanir láta í té, en ekki til vara, vinnu eða þjónustu, sem þær sjálfar þurfa að kaupa.

Til hliðstæðra stofnana í þessu sambandi teljast elliheimili, vöggustofur, barnaheimili, svo og hæli fyrir drykkjusjúklinga og lamaða og fatlaða.

9. Sala fasteigna, skipa, loftfara, verðbréfa og annarra þvílíkra verðmæta, en þar til teljast einkaleyfi, hlutabréf og hvers konar fjárkröfur, svo og húsaleigumiðlun.

Undanþágan tekur einnig til miðlaraþóknunar eða umboðsþóknunar til fasteigna-, skipa-, einkaleyfa- og verðbréfasala.

10. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta. Til lækninga í þessu sambandi teljast ljós- og nuddlækningar, störf ljósmæðra og hjúkrunarkvenna, þjónusta sálfræðinga og uppeldisfræðinga, tannsmíði og tannviðgerðir, svo og framleiðsla gervilima og umbúða fyrir lamað fólk.

Þá telst hér til þjónusta endurskoðenda, verkfræðinga, arkitekta, presta og hliðstæðra aðila.

11. Sala listamanna sjálfra á eigin verkum. Enn fremur sala á einkarétti eða höfundarrétti að uppfinningu eða hugverki.

Undanþágan á eingöngu við um sölu höfundar á frumverkinu.

12. Sala neyzluvatns.
13. Notkun á heitu vatni frá sameiginlegum kyndistöðvum fyrir íbúðarhúsahverfi, sem reknar eru af íbúunum sjálfum að öllu leyti og á þeirra ábyrgð, enda sé söluskattur greiddur af innkaupum á þeirri orku eða orkugjafa, sem notaður er til hitunar á vatninu.

Undanþágan nær aðeins til notkunar á heitu vatni í íbúðarhúsnæði því, sem íbúarnir hafa sjálfir til einkaafnota.

14. Þjónusta banka og sparisjóða. Sama gildir um stofnanir og sjóði, sem hafa með höndum hliðstæða starfsemi, enda hafi þeir fengið opinbera viðurkenningu.
15. Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skíðalyftum, kappreiðum og góðhestakeppni.
16. Fæðissala mötuneyta skólafólks og starfsmannahópa, svo og fæðissala atvinnurekenda til starfsmanna sinna.

Undanþágan tekur aðeins til fæðissölu þessara aðila, en ekki til sölu á efni til þeirra.

17. Skipa- og loftfaraleiga greidd af erlendum aðilum og í erlendum gjaldeyri.
18. Prentun dagblaða og hliðstæðra blaða. Öll önnur prentun er skattskyld.
19. Hafnar-, vita- og lendingargjöld.

20. Iðgjöld af seldum líftryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum.

IV. KAFLI
UM TILHÖGUN BÓKHALDS, FYLGISKJÖL OG GJALDSTOFNA

15. gr.

Allir þeir, sem innheimta söluskatt, skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960, skulu auk þess, sem fyrir er mælt í lögum nr. 51/1968 um bókhald, haga bókhaldi sínu þannig, að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti söluskattskýrslna, og á það einnig við um þá, sem ekki eru taldir bókhaldsskyldir samkvæmt áðurgreindum lögum um bókhald.

16. gr.

Reki aðili margþætta starfsemi, þannig að sumir þættir hennar eru söluskattskyldir, en aðrir söluskattfrjálsir, skulu hin söluskattfrjálsu og söluskattskyldu viðskipti greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og á söluskattskýrslu.

17. gr.

Söluskattskyldir aðilar skulu annaðhvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir, er færa skal á söluskattskýrslu, eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit, sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað, að rekja megi einstakar fjárhæðir á söluskattskýrslu til þeirra gagna, sem á er byggt, bæði að því er varðar skiptingu heildarveltu og frádráttar.

Fyrir gjalddaga hvers uppgjörstímabils skal stemma af og skrá niðurstöður þeirra reikninga, bóka eða yfirlita, sem færslur á söluskattskýrslur byggjast á. Öll gögn varðandi söluskattskýrslur skulu geymast eins og önnur bókhaldsgögn.

18. gr.

Sérhver sala eða afhending á vörum, verðmætum og þjónustu skal skráð í frumbækur, jafnskjótt og salan eða afhendingin fer fram, þar með talin hvers konar afborganaviðskipti, viðskipti gegn víxlum eða viðskipti, sem fram fara á annan hliðstæðan hátt. Ef afhending seldra vara fer fram í mörgu lagi, skal skrá hverja einstaka afhendingu í frumbækur.

Í bækur þessar skal skrá dagsetningu, nafn og heimilisfang kaupanda, tegund sölu, magn, einingarverð og heildarfjárhæð. Hver nóta eða reikningur í frumbók skal einnig bera greinilega með sér nafn og heimilisfang seljanda.

Heimilt er að hafa laus reikningseyðublöð í stað frumbóka. Blöð frumbóka og laus reikningseyðublöð skulu vera fyrirfram tölusett í samfelldri töluröð, enda sé ekki notað öruggara eftirlitskerfi.

Frumbækur og reikingar skulu færðir a. m. k. í tvíriti. Óski viðskiptamaður þess, skal honum ætíð látið í té samrit í hvert sinn, er afhending vöru eða þjónustu fer fram. Eitt eintak skal varðveitt í réttri töluröð, og skal vera hægt að rekja færslu á sölu í bókhald til þeirra frumgagna, sem færslurnar byggjast á.

Þegar selt er til endurseljenda, sbr. 6. gr., eða sala er undanþegin söluskatti skv. 4.—10. lið 13. gr., skal jafnframt eitt eintak af sölunótum eða -reikningum liggja fyrir í stafrófsröð, ef ekki er færð sérstök viðskiptamannabók yfir alla slíka sölu, og gildir það bæði um lánssölu og staðgreiðslusölu.

19. gr.

Reikningar og nótur skulu bera greinilega með sér, hvort söluskattur er innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki. Þegar söluskattur er ekki innheimtur af heildarfjárhæð reiknings, skal söluskatturinn tilgreindur sérstaklega, og koma skal greinilega fram, af hvaða fjárhæð hann er reiknaður.

20. gr.

Þegar seldum verðmætum er skilað til seljanda, skal gefa út innleggsnótu (kreditnótu) með tilvísun til fyrri úttektarnótu eða -reiknings. Sama gildir um afslátt, sem veittur er, eftir að nóta eða reikningur hefur verið skrifaður, svo og leiðréttingar á fyrri reikningum.

21. gr.

Þeir, sem taka framleiðslu annarra til vinnslu og/eða endursölu, skulu gefa út innleggsnótur (afreikninga) eða móttökukvittanir, og gilda sömu reglur um efni þeirra og rakið er í 18. gr., eftir því sem við á. Á þetta m. a. við um kaup eða móttöku samlaga, samvinnufélaga og annarra aðila á framleiðsluvörum bænda, sjávarafla og hvers konar iðnaðarvörum, fullunnum og hálfunnum.

22. gr.

Staðgreiðslusala smásöluverzlana og hliðstæðra aðila, svo og persónuleg þjónusta, sem veitt er gegn staðgreiðslu, er undanþegin skráningarskyldu í frumbók, skv. 18.—21. gr. hér að framan. Þegar slík sala er ekki færð í fyrirfram tölusettar frumbækur eða á reikninga, sbr. 18. gr., skal annaðhvort nota áritaða strimla úr lokuðum sjóðvélum sem fylgiskjöl fyrir innfærslu á staðgreiðslusölu í bókhald eða færa daglega staðgreiðslusöluyfirlit í fyrirfram innbundna, tölusetta bók, sem liggja skal til grundvallar fyrir færslu á staðgreiðslusölu í bókhald.

Í slíkri bók skal a. m. k. eftirfarandi koma fram:

Peningar og ávísanir við lok starfsdags	kr.	.....
+ Útborganir; t. d. greidd vörukaup, laun, peningaúttekt eiganda, lagt í banka, afborganir o. s. frv. ..	—	.....
	Kr.	.....
÷ Innborganir; t. d. innborganir frá skuldunautum, húsaleiga og aðrar innborganir, sem ekki teljast sala	—	.....
	Kr.	.....
÷ Peningar við upphaf starfsdags	—	.....
Staðgreiðslusala dagsins (m/söluskatti)	Kr.	.....

Fylgiskjöl fyrir staðgreiðslusölu, samkvæmt þessari grein, skulu áritast af verzlunarstjóra eða öðrum ábyrgum starfsmanni.

23. gr.

Þegar notað er annað öruggt eftirlitskerfi en lýst er í 18.—22. gr., getur fjármálaráðuneytið veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum þeirra.

24. gr.

Eigi er seljanda vöru eða þjónustu heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytanda að ræða.

Sala söluskattskylds verðmætis án söluskatts er aldrei heimil, nema kaupandi hafi tilkynnt starfsemi sem endurseljandi þeirrar vöru eða vinnu, sem seld er, og hafi í höndum skírteini, sbr. 6. gr.

Nú hefur endurseljandi keypt vöru, vinnu eða þjónustu og greitt af því söluskatt, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattskyldri veltu sinni, sbr. 28. gr. Hafi hann hins vegar enga söluskattskylda veltu fram að telja eða söluskattskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup, skal hann fá endurgreiddan þann söluskatt, sem hann þannig hefur ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina, nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst kr. 1 000 á ári.

25. gr.

Söluskattur miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði vöru, starfsemi og þjónustu án frádráttar, nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess í hverju greiðsla er fólgin og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Söluskattur samkvæmt reglugerð þessari telst þó ekki með heildarandvirðinu.

Sé um að ræða skipti á vöru eða þjónustu, gjafir, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.

Við sölu vara í umboðssölu skal skatturinn reiknast af heildarandvirði vörunnar. Framreiðsla á veitingastöðum telst ekki umboðssala.

Af skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, skal söluskatturinn reiknaður af söluverði aðgöngumiða að meðtöldum skemmtanaskatti. Sé aðgangur ekki seldur, skal skatturinn miðast við veltu, sem svarar til raunverulegs kostnaðar við skemmtunina.

26. gr.

Vanræki aðili að taka söluskatt af vöru, vinnu eða annarri þjónustu, sem söluskattskyld er samkvæmt reglugerð þessari, ber honum eigi að síður að standa skil á söluskattinum.

V. KAFLI
UM FRAMTÖL, GJALDDAGA, INNHEIMTU, DRÁTTARVEXTI, KÆRUR OG ÚRSKURÐI

27. gr.

Söluskattskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á söluskattskrá, sbr. 5. gr., skulu ótilkvaddir, á þar til gerðum eyðublöðum, senda skattstjóra í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, skýrslu um heildarveltu sína fyrir tveggja mánaða tímabil í senn, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattskylda sölu og söluskatt þann, sem inna ber af hendi.

Söluskattskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila skattstjóra fyrir hvert uppgjörstímabil, þótt ekki hafi verið um söluskattskylda sölu að ræða.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsemisgrein, skal, eftir nánari ákvörðun skattstjóra, láta í té sérstaka söluskattskýrslu fyrir hverja þeirra. Skattstjóri getur ákveðið, að aðili, sem rekur starfsemi á fleiri en einum stað, skuli láta í té sérstaka skýrslu fyrir hvern starfsstað.

28. gr.

Á söluskattskýrslu skal greina, auk nafns greiðanda og fleiri auðkenna, eins og skýrslueyðublaðið ber með sér:

A. **Heildarveltu:**

1. Heildarandvirði allra seldra vara, þar með skattfrjálsra vara, svo og seldrar vinnu og þjónustu án nokkurs frádráttar og að meðtöldum söluskatti.
2. Úttekt greiðanda úr eigin fyrirtæki, þar með taldar þær vörur, vinna og þjónusta, sem út er tekin til afnota fyrirtækisins sjálfs. Skattverðið miðast við almennt söluverð.
3. Annað, svo sem verðmæti vöru eða þjónustu, sem látin er í skiptum eða sem greiðsla fyrir vöru eða þjónustu.

B. **Frádrátt:**

1. Söluverð þeirra vara og þjónustu, sem undanþegin er söluskatti.
2. Söluverð skattskyldra vara, sem seldar eru til endurseljenda án söluskatts, enda liggi fyrir sölunótur yfir söluna, sbr. 18. gr.
3. Innkaupsverð þeirra vara, vinnu og þjónustu, sem endurseljandi kann að hafa keypt til endursölu með söluskatti.
4. Annar frádráttur:
   - 4.1. Útsöluverð á tóbaksvörum, benzíni og olíu, sbr. 3. og 4. lið 33. gr., þ. e. til frádráttar heildarveltu á hverju uppgjörstímabili skal færa það söluverðmæti, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og innflytjendur benzíns og olíu hafa gert aðila að greiða skatt af á sama uppgjörstímabili.
   - 4.2. Söluverð aðgöngumiða, sem söluskattur hefur verið greiddur af, sbr. 2. lið 33. gr.
   - 4.3. Vinnu við húsbyggingar, skipa- og loftfaraviðgerðir eða aðra söluskattfrjálsa sölu, sem kynni að vera innifalin í heildarveltu og ekki er talin hér áður.

Ef frádráttur skv. B-liðum er eitthvert uppgjörstímabil hærri en samanlögð velta skv. A-liðum, þá skal það, sem umfram er, dregið frá veltu næsta eða eftir atvikum næstu uppgjörstímabila eða endurgreitt skv. síðustu mgr. 24. gr.

Söluskattskyldur aðili skal til viðbótar því, sem skýrslueyðublöðin gefa tilefni til, skýra frá öðrum atriðum, sem kunna að skipta máli um söluskattskilin. Einnig er söluskattskyldum aðila skylt að láta skattyfirvöldum í té í því formi, sem óskað er, nánari sundurliðun á skattfrjálsri sölu og öðrum frádráttarliðum, svo og styðja þá gögnum, ef þess er óskað.

29. gr.

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslur og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur, og einnig skulu skattstjórar áætla söluskatt af viðskiptum þeirra aðila, sem ekki senda skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu er ábótavant.

Skattálagningu skal lokið innan mánaðar frá lokum hvers uppgjörstímabils og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

30. gr.

Söluskattskýrslu, sbr. 1. mgr. 27. gr., skal skilað fyrir hvert tveggja mánaða tímabil. Gjalddagi söluskatts er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils og eindagi 15. dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi á næsta virkan dag. Þannig verður gjalddagi fyrir fyrsta tímabil hvers árs (þ. e. janúar, febrúar) 15. marz og eindagi 15. apríl.

31. gr.

Skattstjóri getur heimilað þeim, sem hafa smávægilegan rekstur með höndum, að telja fram einu sinni á ári, enda sé söluskattskyld velta yfirleitt minni en kr. 100 000 á ári.

32. gr.

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi skilað honum á eindaga, falla á dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera skil á skattinum á tilsettum tíma, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

33. gr.

Eftirfarandi sérákvæði gilda um innheimtu söluskatts af neðantalinni starfsemi og viðskiptum:

1. Seljendur skulu innheimta söluskatt af verði allrar söluskattskyldrar vöru og þjónustu, sem seld er í smásölu, og skiptir þá ekki máli, hvort um er að ræða sölu til neytenda eða endurseljenda. Þó skal ekki innheimta söluskatt af sölu á timbri, trjávörum, steypustyrktarjárni og sementi til endurseljenda, sbr. 6. gr.
2. Söluskatt af aðgangseyri að skemmtunum, sem eru skemmtanaskattskyldar, skal innheimta með skemmtanaskatti. Söluskatt af aðgangseyri að skemmtunum, sem ekki eru skemmtanaskattskyldar, skal innheimta, þegar leyfi er veitt til skemmtunar, nema um fastan rekstur samkomuhúss sé að ræða.
3. Af tóbaksvörum og eldspýtum, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu þeir aðilar, sem hafa með höndum smásölu slíkra vara, greiða henni söluskatt af þeim vörum, um leið og þeir greiða kaupverð varanna, og skal skatturinn miðaður við smásöluverð.
4. Innflytjendur olíu og benzíns skulu taka söluskatt við sölu eða afhendingu þessara vara til umboðsmanna sinna eða annarra aðila. Skatturinn skal miðast við smásöluverð.
5. Ef ársvelta nemur eigi meiru en kr. 1 000, skal söluskattur ekki innheimtur.

34. gr.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á söluskatti, geta kært hann til hans innan 10 daga, frá því að skattur var ákveðinn. Skattstjóri skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi innan 10 daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði hans má áfrýja til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar jafnlangur.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta ákvörðun skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um söluskattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, og ef söluskattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

35. gr.

Ágreining um söluskattskyldu og -skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan 6 mánaða frá því ríkisskattanefnd úrskurðaði málið.

VI. KAFLI
UM EFTIRLIT, UPPLÝSINGASKYLDU OG VIÐURLÖG

36. gr.

Skattstjórum er heimilt að krefjast af þeim, sem telja má gjaldskylda, allra nauðsynlegra gagna til skýringar á söluskattskýrslum. Enn fremur er skattyfirvöldum heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum aðila, samningum, verzlunarbréfum og öðrum slíkum skjölum, til athugunar og endurskoðunar. Á sama hátt er heimilt að krefja söluskattskylda aðila og ábyrga forstöðumenn söluskattskyldra fyrirtækja eða stofnana um nauðsynlegar upplýsingar, svo og, að þeir veiti eftirlitsmönnum eða endurskoðendum skattyfirvalda aðgang að skrifstofum, vinnustöðvum, vörugeymsluhúsum og öðrum þess háttar stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits með viðskiptum hlutaðeigenda.

Þá hafa skattstjórar rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim, er hafa keypt af söluskattskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti, þar með að krefja húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra, sem hafa verzlun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um félaga sína og atvinnu þeirra og rekstur.

Opinberar stofnanir skulu veita aðgang að öllum gögnum, er að dómi skattstjóra eru nauðsynleg til endurskoðunar framtals og ákvörðunar skatts, og er forstöðumönnum og starfsmönnum nefndra stofnana skylt að láta skattstjóra eða starfsmönnum hans í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar, sem óskað er eftir og unnt er að veita.

37. gr.

Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helzt, þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

38. gr.

Ef söluskattskýrslu er ekki skilað til skattstjóra innan tilgreinds tíma og skattur því áætlaður, skal ekki lækka skatt aðila, þótt hann kæri, nema hann sanni, að skattskyld velta hans hafi verið áætluð meira en 10% hærri en hún var í reynd. Sé hin áætlaða upphæð meira en 10% hærri, skal reikna skatt af hinum raunverulegu upphæðum að viðbættum 10%. Sé mismunur minni en 10%, skal greiða skatt af þeirri upphæð, sem áætluð var.

Ef söluskattskýrslu er ábótavant og skattur hefur verið áætlaður af þeim sökum, skal ekki lækka skattinn nema aðili hafi komið með fullnægjandi skýringar á þeim atriðum, sem vafi gat leikið á um. Heimilt er að beita ákvæðum fyrstu málsgreinar, ef ekki er bætt úr ágöllum á framtalsskýrslu innan tilskilins kærufrests. Skattstjórum er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að söluskattskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. IV. kafla reglugerðar þessarar. Enn fremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki eru lögð fram gögn þau eða bókhaldsbækur, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar framtali hans.

Ekki þarf að beita ákvæðum fyrstu málsgreinar, ef skattaðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og skal það metið hverju sinni eftir aðstæðum, hvað teljast skuli gildar ástæður í þessu sambandi.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila að greiða söluskatt 5 ár aftur í tímann.

39. gr.

Nú skýrir söluskattskyldur aðili af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rangt frá því, er máli skiptir um söluskatt hans, og skal hann þá greiða sekt, sem skal eftir málavöxtum ákveðin allt að tífaldri þeirri söluskattsupphæð, sem tapazt hefur við vanrækslu hans eða rangfærslu, og auk þess greiði hann hinn vantalda söluskatt.

Nefnd sú, sem starfar skv. 6. mgr. 48. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, ákveður sektir samkvæmt þessari grein, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski eftir, að máli sé vísað til dómstóla.

40. gr.

Brot þau, sem um ræðir í 39. gr., ef málum út af þeim er vísað til dómstóla, misnotkun skírteina þeirra, sem um ræðir í 6. gr., vanræksla söluskattskylds aðila á því að tilkynna starfsemi sína, svo sem fyrir er mælt í 5. gr., vanræksla eða tregða á að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð eða gögn, varðar sektum í ríkissjóð allt að kr. 100 000 eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum heimildum.

Refsiákvæðum reglugerðar þessarar skal beita gegn eigendum, stjórnendum eða framkvæmdastjórum fyrirtækis eða atvinnurekstrar.

Sektir samkvæmt grein þessari má innheimta með aðför.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

41. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði í reglugerð þessari, fer skv. lögum nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt.

42. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 15 31. marz 1960 um söluskatt.

43. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 og nr. 3/1970, sbr. og lög nr. 61/1964, 40 gr. laga nr. 7/1963 og 1. gr. laga nr. 76/1967, öðlast gildi hinn 1. september 1970. Fyrsti gjalddagi samkvæmt reglugerðinni er 15. september 1970, og fellur þá í gjalddaga innheimtur söluskattur í júlí og ágúst 1970, en eindagi hans er 15. október 1970.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 6, nr. 104—169. Útgáfudagur 31. ágúst 1970.

25. ágúst 1970. 551 Nr. 170.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Seláshverfi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 21. ágúst 1970 staðfest skipulagsuppdrátt af Seláshverfi í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

25. ágúst 1970. Nr. 171.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur ráðið hr. Steingrím Jónsson hreppsnefndarmann, til að vera sveitarstjóri í Stokkseyrarhreppi.

Á fundum sínum mánudaginn 29. júní og mánudaginn 27. júlí 1970, gerði hreppsnefndin svo hljóðandi samþykkt um starfssvið hans.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðarétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi, í samráði við oddvita, framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, ásamt oddvita, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

B 70

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim er í 5. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem ráð þykir að taka fram af því tilefni.

Ráðningarsamningurinn skal staðfestur af hreppsnefnd.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps í Árnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1970.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

Nr. 172. 26. ágúst 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar nr. 163 21. september 1959.

1. gr.

9. grein orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks, sem svo er ástatt, sem í 8. gr. segir, skal greiða vatnsskatt 4% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 300.00 og af íbúðarhúsi með tveimur eða fleiri íbúðum skal lægsta gjald vera kr. 200.00 af íbúð. Ef um er að ræða hús, sem að dómi bæjarstjórnar nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn skal greiða vatnsskatt allt að 6% af fasteignamatsverði. Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá lágmarksgjaldi, ef um sérstakar ástæður er að ræða. Hafi hús ekki verið virt fasteignamats virðingu ákveður vatnsveitan skattinn.

2. gr.

10. grein orðist svo:

Fyrir önnur ómæld vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1.	Af hverri tunnu saltaðrar síldar	kr.	3.00
2.	Af hverri smálest innvegins fisks	—	3.50
3.	Fyrir hverja frysta síldartunnu	—	2.50
4.	Fyrir hvern kjötskrokk	—	1.50
5.	Fyrir vatn í steypu af hverri sementstunnu	—	2.00
6.	Fyrir hvern krana utanhúss og í peningshúsum	—	200.00

3. gr.

11. grein orðist svo:

Fyrir vatn til mjólkurbúa, verksmiðja (frystihúsa) og annarra slíkra aðila er nota mikið vatn heimilast bæjarstjórn að krefjast greiðslu samkvæmt vatnsmælum og skal þá greiða kr. 3.00 fyrir hverja smálest.

4. gr.

14. grein orðist svo:

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 25.00 fyrir hverja smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 150.00 fyrir fiskiskip og kr. 300.00 fyrir önnur skip. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að hafnarbryggja Sauðárkróks greiði vatnsveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun bæjarstjórnar, enda hafi bryggjan tekjur af vatnssölu þeirri er fram fer á bryggjunni, að undanskildum framleiðslugjöldum af sjávarafurðum, sem um ræðir í 10. gr. þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

26. ágúst 1970. Nr. 173.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Stóra-Lambhagahverfis í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Stóra-Lambhagahverfis. Heimili þess og varnarþing er Skilmannahreppur í Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá hverfinu fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru bændur í Stóra- og Litla-Lambhaga og aðrir húsráðendur í Stóra-Lambhaga, og sláturhús Sláturfélags Suðurlands við Laxárbrú, enn fremur Vogatunga og Beitistaðir.

Vatnsveitan byggir aðalæð, en notendur kosta heimæðar hver heim til sín. Sláturfélag Suðurlands greiðir helming kostnaðar af aðalæð, en hinn helmingur kostnaðar við stofnun, greiðist af öðrum vatnsnotendum. Rekstur stofnæðar greiðist í sömu hlutföllum.

4. gr.

Hver aðili á rétt á vatni til húsþarfa og atvinnureksturs. Félagsskylda er því skilyrði háð, að húeiganda sé látið í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til afnota.

5. gr.

Skylt er að taka nýja ábúendur í félagið, sé nægilegt vatnsmagn fyrir hendi, en samþykki aðila þarf til þess að bætt sé við nýjum vatnsnotendum.

Nýr félagsmaður greiði hlutfallslega sama stofngjald og eldri félagsmenn og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því að hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

6. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum aðila í félaginu og skal hann ákveðinn þannig:

1. Til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar í hlutfalli við stofngjöld.
2. Til greiðslu á reksturskostnaði og viðhaldi veitunnar eftir vatnsnotkun.
3. Fast lágmarksgjald hvers notanda, sem hefur tengda heimæð. Vatnsskatt má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu hans til félagsins.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn, og einn til vara. Enn fremur skulu kosnir tveir endurskoðendur til eins árs.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boðað bréflega eða persónulega með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef ⅔ félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaður aðalfundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess, og kosin stjórn og endurskoðendur.

9. gr.

Félagsfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið boðað til hans á sama hátt og til aðalfundar. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

10. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til funda og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

11. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér undir eftirliti félagsstjórnar.

12. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti ⅔ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Stóra-Lambhagahverfis í Skilmannahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. ágúst 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. ágúst 1970. Nr. 174.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefndin kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndarinnar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi, sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort

oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar í Snæfellsnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. ágúst 1970.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 175. 27. ágúst 1970.

AUGLÝSING

um skipulag í Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum Skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Árskógshrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. ágúst 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 176. 28. ágúst 1970.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hofshreppi, Skagafirði.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Hofshreppi, Skagafirði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1970.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um samræmt gagnfræðapróf.

1. gr.

Allir nemendur, sem ganga undir gagnfræðapróf, skulu þreyta samræmt landspróf í eftirtöldum greinum: íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði. Prófin skulu miðast við að kanna ákveðinn kjarna hverrar námsgreinar. Þau skulu vera skrifleg og haldin samtímis um allt land.

Heimilt er þó, að hluti prófs sé munnlegur. Einnig er heimilt að fjölga eða fækka landsprófsgreinum frá því, er áður greinir.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 8 manna prófnefnd auk formanns nefndarinnar til allt að þriggja ára í senn. Skal nefndin heita gagnfræðaprófsnefnd. Formannsstörf og framkvæmdastjórn fyrir nefndina annast starfsmaður menntamálaráðuneytisins eða fræðslumálaskrifstofu, skipaður af ráðuneytinu. Í prófnefndinni skulu vera 2 fulltrúar fyrir hverja námsgrein, vel kunnugir kennslu og námsefni í gagnfræðaskólum, og skal a.m.k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi í greininni.

Þóknun til prófnefndarmanna og annar sérkostnaður vegna prófsins greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Prófnefndarmenn hverrar námsgreinar annast samningu prófverkefna í sinni grein og setja reglur um framkvæmd prófsins. Fræðslumálaskrifstofan sendir prófgögn til skólastjóra og ákveður próftíma í samráði við gagnfræðaprófsnefnd. Skal öllu þann veg háttað, að tryggt sé, að verkefni vitnist eigi fyrr en á prófdegi.

4. gr.

Kennarar og prófdómendur fyrrnefndra námsgreina á gagnfræðaprófi skulu annast úrvinnslu og einkunnagjöf samkvæmt fyrirmælum prófnefndar. Einkunnir á hinu samræmda landsprófi skal færa sérstaklega í prófbók skólans og á gagnfræðaprófsskírteini. Auk þess er hverjum skóla heimilt að gefa sínar einkunnir í umræddum greinum og er þá í sjálfsvald sett, hver áhrif landspróf nemandans hefur á þá einkunnagjöf. Senda skal skýrslu um landsprófið til formanns nefndarinnar.

5. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 0 til 10. Skal gefið í heilum tölum og hálfum. Heimilt er þó menntamálaráðuneytinu að ákveða aðrar reglur um einkunnagjöf, og skal tilkynnt um slíkar breytingar eigi síðar en 31. desember á því skólaári, sem breytingin tekur gildi. Eina einkunn skal gefa fyrir hverja námsgrein, nema í íslenzku tvær samkvæmt nánari ákvörðun prófnefndar.

Ekki telst nein einkunn vera falleinkunn á hinu samræmda prófi, og eigi skal heldur færa meðaleinkunn fyrir það próf.

6. gr.

Prófnefnd skal kanna einkunnagjöf hvers skóla á hinum samræmdu prófum með athugun á úrtaki úrlausna. Ef misræmis eða frávika frá matsreglum nefndarinnar verður vart, skulu prófnefndarmenn gera skólastjóra og viðkomandi kennurum eða prófdómendum aðvart. Nefndin hefur heimild til að breyta einkunnum skólans, ef um verulegt misræmi er að ræða.

7. gr.

Fyrir upphaf hvers skólaárs, skal prófnefnd senda skólum drög að námsskrá í landsprófsgreinum gagnfræðaprófs. Skal þar gerð grein fyrir námsefni og helztu atriðum, er leggja ber áherzlu á í kennslunni, en auk þess skal lýst í stórum dráttum kröfum næsta prófs og gerð þess.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1946 um gagnfræðanám, og öðlast hún gildi frá og með 1. ágúst 1970. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um samræmt gagnfræðapróf frá 22. janúar 1968.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. september 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 178. 1. september 1970.

REGLUGERÐ

um landspróf miðskóla.

1. gr.

Á miðskólaprófi í bóknámsdeild skal haldið landspróf í eftirtöldum greinum: íslenzku, dönsku eða öðru Norðurlandamáli, ensku, sögu, landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði og stærðfræði. Menntamálaráðuneytið getur fækkað eða fjölgað landsprófsgreinum, ef fræðslumálastjóri og landsprófsnefnd mæla með því, og skal ráðuneytið þá setja sérstakar reglur um vægi umræddra greina í prófinu. Landspróf skal vera skriflegt að mestu leyti og haldið í lok hvers skólaárs, samtímis um land allt, samkvæmt nánari fyrirmælum fræðslumálastjóra og landsprófsnefndar.

2. gr.

Rétt til þess að halda landspróf miðskóla hafa miðskólar, gagnfræðaskólar og aðrir sambærilegir skólar, sem fá til þess leyfi ráðuneytisins.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar 10 manna prófnefnd til allt að þriggja ára í senn. Skal prófnefndin heita landsprófsnefnd. Einn nefndarmanna hefur með höndum formannsstörf og framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Aðrir nefndarmenn skulu vera sérfróðir um námsgreinar landsprófs miðskóla, tveir um íslenzku, en einn um hverja prófgrein aðra en íslenzku. Nefndarmenn skulu vera vel kunnugir kennslu í gagnfræðaskólum og námsefni því, sem krafizt er til prófsins.

Jafnframt fyrrgreindum aðalmönnum í landsprófsnefnd skipar menntamálaráðuneytið 9 varamenn í nefndina, einn fyrir hvern námsgreinarsérfræðing. Ráðuneytið getur og skipað ritara í landsprófsnefnd til aðstoðar við framkvæmdastjóra, ef nefndin mælir með því, og skal hann þá vera varamaður formanns.

Hverfi maður úr landsprófsnefnd, áður en starfstímabil hans er liðið, skal skipa annan í hans stað það sem eftir er tímabilsins.

Þóknun til aðalmanna, varamanna og ritara landsprófsnefndar, prentun og fjölritun verkefna, svo og annar kostnaður við störf landsprófsnefndar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

4. gr.

Landsprófsnefnd gegnir prófdómarastörfum í Reykjavík og næsta nágrenni. Taka varamenn þátt í þessum prófdómarastörfum, eftir því sem nefndin sjálf ákveður. Annars staðar skipar ráðuneytið sérstaka prófdómara að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og landsprófsnefndar. Um laun stjórnskipaðra prófdómara og annan prófkostnað fer eftir gildandi lögum og reglum.

5. gr.

Fræðslumálaskrifstofan annast í samráði við formann landsprófsnefndar um prentun og fjölritun prófverkefna á þann hátt, sem þessir aðilar telja öruggastan. Fræðslumálaskrifstofan sendir prófgögn til skólastjóra og ákveður próftíma í samráði við landsprófsnefnd. Skal öllu þann veg háttað, að tryggt sé, að verkefni vitnist eigi fyrr en á prófdegi.

6. gr.

Landsprófsnefnd setur nákvæmar reglur um framkvæmd landsprófs miðskóla, úrvinnslu prófverkefna og einkunnagjöf.

7. gr.

Í erlendum tungumálum skal haldið munnlegt próf í framburði og fleiri atriðum, er varða munnlega málnotkun. Prófdómari og kennari dæma um munnlegt próf, og tekið skal tillit til einkunnar þess eftir því, sem landsprófsnefnd mælir fyrir um.

8. gr.

Strax síðasta prófdag skulu skólar tilkynna formanni landsprófsnefndar um þá nemendur, sem hafa ekki lokið öllum prófum sakir veikinda eða annarra lögmætra forfalla. Landsprófsnefnd heldur sjúkrapróf fyrir þessa nemendur, og fara þau fram svo fljótt sem auðið er að loknu aðalprófi. Skulu sjúkrapróf haldin í þeim skólum, sem landsprófsnefnd ákveður.

Sjúkraprófsnemendum er skylt að leggja fram læknisvottorð um orsök forfalla í prófi.

9. gr.

Prófdómari og kennari fara yfir úrlausnir nemenda og dæma þær. Þeir skulu koma sér saman um einkunn, en reynist það ókleift, skal leita úrskurðar landsprófsnefndar.

Úrlausnir á sjúkraprófi skulu prófdómari og kennari einnig meta, á sama hátt og á aðalprófi. Ef ekki reynist unnt að ná til kennara um mat sjúkraprófsúrlausna, dæmir landsprófsnefnd ein. Sömuleiðis getur nefndin tekið að sér eindæmi sjúkraprófsúrlausna, ef kennari eða skóli óska þess að koma þar hvergi nærri.

10. gr.

Allar einkunnir á landsprófi miðskóla skal færa inn í prófbók skóla. Prófskýrslu skal senda til formanns landsprófsnefndar.

Landsprófsnefnd skal halda nákvæma prófbók.

11. gr.

Að lokinni úrvinnslu prófa skal þegar senda landsprófsnefnd úrlausnir þeirra nemenda, sem hún hefur eigi sjálf dæmt um, samkvæmt nánari fyrirmælum nefndarinnar. Landsprófsnefnd endurmetur tiltekið úrtak þessara úrlausna, og ákveður nefndin úrtaksreglur. Skal miða úrtak m. a. við það, að úrlausnir þeirra nemenda, sem hlotið hafa aðaleinkunn nærri því marki, er veiti rétt til framhaldsnáms í menntaskóla og kennaraskóla, verði vandlega kannaðar. Verði endurmat landsprófs-

nefndar til muna frábrugðið dómi einhvers skóla, gerir hún skólanum viðvart um það. Eigi breytir endurmat landsprófsnefndar einkunnum nemenda, en tekið skal tillit til þess samkvæmt því, er um getur í 13. gr.

12. gr.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10.

Einkunnina 0 skal aðeins gefa fyrir afleita frammistöðu, og fellir sú einkunn nemandann á prófinu.

Ein einkunn skal gefin í hverri námsgrein, nema í íslenzku tvær. Reikna skal meðaleinkunn hvers nemanda með einum aukastaf.

13. gr.

Til að standast landspróf miðskóla þarf nemandi að hafa hlotið a. m. k. 5.0 í meðaleinkunn. Til inngöngu í menntaskóla eða kennaraskóla þarf nemandi, auk annarra skilyrða hlutaðeigandi skóla, að hafa fengið a. m. k. 6.0 í meðaleinkunn á prófinu og eigi lægra en 5 samanlagt í tveimur lægstu greinum.

Ef dómur einhvers skóla hefur verið til muna frábrugðinn dómi landsprófsnefndar, getur nefndin til samræmingar úrskurðað, að innganga nemenda frá þeim skóla í menntaskóla eða kennaraskóla skuli miðast við aðra lágmarkseinkunn en að ofan greinir.

14. gr.

Landsprófsnefnd getur heimilað nemendum, sem ná ekki 6.0 í meðaleinkunn á prófinu, en eru nærri því marki, að endurtaka að hausti próf í einstökum námsgreinum. Semur nefndin reglur um slíka endurtekningu prófa hverju sinni. Nemanda, sem stenzt prófið að öðru leyti en því, er varðar samtölu tveggja lægstu einkunna, skal heimilt að endurtaka próf í þessum greinum að hausti.

Halda skal haustnámskeið fyrir nemendur, sem fá heimild til að endurtaka próf. Menntamálaráðuneytið ákveður nánar um framkvæmd námskeiðsins, að fengnum tillögum landsprófsnefndar.

Kostnaður við haustpróf greiðist á sama hátt og getið er um í 3. gr.

15. gr.

Nemanda skal heimilt að þreyta landspróf miðskóla tvisvar, en ekki oftar, nema til komi skrifleg undanþága menntamálaráðuneytisins.

16. gr.

Fyrir upphaf hvers skólaárs skal landsprófsnefnd senda skólum drög að námsskrá. Skal þar gerð grein fyrir námsefni og helztu atriðum, er leggja ber áherzlu á í kennslunni, en auk þess skal lýst í stórum dráttum kröfum næsta prófs og gerð þess.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48/1946 um gagnfræðanám, og öðlast hún gildi frá og með 1. ágúst 1970. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um landspróf miðskóla frá 23. september 1968.

Í menntamálaráðuneytinu, 1. september 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Runólfur Þórarinsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að Nauteyrarsókn verði skipt í tvennt, Nauteyrarsókn og Melgraseyrarsókn.

Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 13. júlí s.l., þar sem greint er frá samþykki safnaðarfundar Nauteyrarsóknar hinn 24. maí s.l., um skiptingu sóknarinnar í tvær sóknir, Nauteyrarsókn og Melgraseyrarsókn, en sú samþykkt var síðan staðfest af héraðsfundi Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis hinn 14. júní s.l. Með skírskotun til tillagna yðar, um að fallizt verði á þá samþykkt framangreindra aðila, að Nauteyrarsókn verði skipt í tvær sóknir, þannig að syðri hluti sóknarinnar, að Hallsstöðum, myndi Nauteyrarsókn, en Hallsstaðir og síðan allir bæir sóknarinnar norður að mörkum Unaðsdalssóknar myndi Melgraseyrarsókn, tekur ráðuneytið fram, að það staðfestir hér með, samkvæmt heimild 11. gr. laga um skipun prestakalla o. fl. umrædda tillögu um skiptingu Nauteyrarsóknar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, þannig að hún taki gildi 1. október.

12. ágúst 1970. Nr. 180.

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 um endurgreiðslur gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreinda heimild eins og hér segir:

I. Endurgreiðslur vegna nýsmíði.

1. gr.

Þegar hafizt er handa um nýsmíði skips, skal skipasmíðastöð, óski hún endurgreiðslu tolla, tilkynna það siglingamálastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Tilkynningunni, sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi, smíðalýsingu og fyrirkomulagsteikning.

2. gr.

Ráðuneytið mun endurgreiða 7.5% af samningsverði skipa, annarra en súðbyrtra skipa, en þau skulu njóta tollendurgreiðslu samkvæmt 3. og 4. gr. þessarar auglýsingar. Með samningsverði er átt við verð það, sem skráð er í smíðasamningi. Endurgreiðsla getur farið fram í eftirtöldum áföngum, gegn staðfestingu siglingamálastjóra hverju sinni, um að viðeigandi smíðastigi sé lokið eða afhending til kaupanda hafi farið fram.

a. 2.5% þegar lokið er við að byrða bol skips eða sjóða hluta bols þess (sektionir) saman eða reisa bönd, ef um tréskip er að ræða.
b. 2.5% þegar búið er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður.
c. 2.5% þegar afhending skips til kaupanda hefur farið fram, eða smíði er endanlega lokið.

Af aðalvél, sem er undir 300 hestöflum, endurgreiðir ráðuneytið toll gegn framvísun frumrits tollreiknings og vörureiknings (faktúru) vélarinnar. Endurgreiðsla getur farið fram, þegar siglingamálastjóri hefur staðfest, að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði.

3. gr.

Telji skipasmíðastöð sig ekki fá tolla endurgreidda að fullu samkvæmt ofanskráðu, skal hún, í stað umsóknar um þriðja áfanga endurgreiðslunnar, skv. 2. gr., senda siglingamálastjóra sundurliðun yfir allar tollagreiðslur vegna skipsins á þar til gerðum eyðublöðum.

Í sundurliðuninni skal greind vörutegund, magn, c.i.f. verð hverrar einingar, tollflokkur og sú tollupphæð, sem greidd hefur verið. Frumrit tollreikninga ásamt vörureikningum skulu fylgja sundurliðuninni, þegar því verður við komið.

4. gr.

Geti skipasmíðastöð ekki framvísað tollreikningum og vörureikningum yfir vörur, sem notaðar hafa verið til smíði skips, skal gerð yfir þær sundurliðun á sérstök eyðublöð, þar sem greina skal heiti vörunnar, magn, kaupverð, tollflokk og upphæð þá, sem óskast endurgreidd fyrir hverja vörutegund um sig, en hún reiknast þannig: Frá kaupverði vörunnar dragast 33%. Afgangurinn margfaldast með tollprósentu vörunnar deilt með tollprósentunni + 100. Ekki má taka með í sundurliðun notaða hluti, né heldur innlendar framleiðsluvörur. Sundurliðun fylgi vörureikningar eða nótur yfir vörurnar. Tollendurgreiðslan fellur til skipasmíðastöðvar þeirrar, sem smíðina annast.

5. gr.

Geti fjármálaráðuneytið fallizt á sundurliðun skv. 3. og 4. gr., fer fram uppgjör á þann hátt, að skipasmíðastöð verða endurgreiddir tollar þeir, sem hún sannanlega hefur greitt vegna skipsins, að frádregnum greiðslum þeim, sem inntar hafa verið af hendi skv. 2. gr.

6. gr.

Hafi kaupandi skips sjálfur lagt til vélar, tæki eða annað ónotað innflutt efni til skipsins, getur ráðuneytið endurgreitt tolla af því til kaupanda gegn framvísun tollreikninga og vörureikninga, enda votti siglingamálastjóri, að hlutirnir hafi verið notaðir til skipsins, og hvorki verð þeirra né kostnaður við niðursetningu þeirra sé innifalinn í samningsverði skipsins.

7. gr.

Hækki verð skips á smíðatímabilinu vegna aukins innflutnings efnis og tækja fram yfir það sem upphaflegur smíðasamningur gerði ráð fyrir, mun ráðuneytið endurgreiða tolla af efni þessu og tækjum, enda sé endurgreiðslubeiðni vegna þessa borin fram svo sem segir í 3. og 4. gr.

Verði endanlegt söluverð lægra en upphaflegt samningsverð, skal tollendurgreiðslan samkvæmt 2. gr. miðuð við söluverð og skal tekið tillit til þessa við lokaendurgreiðslu.

8. gr.

Sé skip smíðað fyrir eigin reikning, og því ekki hægt að leggja samningsverð til grundvallar endurgreiðslu tolla, áætlar ráðuneytið „samningsverð“ þess með hliðsjón af verði sambærilegra skipa. Að öðru leyti fer um endurgreiðslur eins og að framan greinir.

9. gr.

Telji ráðuneytið smíði skips þannig háttað eða samninsgerð um það þess eðlis, að afbrigðilegt geti talizt, getur ráðuneytið ákveðið hverju sinni, hvernig tollendurgreiðslu skuli hagað.

II. Endurgreiðslur vegna skipaviðgerða og breytinga.

10. gr.

Nemi viðgerðarkostnaður vegna samfelldrar viðgerðar skips kr. 100 000.00 eða hærri upphæð, mun ráðuneytið endurgreiða tolla af innfluttu efni til viðgerðarinnar, enda nemi endugreiðslufjárhæðin minnst kr. 10 000.00. Endurgreiðslubeiðnin skal borin fram á sama hátt og segir í 3. og 4. gr. eða á þann hátt, sem hér segir:

a. Af eftirfarandi tækjum verður greitt sérstaklega við framvísun frumrits tollreikninga og vörureikninga:
   1. Aðalvél.
   2. Skrúfubúnaður (gear, öxull, skrúfa).
   3. Öxulbremsa.
   4. Fjarstýringartæki véla.
   5. Ljósavélar.
   6. Rafalar.
   7. Loftþjöppur.
   8. Loftkútar.
   9. Gear fyrir aflúttak.
   10. Austur-, bruna- og kælivatnsdælur.
   11. Eldsneytisdælur.
   12. Smurolíudælur.
   13. Olíuskilvindur.
   14. Vökvahæðarmælar (pejlcentral).
   15. Ferskvatnsgenerator.
   16. Bógskrúfur.
   17. Frysti- og kælivélar.
   18. Ísvélar.
   19. Ísdælur eða færitæki.
   20. Spil hvers konar.
   21. Fiskdælur.
   22. Spildælur.
   23. Stýrisvélar.
   24. Sjálfstýring.
   25. Nótarkranar og kraftblakkir.
   26. Viftur, fyrir loftræstingu og kælingu.
   27. Hverfirúður.
   28. Anker og keðjur.
   29. Áttavitar.
   30. Asdictæki, fiskileitartæki.
   31. Dýptarmælar.
   32. Talstöðvar.
   33. Lorantæki.
   34. Miðunarstöð.
   35. Radar.
   36. Ljóskastarar.
   37. Sveifarás í aðalvél.

b. Af varahlutum til dieselvéla verður endurgreitt 13% af kaupverði.

c. Af varahlutum til rafbúnaðar skips og rafeindatækja, 17% af kaupverði.

d. Af efni til bolviðgerðar tréskipa, 9% af kaupverði.

e. Af efni til bolviðgerðar á stálskipi og af efni vegna viðgerða eða endurnýjunar yfirbygginga og lestainnréttinga skipa, ef þær eru úr stáli eða áli, 1.5% af kaupverði.

f. Af efni til viðgerða eða endurnýjunar innréttinga annarra en lestainnréttinga, 15% af kaupverði.
g. Af öllu öðru innfluttu efni 10% af kaupverði sem sannanlega hefur farið til viðgerða á skipinu.
h. Af gasi og súr verður ekki endurgreitt.

11. gr.

Til þess að umsókn um tollendurgreiðslu samkvæmt 10. gr. verði tekin til greina, þarf að fylgja umsókninni verklýsing, sem staðfest er af siglingamálastjóra að viðgerð lokinni, enda fylgist hann með verkinu frá upphafi og taki það út.

Allir reikningar að tollreikningum og erlendum vörureikningum undanskildum, sem framvísað er vegna endurgreiðslu skv. 10. gr., skulu vera stílaðir á það skip, sem viðgerð fer fram á.

III. Endurgreiðsla söluskatts.

12. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að endurgreiða söluskatt vegna nýsmíði skipa og skipaviðgerða, sem endurgreiðslurétt hafa á tollum samkvæmt auglýsingu þessari. Sanna ber með vottorðum frá viðkomandi skattstjórum, að söluskattur sá, sem beðið er um endurgreiðslu á vegna tilgreindrar nýsmíði eða skipaviðgerðar, hafi verið gefinn upp sem skattskyld velta hjá hlutaðeigandi skipasmíðastöð eða seljanda efnis, þannig að söluskatturinn muni hafa verið greiddur til innheimtumanns ríkissjóðs. Söluskattur, sem greiddur er samkvæmt tollreikningum, annar en sá, sem innheimtur er samkvæmt 6. gr. reglugerðar um söluskatt frá 31. marz 1960, mun verða endurgreiddur gegn framvísun frumrita af tollreikningum ásamt vörureikningum.

IV. Almenn ákvæði.

13. gr.

Umsóknir um endanlega endurgreiðslu tolla vegna nýsmíði skips, eftir að afhending hefur farið fram eða eftir að smíði er endanlega lokið, svo og vegna skipaviðgerða, skulu bornar fram á sérstökum eyðublöðum, sem siglingamálastjóri lætur í té, og kemur endurgreiðsla því aðeins til greina, að allar upplýsingar, sem eyðublöðin gefa tilefni til, séu skilmerkilega færðar, og séu þau undirrituð af umsækjanda, svo og kaupanda eða eiganda skips eða umboðsmanni þeirra.

14. gr.

Reglur þessar gilda um skip og báta, sem eru 6 metrar að lengd og stærri.

15. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt er felld úr gildi eldri auglýsing frá 18. október 1968.

V. Ákvæði til bráðabirgða.

16. gr.

Ráðuneytið mun endurgreiða gjöld skv. auglýsingu þessari af þeim byggingarstigum við nýsmíði skipa sbr. 2. gr., sem ólokið var fyrir 15. maí 1970. Sama gildir um viðgerðir.

Fjármálaráðuneytið, 12. ágúst 1970.

Magnús Jónsson.

Björn Hermansson.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Hafnarfjarðarbæ samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

1. Umferð um **Hverfisgötu** hefur forgangsrétt fyrir umferð úr öllum götum, sem að henni liggja að Reykjavíkurvegi.
2. Umferð um **Hringbraut** hefur forgangsrétt fyrir umferð frá **Öldugötu** á mótum þessara gatna.
   Framangreind ákvæði taka gildi, er varanlegri gatnagerð lýkur á áðurnefndum götum.
3. Umferð um **Vesturbraut** hefur forgangsrétt fyrir umferð frá **Vesturgötu** að vestan.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á **Suðurgötu** við skóla St. Jósephssystra.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 19. ágúst 1970.

Einar Ingimundarson.

25. ágúst 1970. Nr. 182.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp í Vonarstræti, Templarasundi og Óðinsgötu og verður gjald fyrir afnot stöðumælareita fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. ágúst 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

REIKNINGUR

Minningarsjóðs Guðfinnu Einarsdóttur 1969.

Tekjur:

I. Yfirfært frá fyrra ári:		
1. Landsbankabók nr. 5675	kr.	84 985.97
II. Vextir:		
1. Af Landsbankabók nr. 5675	—	7 227.63
	Kr.	92 213.60

Gjöld:

I. Endurskoðun	kr.	750.00
II. Yfirfært til næsta árs:		
1. Landsbankabók nr. 5675	—	91 463.60
	Kr.	92 213.60

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning fyrir Minningarsjóð Guðfinnu Einarsdóttur hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að bankainnstæða er fyrir hendi.

Reykjavík, 3. júní 1970.

RAGNAR Á. MAGNÚSSON, löggiltur endurskoðandi.

Nr. 184.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr.	21 193.76
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	2 071.33
	kr.	23 265.09

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487	kr.	23 265.09
	kr.	23 265.09

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr.	7 687.59
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	730.32
	Kr.	8 417.91

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551	kr.	8 417.91
	Kr.	8 417.91

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 186.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Búnaðarbankainnstæða nr. 121	kr.	165 849.25
Vextir af Búnaðarbankainnstæðu	—	11 724.55
	kr.	177 573.80

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Búnaðarbankainnstæða nr. 121	kr.	175 373.80
Styrkur til Hallormsstaðaskóla	—	1 000.00
— — Ræktunarsambands Austurlands	—	1 200.00
	kr.	177 573.80

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr. 16 716.34
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 395	— 1 633.72
	Kr. 18 350.06

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395	kr. 18 350.06
	Kr. 18 350.06

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 188.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X og Alexandrine drottningar, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 80 669.94
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 7 663.64
	Kr. 88 333.58

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:	
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706	kr. 88 333.58
	Kr. 88 333.58

Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla J. Nikulássonar, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	92 473.57
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	8 784.99
	kr.	101 258.56

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716	kr.	101 258.56
	kr.	101 258.56

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 190.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tuliníus, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	21 527.09	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 129	—	39 033.89	
			kr. 60 560.98
Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2 045.07	
— — Búnaðarbankainnstæðu	—	2 690.11	
			— 4 735.18
			kr. 65 296.16

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709	kr.	21 732.16	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 129	—	43 564.00	
			kr. 65 296.16
			kr. 65 296.16

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs sjómanna, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:		
Landsbankainnstæða nr. 15383	kr.	117.25
Vextir af Landsbankainnstæðu	—	8.15
	Kr.	125.40

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
Landsbankainnstæða nr. 15383	kr.	125.40
	Kr.	125.40

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 192.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 731	kr.	53 966.71	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 131	—	13 529.76	
			kr. 67 496.47
Vextir af:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 731	kr.	5 126.84	
b. Búnaðarbankainnstæðu nr. 131	—	1 087.24	
			— 6 214.08
			Kr. 73 710.55

Gjöld:

Stykur til Grímseyinga	kr.	4 846.00	
Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 731	—	54 229.55	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 131	—	14 635.00	
			— 73 710.55
			Kr. 73 710.55

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannssonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 385	kr.	2 332 718.95	
b. Útvegsbankainnstæða nr. 9253	—	858 303.03	
c. Sérskuldabréf Silla og Valda	—	124 800.00	
d. — Siglufjarðar	—	10 000.00	
e. — B.S.F.R. og B.S.S.R.	—	10 000.00	
f. — Ólafs Helgasonar	—	18 210.41	
g. — Kjartans Júlíussonar	—	30 000.00	
			kr. 3 384 032.39
Vextir af:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæðu nr. 385	kr.	221 608 30	
b. Búnaðarbankainnstæðu nr. 9253	—	25 780.00	
c. Sérskuldabréfi Silla og Valda	—	6 240.00	
d. — Siglufjarðarkaupstaðar	—	300.00	
e. — B.S.F.R. og B.S.S.R.	—	750.00	
f. — Ólafs Helgasonar	—	1 274.70	
g. — Kjartans Júlíussonar	—	2 100.00	
			— 258 053.00
			Kr. 3 642 085.39

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 385	kr.	2 554 327.25	
b. Búnaðarbankainnstæða nr. 9253	—	139 145.19	
c Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi	—	800 000.00	
d. Sérskuldabréf Silla og Valda	—	109 200.00	
e. — B.S.F.R.	—	5 000.00	
f. — Ólafs Helgasonar	—	9 412.95	
g. — Kjartans Júlíussonar	—	25 000.00	
			Kr. 3 642 085.39

Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischer, árið 1969

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun:			
a. Innritunarskírteini	kr.	20 000.00	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	—	40 758.75	
c. Búnaðarbankainnstæða nr. 123	—	51 945.04	
			kr. 112 703.79
Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	8 227.00	
b. — Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	3 872.08	
c. — Búnaðarbankainnstæðu	—	3 554.86	
			kr. 15 653.94
			Kr. 128 357.73

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr.	20 000.00	
b. Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712	—	41 146.83	
c. Búnaðarbankainnstæða nr. 123	—	67 210.90	
			kr. 128 357.73
			Kr. 128 357.73

Félagsmálaráðuneytið, 25. júní 1970.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 195.

SAMVINNUBANKI ÍSLANDS HF.

— með útibúum —

Ársreikningur 1968.

Rekstursreikningur árið 1968.

Tekjur:

Vextir	kr.	55 965 152.01
Aðrar tekjur	—	7 638 951.84
	Kr.	63 604 103.85

Gjöld:

Reksturskostnaður	kr.	21 079 415.15
Vextir	—	41 185 047.54
Fyrningar	—	846 511.77
Lagt í varasjóð	—	493 129.39
	Kr.	63 604 103.85

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1968.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum	kr.	89 213 076.55
Verðbréf	—	34 874 304.81
Víxlar	—	161 842 865.59
Lán í hlaupareikningi	—	151 158 121.69
Bundin innstæða í Seðlabanka	—	93 954 363.67
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	42 621 511.02
Húsbúnaður og innréttingar	—	11 700 000.00
Ógreiddar tekjur	—	14 304 449.64
Ýmsir skuldunautar	—	11 798 137.21
Aðrar eignir	—	9 700 864 99
Sjóður	—	12 557 958.99
	Kr.	633 725 654.16

Skuldir:

Hlutafé	kr. 15 904 000.00		
— þar af ógreitt	— 6 842 500.00		
		kr.	9 061 500.00
Varasjóður		—	4 867 084.13
Innstæður í sparisjóði		—	469 472 121.11
Innstæður í hlaupareikningi		—	31 630 004.18
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna		—	42 621 511.02
Fyrirframgreiddir vextir		—	2 659 005.00
Aðrar skuldir		—	73 414 428.72
		Kr.	633 725 654.16

Reykjavík, 10. janúar 1969.

Kristleifur Jónsson. **Einar Ágústsson.**

Einar S. Einarsson.

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1968 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1968 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Enn fremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 31. marz 1969.

Ólafur Jóhannesson. *Halldór E. Sigurðsson.* *Ásgeir G. Jóhannesson*

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 15. apríl 1969.

Erlendur Einarsson. **Vilhjálmur Jónsson** **Hjörtur Hjartar.**

Ársreikningur 1969.

Rekstursreikningur árið 1969.

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr.	59 232 590.36
Aðrar tekjur	—	8 819 095.33
	kr.	68 051 685.69

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr.	41 375 358.31
Reksturskostnaður	—	23 654 307.29
Fyrningar	—	905 855.90
Fært á afskriftareikning	—	1 000 000.00
Lagt í varasjóð	—	1 116 164.19
	kr.	68 051 685.69

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1969.

Eignir:

Verðbréf	kr.	125 202 067.13
Víxlar	—	200 500 985.13
Yfirdráttarlán	—	140 422 615.40
Afurðalán	—	28 390 000.00
Seðlabankinn: Bundin innstæða	—	116 107 000.00
Seðlabankinn: Viðskiptareikningur	—	48 941 560.50
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	—	26 861 079.60
Fasteignir, áhöld og búnaður	—	8 495 000.00
Ógreiddar tekjur	—	13 996 037.20
Ýmsir skuldunautar	—	6 036 644.84
Aðrar eignir	—	3 044 222.64
Sjóður	—	17 014 897.25
	Kr.	735 012 109 69

Skuldir:

Hlutafé	kr.	15 905 000.00	
— þar af ógreitt	—	6 827 500.00	
			kr. 9 077 500.00
Varasjóður			— 5 983 248.32
Afskriftareikningur			— 1 000 000.00
Spariinnlán			— 534 914 710.45
Veltiinnlán			— 126 268 278.62
Endurseld afurðalán			— 25 105 000.00
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna			— 26 861 079.60

Fyrirframgreiddir vextir	—	3 793 033.00
Aðrar skuldir	—	2 009 259.70
	Kr.	735 012 109.69

Reykjavík, 15. janúar 1970.

Kristleifur Jónsson. **Einar Ágústsson.**

Einar S. Einarsson.

Framanskráðan rekstursreikning ársins 1969 og efnahagsreikning pr. 31. desember 1969 höfum við borið saman við bækur Samvinnubankans. Enn fremur höfum við kannað sjóðs- og verðbréfaeign ásamt skilríkjum.

Endurskoðunin hefur ekki gefið tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 31. marz 1970.

Halldór E. Sigurðsson. *Óskar Jónatansson.* *Ásgeir G. Jóhannesson.*

Með tilvísun til framanskráðrar yfirlýsingar endurskoðenda bankans kvittar bankaráð fyrir reikninginn.

Reykjavík, 7. apríl 1970.

Erlendur Einarsson. **Vilhjálmur Jónsson** **Hjörtur Hjartar.**

Nr. 196.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur, árið 1969.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári. (Stj.tíð 1969, B 8 255, bls. 410—411):			
	a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands	kr.	69 470.80	
	b. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	9 355.08	
				— 78 825.88
2.	Vextir:			
	a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	6 599.73	
	b. Af bankainnstæðu	—	654.82	
				— 7 254.55
			Samtals kr.	86 080.43

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:
   a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands ..... kr. 76 070.53
   b. Innstæða í Búnaðarbanka Íslands ..... — 10 009.90

Samtals kr. 86 080.43

Í samgönguráðuneytinu, 31. ágúst 1970.

Brynjólfur Ingólfsson.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 31. ágúst 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 197.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar, árið 1969.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1969, B 8 256, bls. 411):
   a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands ..... kr. 142 520.18
   b. Innstæða í Landsbanka Íslands ..... — 218.76
   kr. 142 738.94
2. Vextir:
   a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu ..... kr. 13 539.42
   b. Af Landsbankainnstæðu ..... — 15.24
   — 13 554.66

Samtals kr. 156 293.60

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:
   a. Innstæða í Söfnunarsjóði Íslands ..... kr. 156 059.60
   b. Innstæða í Landsbanka Íslands ..... — 234 00
   kr. 156 293.60

Samtals kr. 156 293.60

Í samgönguráðuneytinu, 31. ágúst 1970.

Brynjólfur Ingólfsson.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 31. ágúst 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávitastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávitastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag frá og með 1. júlí 1970 verið ákveðinn, sem hér segir:

Fávitahæli ríkisins, Kópavogi	kr. 580.00
Barnaheimili Templara, fávitahæli, Skálatúni	— 500.00
Vistheimilið Sólborg, Akureyri	— 500.00
Barnaheimilið Sólheimar, fávitahæli, Hverakoti, Árnessýslu	— 450.00
Barnaheimilið Tjaldanes, fávitahæli, Mosfellshreppi	— 450.00
Dagheimili Styrktarfélags vangefinna, Lyngási, Reykjavík, og dagvistadeildir fávita	— 350.00

Í heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu, 17. ágúst 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

1. september 1970. Nr. 199.

REGLUR

um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

1. gr.

Reglur þessar gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og annarra, sem ferðast innanlands eða utan á vegum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Ferðalög innanlands.

2. gr.

Fargjöld á ferðalögum innanlands skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem farmiði eða fargjaldakvittanir.

3. gr.

Ríkisstarfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innanlands eftir reikningi, sem úrskurðast af forstöðumanni viðkomandi stofnunar, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem gistihúsareikningur, kvittanir frá matarfélögum o. þ. h.

Þegar erfitt er að fá reikninga um fæðis- og gistikostnað, má greiða dagpeninga eins og segir í 10. gr. I.

Sé verið heima um nætur, en hálfur vinnudagur eða meira unninn svo langt frá heimili, að starfsmaður þarf að kaupa sér fæði utan heimilis, enda sé ekki um fastan vinnustað að ræða, skal greiða fæðiskostnað eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn.

4. gr.

Ef ferðakostnaður skv. 2. og 3. gr. er að einhverju leyti óeðlilegur eða óþarflega hár að dómi ríkisendurskoðunarinnar, er starfsmaður skyldur að greiða það, sem um of er eytt. Ríkisendurskoðuninni er skylt að krefjast fullnægjandi reikninga yfir kostnaðinn.

Ferðalög erlendis.

5. gr.

Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi sem hér segir: Far með flugvélum skal miðast við venjulegt farrými flugvélar, þ. e. ferðamannafarrými. Heimilt er þó að greiða far á I. farrými flugvélar, þegar sérstaklega stendur á, skv. ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis. Far með skipum, lestum eða langferðabifreiðum greiðist eftir reikningi miðað við far á I. farrými, ef við á.

Beri nauðsyn til að ferðast með öðrum og kostnaðarsamari hætti en áður er greint, greiðist slíkur kostnaður eftir reikningum, sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar, enda fylgi reikningi greinargerð um nauðsyn þessa aukakostnaðar.

6. gr.

Annar ferðakostnaður en fargjöld greiðist með dagpeningum, og er um þrjá flokka að ræða sbr. 10. gr. II. Dagpeninga I skal greiða eftirfarandi ríkisstarfsmönnum: Ráðuneytisstjórum, ambassadorum og forstjórum ríkisstofnana eða fyrirtækja, sem taka laun skv. 25. launaflokki eða hærri. Dagpeninga II skal greiða öðrum starfsmönnum, sem taka laun skv. 21. launaflokki eða hærri. Dagpeninga III skal greiða öðrum starfsmönnum.

Mönnum, sem ferðast til útlanda á vegum ríkisins, en ekki taka laun skv. launaflokkum, ber hlutaðeigandi ráðuneyti að ákveða dagpeninga hverju sinni skv. stöðu þeirra og í samræmi við fyrrgreindar meginreglur.

Sé ferðast utan Evrópu eða Ameríku, ber að greiða sömu dagpeninga og í Evrópuferðum.

Ferðakostnaður skv. framansögðu greiðist eingöngu fyrir þann, sem ferðast til útlanda á vegum ríkisins, en ekki fyrir maka hans eða skyldulið. Sé um að ræða opinbera heimsókn, alþjóðlega venju eða algerlega sérstakar aðstæður, skal þó greiða fargjald maka og að auki helming dagpeninga vegna hans.

7. gr.

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna leigubifreiða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld, flugvallaskatta, yfirvikt aukafarangurs o. s. frv.

Beri nauðsyn til að hafa meiri háttar risnu í ferðalögum erlendis, greiðist slík risna eftir reikningi, sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar. Teljist slík greiðsla óþörf, skal sá, sem risnuna veitti, bera þann kostnað sjálfur.

8. gr.

Sé ferð á vegum ríkisins til útlanda þess eðlis, að dvalizt sé langdvölum á sama stað, ber að lækka dagpeninga skv. ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra, allt að fjórðungi.

Ef dvalið er langdvölum erlendis vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa á vegum ríkisins, skal greiða dagpeninga skv. III. lið í 10. gr. Ef sami maður fer oftar en einu sinni á ári (360 dögum) til dvalar á sama stað, greiðast ofangreindir dagpeningar sem um samfellda dvöl væri að ræða. Er miðað við, að starfsmenn séu í þjálfun vegna síns eiginlega starfs eftir ákvörðun forstöðumanns, en eiga ekki við almenn þjálfunarnámskeið, sem ekki eru takmörkuð við þröngt afmarkað starfssvið stofnunar.

9. gr.

Greiði aðrir aðilar en íslenzka ríkið hluta kostnaðar við ferðalög, sem farin eru til útlanda í erindum ríkisins, getur hlutaðeigandi ráðherra ákveðið greiðslu, allt að mismun þess, sem greitt er af öðrum, og greiðslu skv. þessum reglum.

10. gr.

Greiðslur ferðakostnaðar og dagpeninga skv. þessum reglum eru sem hér segir:

I. dagpeningar á ferðalögum innanlands skv. 3. gr. eru sem hér segir:

a) Til kaupa á nesti til einnar máltíðar á dag	kr. 115.00
b) Til kaupa á nesti til tveggja máltíða á dag	— 170.00
c) Til kaupa á fullu dagfæði í mötuneyti, sem vinnuveitandi starfrækir um skamman tíma á hverjum stað	— 140.00
d) Til kaupa á gistingu og fæði í sólarhring	— 750.00

II. dagpeningar á ferðalögum erlendis, sbr. 6. gr. eru sem hér segir á sólarhring:

	Evrópa	Ameríka
Dagpeningar I	£ 15-0-0	$ 45.00
Dagpeningar II	– 13-0-0	– 35.00
Dagpeningar III	– 11-0-0	– 30.00

III. dagpeningar vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa erlendis skv. 8. gr. eru sem hér segir á sólarhring:

	Evrópa	Ameríka
Á fyrstu 30 dögum dvalar	£ 7-10-0	$ 22.00
Á næstu 60 dögum dvalar	– 6-10-0	– 19.00
Á þar næstu 60 dögum dvalar	– 5- 0-0	– 14.00
Fyrir hvern dag fram yfir 150 daga	– 3- 0-0	– 9.00

11. gr.

Reglur utanríkisráðuneytisins um greiðslu ferðakostnaðar starfsfólks, sem flyzt búferlum milli landa á þess vegum, skulu gilda óbreyttar.

12. gr.

Þegar ríkisstofnun ferðatryggir starfsmann, skal það gert fyrir milligöngu Innkaupastofnunar ríkisins, eftir sérstökum reglum, sem þar um gilda.

13. gr.

Komi upp ágreiningur um gildissvið eða efni þessara reglna, skal fjármálaráðherra úrskurða þar um.

14. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði í 25. gr. l. nr. 92 1955. Reglur þessar gilda frá 1. september 1970 og jafnframt falla úr gildi reglur nr. 180 15. október 1963, umburðarbréf ráðuneytis nr. 2 og 8 1968 og nr. 9 1969, svo og önnur eldri ákvæði, er brjóta kunna í bága við þessar reglur.

Fjármálaráðuneytið, 1. september 1970.

Magnús Jónsson.

Gísli Blöndal.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmála í Siglufjarðarkaupstað nr. 93 6. júní 1963.

1. gr.

Við 2. gr. bætist: Stjórn Sjúkrahúss Siglufjarðar.
Í sömu grein falli niður Hólsbúsnefnd og stjórn Rauðku.

2. gr.

Í samræmi við lið 1 breytist 7. grein (starfssvið nefnda) þannig:

A. Í fyrsta lið, starfssvið bæjarráðs, bætist nýr liður, sem verði i-liður: „Bæjarráð fer með málefni Síldarverksmiðjunnar Rauðku og málefni jarðarinnar Hóll."

B. Töluliðir 5 og 14 í starfssviði nefnda falli niður og talnasetning liða eftir því.

C. Nýr töluliður 22 hljóði svo: Stjórn Sjúkrahúss Siglufjarðar skal skipuð 3 aðalfulltrúum og 3 til vara. Stjórnin annist stjórnun rekstrar sjúkrahússins, semur fjárhagsáætlanir þess og lætur semja ársreikninga þess. Fjárhagslegar ákvarðanir eru háðar samþykki bæjarráðs og bæjarstjórnar. Yfirlæknir og ráðsmaður sitji að jafnaði fundi sjúkrahússtjórnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sigufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1970.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 201. 9. september 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga nr. 159 20. september 1962.

Ákvæði til bráðabirgða:

Varðandi kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, er koma í stað samninga, sem falla úr gildi 31. desember 1970, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á reglugerð nr. 159/1962.

1. Frestur sáttasemjara ríkisins skv. 2. mgr. 11. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. desember 1970.
2. Frestur aðila skv. 1. mgr. 13. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. janúar 1971.

3. Frestur Kjaradóms skv. 14. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 1. febrúar 1971.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1962, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmssson.

11. september 1970. Nr. 202.

REGLUGERÐ

um lánveitingar húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.

I. KAFLI
Um tekjustofna og tegundir lána.

1. gr.

Á vegum húsnæðismálastjórnar er til útlána og framkvæmda það fé, sem hér greinir, eftir því sem nánar er mælt fyrir í reglugerð þessari:

a) Fé Byggingarsjóðs ríkisins, samkvæmt 4. gr. laga nr. 30 12. maí 1970.
b) Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa), samkvæmt 5. og 6. gr. sömu laga.
c) Sparnaðarfé, samkvæmt III. kafla sömu laga.
d) Lán, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga, skv. 7. gr. d-lið sömu laga.
e) Lán það, sem ríkissjóður veitir á fjárlögum hverju sinni, sbr. V. kafla laga nr. 30 12. maí 1970.

2. gr.

Lán á vegum húsnæðismálastjórnar veitast til:

a) Byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum, sbr. II. kafla þessarar reglugerðar.
b) Framkvæmda byggingarsamvinnufélaga, byggingameistara, byggingafyrirtækja, sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila sem byggja íbúðir, er seldar verða fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar, sbr. II. kafla reglugerðarinnar.
c) Byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum og á öðrum skipulagsbundnum stöðum, sbr. IV. kafla reglugerðarinnar.
d) Kaupa á eldri íbúðum, skv. 4. mgr. A-liðar 8. gr. laga nr. 30 12. maí 1970, sbr. V. kafla reglugerðarinnar.
e) Útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, skv. V. kafla sömu laga, sbr. VI. kafla þessarar reglugerðar.

II. KAFLI
Um lán til einstaklinga.

3. gr.

Lán samkvæmt a-lið 2. gr. þessarar reglugerðar skulu greidd lántakanda í peningum og koma til útborgunar í tvennu lagi í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins þannig:

1) Fyrri helmingur láns, eftir að fyrir liggur vottorð byggingayfirvalds um, að húsnæðið (sem hlutaðeigandi íbúð er í) sé orðið fokhelt, enda meti fulltrúar veðdeildar og Húsnæðismálastofnunarinnar húsnæðið eða íbúðina í því ástandi.
2) Síðari hluti láns greiðist að jafnaði innan 6 mánaða frá fyrri lánveitingu, enda hafi íbúðin náð tilskildu mati skv. virðingargerð matsmanna.

4. gr.

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 600 000.00 á hverja íbúð, sem hafin er smíði á eftir 31. des. 1970, þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¾ hlutum verðmætis íbúðar, skv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur að fengnu samþykki ráðherra, breytt lánsfjárhæð þessari á tveggja ára fresti til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, og skal miða við vísitölu, eins og hún er 1. nóv. bæði viðmiðunarárin. Enn fremur er heimilt að veita allt að 25% hærra lán en framangreint hámark segir til um þó ekki yfir ¾ af matsverði hlutaðeigandi íbúðar, ef um er að ræða umsækjanda, sem fullnægir skilyrðum 10. og 11. gr. laga nr. 30 12. maí 1970, enda nemi hin sparaða upphæð a. m. k. 150 000.00 krónum þegar lánsumsókn barst, bygging hefst eða kaup eru gerð. Nú sækir sparandi ekki um íbúðarlán innan 5 ára, frá því sparnaði lauk og fellur þá réttur hans til hærra láns niður nema hin sparaða upphæð standi óhreyfð, þegar umsókn um lán berst, þótt síðar verði. Þegar um er að ræða sameign tveggja eða fleiri sparifjáreigenda, samkv. fyrrgreindum ákvæðum laganna, skal leggja upphæð þeirra saman og njóta þeir þá sama réttar og um einstakling væri að ræða.

5. gr.

Ársvextir af lánum þessum skulu vera 4%. Þau skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánum þessum fyrsta árið, og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu (sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 30 12. maí 1970) frá lántökutíma og til 1. febrúar næst fyrir hverja ársgreiðslu. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar ¼% af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.

6. gr.

Þeir aðilar, sem óska eftir láni skv. a-lið 2. gr. reglugerðar þessarar, skulu tækja um það á þar til gerðu eyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té. Umsókn skal berast húsnæðismálastjórn fyrir 1. febrúar það ár, sem lánsloforðs er óskað. Umsóknir, sem síðar berast, verða ekki teknar til greina á því ári. Umsækjanda ber að veita þær upplýsingar, sem umsóknareyðublað segir til um, ella er umsókn ógild. Húsnæðismálastjórn getur krafizt ýtarlegri upplýsinga um einstök atriði, ef ástæða þykir til, og ber umsækjanda að leysa úr þeim fyrirspurnum, áður en mat er lagt á lánshæfni umsóknar. Vísvitandi rangar upplýsingar valda því að umsókn telst ógild, og getur húsnæðismálastjórn ákveðið að veita ekki viðtöku um tiltekinn tíma eða að fullu umsókn frá þeim, sem uppvís verður að slíku. Ef lán hefur verið veitt á grundvelli vísvitandi rangra upplýsinga getur

húsnæðismálastjórn sagt láninu upp fyrirvaralaust. Ef brugðið er út af teikningu, sem lánveiting var byggð á, getur húsnæðismálastjórn einnig sagt láninu upp fyrirvaralaust.

7. gr.

Lánsumsókn skulu fylgja þessi gögn:

a) Lóðarsamningur eða staðfest afrit af honum, ef um leigulóð er að ræða. Hafi lóðarsamningur ekki verið gerður, skal í hans stað koma yfirlýsing landeiganda um leiguréttindi og leigutíma. Ef um eignarlóð er að ræða, skulu fylgja sönnunargögn um eignarrétt.

d) Teikning í 2 eintökum af fyrirhuguðu húsi eða viðbyggingu með árituðu samþykki hlutaðeigandi byggingayfirvalds og þess sérstaklega getið, hvenær samþykkt þessi átti sér stað. — Þessa áritun byggingayfirvalda skal einnig skoða sem fullnaðarsamþykkt fyrir staðsetningu hússins. — Ef um viðbyggingu er að ræða, skal teikning eða uppdráttur einnig sýna stærð og gerð þess húss, sem byggja á við. Með umsókn um lán út á íbúð í sambyggingu eða fjölbýlishúsi skal tilgreint með tölusetningu hvar íbúðin er staðsett í húsinu.

c) Yfirlýsing um efnahag og tekjur umsækjanda á þar til gerðu eyðublaði, þar sem m. a. eru upplýsingar um, hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð s. l. tvö ár, staðfest af skattstjóra eða umboðsmanni hans.

d) Vottorð héraðslæknis um íbúð umsækjanda, ef hún er heilsuspillandi eða sérstaklega gölluð og hann óskar að styðja umsókn sína slíku vottorði.

e) Vottorð heimilislæknis um heilsufar umsækjanda eða fjölskyldu hans, ef hann óskar að styðja umsóknina með því að tilgreina erfiðar heilsufarsástæður.

f) Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð, nöfn og aldur fjölskyldumanna svo og lögheimili.

g) Vottorð byggingayfirvalds, þegar viðkomandi byggingarstigi er náð, um: 1) hvenær byggingarframkvæmdir hófust. Byrjunarframkvæmdir miðast við úttekt ræsis húss í grunni. 2) hvenær húsið varð fokhelt.

h) Önnur þau gögn, sem húsnæðismálastjórn kann að telja nauðsynleg.

Umsækjendur, sem kaupa íbúðir í smíðum eða fullgerðar, skulu auk framangreindra gagna einnig senda staðfest afrit af kaupsamningi, þegar kaup hafa verið gerð.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn tekur ákvarðanir um veitingu lána og lánsloforða og úrskurðar lánshæfni umsókna. Við veitingu lána skal taka tillit til ástæðna umsækjenda, húsnæðis, fjölskyldustærðar, efnahags og lántökumöguleika, svo sem hér greinir:

a) Forgangsréttar, samkvæmt 10. og 11. gr. laga nr. 30 frá 1970.

b) Heilsuspillandi húsnæðis og vanheilsu, enda fylgi umsókn vottorð héraðslæknis um þessi efni.

c) Vöntunar viðhlítandi húsnæðis.

d) Ómegðar og óhagstæðra leigukjara.

e) Biðtíma vegna afgreiðslu.

9. gr.

Við úrskurð um lánshæfni umsókna skal húsnæðismálastjórn fylgja eftirfarandi reglum varðandi stærð nýbygginga miðað við innanmál útveggja:

a) Fyrir einstaklinga hámarksstærð 50 m².

b) Fyrir 2ja — 3ja manna fjölskyldu, hámarksstærð 100 m² í fjölbýlishúsum, en 110 m² í einbýlishúsum.

c) Fyrir 4—5 manna fjölskyldu, hámarksstærð 120 m² í fjölbýlishúsum, en 125 m² í einbýlishúsum.
d) Fyrir 6—8 manna fjölskyldu, hámarksstærð 135 m².
e) Ef 9 manns eða fleiri eru í heimili má bæta við hæfilegum fermetrafjölda fyrir hvern fjölskyldumann úr því með þeirri takmörkun hámarksstærðar, að ekki verði lánað út á stærri íbúðir en 150 m².

Um c- og d-liði skal þess sérstaklega gætt, að herbergjafjöldi sé í sem mestu samræmi við fjölskyldustærð. Við mat fjölskyldustærðar skal einungis miðað við þá, sem skráðir eru til heimilis hjá hlutaðeigandi umsækjanda samkvæmt vottorði sveitarstjórnar. Nú vill umsækjandi, sem hefur með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur, byggja auk eigin íbúðar, en í tengslum við hana, húsnæði, sem ætlað er atvinnurekstri hans, getur þá húsnæðismálastjórn ef sérstakar ástæður mæla með því, haft hliðsjón af því við mat á hámarksstærð, skv. þessari grein. Það er þó algjört skilyrði, að atvinnuhúsnæðið sé með öllu aðgreint frá íbúð, hafi sérstakan inngang, hreinlætisaðstöðu og annað það, sem atvinnuhúsnæði ber að fylgja. Þá skal umsækjandi leggja fram skilríki fyrir því að byggingaryfirvöld hafi samþykkt atvinnuhúsnæði á hlutaðeigandi lóð. Enn fremur skal atvinnuhúsnæðið sérstaklega auðkennt á samþykktri teikningu byggingarnefndar.

10. gr.

Þeir umsækjendur, sem svo stendur á um, sem lýst er í stafliðum a—e hér á eftir, skulu eigi taldir lánshæfir:

a) Eiga eða hafa átt s. l. 2 ár nothæfa og fullnægjandi íbúð, þ. e. 12 m² pr. fjölskyldumann að innanmáli herbergja og eldhúss, enda sé herbergjafjöldi íbúðarinnar í samræmi við fjölskyldustærð.
b) Byggja stærri íbúðir en ákveðið er í 9. gr.
c) Byggja fleiri en eina íbúð.
d) Hafa góða möguleika til lána annars staðar, t. d. sambærilegra eða betri lána en samkvæmt reglugerð þessari eða næg fjárráð að dómi húsnæðismálastjórnar, svo að þeir geti betur komið íbúð sinni í nothæft ástand án frekari lána en aðrir umsækjendur, er afgreiðslu bíða.

Við mat á lánsmöguleikum umsækjenda skal þó ekki í þessu sambandi taka tillit til lána úr þeim lífeyrissjóðum eða eftirlaunasjóðum, sem árlega verja ákveðnum hluta ráðstöfunarfjár síns til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins eftir nánara samkomulagi við húsnæðismálastjórn.
e) Fengið hafa hámarkslán á s. l. 5 árum nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi að dómi húsnæðismálastjórnar.

11. gr.

Meiri háttar viðbygging, sbr. a-lið 2. gr., telst vera bygging sem myndar nýja sjálfstæða íbúð, enda þótt hluti hennar sé í hinni eldri byggingu, svo og viðbygging, sem eykur gólfflöt eldri íbúar um a. m. k. 20 m², enda hafi íbúðin, að dómi húsnæðismálastjórnar, verið ófullnægjandi. Samanlagður gólfflötur hins eldra húss og fyrirhugaðrar viðbyggingar fari á sama hátt ekki yfir þau stærðarmörk er hlutaðeigandi fjölskyldu eru ætluð í 9. gr.

III. KAFLI
Um framkvæmdalán.

12. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita framkvæmdalán, meðan á byggingatíma stendur, til þeirra aðila, sem um getur í b-lið 2. gr. reglugerðar þessarar, allt að 600 þús. krónur út á hverja íbúð. Lán þessi verða einungis veitt til íbúða í fjöl-

býlishúsum og öðrum sambyggingum, enda sé um hæfilega stóra byggingaráfanga að ræða að dómi húsnæðismálastjórnar. Heimilt er þó að veita lán þessi til byggingar staðlaðra einbýlishúsa, sem byggð eru af sama aðila á sama byggingarsvæði, enda sé ekki um færri en 8 íbúðir að ræða í byggingaráfanga. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum að íbúðirnar verði seldar fullgerðar og húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra. Húsnæðismálastjórn ákveður vexti og greiðslutilhögun slíkra framkvæmdalána, og er heimilt að dreifa greiðslum á 12 til 24 mánuði eftir umfangi hvers byggingaráfanga um sig.

13. gr.

Lánin greiðast framkvæmaaðila í peningum í hlutfalli við það sem framkvæmdum miðar áfram, sbr. þó næstu grein á undan. Fyrsta greiðsla verður þó aldrei innt af hendi, fyrr en eignir eru orðnar veðhæfar eða framkvæmdaaðili hefur sett aðrar tryggingar, sem húsnæðismálastjórn metur gildar. Veðhæfni fer í þessu sambandi eftir mati húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbankans í hverju tilviki.

Sala og veðsetning eigna, sem framkvæmdalán er veitt til, er óheimil nema með samþykki húsnæðismálastjórnar.

14. gr.

Framkvæmdalán endurgreiðast með E-lánum, sem veitt verða þeim kaupendum hlutaðeigandi íbúða, sem fullnægja skilyrðum skv. reglugerð þessari, og getur húsnæðismálastjórn áskilið, að greitt sé inn á lánin, fjárhæð, sem nemur hlutdeild hverrar íbúðar jafnóðum og sala fer fram. Ef umsóknir einstakra kaupenda hafa ekki borizt þegar framkvæmaaðila hefur verið veitt sem svarar hálfu hámarksláni út á hverja byggða íbúð, getur húsnæðismálastjórn dregið úr greiðslu framkvæmdaláns sem nemur tölu óseldra íbúða.

15. gr.

Sá sem vill koma til greina við veitingu framkvæmdalána, skal leggja inn umsókn á þar til gerðu eyðublaði, sem húsnæðismálastjórn lætur í té ásamt öllum teikningum af hlutaðeigandi byggingum fyrir 1. febrúar það ár, sem hann hyggst hefja framkvæmdir. Í umsókn skal greina fjölda þeirra íbúða, sem fyrirhugað er að byggja, stærðir íbúða, húsagerð, byggingarefni og byggingaraðferð. Þá skal og gera grein fyrir fyrirhuguðum byggingartíma og áætluðum sundurliðuðum byggingarkostnaði, svo sem umsóknareyðublað ber með sér. Loks skal gerð grein fyrir áætluðu söluverði íbúðanna fullgerðra, svo og lýst því, hvernig íbúðunum verður skilað til kaupenda, að því er varðar búnað, þar á meðal frágang á sameign úti sem inni. Umsókn um framkvæmdalán verður því aðeins tekin til greina, að öllum atriðum umsóknareyðublaðs og fylgiskjala sé svarað fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 6. gr. reglugerðar þessarar.

16. gr.

Umsækjandi um framkvæmdalán skal í umsókn skuldbinda sig til að selja íbúðirnar á verði, sem húsnæðismálastjórn samþykkir. Við ákvörðun um endanlegt söluverð skal tekið tillit til framlagðra gagna byggjanda, fyrirliggjandi upplýsinga um byggingarkostnað á hverjum tíma, svo og höfð hliðsjón af vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma. Þeir framkvæmdaaðilar, sem sannanlega byggja og selja ódýrast miðað við hliðstæð gæði húsnæðis, skulu sitja fyrir framkvæmdalánum.

IV. KAFLI
Um lán til byggingar leiguíbúða.

17. gr.

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, félagssamtökum, einstaklingum og fyrirtækjum lán til byggingar leiguíbúða í kaupstöðum og kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum. Er heimilt að veita slík lán meðan á byggingartíma stendur. Lántakandi skal, meðan hlutaðeigandi byggingar eru ekki veðhæfar, setja þær tryggingar fyrir lánum, sem húsnæðismálastjórn metur gildar. Um umsóknartíma, lánsupphæð, lánstíma og lánakjör fer eftir ákvæðum reglugerðar þessarar um lánveitingar til einstaklinga (II. kafli). Greiðslu lána þessara er heimilt að dreifa á 12 til 24 mánuði eftir umfangi byggingaráfanga.

18. gr.

Í umsókn um lán til byggingar leiguíbúða skal greina fjölda þeirra íbúða, sem fyrirhugað er að byggja, stærðir íbúða, húsagerð, byggingarefni og byggingaraðferð. Þá skal og gera grein fyrir áformuðum byggingartíma og áætluðum sundurliðuðum byggingarkostnaði, svo sem til er ætlazt á umsóknareyðublaði. Uppdrættir samþykktir og áritaðir af hlutaðeigandi byggingayfirvöldum skulu fylgja umsókn um lán til byggingar leiguhúsnæðis, skv. grein þessari. Í umsókn skal enn fremur koma fram ef leiguíbúðir eru sérstaklega ætlaðar ákveðnum aðilum. Ef um er að ræða aðra byggjendur leiguíbúða en sveitarfélag, getur húsnæðismálastjórn áskilið að með umsókn fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um þörf leiguíbúða á hlutaðeigandi stað.

19. gr.

Stærð leiguíbúða skal vera 25—100 m² í fjölbýlishúsum miðað við innanmál útveggja, en má vera allt að 120 m² í einbýlishúsum. Íbúðir þessar skulu vera eitt til sex herbergi, eldhús og snyrtiherbergi, auk þess hæfileg geymsla og þvottahús og annað rúm fyrir sameiginlegar þarfir, ef um sambyggingu er að ræða. Byggingar þessar skulu gerðar úr traustu og varanlegu efni og vel hljóðeinangraðar, ef um sambyggingar er að ræða.

Húsnæðismálastjórn skal ávallt hafa samþykkt stærð og gerð húsanna.

20. gr.

Ef um meiri háttar byggingarframkvæmd er að ræða, getur húsnæðismálastjórn áskilið, að efnt sé til samkeppni um hagkvæmustu gerð leiguhúsnæðis og að úrlausnir slíkrar samkeppni séu hagnýttar af byggingaraðila.

Enn fremur getur húsnæðismálastjórn gert það að skilyrði fyrir lánveitingu, skv. 17. gr. reglugerðar þessarar, að bygging íbúðanna fullgerðra, eða ákveðnir verkþættir, sé boðin út á samkeppnisgrundvelli, enda séu einstakir byggingarhlutar staðlaðir, eftir því sem hagkvæmt þykir.

21. gr.

Leigusala er heimilt að gefa út handhafaskuldabréf, tryggð með 2. veðrétti í leiguíbúðum fyrir allt að fjórðungi kostnaðarverðs íbúðanna. Bréf þessi skulu vera til allt að 10 ára með venjulegum útlánsvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Sá sem kaupir skuldabréf þessi, skal að jafnaði sitja fyrir öðrum um leigu á íbúð.

22. gr.

Leigutími hverrar íbúðar skal endurskoðaður, þegar leigusali eða leigutaki óskar þess. Þó skal leigusala vera óheimilt að segja leigutaka upp leiguhúsnæði,

sem lán hefur verið veitt til, samkvæmt reglugerð þessari, svo framarlega að leigutaki hafi eigi brotið af sér samkvæmt leigusamningi eða lögum um sambýlishætti í fjölbýlishúsum og efnahagslegar aðstæður hafi ekki breyzt á leigutímanum, né forsendur fyrir leiguréttindum fallið burt.

Fyrirtæki, sem byggt hefur leiguíbúðir samkvæmt reglugerð þessari til afnota fyrir starfsfólk sitt er heimilt að segja leigutaka upp húsnæði, ef hann starfar ekki lengur í þjónustu þess og fyrirtækið þarfnast íbúðarinnar handa starfsfólki sínu. Uppsagnarfrestur skal vera minnst 6 mánuðir, nema um annað semjist milli aðila.

23. gr.

Árleg leiga fyrir íbúðir þessar má vera:

a) Venjulegir vextir af almennum íbúðalánum reiknaðir af kostnaðarverði íbúðarinnar.
b) Fasteignagjöld og brunabótagjald af hlutaðeigandi íbúð, þó ekki lóðarleiga.
c) Kostnaður sem skiptist á hverja íbúð eftir stærð hennar, vegna viðhalds á þeim hlutum byggingarinnar, sem sameiginleg er fyrir allar íbúðirnar, s. s. viðhald utanhúss, í stigahúsum, þvottahúsi með tilheyrandi o. fl. þ. h. Áætla má þennan kostnað. Leigusala og leigutaka er heimilt að semja um hvor aðilinn beri ábyrgð á viðhaldi á sameiginlegum hlutum byggingarinnar.

Húsnæðismálastjórn skal staðfesta húsaleigu samkvæmt þessari grein.

24. gr.

Við leigjendaskipti skal fara fram úttekt á íbúðinni og skal fráfarandi leigjanda gert að greiða álag til að koma íbúðinni í það horf, sem hún var í, er hann tók við henni, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Á sama hátt skal leigusali greiða leigutaka, ef hann skilar íbúðinni í betra ástandi, en hún var í, þegar hann tók við henni, enda hafi endurbætur verið gerðar með samþykki leigusala. Úttektarmenn skulu vera tveir, annar tilnefndur af fráfarandi leigjanda, en hinn af íbúðareiganda. Ef þeir ná ekki samkomulagi, skal álagið eða greiðsla vegna endurbóta ákveðin af dómkvöddum mönnum.

Í leigusamningi skal vera ákveðið, á hvern hátt leigusali og leigutaki skuli setja tryggingu fyrir skilvísum greiðslum slíkra bóta.

25. gr.

Nú vill eigandi leiguíbúða selja íbúð, og skal þá söluverð þeirrar íbúðar eigi vera hærra en nemi kostnaðarverði hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar.

Við sölu skal leigjandi eiga forkaupsrétt svo og þeir sem ættu rétt til lána úr Byggingarsjóði verkamanna eða keypt hafa handhafaskuldabréf samkvæmt 21. gr., en að þessum aðilum frágengnum, hlutaðeigandi sveitarfélag.

Sala íbúðar er háð samþykki húsnæðismálastjórnar. Í slíkum tilfellum skal segja leigjanda upp með 12 mánaða fyrirvara, nema um annað semjist milli aðila.

26. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins lætur gera form að leigusamningi, enda sé formið samþykkt af því ráðuneyti, sem fer með húsnæðismál.

V. KAFLI
Um lán til kaupa á eldri íbúðum.

27. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði ríkisins allt að 50 millj. króna á ári til kaupa á eldri íbúðum í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum.

28. gr.

Lán samkvæmt þessum kafla verða aðeins veitt til íbúðakaupa, sem eiga sér stað eftir gildistöku reglugerðar þessarar. Þegar sérstaklega stendur á, getur húsnæðismálastjórn tekið til greina umsókn um lán til íbúða, sem keyptar eru eftir gildistöku laga nr. 30 12. maí 1970 enda hafi hlutaðeigandi lagt inn umsókn eftir þann tíma og fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar að öðru leyti.

29. gr.

Lánsfjárhæð á hverja íbúð má nema allt að hálfri fjárhæð hámarksláns, skv. 4. gr. reglugerðar þessarar þó ekki yfir ¾ af virðingarverði íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Lánin greiðast í einu lagi og skal lánstíminn ákveðinn af húsnæðismálastjórn hverju sinni, en skal þó aldrei vera lengri en 20 ár.

30. gr.

Lán samkvæmt þessum kafla reglugerðar þessarar skulu að jafnaði tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Íbúðin skal fullnægja reglum skipulags- og byggingayfirvalda, svo og heilbrigðissamþykkt hlutaðeigandi staðar.

Um vexti og lánakjör gilda almenn ákvæði reglugerðar þessarar að öðru leyti en því, sem tekur til lánstíma, skv. 29. gr.

Nú er áhvílandi lán á 1. veðrétti við kaup íbúðar, og má þá samanlögð fjárhæð þess og láns samkvæmt þessum kafla ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði skv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands.

31. gr.

Þeir, sem óska að fá lán samkvæmt þessum kafla reglugerðarinnar, skulu sækja um ákveðna lánsupphæð á þar til gerðu umsóknareyðublaði, er húsnæðismálastjórn lætur í té. Umsóknir skulu berast fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert og eigi síðar en 12 mánuðum eftir að kaupum er þinglýst.

Lánveitingar fara að jafnaði fram tvisvar á ári miðað við framangreinda eindaga.

32. gr.

Hafi íbúðarkaup farið fram þegar sótt er um lán, skulu eftirtalin gögn fylgja lánsumsókn:

a) Lóðarsamningur eða staðfest afrit af honum, ef um leigulóð er að ræða. Um eignarlóð skulu fylgja sönnunargögn um eignarrétt.
b) Teikning af hlutaðeigandi íbúð en ef hún er ekki fyrir hendi, þá nákvæm lýsing á íbúðinni, gerð af byggingafulltrúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Lýsing þessi skal gerð á eyðublaði, sem húsnæðismálastjórn lætur í té, svo og upplýsingar um kaupverð, greiðsluskilmála og veðbókarvottorð vegna íbúðarinnar. Ávallt skal fylgja umsókn vottorð byggingarfulltrúa eða fasteignamats ríkisins um aldur íbúðar, auk þess fasteignamat og brunabótamat íbúðarinnar.
c) Yfirlýsing um efnahag og tekjur umsækjanda á þar til gerðu eyðublaði. Skal vottorð þetta staðfest af skattstjóra eða umboðsmanni hans.

d) Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð og aldur fjölskyldufólks.
e) Heimilt er umsækjanda, ef hann býr í heilsuspillandi húsnæði, eða á við vanheilsu að stríða, að styðja umsókn sína með vottorði frá héraðslækni um ástand íbúðar og frá heimilislækni um heilsu umsækjanda eða fjölskyldu hans.

Lánsumsókn er ógild, ef vísvitandi rangar upplýsingar eru gefnar og verður umsókn frá þeim aðila ekki tekin gild næstu 2 ár. — Ef lán er veitt á grundvelli vísvitandi ósannra upplýsinga, getur húsnæðismálastjórn sagt því upp fyrirvaralaust.

Þeir sem sækja um lán án þess að hafa gert kaup á íbúð, skulu láta fylgja umsókn vottorð þau, sem greinir í c- og d-lið svo og e-lið, ef umsækjandi vill styðja umsókn sína slíkum vottorðum.

Þegar íbúðarkaup eru ráðin, skal umsækjandi þó skila gögnum þeim, sem um ræðir í öðrum stafliðum þessarar greinar.

33. gr.

Eigi má lána samkvæmt reglugerð þessari neinum manni til íbúðarkaupa, nema hann ætli sjálfur að búa í íbúðinni með fjölskyldu sinni, enda eigi hann ekki aðra íbúð, þegar lánið er greitt, sbr. þó a-lið 10. gr.

34. gr.

Nú hefur húsnæðismálastjórn áður veitt lán út á íbúð, sem sótt er um lán til samkvæmt reglugerð þessari, og má þá ekki veita í slíkum tilfellum nýtt lán hærra en svo, að samanlögð lánsfjárhæð fari eigi yfir hámarkslán samkvæmt 4. gr. reglugerðar.

VI. KAFLI

Um lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.

35. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

36. gr.

Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því að sveitarfélög safni sem ýtarlegustum skýrslum um það, hversu mikið heilsuspillandi húsnæði né notað til íbúðar, og á hve löngum tíma hlutaðeigandi sveitarfélög telja auðið að útrýma því.

37. gr.

Sveitarfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúða og óska eftir að njóta aðstoðar ríkisvaldsins, skulu sækja um slíka aðstoð til húsnæðismálastjórnar, áður en hafizt er handa um byggingarframkvæmdir.

Með umsóknum þessum skulu fylgja eftirtalin gögn:
a) Teikningar af fyrirhuguðum íbúðum í 2 eintökum.
b) Nákvæm smíðalýsing (útboðslýsing).
c) Greinileg sundurliðuð kostnaðaráætlun.
d) Greinargerð um skilmála og kjör þau, sem væntanlegum eigendum eða leigjendum íbúðanna eru ætluð.
e) Upplýsingar um, hvenær byggingarframkvæmdir skulu hefjast, og hvenær þeim verði lokið.

f) Upplýsingar um hvaða húsnæði á að útrýma, lýsing á því, svo og hversu margt fólk býr í því húsnæði.
g) Vottorð hlutaðeigandi héraðslæknis, þess efnis, að húsnæði það, sem útrýma á sé heilsuspillandi.

38. gr.

Nú samþykkir húsnæðismálastjórn áætlanir sveitarfélags um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, og getur hún þá veitt lán af því fé, sem ríkissjóður leggur fram í þessu skyni, þó eigi hærra en nemur samanlögðu framlagi og láni frá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Slík lán skulu veitt til allt að 50 ára með 4% ársvöxtum og skulu vera jafngreiðslulán. Afborganir og vextir af lánum þessum skulu renna í Byggingarsjóð ríkisins. Skal veðdeild Landsbanka Íslands sjá um afgreiðslu lánanna, innheimtu og reikningshald.

39. gr.

Lán, sem veitt eru samkvæmt þessum kafla reglugerðarinnar, skulu veitt sveitarfélögum, og er þeim heimilt að verja þeim:

A. Til byggingar íbúða, er síðan verði seldar einstaklingum, fullgerðar.
B. Til byggingar leiguhúsnæðis.

Ef um fyrra tilvikið er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um íbúðina, unz lán ríkissjóðs er greitt að fullu:

a) Enginn, sem eignazt hefur íbúð, samkvæmt þessari mgr. má selja hana, nema Húsnæðismálastofnun ríkisins hafi áður hafnað forkaupsrétti, og ekki framleigja nema með leyfi stofnunarinnar. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt þessari mgr., seld á nauðungaruppboði, skv. lögum nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð og getur Húsnæðismálastofnunin þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð stofnuninni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði samkvæmt þessari mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveða áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari stofnuninni hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.
b) Íbúðir þessar má aðeins selja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði, enda hafi þær áður verið auglýstar til umsóknar og séu hinar heilsuspillandi íbúðir jafnframt teknar úr notkun, sbr. 41. gr. reglugerðar þessarar og 30. gr. laga nr. 30/1970. Umsóknir um íbúðirnar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er gerð séu eftir fyrirmynd frá húsnæðismálastjórn.

c) Ef um byggingu leiguhúsnæðis er að ræða, skulu eftirfarandi reglur gilda um það, unz lán ríkissjóðs er að fullu greitt:
   a. Leiga eftir húsnæði má ekki vera hærri en sem nemur afborgunum og vöxtum af upphaflegum byggingarkostnaði, svo og kostnaði vegna eðlilegs viðhalds.
   b. Leiguhúsnæði skal ávallt auglýst og má aðeins leigja þeim, sem búa í heilsuspillandi húsnæði. Hið heilsuspillandi húsnæði, sem þannig losnar, skal jafnfram tekið úr notkun, sbr. 41. gr. reglugerðar þessarar.

Umsóknir um leiguhúsnæði skulu vera á sérstökum eyðublöðum, sem gerð séu eftir fyrirmynd frá húsnæðismálastjórn.

40. gr.

Við ráðstöfun þess húsnæðis, sem byggt er samkvæmt reglugerð þessari, er sveitarfélögum skylt að láta þær fjölskyldur sitja fyrir, sem í lökustu húsnæði búa og mesta ómegð hafa eða eiga samkvæmt vottorði læknis við verulega vanheilsu að stríða.

Verði ágreiningur í sveitarstjórn um úthlutun íbúðanna, má skjóta honum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

41. gr.

Lán samkvæmt 38. gr. koma ekki til útborgunar fyrr en viðkomandi ónothæft húsnæði hefur verið tekið úr notkun samkvæmt vottorði viðkomandi lögreglustjóra, enda sé húsnæði það, sem lánað er til, orðið íbúðarhæft samkvæmt vottorði trúnaðarmanns húsnæðismálastjórnar.

Óheimilt er að taka aftur til íbúðar húsnæði, sem tekið hefur verið úr notkun samkvæmt reglugerð þessari, nema fyrir liggi vottorð héraðslæknis um, að það hafi hlotið þær endurbætur, að það sé eigi lengur heilsuspillandi enda fullnægi íbúðin einnig skilyrðum byggingarsamþykktar um íbúðarhúsnæði.

VII. KAFLI
Um afgreiðslu lána og fleira.

42. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands skal sjá um afgreiðslu þeirra lána, sem veitt eru af húsnæðismálastjórn, svo og um innheimtu vaxta og afborgana. Veðdeildinni er heimilt að afgreiða íbúðarlán húsnæðismálastjórnar til nýbyggingar húsnæðis, þegar íbúðin er komin það langt áleiðis, að hún, skv. mati, geti talizt öruggt veð fyrir láninu. Heimilt er veðdeildinni að halda eftir hluta af lánum þar til frágangur byggingarinnar er orðinn eins og húsnæðismálastjórn og veðdeildin gera kröfur um. Enn fremur getur húsnæðismálastjórn látið halda eftir hluta af lánum, þar til umsækjandi hefur skilað kostnaðaryfirliti um byggingu íbúðarinnar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, skv. lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 150/1965 um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánum, reglugerð um leiguíbúðir sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands nr. 16 20. júní 1966 og reglugerð um útrýmingu heilsuspillandi íbúða nr. 155 5. sept. 1957 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið 11. september 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um húsaleigumál ríkisins.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að tryggja samræmda stefnu um húsaleigu og leigukjör hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með húsaleigumálum ríkisins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er óheimilt að taka á leigu húsnæði, gera eða breyta leigumálum án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjárlaga og hagsýslustofnunar.

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem hyggjast taka á leigu húsnæði eða leigja út húsnæði, skulu að jafnaði leita tilboða með almennri auglýsingu. Að fengnum tilboðum skal send umsókn til hlutaðeigandi ráðuneytis á þar til gerðu tilboðseyðublaði, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun gefur út.

3. gr.

Sé um að ræða endurnýjun húsaleigusamninga, skal send umsókn um það skv. ákvæðum 2. gr. Sé einungis um að ræða breytingu á grunngjaldi húsaleigu, nægir skriflegt samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

4. gr.

Að fenginni umsókn um leiguhúsnæði skal viðkomandi ráðuneyti senda tilboð ásamt umsögn til fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

5. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun tekur ákvörðun um það, hvort tilboði um leiguhúsnæði verði tekið. Ákvörðun skal tilkynna hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er. Sé tilboði hafnað, skulu ástæður tilgreindar sérstaklega.

6. gr.

Leigusamningar skulu gerðir á sérstöku samningsformi, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin gefur út.

7. gr.

Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana ríkisins undirrita leigusamninga. Til þess að samningur teljist skuldbindandi fyrir ríkið, skal hann einnig undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti ásamt fjárlaga- og hagsýslustofnun.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 5. gr. III., 4, reglugerðar nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 15. september 1970.

Magnús Jónsson.

Gísli Blöndal.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Friðriks konungs Áttunda, árið 1969.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1969 B bls. 519):			
a. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	50 703.15	
b. Bankainnstæða	—	23 666.56	
			kr. 74 369.71
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	4 816.80	
b. Af bankainnstæðu	—	1 492.14	
			kr. 6 308.94
			Kr. 80 678.65

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	51 185.96	
b. Innstæða í Búnaðarbankanum	—	29 492.70	
			kr. 80 678.65

Í landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1970.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 7. september 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 205.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Kristjáns konungs Níunda, árið 1969.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1969 B bls. 519):			
a. Innritunarskírteini	kr.	8 600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	46 874.36	
c. Bankainnstæða	—	37 310.17	
			kr. 92 784.53
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	4 487.80	
b. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	4 468.26	
c. Af bankainnstæðu	—	2 385.93	
			— 11 341.99
			Kr. 104 126.52

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:		
a. Innritunarskírteini	kr. 8 600.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 47 811.62	
c. Bankainnstæða	— 47 714.90	
		kr. 104 126.52
		Kr. 104 126.52

Í landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1970.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 7. september 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 206.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds, árið 1969.

Tekjur:

Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1969 B bls. 520):		
1. Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	20 553.28
2. Óafhentir trjáræktarsjóðir	—	1 916.15
3. Vextir árið 1969 af aðalsjóðnum	—	1 952.56
4. Vextir árið 1969 af sparisjóðsinnstæðu trjáræktarsjóða	—	134.05
	Kr.	24 556.04

Gjöld:

Í sjóði til næsta árs:		
1. Í Söfnunarsjóði	kr.	22 505.84
2. Í Landsbankanum:		
a. Trjáræktarsjóður Úlfljótsvatnskirkjugarðs	—	539.10
b. Trjáræktarsjóður Þingvallakirkjugarðs	—	529.80
c. Trjáræktarsjóður Hlíðar í Grafningi	—	501.50
d. Trjáræktarsjóður Keldnakots í Stokkseyrarhreppi	—	479.80
	Kr.	24 556.04

Í landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1970.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 7. september 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Giga's, árið 1969.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1969 B bls. 523):	
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 67 102.90
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 6 374.78
		Kr. 73 477.68

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 73 477.68

Í landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1970.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 7. september 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðinda 1970.

Lög um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum 11. febrúar 1970, nr. 1.

Lög um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af forsetanum 11. febrúar 1970, nr. 2.

Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af forsetanum 11. febrúar 1970, nr. 3.

Lög um breyting á lögum nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, undirskrifuð af forsetanum 3. febrúar 1970, nr. 4.

Lög um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947, undirskrifuð af forsetanum 9. febrúar 1970, nr. 5.

Lög um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1965 um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 9. febrúar 1970, nr. 6.

Lög um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1970, nr. 7.

Lög um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1970, nr. 8.

Lög um Iðnþróunarsjóð, undirskrifuð af forsetanum 13. febrúar 1970, nr. 9.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af forsetanum 3. febrúar 1970, nr. 10.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og lögum nr. 83 29. des. 1967, undirskrifuð af forsetanum 18. marz 1970, nr. 11.

Lög um menntaskóla, undirskrifuð af forsetanum 25. marz 1970, nr. 12.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 13. febrúar 1970, nr. 13.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 13. febrúar 1970, nr. 14.

Forsetabréf um að kveðja Alþingi til framhaldsfundar, undirskrifað af forsetanum 21. febrúar 1970, nr. 15.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Akureyrarkaupstað jörðina Ytra-Krossanes, Akureyri, undirskrifuð af forsetanum 18. marz 1970, nr. 16.

Lög um breyting á lögum nr. 96 22. des. 1965, um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 20. marz 1970, nr. 17.

Lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, undirskrifuð af forsetanum 3. apríl 1970, nr. 18.

Lög um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, undirskrifuð af forsetanum 6. apríl 1970, nr. 19.

Lög um hækkun á bótum almannatrygginga, undirskrifuð af forsetanum 4. apríl 1970, nr. 20.

Lög um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, undirskrifuð af forsetanum 15. apríl 1970, nr. 21.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Krossaland í Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1970, nr. 22.

Vegalög, undirskrifuð af forsetanum 16. apríl 1970, nr. 23.

Lög um æskulýðsmál, undirskrifuð af forsetanum 17. apríl 1970, nr. 24.

Lög um breyting á lögu mum tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20, júní 1923, undirskrifuð af forsetanum 18. apríl 1970, nr. 25.

Lög um ráðstöfun á Minningarsjóði Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum, undirskrifuð af forsetanum 20. apríl 1970, nr. 26.

Lög um endurhæfingu, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1970, nr. 27.

Lög um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann, undirskrifuð af forsetanum 28. apríl 1970, nr. 28.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30 apríl 1963, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 27. apríl 1970, nr. 29.

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 30.

Lög um dýralækna, undirskrifuð af forsetanum 5. maí 1970, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1970, nr. 32.

Lög um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1970, nr. 33.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna Framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1970, nr. 34.

Lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1970, nr. 35.

Lög um leigubifreiðar, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1970, nr. 36.

Lög um skipan gerðardóms í kjaradeilu atvinnuflugmanna og flugvélstjóra og íslenzkra flugfélaga, undirskrifuð af forsetanum 9. maí 1970, nr. 37.

Lög um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1970, nr. 38.

Lög um gæðamat á æðardún, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1970, nr. 39.

Lög um kaup á sex skuttogurum, undirskrifuð af forsetanum 11. maí 1970, nr. 40.

Lög um veitingu ríkisborgararéttar, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 41.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 42.

Lög um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 43.

Lög um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 44.

Lög um breyting á lögum nr. 66/1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 45.

Lög um Fjárfestingarfélag Íslands hf., undirskrifuð af forsetanum 6. maí 1970, nr. 46.

Lög um Útflutningslánasjóð, undirskrifuð af forsetanum 8. maí 1970, nr. 47.

Lög um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 48.

Forsetabréf um þinglausnir, undirskrifað af forsetanum 4. maí 1970, nr. 49.

Lög um skipamælingar, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 50.

Lög um siglingamálastofnun ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 51.

Lög um eftirlit með skipum, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 52.

Lög um skráningu skipa, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 53.

Lög um breyting á lögum nr. 65 13. maí 1966, um hægri handar umferð, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 54.

Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 55.

Lög um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar í Norðvestur Atlantshafi, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 56.

Lög um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 57.

Lög um skemmtanaskatt, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 58.

Lög um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 59.

Lög um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 60.

Lög um breyting á lögum nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur o. fl., undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 61.

Fjáraukalög fyrir árið 1968, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 62.

Lög um skipan opinberra framkvæmda, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 63.

Lög um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumurin 1969 og 1970, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 64.

Lög um breyting á lögum nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 65.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 66.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 67.

Lög um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 68.

Lög um breyting á lögum nr. 51 frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 69.

Lög um sameiningu sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 70.

Lög um Alþýðubankann hf., undirskrifuð af forsetanum 12. maí 1970, nr. 71.

Lög um breyting á lögum nr. 82 frá 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands, undirskrifuð af forsetanum 30. apríl 1970, nr. 72.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, undirskrifuð af forsetanum 1. júní 1970, nr. 73.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, undirskrifuð af forsetanum 1. júní 1970, nr. 74.

Bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls stýrimanna, vélstjóra, loftskeytamanna og bryta á íslenzkum farskipum, undirskrifuð af forsetanum 30. júní 1970, nr. 75.

Lög um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af forsetanum 25. júní 1970, nr. 76.

Lög um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., undirskrifuð af forsetanum 16. júní 1970, nr. 77.

Lög um lífeyrissjóð sjómanna, undirskrifuð af forsetanum 10. ágúst 1970, nr. 78.

Auglýsing um breyting á skipting starfa ráðherra skv. auglýsingu nr. 97/1969, undirskrifuð af forsætisráðherra, 10. júlí 1970, nr. 79.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957, undirskrifuð af forsetanum 9. júlí 1970, nr. 80.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands, á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 13. júlí 1970, nr. 81.

Lög um læknishéraðasjóði, undirskrifuð af forsetanum 24. júlí 1970, nr. 82.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð, undirskrifuð af forsetanum 31. júlí 1970, nr. 83.

Lög um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 19. ágúst 1970, nr. 84.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, undirskrifuð af forsetanum 21. ágúst 1970, nr. 85.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum, undirskrifuð af menntamálaráðherra 8. júní 1970, nr. 86.

Lög um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, undirskrifuð af forsetanum 6. ágúst 1970, nr. 87.

Bráðabirgðalög um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar, undirskrifuð af forsetanum 1. september 1970, nr. 88.

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands, undirskrifuð af forsætisráðherra 2. september 1970, nr. 89.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 170—207. Útgáfudagur 2. október 1970.

21. september 1970. 599 Nr. 208.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1970.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

30. september 1970. Nr. 209.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreyni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. september 1970.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

B 76

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni, sem í stað hans kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags, kr. 35.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 70.00 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings. Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar miðað við hvert unnið verk, dregst gjald þetta frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 49. gr. almannatryggingalaga nr. 40 30. apríl 1963, sbr. lög nr. 94 20. desember 1966 og öðlast gildi hinn 10. október 1970.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. október 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 211. 19. október 1970.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 301 10. desember 1969, um fasteignamat og fasteignaskráningu.

1. gr.

Í stað orðanna: „31. des. 1968“ í 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 8. gr. komi: um áramót 1969/70.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi þegar í stað, er sett skv. lögum nr. 28 29. apríl 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Fjármálaráðuneytið, 19. október 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1970

30. október 1970. 601 Nr. 212.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1.	Fyrir línu með 1 venjulegu talfæri	kr. 6000.00
2.	— hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	— 1800.00
3.	— aukabjöllu (venjulega)	— 600.00
4.	— tengil (með rafvökum)	— 550.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofannefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Afnotagjöld á ársfjórðungi (í kr.)

I. Fyrir hverja símalínu með venjulegu talfæri.

Stöðvar Afgreiðslutími símtala á virkum dögum	Sérlína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	460	370	280
4 —	620	500	370
6 —	700	570	420
8 —	780	630	470
10 —	850	680	500
12 —	870	700	530
14 —	910	720	550
16 —	940	760	570
24 —	1000	800	600

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því, sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar, upphæð sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

II. Fyrir aukabúnað.

1.	Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	kr. 250.00
2.	— — — — annars staðar í sama húsi	— 370.00
3.	— — — — í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfelli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.	
4.	— hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi	— 35.00
5.	— hvern tengil (með rafvökum)	— 40.00

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

III. Almenn ákvæði.

Ofannefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 45% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að áliti símstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan símabúnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á venjulegum talsímatækjum.

1.	Milli húsa við sömu símstöð, fyrir hvert talfæri með línu	kr. 3000.00
2.	Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli.	
	a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarl. á sömu hæð	— 500.00
	b. Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri	— 1000.00
3.	Frá húsi á svæði annarrar handvirkrar símstöðvar	— 4000.00

Ofannefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á staurarörðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1800.00

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 600.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1200.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Tengigjald.

Fyrir hvert talsímaáhald á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssímastöð, greiðist tengigjald, sem nemur 60% af afnotagjaldi fyrir sérlínu frá sömu stöð.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar.

A. Stofngjald.

1.	Fyrir 1 línu með talfæri	kr.	7500.00
2.	— 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	—	1800.00
3.	— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	—	2700.00
4.	— venjulega aukabjöllu	—	600.00
5.	— tengil	—	500.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afganginn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

Þegar símnotandi segir upp síma frá einni símstöð og óskar samtímis eftir nýjum síma við aðra símstöð (afnotagjaldsgreiðsla falli ekki niður á tímabilinu), eða með öðrum orðum flytur til annarrar símstöðvar, getur póst- og símamálastjórnin lækkað stofngjald hans á nýja staðnum eftir aðstæðum, þó ekki niður fyrir venjulegt flutningsgjald þar.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Afnotagjald reiknast af símanum frá þeim tíma er landssíminn er reiðubúinn að tengja hann við, þótt notandinn af einhverjum ástæðum vilji ekki taka við honum strax.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru:
   a. Kr. 1000.00 að viðbættum kr. 1.90 fyrir hvert teljaraskref umfram 525 á ársfjórðungi.
   b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma greiðist aukalega kr. 350.00 á ársfjórðungi.

   Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

   Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

   Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

   Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka símum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

   Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar eða greiði aukagjald.

   Notendur mega ekki selja eða leigja afnot af símum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð (ekki hægt að tala á milli)	kr.	140.00
— 1 venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	—	345.00
— 1 venjulegt aukatalfæri í öðru húsi innan 1 km fjarlægðar frá símstöð, en annars bætist línuleiga við skv. VIII kafla B	—	575.00
— 1 tengil	—	25.00
— venjulega aukabjöllu	—	35.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa nú miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig.
   a. Línugjald frá símstöð til miðstöðvarborðs eftir samtalafjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.
   b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:
      kr. 115.00 fyrir handvirk borð (CB).
      — 300.00 fyrir sjálfvirk borð (PABX).
      Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.
   c. Talfæragjald: kr. 250.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

   Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.
4. Fyrir ný skiptiborð, önnur tæki, línur eða sérbúnað, en að framan greinir, verða afnotagjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa á svæði sömu símstöðva, fyrir hvert venjulegt talfæri kr. 3750.00
   (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
   a. Milli herbergja í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 500.00
   b. Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri ..... — 1000.00
3. Frá húsi á svæði annarrar sjálfvirkrar símstöðvar ..... — 5000.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða á öðrum áhöldum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 1800.00, ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2400.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum manni, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar ofan í kr. 600.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1200.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 4200.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í II. kafla A, en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

   Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans ársfjórðungslega sem hér segir:

   a. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við:

Stöðvar. Afgreiðslutími á virkum dögum	
2 std.	kr. 230.00
4 —	— 290.00
6 —	— 360.00
8 —	— 420.00
10 —	— 440.00
12 —	— 450.00
14 —	— 480.00
16 —	— 500.00
24 —	— 530.00

   b. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í II. kafla B.
3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.
4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.

   Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöð-

um, veiðiskálum, íþróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Radíótæki.

A. Almenn ákvæði.

1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt IV. kafla A. 12., skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt IV. kafla A. 12. Ferðakostnað vegna eftirlits þessa ber leyfishafi.
3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi sendistöðvar aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, í samræmi við IV. kafla A. 12.
4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörzlu.
6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.
7. Póst- og símamálastjórnin og sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á öllum sendistöðvum í farartækjum og í landi. Enn fremur á þeim viðtækjum og öðrum viðkomandi búnaði, er telst til skyldubúnaðar í skipum. Kostnað vegna uppsetningar og viðhaldskostnaðar ber leyfishafi. Reikningar, vegna uppsetningar og viðgerða, skulu að jafnaði staðgreiðast, nema sérstaklega hafi verið um reikningsviðskipti samið.
8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um

kerfi póst- og símamálastjórnarinnar, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðist innan 10 daga frá framvísun reiknings.

9. Hafi áfallin gjöld, vegna þessarar þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsiglunar, ber leyfishafi.
11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru sem hér segir á ári:

a.	Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött	kr. 600.00
b.	Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni	— 300.00
c.	Leyfisbréf vegna „amatör" stöðva, ásamt upphafsskoðun	— 500.00
d.	Leyfisbréf, önnur radíótæki en sendar	— 100.00
e.	Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis yfir 100 wött	— 1200.00
f.	Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis 100 wött eða minni	— 700.00
g.	Eftirlitsgjald árlega, fyrir hvern sendi umfram einn á sama stað	— 50.00
h.	Eftirlitsgjald árlega, fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns	— 400.00
i.	Eftirlitsgjald fyrir ferðatalstöðvar, enda sé komið með þær til eftirlitsmanns	— 300.00
j.	Innsiglisgjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 700.00
k.	Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis	— 700.00
l.	Gjald vegna árlegrar framlengingar „amatör"-leyfis	— 200.00
m.	Gjald vegna aukaskoðunar „amatör"-stöðvar	— 300.00

13. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
14. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn talstöðva til leigu eða til sölu, samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

B. Radíótæki á leigu.

1. Óski einhver að taka á leigu loftskeytastöð eða talstöð og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til sendi- og viðtæki, af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leigð starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.
2. Fram að 1. janúar 1971 annast Póst- og símamálastjórnin viðhald og ber kostnað vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaða, straumbreyta, lampa og transistora, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða

og viðhalds tækjanna, er stafar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða.

3. Eftir 1. janúar 1971 skal leigutaki bera allan viðhaldskostnað og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.
4. Öll radíótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera vátryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til vátryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vöruflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastjórnin annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
5. Stofngjald fyrir radíótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald, til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskeytastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta og minni en 3 ár fyrir stærri stöðvar.
6. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, ef sérstaklega stendur á, t.d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l. Nánar er að því vikið síðar. Sömuleiðis má stytta leigutímann, ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegum stofngjöldum og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.
7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
8. Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmánaðar, getur póst- og símamálastjórnin:
   a. Innsiglað senditækin, þó þannig að nota megi tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsiglun, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu.
   b. Tekið tækin í sína vörzlu, án undangenginnar innsiglunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.

   Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radíóbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan loka næsta mánaðar eftir að viðgerð fór fram.

   Fyrir enduropnun innsiglis greiðist innsiglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opnunar innsiglis greiði leigutaki, auk innsiglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó miðað við lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskeytastöðvagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.
9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja firðtalstöð til viðskipta við eigin skip eða báta, þá lætur póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té sendi- og viðtæki og sér um uppsetningu á tækj-

unum. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftirá mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með hæfilegum fyrirvara.

10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða mánaðarleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigu-stöðvarnar. Sömuleiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu lítil senditæki (walkie-talkie), ætluð til viðskipta um stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími 2 vikur, annars miðað við mánaðarleigu. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var í er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum. Sömuleiðis ber leigutaka að sjá um vátryggingu tækjanna á sinn kostnað.

11. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu firðtalstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símstöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

C. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.

1. gr.

Stöðvar þessar eru með tvennu móti:

A. Stöðvar, sem landssíminn starfrækir.
B. — — leigutaki —

2. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutíðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

3. gr.

Um talstöðvar leigutaka mega ekki fara fram önnur viðskipti en þau, er beinlínis varða atvinnurekstur hans, svo sem:

a. veðurfréttir og ástand vega,
b. tilkynningar um komu-og brottfarartíma,
c. tilkynningar um bilanir eða breytingar á áætlun,
d. tilkynningar um viðgerðir, áríðandi varahluti eða aðra þjónustu við farstöðvarnar,
e. tilkynningar varðandi breyttar þarfir farþega og ökumanna, er orsakast af óumflýjanlegum breytingum á áætlun.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leigutaki og umboðsmenn hans.

4. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 3. gr., skulu afgreidd um stöðvar landssímans og hið almenna símakerfi.

5. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum og skulu þeir hafa skírteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6. gr.

Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

7. gr.

Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

8. gr.

Leigutaki ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

9. gr.

Gjöld fyrir viðskipti milli bifreiða (og annarra landfarstöðva) og framangreindra stöðva eru innifalin í leigu senditækja bifreiðanna (landfarstöðvanna), séu þau í eigu póst- og símamálastjórnarinnar. Sé sendistöð bifreiðarinnar (landfarstöðvarinnar) eign leyfishafa, greiðir hann viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

Gjöld fyrir viðskipti um fjarskiptastöðvar póst- og símamálastjórnarinnar eru einnig innifalin í leigunni, ef þau eru innan sama innanbæjarsímakerfis og viðkomandi fjarskiptastöð, og efnislega samkvæmt 3. gr. þessara reglna.

Gjöld fyrir viðskipti út fyrir þetta innanbæjarsímakerfi greiðist samkvæmt gjaldskrá fyrir langlínuviðskipti.

V. KAFLI

Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru í höfuðatriðum sem hér segir fyrir hvert 3. mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl (handvirk afgreiðsla):

Um	0— 10 km	línulengd	kr. 12.00
—	10— 25 —	—	— 21.00
—	25—100 —	—	— 29.00
—	100—225 —	—	— 36.00
—	225—350 —	—	— 44.00
	Yfir 350 —	—	— 54.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamálastjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsgjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólginn í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofannefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

2. Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
3. Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
4. Kvaðning: kr. 8.00 innan 100 km vegalengdar, kr. 15.00 þar yfir. Kvaðningsgjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki. Kvaðningsgjald reiknast ávallt við símtöl um leiðir, þar sem er sjálfvirkt langlínusamband fyrir.

5. Boðsending: kr. 25.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símstöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.
6. Afturköllun símtals: kr. 4.00.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radíó-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar milli íslenzkra skipa og lands, samanlagt fyrir hvert viðtalsbil:

a. Landlínugjald kr. 20.00.
b. Strandargjald kr. 36.00 ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 60.00.
c. Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur gjald fyrir slík símtöl, og getur það verið mismunandi fyrir hvert skip.

Gjöld fyrir símtöl við erlend skip fara eftir alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: kr. 3.00 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 30.00.
2. Innanbæjarskeyti: kr. 1.70 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 17.00.
3. Blaðaskeyti: 60 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 18.00.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 60.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávísanir: Gjald kr. 40.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 18.00—25.00 eftir gerð.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landspítalasjóðs.
9. Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenzkar strandarstöðvar við íslenzk skip er samanlagt:
   a. Venjulegt símkeytagjald innanlands.
   b. Strandargjald kr. 2.20 fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar).
   c. Skipsgjald. Engin íslenzk skip önnur en farþegaskip taka skipsgjald, sem getur verið mismunandi fyrir hvert skip. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.

   Fyrir loftskeyti er lágmarksgjald eins og fyrir 7 orða skeyti.
10. Móttaka símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 8.00 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 4.00 ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.

12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða 25.00 krónur fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

13. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 12.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 5.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskírteini símleiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 7 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskírteini, sem sendast á í pósti (PCP) er gjaldið sama og póstburðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og millirikjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ¼ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).

2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélar.

I. Stofngjald.

a.	Fyrir hverja venjulega fjarritvél án línu	kr. 20 000.00
b.	Tengigjald við telexstöð	— 10 000.00
c.	Bæjarlína	— 2 500.00

II. Afnotagjald á ársfjórðungi:
a. Fyrir hverja venjulega fjarritvél (viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða) ..... kr. 8 000.00
b. Tengigjald við telexstöð ..... — 4 000.00
c. Línuleiga samkvæmt VIII. Kafla B.
III. Gjald fyrir flutning á venjulegri fjarritvél milli húsa í sama bæ .... — 5 000.00

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blaðfjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin vátrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eða aukabúnað eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Stytzti leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir línur til fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir.

B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.5—0.7 mm ..... kr. 370.00 pr. km
2. — 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm ..... — 500.00 — —
3. — 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm ..... — 600.00 — —
4. — loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er ... — 600.00 — —

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skráningu símnefna greiðist kr. 540.00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 100.00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI
Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni.

Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 140.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 275.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símanotandi að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 150.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1.	Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 225.00
2.	Aukanafn í skrá	— 275.00
3.	Aukalínur í skrá, hver lína	— 140.00
4.	Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 225.00 + 275.00	— 500.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 275.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 140.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 225.00. Auglýsingalína kostar kr. 140.00.

XI. KAFLI

Almennir skilmálar.

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, tilkynni það hlutaðeigandi símstöðvarstjóra, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Landssíminn getur og krafizt, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.
4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í

Endurprentað blað.

kaupstöðum eða kauptúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.

   Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímann annast sótthreinsun talfæra.

6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símstjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.

8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur landssíminn slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.

9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt póst- og símamálastjórnin hafi ekki getað afgreitt beiðni um flutning símans á þeim tíma.

10. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á símum eða tækjum símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.

2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að viðbættum kr. 100.00 fyrir lokun og enduropnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símatæki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrirfram.

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti og gengur í gildi 1. nóvember 1970. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fara fram 1. nóvember 1970 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 31. desember 1968.

Samgönguráðuneytið, 30. október 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

GJALDSKRÁ

um póstburðargjöld.

TEGUND SENDINGAR		Innanlands	Norðurlönd	Önnur lönd	
Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. kr.	Burðargj. kr.	Þyngdarmörk g	Burðargj. kr.
Bréf.	20	7.00	7.00	20	10.00
Hámarksstærð:	100	14.00	14.00		
Lengd + breidd	250	21.00	21.00		
+ þykkt 90 cm.	500	30.00	30.00		
Mesta lengd 60 cm. Í ströngum: lengd + tvöfalt þvermál 104 cm.	Yfir				
Mesta lengd 90 cm.	500 g:				
Hámarksþ. 2 kg.	Sama				
Lágmarksstærð:	og				
10×7 cm. Í strengjum: Lengd + tvöfalt þvermál 17 cm.	„Önnur lönd“			hver 20 g þar	
Minnsta lengd 10 cm.				yfir	6.00
Póstkort.					
Mest 15×10,7 cm	einf.	5.00	5.00		6.00
Minnst 10×7 cm	tvöf.	10.00	10.00		12.00
Prent.					
Stærð sama og bréfa. (Prentkort sama stærð og póstkort).	50 hver	5.00	5.00	50 hver	5.00
Hámarksþyngd 3 kg.	50 þar			50 þar	
Bækur þó 5 kg.	yfir	3.00	3.00	yfir	3.00
Burðargjald fyrir prent yfir 1000 g til Norðurl. er sama og fyrir „Önnur lönd“					
	50	5.00	5.00	50	5.00
Sýnishorn.	hver			hver	
Stærð sama og bréfa	50 þar			50 þar	
Hámarksþ. 500 g.	yfir	3.00	3.00	yfir	3.00
Minnsta gjald		7.00	7.00		10.00
Smápakkar (aðeins til útlanda)					
Stærð sama og bréfa	hver 50		5.00	hver 50	5.00
Hámarksþ. 1 kg.					
Minnsta gjald			20.00		20.00
Innrituð blöð og tímarit.					
Innrit.gj. 400,00.					
Ársgjald 100,00.					
Stærð sama og br.	hver				
a) Til umboðsm. (minnst 50 eint. til hvers í einu).	500	5.00			
Hámþ. 20 kg.			Sérstakar reglur gilda um afslátt af burðargjaldi léttra blaða.		
b) Til áskrifenda.	hver 100				
Hámarksþ. 500 g hvert eint.		2.00			

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald kr.
Póstávísanir.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Hámarksupphæð innanlands: Kr. 100 000.00 (Símapóstávísanir kr. 50 000.00).	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 200 kr.	10.00
— — yfir 200 kr. — — 1000 —	15.00
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir.	5.00
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	15.00
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	5.00
Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda, veita pósthúsin upplýsingar.	
Póstkröfur.	
Hámarksupphæð sama og póstávísana. Burðargjald sendingar eftir tegund.	
a. Innanlands og til Norðurlanda:	
Burðargjald eins og fyrir póstávísun.	
Póstkröfugjald	5.00
b. Til annarra landa:	
Burðargjald:	
Fyrir upphæð allt að 1000 kr.	22.00
fyrir hv. 1000 kr. eða minna þar yfir	5.00
Almennir bögglar (innanlands):	
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksstærð 10 × 7 cm): Þyngd 20 kg mest. Stærð 1.25 m mest á einhvern veg eða að rúmmáli 60 dm³ allt að 5 kg, 80 dm³ yfir 5 kg allt að 10 kg, 100 dm³ yfir 10 kg allt að 15 kg og 120 dm³ yfir 15 kg.	
Burðargjald:	
1 kg 3 kg 5 kg 7 kg 10 kg 15 kg 20 kg	
30.00 50.00 70.00 90.00 120.00 170.00 220.00	
Fyrir rúmfreka og brothætta böggla greiðist 50% viðbótargjald.	
Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	
Verðbréf og -bögglar.	
Burðargjald sendingar eftir tegund.	
Skrásetningargjald.	16.00
Tryggingargjald.	
Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna þar yfir.	16.00

Loftbréf: Söluverð kr. 12.00. Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda, nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald	kr. 16.00
Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu	kr. 16.00
Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er	kr. 25.00
Móttökukvittun	kr. 16.00

Talning í verðbréfi innanlands: kr. 20.00 hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð kr. 12.00. Skiptiverð í frímerkjum kr. 10.00.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: kr. 12.00.

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: kr. 10.00.

Tollmeðferð böggla: kr. 20.00.

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: kr. 14.00.

Geymslugjald böggla: 9.00 kr. á dag. Hámarksgjald kr. 270.00.

Afhending ábyrgðarsendinga með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan kr. 8.00.

Afhendingargjald smápakka: kr. 10.00.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: Allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að kr. 1 200 fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að kr. 4 200.00 fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Bætur greiðast því aðeins, að sending hafi verið útbúin samkvæmt settum reglum, og að þeirra sé krafizt innan árs frá þeim degi að telja, er sendingunni var skilað til flutnings.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og gengur í gildi 1. nóvember 1970. Samtímis fellur úr gildi fyrri gjaldskrá um póstburðargjöld frá 31. desember 1968.

Samgönguráðuneytið, 30. október 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1969.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1969 B bls. 522):			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	27 627.34	
b. Í Landsbankanum	—	18 673.56	
			kr. 46.300.90
2. Vextir:			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr.	2 624.60	
b. Af bankainnstæðu	—	1 242.14	
			— 3 866.74
			Kr. 50 167.64

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	28 503.94	
b. Í Landsbankanum	—	21 663.70	
			kr. 50 167.64
			Kr. 50 167.64

Í landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1970.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 7. september 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 215.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árið 1969.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1969 B bls. 522):		
Söfnunarsjóðsinnstæða	kr.	16 654.30
2. Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1 582.16
		Kr. 18 236.46

Gjöld:

1.	Greitt Búnaðarfélagi Íslands	kr. 1 423.00
2.	Sjóður í árslok:	
	Söfnunarsjóðsinnstæða	— 16 813.46
		Kr. 18 236.46

Í landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1970.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 7. september 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

Nr. 216.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrrverandi Suðuramti, árið 1969.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1969 B bls. 524):	
	Söfnunarsjóðsinnstæða	kr. 83 020.75
2.	Vextir af Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 7 886.97
		Kr. 90 907.72

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
	Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 90 907.72

Í landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1970.

Gunnlaugur E. Briem.

Reikning þennan höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið við hann athugavert.

Reykjavík, 7. september 1970.

Jón Sigurðsson. *Björn Hermannsson.*

REIKNINGUR

Byggingasjóðs Listasafns Íslands árið 1969.

Tekjur:

Eftirstöðvar frá fyrra ári:			
Innstæða í Seðlabanka hlr. 2522	kr.	5 883 367.55	
Skuldabréf Kjarvalshúss	—	525 000.00	
Lán til Listasafns Íslands	—	240 000.00	
Lán vegna kaupa ⅓ arfahl. Nínu Sæmundsson	—	1 137 098.19	
			kr. 7 785 465.74
Framlag ríkisins 1968			— 400 000.00
Framlag ríkisins 1969			— 400 000.00
Vextir af láni Kjarvalshúss			— 47 250.00
— — hlr. 2552	kr.	567 412.00	
÷ leiðrétting Seðlabanka	—	0.05	
			567 411.95
			Kr. 9 200 127.69

Eignir:

Seðlabanki, hlr. 2552	kr.	7 373 029.50
Skuldabréf Kjarvalshúss	—	450 000.00
Lán til Listasafns Íslands	—	240 000.00
⅓ arfahl. Nínu Sæmundsson	—	1 137 098.19
	Kr.	9 200 127.69

Menntamálaráðuneytið, 15. september 1970.

F. h. r.
Sigurður J. Briem.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1970

24. september 1970. 623 Nr. 218.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 17. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1 11. febrúar 1970, um lækkun gjalda af hráefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 17. tl. 3. gr. tollskrárlaga til þess að lækka gjöld í 30% af eftirtöldum hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur, enda stundi innflytjandi iðnrekstur og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að efnin verði eingöngu notuð sem hráefni í iðnaðarvörur:

Heiti:		Tollskrárnúmer:
Amphisol		38.19.19
Basolan	DC	38.19.19
Bentone	EW	38.19.19
Bentone		38.19.19
Berol	DIS 08	34.02.09
Berol	EMU 02	34.02.09
Berol	EMU 09	34.02.09
Berol	EMU 259	34.02.09
Berol	EMU 302	34.02.09
Berol	EMU 321	34.02.09
Berol	TVM 081	34.02.09
Berol	TVM 151	34.02.09
Berol	TVM 272	34.02.09
Berol	TVM 305	34.02.09
Berol	TVM 370	34.02.09
Berol	TVM 371	34.02.09
Berol	TVM 452	34.02.09
Berol	TVM 474	34.02.09
Berol	TVM 480	34.02.09
Berol	TVM 765	34.02.09
Berol	TVM 788	34.02.09
Berol	WASC	34.02.09
Blankit	IAN	38.19.19
Blankit	IN	38.19.19
Clophen	A 60	38.19.19
Collupulin		38.19.19
Dehyquart	DAM	34.02.09
Empicol	ESB 3	34.02.09
Empicol	ESB 30	34.02.09
Empicol	LQ 27	34.02.09
Empicol	TLR	34.02.09
Empigen	BB	34.02.09

B 79

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Heiti:		Tollskrárnúmer:
Empilan	CDE	34.02.09
Empilan	MAA	34.02.09
Empilan	2065	34.02.09
Empimin	KSN 60	34.02.09
Ethomeen	T/25	34.02.09
Eumulgin	05	34.02.09
Eumulgin	010	34.02.09
Eumulgin	B 2	34.02.09
Foam Stabilizer	(Foamdex)	38.19.19
Genapol	LRO	34.02.09
Genapol	LRT 40	34.02.09
Isone	D	38.19.19
Lerolat	N 100	34.02.09
Ludox	A 50	38.19.19
Ludox	P 40	38.19.19
Marlon	AM 80	34.02.09
Nansa	SSA	34.02.09
Nansa	SS 60	34.02.09
Nansa	1127	34.02.09
Nekanil	C Konz	34.02.09
Nekanil	LN	34.02.09
Nonidet	A 10	34.02.09
Nonidet	P 40	34.02.09
Nonidet	A 50	34.02.09
Nonidet	P 80	34.02.09
Nonidet	P 100	34.02.09
Pluronic	L 61	34.02.09
Renex	690	34.02.09
Setamol	WS	38.19.19
Steinapal	C 6	34.02.09
Steinapal	H 246	34.02.09
Steinapol	C 212/6	34.02.09
Steinapol	NL 2	34.02.09
Steinapol	NLS 90	34.02.09
Steinapol	SBFA 30	34.02.09
Steinapol	SBL 203	34.02.09
Steinazid	DU 185	34.02.09
Steinazid	SB – U 185	34.02.09
Sulfopon	WA 3	34.02.09
Texapon	K 14	34.02.09
Texapon	N 25	34.02.09
Texapon	N 40	34.02.09
Texapon	Z	34.02.09
Triton	BG 5	34.02.09
Triton	CF 10	34.02.09
Triton	CF 32	34.02.09
Triton	CF 76	34.02.09
Verdünner	VPL 2246	38.19.19
Zeolith	T – pulver	38.19.19
Zeolith	T – pasta	38.19.19

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er að endurgreiða iðnrekendum tollmismun af efnum þessum, sem tollafgreidd hafa verið eftir 1. marz 1970. Tollstjórar hver í sínu umdæmi annast endurgreiðsluna.

Fjármálaráðuneytið, 24. september 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

25. september 1970. Nr. 219.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 58 31. marz 1970, um lækkun aðflutningsgjalda af ýmsum vörum.

Með auglýsingu þessari er afturkölluð breyting framangreindrar auglýsingar frá 31. marz 1970, að því er varðar sjúkrasokkabuxur úr Lycraefni, sem teljast til nr. 60. 04. 04, þannig að frá og með 10. október 1970 verða tollar af vöru þessari eins og segir í tollskrá.

Fjármálaráðuneytið, 25. september 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

7. október 1970. Nr. 220.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Grindavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Grindavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 9.35 hverja kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á kr. 4.70 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 26.00 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, sem lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 13.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á kr. 210 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 22.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi og geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja sem hálft, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun og fleira.

1. Um kwst.mæli á kr. 4.70 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 2677.00 á hvert uppsett kw.
2. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kw.:
   a. Um kwst.mæli á kr. 0.78 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 2677.00 á kw.
      Notað afl telst vera mesta meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung.
   b. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig:
      Um kwst.mæli á kr. 0.78 hverja kwst., auk fastagjalds kr. 2532.00 á hvert kw. í málraun uppsettra véla á árinu.
      Heimilt er að rjúfa straum í allt að þrem stundum á dag samkvæmt þessum gjaldskrárlið (C. 2) klukkan 11.30—12.00 og 17.30—19.00.
3. Um afl- og orkumæli:
   a. Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 2677.00 á kw. á ári.
   b. Af allri notkun kr. 0.85 á kwst.
   c. Samkvæmt þessum gjaldskrárlið heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósanotkunar kr. 26.00 á hvern fermetra í vinnusölum, kaffistofum, skrifstofum og öðrum slíkum stöðum, en kr. 12.00 á hvern fermetra í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 21.00 á hvern fermetra.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli án rofs kr. 2.25 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 0.65 hverja kwst.
3. Um kwst.mæli á kr. 0.30 hverja kwst. með rofi frá kl. 8 til 23.

E. Gatna- og hafnarlýsing.

Um kwst.mæli á kr. 4.25 hverja kwst. til gatna- og hafnarlýsingar, svo og til vinnulýsingar við nýbyggingar og aðra mannvirkjagerð.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 60 Amp. og minni	kr.	7.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum 50 Amp. og minni	—	15.00 - —
3. Af þrífasa mælum 50 til 100 Amp.	—	20.00 - —
4. Af þrífasa mælum yfir 100 Amp.	—	51.00 - —
5. Af mestaaflsmælum 100 Amp. og minni	—	44.00 - —
6. Af mestaaflsmælum yfir 100 Amp.	—	83.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd hafa verið í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld miðist við aflþörf notanda, geri notandi grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það.

Heimtaugargjald ákvarðist þannig:

	Málstraumur stofnvara Amp.	Hámarksafl Kva.	Heimtaugargjald Kr.
1.	3 × 60	22	13 248.00
2.	3 × 100	38	19 872.00
3.	3 × 200	75 sp.	35 190.00
4.	3 × 350	132 sp.	58 788.00

Ofangreint gjald er miðað við 25 metra langan jarðstreng, eða 60 metra loftlínuheimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er greiðast samkvæmt kostnaðarreikningi. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í, svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 Amp. einfasa ..... kr. 1 586.00
Fyrir 60 Amp. þrífasa ..... — 1 904.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandinn greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaug verður ekki, lögð meðan frost er í jörð, eða óveður hái útivinnu. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 138.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 103.00 til enduropnunar til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDASKRÁRBREYTINGA

Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki kaupverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 40% af hækkuninni.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur nr. 76 8. marz 1968 og síðari breytingar á henni.

Iðnaðarráðuneytið, 7. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 221. 9. október 1970.

SAMÞYKKT

um hundahald í Þingeyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Þingeyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefn manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 5 000.00 krónum.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Þingeyrarhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. október 1970.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 222. 15. október 1970.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. október 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fóðurverðlaunasjóður Miðdalahrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur —, er gjöf til Miðdalahrepps, Dalasýslu, frá Jóni Sumarliðasyni, fyrrv. bónda og hreppstjóra, frá Breiðabólstað í Miðdölum í tilefni af 70 ára afmæli hans hinn 13. september 1959. Fé þetta er nú geymt í sparisjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Sjóður þessi skal ávallt geymdur í ríkistryggðri peningastofnun, eða á annan öruggan hátt. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða og ⅕ vaxta sé árlega lagður við höfuðstólinn. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum, er honum kunna að berast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim bændum í Miðdalahreppi verðlaun, er fóðra og hirða jafn bezt búfé sitt, hross, nautgripi og sauðfé. Ef búnaðarhættir breytast svo í framtíðinni, að fleiri búgreinar geti komið til, sem ein aðalbúgrein, t. d. alifugla- og svínarækt, þá getur sú framleiðsla einnig náð til þessara verðlauna.

5. gr.

Forðagæzlumenn hreppsins skulu að lokinni seinni skoðun, vetur hvern, afhenda stjórn sjóðsins skriflega nöfn þeirra tveggja bænda eða einum fleira en verðlaun geta hlotið hverju sinni, er þeir álíta, að fóðri jafn bezt búfénað sinn.

6. gr.

Hreppsnefnd Miðdalahrepps hefur á hendi stjórn sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar verðlaunum að fengnum tillögum forðagæzlumanna.

8. gr.

Sama bónda séu ekki veitt verðlaunin oftar en þrjú ár í röð, að þremur árum liðnum getur hinn sami fengið þau aftur í 3 ár og endurtekur það sig á víxl.

9. gr.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að til úthlutunar geti komið eitt þúsund krónur, má veita tveimur bændum verðlaunin, og þeim þriðja á sama hátt, þegar vextir til úthlutunar ná kr. 1500.00 — fimmtán hundruð —, en aldrei fleiri en þremur ár hvert. Ekki minni upphæð en kr. 500.00 — fimm hundruð —, og aldrei hærri en eitt þúsund til hvers árlega.

10. gr.

Skrá skal í bókina árlega nöfn og heimili þeirra bænda, er verðlaun hljóta ár hvert.

11. gr.

Stjórn sjóðsins kýs sér sjálf formann og skal hann geyma bókina á tryggum stað og annast fjárhald sjóðsins.

12. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga Miðdalahrepps.

13. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Fóðurverðlaunasjóð Miðdalahrepps frá 9. apríl 1962.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps er fyrirtæki, sem Snæfjallahreppur og Nauteyrarhreppur starfrækja í þeim tilgangi að veita raforku um hreppana og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Snæfjalla og hafa sérstakt reikningshald.

Rafveitunni skal heimilt til bráðabirgða, á meðan rafvæðingu Nauteyrarhrepps er ekki lokið, að hafa aðskilið reikningahald fyrir hvort hreppsfélag.

Skulu aðilar gera með sér samning um eignarhlutdeild, réttindi, skyldur og annað, er snertir sameign þessa. Samningur þessi öðlast gildi, þegar hann hefur verið staðfestur af stjórnarráðinu.

2. gr.

Verksvið og orkusvæði.

Rafveita Snæfjalla vinnur raforku í orkuveri sínu við Mýrará, svo og öðrum orkuverum, sem hún kann að reisa í sama tilgangi, eða kaupir raforku af öðrum, og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er Snæfjallahreppur og Nauteyrarhreppur, eða sá hluti þeirra og nágrennis, sem hreppsnefndirnar kunna að ákveða og ráðherra samþykkir.

Rafveita Snæfjalla hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála, rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála Snæfjallahrepps og Nauteyrarhrepps er í höndum hreppsnefndanna eins og samningur milli þeirra kveður á um.

Framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem hún ræður að fengnu samþykki hreppsnefndanna, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum, sem Rafmagnseftirlit ríkisins samþykkir.

Í rafveitunefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af hreppsnefndunum á þann hátt, er fyrrnefndur samningur milli þessara aðila segir til um.

Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefndunum þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning fyrir hreppsnefndir til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppanna.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefndir skulu staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefnda um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu, og annast allar framkvæmdir allra raforkumála fyrirtækisins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra og setur þeim erindisbréf.

5. gr.
Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur og eftirlit með rafmagnslagningu á orkusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem rafveitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

Fela má rafveitunefnd hreppsins framkvæmdir samkvæmt þessari grein eftir því sem þörf krefur eða henta þykir.

6. gr.
Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Snæfjalla hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til þess að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til þess að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjur, sem umfram kunna að verða renna í varasjóð. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.
Raflagningareglur.

Öll tæknistörf, sem unnin eru við rafveituna, skulu framkvæmd í samræmi við þær kröfur, sem Rafmagnseftirlit ríkisins gerir um framkvæmd slíkra starfa, og reglur sem það setur um þau.

B. SÖLUSKILMÁLAR

8. gr.
Sala raforku.

Rafveita Snæfjalla, selur raforku til almenningsþarfa á orkusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma. Raforkan er seld sem einfasa riðstraumur með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sá, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirrituð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar. Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugagjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug. Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindinga umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn. Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því sem ákveðið er í reglum um raflagningar á orkuveitusvæðinu, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur strauminn á, og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða í hvert sinn fyrir notkun þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksárgjald, er svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar. Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitunnar.

13. gr.
Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerð rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóri hefur eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflunum á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja á húsveitu og tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallana á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir þörfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki, og reglugerðum Rafveitu Snæfjalla.

14. gr.
Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

   Notandi leggur til öll mælitæki og annast venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Rafveitunni er þó að sjálfsögðu heimilt að hafa eftirlit með tækjum þessum hverju sinni, og þarf samþykki hennar til þess, að skipt sé um tæki eða ný sett, enda reiknað með því að rafveitan annist útvegun mælitækja fyrir notendur.

   Gerist hins vegar rafveitan eigandi mælitækjanna, færist endurnýjunar- og viðhaldsskyldan yfir á hana. Verði þá mælitæki notanda fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess og endurnýjun.
2. Ef notandi óskar að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé +/÷ 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða ef skekkjan reynist minni en +/÷ 5%, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt +/÷ 5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en þrjá mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans svo fljótt sem við verður komið.

   Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil, og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til þess að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undireins og vitað er.

6. Verði uppvíst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verði óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.
Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalds, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.
Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforka er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga og tilhögun á innheimtu má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald yrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfur, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

a) Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega viðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
b) Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
c) Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd.
2. Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá.
3. Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til þess að krefjast slíkrar tryggingar.

miða fyrningu við 1. júlí það ár, sem gerð bifreiðarinnar er kennd við, eða framleiðsluárið, ef árgerð helzt óbreytt tvö ár eða fleiri.

Verð bifreiðar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.

Bifreið erlends sendiráðs eða sendiráðsstarfsmanns, sem seld er hérlendis, en hefur verið flutt inn samkv. 8. tölulið 2. gr. tollskrárlaga, fyrnist samkv. 1. lið, en skoðast flutt til landsins á söludegi.

4. Við ákvörðun fob-verðs notaðra bifreiða samkv. 1. lið skal hvorki taka tillit til útlits né ástands þeirra.
5. Matsregla sú, sem fram kemur í 1. lið er bindandi og er ekki hægt að krefjast yfirmats.

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða, til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. desember 1970 og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 129/1969 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 6. nóvember 1970.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

10. nóvember 1970. Nr. 247.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Borgarness, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. nóvember 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um Menningarsjóð Borgarness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarness.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 22. marz 1967, í tilefni af 100 ára verzlunarafmæli Borgarness.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

a. Að styrkja efnilegt námsfólk úr Borgarnesi til framhaldsnáms innanlands eða utanlands í hugvísindum eða raunvísindum.
b. Að búa Dvalarheimili fyrir aldrað fólk í Borgarnesi svo úr garði, að það uni dvöl sinni þar sem bezt.
c. Að stuðla að kaupum á listaverkum, þegar safnahús verður reist hér í bæ.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur — sem innborgast af Borgarneshreppi með árlegu framlagi kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur — á ári, næstu tíu ár. (Í fyrsta sinn 1968).

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áheit, minningagjafir og önnur skyld fjárframlög.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxtast þar sem hreppsnefnd telur heppilegast og tryggast. Úthlutun úr sjóðnum má hefjast, þegar sjóðurinn nemur kr. 500 000.00 — fimm hundruð þúsund krónum — og má þá verja úr honum helmingi vaxtateknanna, en hinn helmingur vaxtanna leggist við höfuðstól.

Sjóðstjórnin hefur heimild til að leggja stærri hlut til höfuðstóls einstök ár, en hér er ákveðið, og einnig geyma til síðari ára til úthlutunar þá, nokkurn hluta eða allt, sem kemur til úthlutunar ár hvert.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa fimm menn: Oddviti Borgarneshrepps, forseti Rotaryklúbbs Borgarness, formaður Lionsklúbbs Borgarness og tveir menn, er kosnir eru af hreppsnefnd Borgarneshrepps og tveir til vara.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún meðal annars skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins, enn fremur umsóknir um styrk og hverjum styrkur er veittur hverju sinni.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Borgarneshrepps og þeir birtir ásamt reikningum hreppsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 248. 10. nóvember 1970.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

I. SKOÐUN SKIPA O. FL.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips, skal eigandi þess greiða í ríkissjóð, sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip	minna	en	15	rúml.				kr.	800.00
—	—	15	rúml.	allt að	30	rúml.		—	1 200.00
—	—	30	—	— —	50	—		—	1 600.00
—	—	50	—	— —	100	—		—	2 000.00
—	—	100	—	— —	200	—		—	2 800.00
—	—	200	—	— —	300	—		—	3 400.00
—	—	300	—	— —	400	—		—	4 000.00
—	—	400	—	— —	800	—		—	4 800.00
—	—	800	—	— —	1200	—		—	5 000.00
—	—	1200	—	— —	2000	—		—	6 000.00
—	—	2000	—	— —	5000	—		—	7 000.00
—	—	5000	—	og	stærri			—	8 000.00

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 brl., skal greitt hálft gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða.

2. gr.
Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun skal greiða samkvæmt reikningi eftirlits- eða skoðunarmanns, að viðbættum 30%.

3. gr.
Smíði og viðgerðir.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskipa eða óflokkaðra stálskipa, sem smíðuð eru innanlands, skal greiða fimmfalt gjald samkvæmt 1. gr.
2. Fyrir eftirlit með smíði skipa erlendis, skal greiða útlagðan eftirlitskostnað hverju sinni samkvæmt reikningi, að viðbættum 30% til Siglingamálastofnunar ríkisins. Þó skal siglingamálastjóra heimilt að fella 30% álagið niður af ferðakostnaði, þar sem hann ekki skiptist á minnst fimm skip. Sama gildir um viðgerðir eða breytingar skipa ytra.

   Siglingamálastofnun ríkisins skal heimilt að innheimta kr. 20 000.00 vegna eftirlitsins, þegar gengið hefur verið frá samningi um smíði skips erlendis. Að smíði lokinni skal eftirlitskostnaður gerður upp.
3. Fyrir eftirlit með breytingum og viðgerðum á skipum, sem framkvæmdar eru innanlands, skal greiða gjald samkvæmt 2. gr.

4. gr.
Eimkatlar.

Fyrir skoðun á eimkatli skal greiða:		
Skip með vél minni en 400 hestöfl	kr.	1 200.00
Skip með vél frá 400 til 800 hestöfl	—	1 500.00
Skip með vél 800 hestöfl og þar yfir	—	2 500.00

5. gr.
Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu hleðslumerkjaskírteinis samkvæmt þeim, ásamt hleðslumerkjaskoðun skal greiða:

Fyrir skip minni en 100 rúml.	kr.	2 500.00
— — 100 rúml. allt að 500 rúml.	—	3 500.00
— — 500 — — — 1000 —	—	4 500.00
— — 1000 — — — 2000 —	—	6 000.00
— — 2000 — — — 5000 —	—	8 000.00

— — stærri en 5000 rúml., kr. 8 000.00, að viðbættum kr. 2.00, fyrir hverja rúml., sem skipið er umfram 5000 rúml.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 1 000.00.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar hleðslumerkjaskírteinis og útgáfu þess, kr. 1 500.00.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða kr. 500.00, enda fari skoðun ekki fram.

6. gr.

Endurskoðun uppdrátta.

Fyrir endurskoðun smíðauppdrátta skal greiða:

Fyrir opinn bát	kr.	600.00
— þilfarsbát minni en 15 rúml.	—	1 000.00
— skip 15 rúml. allt að 30 rúml.	—	1 600.00
— — 30 — — — 50 —	—	2 400.00
— — 50 — — — 100 —	—	3 200.00
— — 100 — — — 300 —	—	5 000.00
— — 300 — — — 1000 —	—	6 000.00
— — 1000 — — — 3000 —	—	7 000.00
— — 3000 — og stærri	—	8 000.00

Sé nákvæm rúmlestatala ekki kunn, má áætla hana með smíðamálum skipsins.

Ef skipið er smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, greiðist hálft gjald.

Fyrir endurskoðun uppdrátta vegna breytinga á skipi eða viðgerða, skal greitt samkvæmt reikningi Siglingamálastofnunarinnar.

7. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, enn fremur ferðakostnað og dagpeninga skoðunarmanna, skal greitt sérstaklega samkvæmt reikningi siglingamálastjóra.

II. SKRÁNING SKIPA, MÆLING O. FL.

8. gr.

Skráning. Útgáfa skjala.

1. Útgáfa þjóðernisskírteinis skipa 30 rúml. og stærri	kr.	1 000.00
2. Útgáfa alþjóðamælibréfs samkvæmt mælingarskýrslu	—	1 200.00
3. Afrit af alþjóðamælibréfi	—	200.00
4. Útgáfa mælibréfs fyrir skip undir 30 rúml.	—	600.00
5. Afrit af mælibréfi fyrir skip undir 30 rúml.	—	150.00
6. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta	—	500.00
7. Afrit af mælibréfi fyrir opna vélbáta	—	100.00
8. Einkaleyfi á skipsnafn	—	6 500.00
9. Breyting á nafni skips eða heimilisfangi skv. 13 .gr. laga nr. 53/1970	—	5 000.00

9. gr.

Mæling skipa.

a.	Opinn bátur	kr.	600.00
b.	Skip undir 30 rúmlestum brúttó	—	1 200.00
c.	Skip 30—100 rúmlestir brúttó	—	2 000.00
d.	Skip 100—200 rúmlestir brúttó	—	3 000.00
e.	Skip 200—400 rúmlestir brúttó	—	3 500.00
f.	Skip 400—1000 rúmlestir brúttó	—	5 000.00
g.	Skip 1000—3000 rúmlestir brúttó	—	6 500.00
h.	Skip 3000—5000 rúmlestir brúttó og stærri	—	8 000.00
i.	Skip 5000 rúmlestir brúttó og stærri	—	12 000.00

j. Að auki greiðist ferðakostnaður og dagpeningar mælingarmanna, skv. reikningi siglingamálastjóra. Fyrir endurskoðun á mælingu skips, greiðist hálft gjald.

10. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkv. 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnuninni í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greidd í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld samkvæmt 2.—9. gr. skulu innheimt af sömu aðilum eftir reikningum sem Siglingamálastofnunin gefur út, eftir því sem gjöldin falla til, þó skal heimilt að innheimta gjöldin á skrifstofu Siglingamálastofnunarinnar í Reykjavík, er hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum Siglingamálastofnunarinnar laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum, gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta samkvæmt reglugerð þessari í ríkissjóð, en krefja Siglingamálastofnun ríkisins um þóknun skoðunarmanna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar, nr. 50 12. maí 1970, og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun skipa, nr. 238/1963 og reglugerð um gjöld fyrir skráningu skipa, mælingu o. fl., nr. 22/1964.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.
Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir, til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

| | | |

sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51, 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 132, 21. maí 1964, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

18. nóvember 1970. Nr. 250.

GJALDSKRÁ

fyrir Keflavíkurflugvöll.

1. **Lendingargjöld.**
   1.1. Lendingargjald skal miða við leyfðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.
   1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja lendingu greiða lendingargjald sem hér segir:
   kr. 307.70 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.
   — 254.90 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.
   — 224.10 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.
   — 211.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. **Stæðisgjöld.**
   2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:
   2.2. Millilandaflug:

Leiga á sólarhring	Vænghaf flugvélar
kr. 94.37	Undir 12 m.
— 189.98	12—18 m.
— 283.90	18—24 m.
— 377.50	24—30 m.
— 425.43	Yfir 30 m.

3. **Önnur ákvæði.**
   3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:
   3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenzka ríkisins og flugvélum, sem það tekur á leigu.
   3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.
   3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.

3.1.4. Lendingar- og stæðisgjöld af björgunarflugvélum.
3.1.5. Lendingargjöld af flugvélum, sem snúa við til flugvallarins vegna vélarbilunar eða slæmra veðurskilyrða, hafi ekki verið millilent á öðrum flugvelli.
3.1.6. Heimilt er að veita 50% afslátt af stæðisgjöldum fyrir þann tíma, sem er umfram sjö sólarhringa.
3.1.7. Að öðru leyti er flugvallarstjóra heimilt að fella niður lendingar- og stæðisgjöld, þegar sérstaklega stendur á.
3.2. Lendingar- og stæðisgjöld skulu staðgreiðast. Þó skal flugvallarstjóra heimilt að veita allt að 60 daga greiðslufrest, sé sérstaklega um það samið.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34. 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi 1. des. 1970 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 13. nóvember 1968.

Utanríkisráðuneytið, 18. nóvember 1970.

Emil Jónsson.

Páll Ásg. Tryggvason.

Nr. 251. 18. nóvember 1970.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 53. tl. 3. gr. tollskrárlaga.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 53. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til þess að fella niður verðtoll af flugvélaeldsneyti, tollskrárnúmer 27.10.21 og 27.10.32.

Lækkun þessi kemur til framkvæmda 1. desember 1970.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Nr. 252. 4. júní 1970.

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 21. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1 11. febrúar 1970.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl., til að fella niður aðflutningsgjöld af eftirtöldum vélum, tækjum, fylgihlutum og viðgerðarefnum, sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær, enda stundi innflytjandi flugrekstur eða hafi fengið viðurkenningu samgönguráðuneytisins til að framleiða eða gera við flugvélar:

Nr.	Tollflokkur	Vöru- og tækjaheiti
1	27.10.60	Smurningsolía, þ. á m. háhitasmurolía.
2	27.10.79	Háþrýstivökvi.
3	28.35.00	Mólýbden disúlfíd duft.
4	28.54.00	Tvíildi.
5	29.04.21	Ísvarnarvökvi.
6	32.12.00	Súrþéttiefni.
		Þéttiefni (t. d. Epocast og kísilefnablanda).
7	34.02.09	Yfirborðsvirk hreinsiefni (t. d. Alkaline 280, Ardrox og Cee-Bee).
8	34.03.00	Festivarnarefni (antiseize).
9	34.05.01	Flugvélabón (t. d. Joue Wadpole).
10	35.06.01	Lím til flugvélaviðgerða.
11	36.04.00	Hvellhettur fyrir slökkvitæki.
12	36.08.00	Hylki með eldfimum efnum vegna lóðninga.
13	37.01.01	Röntgenfilmur (crystallex films, microtex films).
14	38.17.00	Slökkviefni.
15	38.19.11	Háþrýstivökvi (t. d. Skydrol).
16	38.19.19	Hvatar.
		Framkallari vegna röntgenskoðunar og málmþreytuleitar.
		Rakasalt.
		Herðar.
		Hálkuvari (safety walk).
17	39.01.02	Fenóplast (phenolic microballons).
		Polyureth.
18	39.02.83	Teflonpípur.
19	39.07.37	Tengi, t. d. fyrir háþrýstileiðslur í flugvélum.
		Tappar o. fl. plastvörur til **tækninota** í flugvélum.
20	39.07.89	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla. Möppurnar eru merktar framleiðendunum, t. d. Boeing o. s. frv.
21	40.09.09	Slöngur úr gúmmíi.
22	40.14.04	Þéttingar, t. d. í háþrýstitæki og mæla fyrir hemla, glugga og hurðir í flugvélum.
23	40.14.05	Vörur úr gúmmíi til **tækninota** í flugvélum.
24	42.04.00	Vörur úr leðri til **tækninota** í flugvélum.
25	45.04.03	Þéttingar úr korki, t. d. fyrir ýmiss konar skoðunarlúgur í flugvélum.
26	48.18.00	Bréfamöppur fyrir vinnuskjöl frá framleiðendum flugvéla. Möppurnar eru merktar framleiðendunum.
27	49.06.00	Tæknilegir uppdrættir.
28	49.11.01	Prentað mál, t. d. sérfræðilegir upplýsingabæklingar (service bulletins).
		Plötur úr plasti með áletrun t. d. upplýsingar um, hvar neyðarútgangur er.
29	49.11.09	Óútfyllt prentuð eyðublöð, t. d. farseðlar.
30	58.02.09	Gólfteppi, tilsniðin í flugvélar.
31	59.01.09	Trefjaull (Scotschbrite).
32	62.02.09	Gluggatjöld, tilsniðin í flugvélar.
33	62.05.02	Björgunarvesti.
		Björgunarrennur (chutes). Háð samþykki skipaskoðunarstjóra.
34	62.05.03	Öryggisbelti.
35	62.05.09	Viðvörunarborðar.

Nr.	Tollflokkur	Vöru- og tækjaheiti
36	68.06.00	Hálkuvari (safety walk).
37	68.13.01	Þéttingar í útblásturskerfi flugvéla.
38	68.13.09	Vörur úr asbesti til tækninota í flugvélar.
39	70.08.00	Glerrúður, sérstaklega gerðar í flugvélar.
40	73.14.09	Öryggisbindivír.
41	73.20.00	Tengi, t. d. fyrir háþrýstikerfi í flugvélum.
42	73.24.00	Súrefnisflöskur.
43	73.29.03	Keðjur, notaðar t. d. við stjórn á jafnvægisstýrum.
44	73.32.00	Boltar, rær, skífur, notaðar á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við festingu á hjólabúnaði, hæðar- og hliðarstýrum, enn fremur varnaglar, augaboltar, spenniklemmur o. fl.
45	73.35.00	Fjaðrir og gormar, notað á fjölmörgum stöðum í flugvélum, t. d. í sambandi við hjóla- og stýrisbúnað o. fl.
46	73.40.49	Baulur og slönguklemmur.
47	74.03.02	Öryggisbindivír.
48	74.08.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
49	74.15.00	Boltar, rær, skífur, hnoð, aðallega notað við festingar flugmælitækja.
50	76.02.01	Prófílar úr áli.
51	76.03.00	Álplötur.
52	76.04.09	Álborðar.
53	76.06.01	Prófílpípur úr áli.
54	76.06.09	Álpípur.
55	76.07.00	Tengi í súrefnis- og mælitækjakerfi í flugvélum.
56	76.16.03	Hnoð, boltar, skrúfur o. þ. h. úr áli, notað við smíði (samsetningu) flugvéla.
57	82.03.00	Tengur, gatjárn, pípuskerar, þjalir, skrúflyklar, klippur, enda sérstaklega gert til viðgerða á flugvélum.
58	82.04.00	Handverkfæri ýmiss konar, m. a. dragar (pullers), enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
59	82.05.00	Skiptiverkfæri, t. d. í loftbora (til að hnoða, skrúfa o. s. frv.), rafmagnsborvélar o. fl., enda sérstaklega gerð til viðgerða á flugvélum.
60	83.01.00	Lásar, sérstaklega gerðir í flugvélar.
61	83.02.00	Dyralokur og lamir, t. d. úr áli, notað m. a. á skoðunarlúgur. Stangarlamir.
62	83.07.02	Siglingaljós.
63	83.09.00	Holhnoð úr áli, notuð við smíði og viðgerðir á flugvélum á stöðum, sem ekki er hægt að koma verkfærum við. Er þá notazt við sérstök tæki, sem fletja út enda hnoðanna.
64	83.14.00	Plötur með áletrun, t. d. í mælaborð flugvéla (t. d. metacal).
65	84.10.09	Háþrýstidælur og eldsneytisdælur í flugvélar.
66	84.11.09	Sogdælur í flugvélar. Þjöppur í flugvélar.
67	84.17.19	Olíukælar til kælingar á smurolíu flugvéla.
68	84.18.29	Olíusíur í flugvélahreyfla. Síur með ávirka eiginleika (Alumina).
69	84.21.00	Fjarstýrð slökkvitæki í flugvélahreyfla, sérstaklega hönnuð fyrir það hlutverk. Blástursbreinsitæki.

Nr.	Tollflokkur	Vöru- og tækjaheiti
70	84.22.09	Tjakkar til að lyfta flugvélum og stórum hlutum þeirra. Talíur, notaðar við ísetningu og úrlosun hreyfla, svo og við tilfærslu á stærstu hlutum flugvéla, t. d. vængjum, hliðar- og hæðarstýrum o. fl.
71	84.49.00	Loftborar, mikið notaðir við viðhald og viðgerð flugvéla, hnoðun o. fl., enda sérstaklega gerðir í því skyni.
72	84.59.29	Órafknúinn ræsibúnaður, þ. e. Auxiliary Power Units, loftknúinn og notaður við ræsingu þotuhreyfla. Rúðuþurrkur, hannaðar fyrir flugvélar. Hreyfar (actuators), t. d. til að lyfta og setja niður hjólabúnað, opna og loka hjólhúsi flugvéla o. s. frv.
73	84.61.09	Lokar og hanar, notaðir t. d. á fjölmörgum stöðum í háþrýstikerfi og benzínkerfi flugvéla.
74	84.62.00	Kúlu-, kefla- og nálaleg, notuð víða í flugvélum, t. d. hjólaleg og leg í jafnvægis-, hæðar- og hliðarstýrum.
75	84.64.00	Þéttihringir (plötur), t. d. í olíusíur flugvélahreyfla.
76	85.01.09	Rafhreyflar til að knýja ýmiss konar útbúnað á flugvélum. Afriðlar, spennar við ræsingu hreyfla o. fl.
77	85.03.09	Rafhlöður (aircraft batteries).
78	85.04.09	Rafgeymar, venjulega 24—27½ volt. Einnig aðrar gerðir, t. d. neyðarrafgeyma.
79	85.05.00	Rafmagnsborvélar, enda sérstaklega gerðar til flugvélaviðgerða.
80	85.08.00	Rafbúnaður, t. d. rafkerti o. fl., sem bundið er flugvélahreyflum.
81	85.12.07	Rafmagnshitaelement, t. d. vegna útskolunar frá salernum flugvéla, til varnar gegn frosti. Einnig til hitunar á Pitot-pípu fyrir flughraðamæla o. fl.
82	85.13.00	Sambyggðir heyrnar- og hljóðnemar handa flugáhöfnum (headset).
83	85.14.00	Eyrnaskjól með heyrnartæki. Hljóðnemar.
84	85.15.31	Ratsjár og radíómiðunartæki í flugvélar. Neyðarsendar í flugvélar.
85	85.15.32	Radíósendi- og móttökutæki í flugvélar.
86	85.17.00	Rafmagnsbúin hljóð- og ljósmerkjatæki í flugvélar, t. d. blikkandi ljós.
87	85.18.00	Rafmagnsþéttar í radíó- og ratsjártæki í flugvélar.
88	85.19.00	Rofar, rafliðar, vör, mótstöður, tenglar í ýmis tæki í flugvélum.
89	85.20.00	Rafmagnsperur í ýmis lýsingartæki í flugvélum.
90	85.21.00	Rafeindalampar, smárar og kristallar í ratsjár og radíótæki í flugvélum, einnig ljósnemar.
91	85.22.20	Rafmagnsrúðuþurrkur í flugvélar.
92	85.23.09	Einangraður rafmagnsþráður, sérstaklega hannaður fyrir rafmagnskerfi, ratsjár og radíókerfi í flugvélum.
93	85.25.00	Einangrarar, t. d. fyrir flugvélaloftnet.
94	87.14.01	Farþegatröppur, byggðar á vagn. Farangursvagnar. Hjól fyrir hreyfilstól.
95	89.01.21	Björgunarbátar. Háð samþykki skipaskoðunarstjóra.
96	90.02.09	Linsur í umgerð (stækkandi), t. d. vegna álestrar á lóran og fleiri tæki í flugvélum.

Nr.	Tollflokkur	Vöru- og tækjaheiti
97	90.04.00	Reykgleraugu til notkunar fyrir flugmenn ef reykur myndast í stjórnklefa. Glerið hefur þann eiginleika, að vel sést, þótt mikill reykur myndist.
98	90.14.01	Áttavitar í flugvélar. Sjálfstýritæki í flugvélar.
99	90.14.09	Hæðarmælar. Lofthraðamælar. Stig- og fallmælar. Gervisjónhringsmælar (artificial horizons). Beygju- og hallamælar. Mach-mælar. Hraðabreytimælar (accelerometers). (Eingöngu í flugvélar).
100	90.16.00	Reikniskífur, hornamælar, míkrómælar, hnoðamælar (Gauge-Rivets), átaksmælar, enda notað sérstaklega í sambandi við viðgerðir flugvéla.
101	90.18.00	Súrefnisöndunartæki, notuð í flugvélum, komi til öndunarerfiðleika vegna mikillar flughæðar.
102	90.22.00	Tæki til mekanískrar prófunar á styrkleika og þrýstiþoli, t. d. hörkumælar og styrkmælar fyrir dúka vegna flugvélaviðgerða.
103	90.23.02	Hitamælar, notaðir í flugvélum við uppkeyrslu.
104	90.24.01	Hitastillar, t. d. notaðir í hitakerfi flugvéla.
105	90.24.09	Þrýstimælar, t. d. í háþrýstikerfi og fyrir þrýsting andrúmslofts í flugvélum. Magnmælar og rennslismælar, t. d. fyrir eldsneyti flugvéla.
106	90.26.20	Mælar, sem sýna t. d. eyðslu eldsneytis o. fl. miðað við ákveðinn tíma eða vegalengd, sérstaklega gerðir fyrir flugvélar.
107	90.27.00	Snúningshraðamælar og ýmsir teljarar.
108	90.28.09	Rafrænir mælar í stjórnborði flugvéla, aðrir en mælar siglingafræðilegs eðlis.
109	90.29.09	Varahlutir í mælitæki, sem njóta undanþágu í tollskrárnúmerum 90.23, 90.24 og 90.26 til 90.28.
110	91.03.00	Klukkur, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
111	91.11.00	Varahlutir í klukkur, sem flokkast undir 91.03.00.
112	94.01.09	Sæti í flugvélar.

Framangreind undanþága tekur einungis til þeirra innflutningsaðila, sem stunda rekstur og viðgerðir á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilfellum ber umsækjanda að sýna tollyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna af flugvélarekstri, flugvélaframleiðslu, eða flugvélaviðgerðum næstliðið skattár.

Fjármálaráðuneytið, 4. júní 1970.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Stöðumælar verða settir upp í Tryggvagötu við Tollstöðina, á lóð Iðnaðarbankans við Lækjargötu og á lóð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að Skólavörðustíg 11. Gjald fyrir afnot stöðumælareita verður fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. október 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

30. október 1970. Nr. 254.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Leyfilegur hámarksökuhraði á Miklubraut austan Grensásvegar verður 60 km miðað við klukkustund.
2. Stöðvunarskylda verður á Elliðavogi gagnvart umferð um Miklubraut og á Skeiðvallavegi gagnvart umferð um Vesturlandsveg.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. október 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

5. nóvember 1970. Nr. 255.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. grein umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með ákveðnar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Umferð Skólatraðar til suðurs skal víkja fyrir umferð um Digranesveg skv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð á Smárahvammsheimreið skal víkja fyrir umferð um Fífuhvammsveg skv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. nóvember 1970.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Háaleitisbraut verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hana víki fyrir umferð um Kringlumýrarbraut, Miklubraut og Sléttuveg.
2. Arnarbakki verður aðalbraut.
3. Vegasambandið Reykjanesbraut—Blesugrófarvegur—Skeiðvallarvegur, verður aðalbraut, þó þannig að umferð um Skeiðvallarveg víki fyrir umferð um Vesturlandsveg.
4. Álfabakki verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Reykjanesbraut og Arnarbakka.
arhliðar og Stakkahlíðar.
5. Bifreiðastöður verða bannaðar við Háteigsveg að sunnanverðu á milli Bólstað-
6. Bifreiðastöður verða bannaðar við Arnarbakka.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. nóvember 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 218—256. Útgáfudagur 28. nóvember 1970.

30. nóvember 1970. 693 Nr. 257.

REGLUGERÐ
um gerð og afhendingu aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar.

1. gr.

Viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) aðfluttrar vöru eða sendingar, skal, áður en hann vitjar vörunnar, afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega aðflutningsskýrslu um vöruna eða sendinguna, í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá komudegi þess fars, er flutti vöruna til landsins, sbr. 15., 16. og 23. gr. laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. og reglugerð nr. 38/1969.

2. gr.

Því aðeins telst aðflutningsskýrsla fullgild, að hún sé eins úr garði gerð og fyrir er mælt í 16. gr. laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið, skv. heimild í sömu grein, að innflytjanda beri að skila aðflutningsskýrslu vélritaðri og útreiknaðri til fulls, þ. e. a. s., að innflytjandi reikni sjálfur út toll og önnur gjöld svo sem söluskatt, byggingariðnaðargjald, verðjöfnunargjald og önnur gjöld, sem eru eða kunna að verða innheimt við tollafgreiðslu viðkomandi vöru.

3. gr.

Sé svo ástatt, sem segir í 21. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970, og innflytjandi hefur innan þriggja mánaða frá aðflutningi vöru fengið hana tollafgreidda gegn fjártryggingu, getur tollyfirvald framlengt frest þann, sem ákveðinn er í 1. gr., þannig, að hann nemi allt að tveim mánuðum frá þeim degi, er fjártrygging var sett.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1971. Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr. laga nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1970.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.

8. desember 1970. Nr. 258.

REGLUGERÐ
um ritun auðkennisnúmers innflytjenda á aðflutningsskýrslu.

1. gr.

Frá ársbyrjun 1971 skal hver innflytjandi tilgreina auðkennisnúmer sitt á aðflutningsskýrslu (sbr. 15. gr. tollskrárlaga, nr. 1/1970) samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í 2. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Nú er vara, sem inn er flutt, tollfrjáls samkvæmt 2. gr. tollskrárlaga, og er innflytjanda þá eigi skylt að rita auðkennisnúmer sitt á aðflutningsskýrslu samkvæmt fyrri málsgr. þessarar gr. Sama gildir þegar innflutt vara er tollafgreidd samkvæmt 9. tölulið 3. gr. tollskrárlaga.

2. gr.

Einstaklingur, sem flytur inn vöru vegna fyrirtækis, sem hann rekur í eigin nafni, skal rita nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá á aðflutningsskýrslu. Einstaklingur, sem flytur inn vöru í eigin nafni af öðrum ástæðum, skal rita nafnnúmer sitt á aðflutningsskýrslu.

Innflytjendur aðrir en þeir, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr. skulu rita á aðflutningsskýrslu auðkennisnúmer sitt samkvæmt fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands, sbr. 1. málsgr. 5. gr. fyrirtækjaskrárlaga nr. 62/1969. Þetta ákvæði tekur til fyrirtækja með sérstöku heiti (firma), sem rekin eru af einstaklingi, enda hafi þau fengið auðkennisnúmer sem slík í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar.

3. gr.

Nú er innflytjanda, er um ræðir í síðari málsgr. 2. gr. eigi kunnugt um auðkennisnúmer sitt í fyrirtækjaskrá, og skal hann þá rita það á aðflutningsskýrslu samkvæmt fyrirtækjaskrárgögnum, sem tollyfirvald hefur tiltæk í þessu skyni. Hafi slíkur innflytjandi ekki auðkennisnúmer í fyrirtækjaskrá samkvæmt þessum gögnum, skal hann rita athugasemd þar um á aðflutningsskýrslu. Sé hér um að ræða fyrirtæki, rekið af einstaklingi með sérstöku heiti (sbr. síðari málslið 2. málsgr. 2. gr.), skal hann — auk athugasemdar — tilgreina nafnnúmer sitt samkvæmt þjóðskrá.

4. gr.

Tollyfirvöld skulu hafa eftirlit með því, að innflytjendur tilgreini rétt auðkennisnúmer á aðflutningsskýrslu, m. a. með því að krefjast þess af hlutaðeigendum, að þeir sýni nafnskírteini eða skírteini, sem út verður gefið samkvæmt 1. málsgr. 5. gr. fyrirtækjaskrárlaga. Að því er varðar þá aðila, er um ræðir í síðari málsgr. 2. gr., skulu tollyfirvöld, þegar ástæða er til, sannreyna með uppslætti í fyrirtækjaskrárgögnum, að auðkennisnúmer á aðflutningsskýrslu sé rétt.

5. gr.

Tollyfirvaldi er óheimilt að taka aðflutningsskýrslu til tollmeðferðar, nema auðkennisnúmer innflytjanda sé tilgreint á henni, enda sé eigi um að ræða tilvik, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. eða í 2. og 3. málslið 3. gr.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. tollskrárlaga, nr. 1/1970, gengur í gildi 1. janúar 1971, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 11, nr. 257—258. Útgáfudagur 11. desember 1970.

24. nóvember 1970. 695 Nr. 259.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Kópaskerskauptúni.

Hámarkshraði ökutækja í Kópaskerskauptúni skal vera 35 km á klst.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1970.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

24. nóvember 1970. Nr. 260.

REGLUR

um auðkenni blindra.

1. gr.

Heimilt er blindum og mjög sjóndöprum mönnum að auðkenna sig í umferð með því að bera borða um vinstri handlegg fyrir ofan olnboga. Borðinn skal vera a. m. k. 8 cm breiður, gulur að lit með þremur svörtum deplum, er mynda þríhyrning.

Blindum mönnum er og heimilt að auðkenna sig með því að bera göngu- eða þreifistaf með hvítu endurskini.

2. gr.

Skylt er að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera framangreind merki blindra.

Blindur maður eða sjóndapur skal rétta fram hægri hönd eða slá niður staf sínum, ef hann æskir aðstoðar vegfarenda og er þá skylt að aðstoða hann.

Blindur maður eða sjóndapur, sem óskar að komast yfir götu, gefur það til kynna með því að rétta fram höndina eða stafinn og er þá ökumönnum skylt að taka tillit til hans og nema staðar, ef nauðsynlegt er.

3. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem um ræðir í 1. gr., að bera merki blindra.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

4. gr.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt 37. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1970.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 261. 26. nóvember 1970.

REGLUGERÐ

fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

I. KAFLI

Tilgangur skólans, inntökuskilyrði, námstími og stjórn hans.

1. gr.

Skólinn heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn hans og skólabúsins.

2. gr.

Tilgangur skólans er að veita garðyrkjumönnum sérfræðslu, bæði í skrúðgarðyrkju, gróðurhúsagarðyrkju og í almennri garðrækt.

Enn fremur að gera ýmsar tilraunir og athuganir með ræktun garðjurta, bæði við venjuleg skilyrði og í gróðurhúsum, í sambandi við kennsluna.

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi er enn fremur samkvæmt reglugerð um iðnfræðslu, sbr. 48. gr. laga nr. 68 frá 11. maí 1966, sériðnskóli fyrir skrúðgarðyrkjunema, og um þau atriði, sem þessi reglugerð nær ekki yfir í því sambandi, vísast til ofangreindrar reglugerðar um iðnfræðslu.

3. gr.

Í skólanum skal fara fram bæði bókleg og verkleg kennsla.

Þeir, sem stunda fullnaðarnám við skólann, skulu njóta bóklegrar kennslu í 3 vetur á tímabilinu 1. nóvember til 1. marz skólaár hvert, alls í 12 mánuði.

Enn fremur skulu nemendur stunda verknám við skólann í 1½ mánuð eftir 1. og 2. bekk, alls í 3 mánuði.

Að öðru leyti skulu gróðurhúsagarðyrkjunemar og nemendur í almennri garðrækt vinna við skólann eða á viðurkenndum garðyrkjubúum undir handleiðslu garðyrkjumanns. Skrúðgarðyrkjunemar skulu vera á verknámssamningi hjá starfandi skrúðgarðyrkjumeistara samkvæmt ákvæðum iðnfræðslulöggjafarinnar.

Verknámskennslu skal annars aðallega þannig fyrir komið:

1. Allt að tveggja ára verknám fyrir þá, sem vilja verða fullnuma í garðrækt.
2. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir byrjendur.
3. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir fullnuma garðyrkjunema.
4. Allt að mánaðar námskeið í matreiðslu og hagnýtingu grænmetis.

4. gr.

Verknámskennsla við fullnaðarnám má hefjast á ýmsum tímum árs, eftir því sem ástæður og rúm leyfir. Fyrstu 3 mánuðina skal skoða sem reynslutíma, þegar um byrjendur er að ræða og skal skólastjóri og kennarar að þeim tíma liðnum ákveða, hvort nemandinn telst fær um að halda áfram námi.

Nemendur við verknám skulu fá skólavist allt að einu ári í senn og ber skólanum heldur eigi skylda til að hafa sömu nemendur lengur við verknám. En vera skal skólinn þeim til aðstoðar við að komast að sem verknemar á garðyrkjubúum annars staðar, svo að þeir geti lokið verknámi að fullu. Enn fremur skal skólinn vera væntanlegum skrúðgarðyrkjunemum til aðstoðar við að komast á verknámssamning hjá skrúðgarðyrkjumeistara.

Bóknámskennsla hefst 1. nóvember. Fyrst um sinn skal aðeins veita inntöku í bóknámsdeild skólans annað hvort ár.

Jólaleyfi er frá 21. desember til 4. janúar að báðum dögum meðtöldum.

Heimilt er að fella niður kennslu allt að einum degi í mánuði eða lengja jólaleyfi allt að því, sem þessu nemur.

Nemendur í verknámi skulu eiga kost á sumarleyfi á þeim tíma, er skólastjóri ákveður og ber að tilkynna nemanda með minnst viku fyrirvara, hvenær orlof hefst. Lengd sumarleyfa skal ákveðin með hliðsjón af því, sem um er samið hverju sinni milli launþega og atvinnurekenda um garðyrkjuvinnu.

Óheimilt er skólastjóra að skipta sumarleyfi, nema að fengnu samþykki þess nemanda, sem í hlut á.

5. gr.

Skriflega beiðni um inntöku skal senda skólastjóra skólans. Hann veitir inntöku í skólann og tilkynnir umsækjenda veitinguna. Til inntöku í bóknámsdeild útheimtist:

a. Að umsækjandi sé fullra 15 ára.
b. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
c. Að umsækjandi gefi skriflegt loforð um, að hann neyti ekki áfengra drykkja í húsakynnum skólans eða á skólalóðinni, meðan hann stundar þar nám og dvelur þar.
d. Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi (þ. e. a. s. prófi upp úr 3. bekk gagnfræða- eða miðskóla), eða hlotið svipaða menntun.
e. Að umsækjandi hafi stundað verknám í garðyrkju a. m. k. í hálft ár eftir 14 ára aldur.

Ákvæði þau, sem tilgreind eru undir staflið b og c, gilda einnig um inntöku í verknámsdeild skólans.

Læknisvottorð, skírnarvottorð og skilríki fyrir því, að umsækjandi fullnægi framangreindum atriðum, skulu fylgja inntökubeiðni.

6. gr.

Frá einstökum framantöldum atriðum í gr. 5 má þó veita undanþágu, ef sérstakar ástæður mæla með. Umsækjendur, er hlotið hafa góða undirbúningsmenntun, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir við inntöku í skólann, en annars skal lögð áherzla á að veita öllum þeim, sem uppfylla ofangreind skilyrði í gr. 5, inntöku í skólann.

7. gr.

Enginn getur lokið burtfararprófi úr bóknámsdeild skólans nema að hann hafi stundað verknám í 2 ár, þar af eigi skemur en 3 mánuði í garðyrkjuskólanum, en að öðru leyti á viðurkenndum garðyrkjubúum undir handleiðslu garðyrkjumanns eða verið á verknámssamningi hjá skrúðgarðyrkjumeistara, sé um skrúðgarðyrkjunema að ræða.

8. gr.

Áskilja má, að nemandi hafi tilteknar lágmarkseinkunnir á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn, og er heimilt að hafa slíkar einkunnir breytilegar, eftir því sem ástæða þykir til.

9. gr.

Heimilt skal að veita undanþágu frá ákvæði d. í 5. gr., þegar um er að ræða nemendur, sem hefja nám eftir átján ára aldur.

Sé undanþágan veitt, skal nemandi sýna við inntökupróf, að hann hafi nægjanlega þekkingu til að geta fylgst með kennslu í 1. bekk og skulu inntökupróf miðuð við eigi minni kröfur en gerðar eru til miðskólaprófs í þessum námsgreinum.

10. gr.

Heimilt skal vera að halda undirbúningsnámskeið fyrir þá nemendur, sem þurfa inntökupróf, svo og fyrir þá nemendur, sem að mati skólans, hafa ekki hlotið nægjanlega háa einkunn í einni námsgrein eða fleirum við miðskólapróf, til þess að geta fylgzt með kennslu í 1. bekk.

11. gr.

Heimilt er að hafa námskeið í mælingum og öðrum verklegum greinum allt að hálfum mánuði á ári utan hins venjulega skólatíma.

II. KAFLI

Um aga og reglur.

12. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundir eða til verklegs náms eða brjóti reglur skólans og óhlýðnast þeim fyrirskipunum, sem gefnar eru, ber kennara að vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjóri vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls og skal þá kennarafundur hafa fjallað um málið. Tilkynna skal meistara eða vinnuveitanda nemanda áður um brotið.

13. gr.

Nemendur skulu í skólanum gæti fyllstu reglusemi í hvívetna.

Áfengi má ekki hafa um hönd í húsakynnum skólans. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlega úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti hann þess í híbýlum skólans eða vanræki störf sakir vínneyzlu, getur skólastjóri vísað frá skólanum stundakennurum. Ef um fastráðna starfsmenn er að ræða, ber skólastjóra að gera landbúnaðarráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun geta varðað stöðumissi.

14. gr.

Agi skólans skal miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi og prúðmennsku.

Skulu kennarar og nemendur leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

III. KAFLI

Skólastjóri, kennarar, störf þeirra og launakjör.

15. gr.

Yfirstjórn kennslunnar er í höndum skólastjóra og kennara. Fastráðnir kennarar skulu hafa kandidatspróf í garðyrkju, eða að minnsta kosti hliðstæða menntun. Ef sérstakur kennari er ráðinn til kennslu í almennum námsgreinum, smíðum, sundi

og leikfimi, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagnfræðastigsins.

Kennari í félagsfræði og verkfærafræði, meðferð og hirðingu véla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið á annan hátt þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Ráðherra skipar fastráðna kennara, að fengnum tillögum skólastjóra. Aukakennara ræður skólastjóri og verða þeir að hafa góða þekkingu og starfsþjálfun í því eða þeim fögum, sem þeir kenna.

16. gr.

Laun skólastjóra og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og í samræmi við launakjör starfsmanna bændaskólanna.

Fyrir bússtjórn skulu greidd laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Skólastjóri skipuleggur kennsluna og störf, sem kennurum eru falin. Honum ber að halda kennarafundi, þegar hann telur ástæðu til, eða þegar meiri hluti kennara óskar þess. Á þessum fundum skulu skólastjóri og kennarar ræða framkvæmd kennslunnar og annað, sem við kemur starfsemi stofnunarinnar.

Skólastjóri skal fylgjast með störfum kennaranna og námi nemenda.

Skólastjóra er heimilt að fela kennurum eftirlit með nemendum. Kennsluskylda skólastjóra er 12 stundir á viku.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og stofnunarinnar, hefur umsjón með kennslunni, aga, umgengni og framkomu nemenda og sér um eignir skólans og reikningshald.

Skýrslu um skólann skal gefa út a. m. k. þriðja hvert ár.

17. gr.

Kennurum ber að gegna öllum störfum sínum með áhuga og samvizkusemi gagnvart nemendum og skólastofnuninni.

Starfstími þeirra skal vera 9 mánuðir á ári. Heimilt skal vera að ráða kennara til sumarstarfa, fyrir utan þessa 9 mánuði, allt að því í tvo mánuði, og ber þá að greiða honum mánaðarlaun samkv. viðkomandi launaflokki.

Kennsluskylda garðyrkjukennaranna er 27 st. á viku, en kennara í almennum námsgreinum, smíðum, vélfræði og sundi og leikfimi 30 st. (45 mínútur).

Nú hefur kennari ekki fulla kennslu þann tíma, sem skólinn starfar, og ber honum þá að vinna störf í þágu stofnunarinnar í þess stað, t. d. eftirlit með nemendum í bókasafni, við tilraunir og athuganir, að viðhaldi á húsbúnaði og húsum skólans, svo og á viðhaldi á vélum og tækjum skólans og skólahúsa.

Á sama hátt ber kennurum að vinna að ofangreindum störfum, þótt skóla sé slitið, þar til starfstími þeirra hvert ár er orðinn 9 mánuðir.

Um daglegan vinnutíma skal miðað við ákvæði kjaradóms.

18. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og hæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Beiðni um orlof skal send landbúnaðarráðuneytinu með árs fyrirvara og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárinu skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsárinu loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ársorlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

IV. KAFLI
Námsefni og kennsla.

19. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kennslan fara fram í fyrirlestrum, með yfirheyrslum, starfsæfingum, með námsferðum í garðyrkjustofnanir og með því að fá nemendum verkefni til skriflegrar úrlausnar, rannsóknum og tilraunum, allt eftir ákvörðun skólastjóra og kennara.

20. gr.

Við verklega kennslu skal leggja áherzlu á, að nemendurnir læri sem flest garðyrkjustörf, bæði við útiræktun og ræktun í gróðurhúsum. Enn fremur skulu þeir vinna að bússmíðum, byggingu gróðurhúsa og viðhaldi þeirra, svo og að öðrum störfum, er að garðrækt lúta og þeim má að gagni koma að kynnast. Sýna skal nemendum eftir því sem aðstæður leyfa, vinnubrögð við tilraunir og annað það, sem bóklega námið fjallar um.

Þannig skal í verklegum greinum viðhafa þá fjölbreytni í námi, sem hægt er að koma við og leggja skal áherzlu á, að nemendurnir fái sem beztan skilning á þeim störfum, sem unnin eru. Skulu þau útskýrð svo sem þörf er á, jafnhliða framkvæmd þeirra.

21. gr.

Nemendur skulu færa dagbók til þess að þeir hafi sem bezt not af hinni verklegu kennslu og fái æfingu í sjálfstæðri hugsun og starfi. Dagbókina skulu þeir afhenda skólastjóra vikulega. Villur skal leiðrétta og viðurkenning skal gefin fyrir því, að dagbókin sé færð eftir þeim kröfum, er skólastjóri og kennarar ákveða.

22. gr.

Nemendur skulu hafa safnað a. m. k. 100 villtum íslenzkum plöntum, 25 trjám og runnum og 25 fjölærum blómum og sumarblómum, áður en þeir ljúka burtfararprófi.

Plönturnar skulu vera þurrkaðar og límdar á spjöld, þar sem getið er um fundarstað, fundartíma, latneskt heiti plöntunnar, íslenzkt heiti, ættarheiti og í hvers konar gróðurlendi plantan er fundin. Þannig frágengnum skal skila plötunum fyrir 1. des. í 3. bekk.

23. gr.

Nemendur skulu í lok annars bekkjar, velja sér bóklega valgrein og verkefni innan þess, sem kennari í viðkomandi námsgrein og skólastjóri samþykkja. Hafi nemandi ekki neina ákveðna tillögu í því efni, ber kennara og skólastjóra að finna hentugt verkefni. Að verkefninu skal vinna sumarið milli 2. og 3. bekkjar og skal afhenda það fullunnið fyrir 1. des. í 3. bekk. Verkefni þetta getur verið á sviði tilrauna og athugana eða verkefni, sem eingöngu er unnið með hjálp heimildarrita.

Skapa skal nemendum aðstöðu til að vinna að verkefninu á skólastaðnum eftir því sem aðstæður leyfa, með tilraunaaðstöðu, eða aðgang að rannsóknarstofum skólans og bókasafni og öðru því, sem þeim mætti að gagni koma.

Námsgreinin, sem verkefnið er valið í, verður að teljast til sérgreina. Sjá 25. gr.

24. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kenna þessar námsgreinar og þennan stundafjölda.

I. bekkur.

Almennt fyrir alla yfir kennslutímabilið:		
Efnafræði	72	stundir
Eðlisfræði	36	—
Stærðfræði	36	—
Steina- og jarðfræði	48	—
Véla- og verkfærafræði	36	—
Grasafræði	60	—
Teikning	48	—
Skrúðgarðafræði	36	—
Skrúðgarðabyggingarfræði	36	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—
Samtals	456	stundir
Sérstaklega fyrir skrúðgarðyrkjunema:		
Skrúðgarðabyggingarfræði	36	stundir
Teikning	24	—
Samtals	60	stundir
Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:		
Gróðurhúsabyggingarfræði	36	stundir
Gróðurhúsateikningar	24	—
Samtals	60	stundir

II. bekkur.

Almennt fyrir alla yfir kennslutímabilið:		
Jarðvegs- og áburðarfræði	48	stundir
Jurtasjúkdómar og lyf	48	—
Grasafræði	72	—
Trjáa, runna og blómarækt	48	—
Matjurtaræktun og ylræktun	48	—
Garðyrkjufræði	48	—
Land- og hallamælingar	48	—
Skrúðgarðabyggingarfræði	36	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—
Samtals	444	stundir
Sérstaklega fyrir skrúðgarðyrkjunema:		
Land- og hallamælingar	36	stundir
Skrúðgarðafræði	24	—
Samtals	60	stundir
Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:		
Matjurtaræktun	24	stundir
Ylræktun ávaxta og matjurta	36	—
Samtals	60	stundir

III. bekkur.

Almennt fyrir alla yfir kennslutímabilið:		
Bókfærsla, hagfræði og þjóðfélagsfræði	72	stundir
Jarðvegs- og áburðarfræði	48	—
Jurtasjúkdómar og lyf	48	—
Grasafræði	48	—
Trjáa, runna og blómarækt	48	—
Matjurtaræktun og ylræktun	48	—
Garðyrkjufræði	48	—
Skrúðgarðateikning	36	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—
Samtals	444	stundir
Sérstaklega fyrir skrúðgarðyrkjunema:		
Skrúðgarðateikning	36	stundir
Skrúðgarðafræði	24	—
Samtals	**60**	**stundir**
Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:		
Ylræktun afskorinna blóma	36	stundir
Ylræktun pottablóma	24	—
Samtals	60	stundir

25. gr.

Eftirfarandi bóklegar námsgreinar skulu teljast til almennra námsgreina: Efnafræði, eðlisfræði, stærðfræði, steina- og jarðfræði, grasafræði og garðyrkjufræði.

Eftirfarandi bóklegar námsgreinar skulu teljast til sérgreina.

Skrúðgarðafræði, skrúðgarðabyggingarfræði, jarðvegs- og áburðarfræði, jurtasjúkdómar og lyf, trjáa, runna og blómarækt, matjurtarækt (almenn matjurtaræktun og matjurtaræktun tegunda), ylræktun (almenn ylræktun, ylræktun ávaxta og matjurta, ylræktun pottablóma, ylræktun afskorinna blóma), véla- og verkfærafræði, bókfærsla, hagfræði og þjóðfélagsfræði.

26. gr.

Kennslu skal hagað svo sem hér segir í aðaldráttum:

Efnafræði: Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Megináherzlu skal þó leggja á fræðslu um þau efni, sem þýðingu hafa fyrir plöntur. Verklegar æfingar og sýnikennsla eftir því sem við verður komið.

Eðlisfræði: Leggja skal áherzlu á ýmis undirstöðuatriði, sem að gagni mega koma.

Stærðfræði: Lögð skal áherzla á lausn verkefna, sem hafa hagnýtt gildi fyrir starfsgreinina svo sem gerð áburðaráætlana og flatarmálsútreikninga.

Steina- og jarðfræði: Kenna skal ágrip af almennri jarðfræði. Leggja skal þó aðaláherzlu á jarðmyndun og bergtegundir á Íslandi með tilliti til allrar ræktunar.

Véla- og verkfærafræði: Kenna skal um þær vélar og verkfæri, sem á hverjum tíma eru talin hentugust við notkun í garðyrkju. Verklegar æfingar og sýnikennsla eftir því sem við verður komið.

Grasafræði: M. a. formfræði plantna (morfologi), plöntulíffærafræði (anatomi), plöndulífeðlisfræði (physiologi), plöntuerfðafræði (genetik), plöntuþekking (systematik), gróðurfræði (ökologi), plöntuþekking einstakra tegunda trjáa og runna í vetrarástandi o. fl.

Garðyrkjufræði: M. a. ýmis undirstöðuatriði í ylrækt, matjurtarækt og uppeldi smáplantna, garðyrkjutilraunir, veðurfræði og áhrif veðursins á gróðurfarið og alla rækt, garðyrkjusaga og þróun garðyrkjumála hér á landi o. fl.

Jarðvegs- og áburðarfræði: M. a. uppbygging jarðvegsins, jurtanærandi efni í jarðveginum, upptaka og næringarþörf jurtanna, helztu áburðartegundir o. m. fl. Samfara kennslunni skulu fara fram verklegar æfingar á jarðvegsrannsóknarstofu Garðyrkjuskólans.

Jurtasjúkdómar og lyf: Kenna skal um þá sjúkdómavalda, sem tjón gera hér á landi á jurtum og varnir gegn þeim.

Matjurtarækt og ylrækt: Kenna skal um rækt þeirra tegunda, sem þýðingu hafa hér á landi.

Trjáa, runna og blómarækt: Kenna skal um rækt þeirra tegunda, sem þýðingu hafa hér á landi.

Bókfærsla, hagfræði og þjóðfélagsfræði: Niðurröðun og innfærslur á öllum viðskiptum í verzlunarbækur. Víxlar og tékkar. Félagsstörf og mælska. Íslenzk stjórnskipun og þjóðarréttur m. m.

Skrúðgarðabyggingarfræði: Þar skal lögð áherzla á öll hagnýt undirstöðuatriði við uppbyggingu skrúðgarða svo sem framræslu, jarðvegsskipti, jarðvinnslu, byggingu steinhæða og beða, útplöntun, gerð gróðurskýla og gróðurhúsa í görðum, girðingar o. fl.

Skrúðgarðafræði: Viðhald skrúðgarða og þar með snyrting, klipping trjáa og runna, lagfæring í beðum, frágangur á blómum í beðum o. fl.

Teikning: Undirstöðuatriði í teikningu og meðferð og notkun teikniáhalda.

Land- og hallamælingar: Notkun og meðferð tækja, hvernig færa skal málbækur, teikning korta m. m.

Starfsæfingar: Ýmsar verklegar æfingar, sem að gagni mega koma fyrir nemendur.

Ráðherra staðfestir kennslubækur fyrir skólann, að fengnum tillögum skólastjóra.

27. gr.

Auk hinnar reglubundnu kennslu, er fyrr getur, má halda allt að 4 mánaða námskeið við skólann, þar sem fram fari tilsögn í rækt algengra matjurta og garðagróðurs. Í sambandi við námskeiðin skulu haldnir fræðandi fyrirlestrar, eftir nánari ákvörðun skólastjóra og kennara.

3. Óinnheimt framlag sveitarfélaga vegna iðgjalda sjómanna 1969	—	2 966 535.20		
4. Óinnheimt vegna ótiltekinna sveitarfélaga	—	13 587 278.59		
5. Innheimt við reikningsskil	—	15 211 631.90		
8. Bankainnstæður	—	16 250 562.58		
			—	113 899 148.54
III. Ógreiddir vextir			—	54 375 494.00
VI. Verðbréf			—	986 209 689.37
V. Lán skv. l. nr. 28/1966 til eflingar atvinnulífi			—	43 880 000.01
			Kr.	1 482 900 929.17

Skuldir:

I.	Ógreiddar bætur, innheimtulaun o. fl.		kr.	2 316 973.42
II.	Ógreiddur matskostnaður		—	22 760.00
III.	Ríkissjóður, inneign vegna framlags		—	2 188 087.04
IV.	Afskriftasjóður:			
	1. Frá fyrra ári	kr. 5 948 890.07		
	2. Óinnheimtanleg iðgjöld 1969	— 233 847.21		
	3. Afskrift 1965	— 1 271 933.43		
	Mismunur	kr. 4 443 109.43		
	4. Viðbót á árinu	— 2 228 431.00		
			—	6 671 540.43
V.	Höfuðstóll:			
	1. Frá fyrra ári	kr. 1 334 627 582.46		
	2. Viðbót á árinu	— 137 073 985.82		
			—	1 471 701 568.28
			Kr.	1 482 900 929.17

Reykjavík, 1. júlí 1970.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sigurður Ingimundarson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna árið 1969.

Gjöld:

I.	Lífeyrir		kr.	5 232 075.00
II.	Kostnaður		—	89 896.00
III.	Endurgreidd iðgjöld		—	39 252.58
IV.	Endurgreitt almannatryggingum skv. bráðabirgða ákvæði laga nr. 40/1963:			
	1. Iðgjöld með vöxtum pr. 31. des. 1963	kr. 466 619.00		
	2. Vextir 1964—1969	— 280 321.00		
			—	746 940.00
V.	Tekjur umfram gjöld		—	6 155 634.04
			Kr.	12 263 797.62

Tekjur:

I.	Iðgjöld	kr.	7 360 736.50
II.	Vextir	—	2 147 409.22
III.	Endurgreiddar lífeyrishækkanir	—	2 755 651.90
		Kr.	12 263 797.62

Reykjavík, 1. júlí 1970.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sigurður Ingimundarson.

Þórhallur Hermannsson.

Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna 31. desember 1969.

Eignir:

I. Sjóður			kr. 3 902 869.80
II. Viðskiptamenn:			
1. Skuld vegna lífeyris	kr.	2 339 900.51	
2. Annað	—	3 531 479.49	
			— 5 871 380.00
III. Ógreiddir vextir			— 1 090 155.00
IV. Verðbréf			— 26 074 174.38
			Kr. 36 938 579.18

Skuldir:

I. Ógreiddur lífeyrir			kr. 35 923.00
II. Ógreiddur matskostnaður			— 12 868.00
III. Höfuðstólsreikningur:			
1. Frá fyrra ári	kr.	30 734 154.14	
2. Viðbót á árinu	—	6 155 634.04	
			— 36 889 788.18
			Kr. 36 938 579.18

Reykjavík, 1. júlí 1970.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sigurður Ingimundarson.

Þórhallur Hermannsson.

Rekstrarreikningur Lífeyrissjóðs ljósmæðra árið 1969.

Gjöld:

I. Lífeyrir	kr.	715 243.00
II. Kostnaður	—	25 000.00
III. Tekjur umfram gjöld	—	209 839.03
	Kr.	950 082.03

Tekjur:

I. Iðgjöld	kr.	104 956.30
II. Tillag ríkissjóðs	—	23 500.00
III. Endurgreiddar lífeyrishækkanir	—	681 948.80
VI. Vextir	—	139 676.93
	Kr.	950 082.03

Reykjavík, 1. júlí 1970.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sigurður Ingimundarson.

Þórhallur Hermannsson.

Efnahagsreikningur Lífeyrissjóðs ljósmæðra 31. desember 1969.

Eignir:

I. Sjóður		kr.	96 558.84
II. Innheimtumenn		—	199 698.53
III. Ógreiddir vextir		—	102 090.00
IV. Verðbréf		—	1 364 999.97
		Kr.	1 763 347.34

Skuldir:

I. Ógreiddur lífeyrir		kr.	70 812.00
II. Höfuðstóll:			
1. Frá fyrra ári	kr. 1 482 696.51		
2. Viðbót á árinu	— 209 839.03		
		—	1 692 535.34
		Kr.	1 763 347.34

Reykjavík, 1. júlí 1970.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Sigurður Ingimundarson.

Þórhallur Hermannsson.

9. desember 1970. Nr. 272.

REGLUGERÐ

um Byggingarsjóð verkamanna og verkamannabústaði.

I. KAFLI

Stjórn og hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna.

1. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks í kaupstöðum og kauptúnum með því að styðja byggingu hagkvæmra, staðlaðra og ódýrra íbúða, sem byggðar eru á vegum sveitarfélaga sem verkamannabústaðir, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

Húsnæðismálastjórn hefur á hendi stjórn Byggingarsjóðs verkamanna og veitir lán úr honum til einstaklinga, er fá íbúðir í verkamannabústöðum. Um lánsupphæð og lánskjör fer samkvæmt 12. gr. C, sbr. og 16. gr. 6. mgr.

2. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er heildarsjóður án deildaskiptingar.

Árlegar ráðstöfunartekjur Byggingarsjóðs verkamanna eru:

1. Framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs, sbr. 10. gr.
2. Afborganir og vextir af lánum, sem veitt voru úr sjóðnum til byggingarfélaga verkamanna.
3. Afborganir og vextir af lánum, sem veitt eru úr sjóðnum til kaupa á verkamannabústöðum, sbr. 12. gr. C.
4. Lán, sem stjórn sjóðsins ákveður að taka, út á framlög skv. 1. tölulið þessarar greinar.

Byggingarsjóður verkamanna skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands, sem annast afgreiðslu lána og innheimtu afborgana og vaxta.

II. KAFLI
Stjórn verkamannabústaða.

3. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að kanna möguleika á byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu, og skal hún þá tilkynna félagsmálaráðuneytinu um þessa ákvörðun sína og jafnframt, hverja hún hafi kosið af sinni hálfu til að taka sæti í stjórn verkamannabústaða.

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sex menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

Tilnefning á fulltrúa verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu í stjórn verkamannabústaða skal gerð af verkalýðsfélögunum sameiginlega, ef um fleiri en eitt félag er að ræða. Þar sem fulltrúaráð verkalýðsfélaga eru starfandi annast þau tilnefninguna. Rísi ágreiningur um þetta efni sker félagsmálaráðuneytið úr.

Stjórnarnefndarmenn og varamenn þeirra skulu eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

4. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal halda fundi svo oft sem nauðsyn krefur. Formaður kveður stjórnina til funda og stjórnar fundum hennar. Skylt skal að kalla saman stjórnarfund innan tveggja sólarhringa sé þess óskað skriflega af stjórnarmanni, enda tilgreini hann fundarefni. Haldin skal gerðabók á stjórnarfundum og þar skráðar allar veigamiklar ákvarðanir, sem stjórnin tekur. Allir stjórnarmenn, sem mættir eru á fundi, skulu undirrita fundargerð. Sérhver stjórnarmaður á rétt á að láta færa til bókar sérálit sitt eða sératkvæði. Að jafnaði er engin ákvörðun lögleg nema fjórir stjórnarmenn hið fæsta hafi greitt henni atkvæði. Náist ekki slíkur meiri hluti við atkvæðagreiðslu um einstakar ákvarðanir, skal endurtaka atkvæðagreiðslu og telst þá ákvörðun lögmæt ef meiri hluti stjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra, sem atkvæði greiða, samþykkir ákvörðunina. Að öðru leyti setur stjórnin sjálf sér fundarsköp.

Húsnæðismálastjórn ákveður laun stjórnarmanna verkamannabústaða og teljast þau til byggingarkostnaðar.

5. gr.

Hlutaðeigandi sveitarsjóður annast bókhald og sjóðgreiðslur vegna þeirra byggingarframkvæmda, sem stjórn verkamannabústaða hefur með höndum í sveitarfélaginu, enda ávísi stjórnin sveitarsjóði lánum og framlagi samkvæmt 12. gr.

Allir reikningar yfir kostnað við byggingarframkvæmdir skulu samþykktir og áritaðir af formanni stjórnar verkamannabústaða eða þeim, sem stjórnin hefur samþykkt að veita slíkt umboð.

Fé það, sem sveitarsjóður veitir viðtöku samkvæmt þessari grein, skal lagt inn á sérstakan reikning í viðurkenndri lánastofnun og er óheimilt að greiða af honum annað en það, sem telst til byggingarkostnaðar samkvæmt reglugerð þessari.

Halda skal sérstakan reikning fyrir hvern byggingaráfanga og við lok hans, gerir stjórn verkamannabústaða heildarreikning um byggingarkostnað og skiptingu hans á einstakar fullgerðar íbúðir í áfanganum.

Reikninga hvers áfanga, endurskoðaða af kjörnum endurskoðendum sveitarstjórnar, sendir stjórn verkamannabústaða áritaða til sveitarstjórnar og Húsnæðismálastjórnar.

III. KAFLI

Undirbúningur, áætlanagerð og framlög.

6. gr.

Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu á næstu fjórum árum. Í því skyni skal hún meðal annars auglýsa eftir væntanlegum umsækjendum um slíkar íbúðir, og afla upplýsinga hjá þeim á þar til gerð skýrslueyðublöð, er húsnæðismálastjórn lætur í té, um eftirfarandi atriði:

1. tekjur og eignir
2. húsnæðisaðstöðu
3. fjölskyldustærð
4. búsetutíma í sveitarfélaginu
5. fjárhagslega getu til útborgunar á 20% af kostnaðarverði íbúðar.

Að lokinni framangreindri rannsókn skal stjórn verkamannabústaða semja rökstudda greinargerð til sveitarstjórnar um þörf fyrir byggingju verkamannabústaða í sveitarfélaginu, þar sem lýsa skal hugmyndum um stærð, kostnaðarverð og fjölda íbúða, sem æskilegt væri að byggja á næstu fjórum árum.

7. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur fengið í hendur greinargerð þá, sem um ræðir í 6. gr., ákveður hún fyrir sitt leyti, hvort hún vill hefja byggingu verkamannabústaða, svo og fjölda þeirra, stærð og gerð í meginatriðum.

8. gr.

Nú hefur sveitarstjórn samþykkt tillögu um að hefja byggingu verkamannabústaða, og skal hún þá ákveða gjald það, sem sveitarfélaginu ber að greiða fyrir hvern íbúa næstu fjögur árin, samkvæmt 10. gr. Gjald þetta breytist árlega til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og skal miða við vísitölu 1. nóvember næst á undan.

Gjaldið ber sveitarstjórn að ákveða á þeim grundvelli, að það nemi a. m. k. helmingi væntanlegs láns úr Byggingarsjóði verkamanna til sveitarfélagsins.

Ákvörðun sína samkvæmt 1. og 2. mgr., ásamt greinargerð stjórnar verkamannabústaða, skal sveitarstjórnin síðan senda húsnæðismálastjórn.

Húsnæðismálastjórn skal tilkynna félagsmálaráðuneytinu um staðfestingu sína á byggingaráætlun svo og ákvörðun hlutaðeigandi sveitarfélags um framlag þess á hvern íbúa sveitarfélagsins, sbr. 10. gr.

9. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, að fyrirhuguð byggingarframkvæmd falli undir ákvæði þessara laga, gerir stjórn verkamannabústaða endanlega byggingaráætlun. Þegar húsnæðismálastjórn og sveitarstjórn hafa staðfest þessa áætlun, má hefja byggingarframkvæmdir.

10. gr.

Þegar byggingarframkvæmdir hafa verið ákveðnar samkvæmt 6.—9. gr. skal hlutaðeigandi sveitarfélag árlega greiða framlag til Byggingarsjóðs verkamanna næstu fjögur árin, sem ekki skal vera lægra en 200 krónur og ekki hærra en 400 krónur fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu, sem býr á þéttbýlisstað, samkvæmt árlegum mannfjöldaskýrslum Hagstofunnar, miðað við 1. desember árið á undan. Fjárhæðir þessar breytast árlega til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og skal miða við vísitölu 1. nóv. næst á undan. Framlagsskylda sveitarfélags, samkvæmt grein þessari, gildir frá og með því ári, sem byggingarframkvæmdir eru ákveðnar. Framlagið greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fyrir 31. desember ár hvert af framlagi Jöfnunarsjóðs til hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkissjóður greiðir árlega framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, sem vera skal jafnhátt og samanlögð framlög sveitarfélaga til byggingarsjóðsins eru á ári hverju. Framlag ríkissjóðs greiðist samtímis og framlög sveitarfélaganna, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Að loknum þeim fjögurra ára byggingarframkvæmdum, sem um ræðir í 3.—10. gr., getur sveitarstjórn hafið nýjar byggingarframkvæmdir verkamannabústaða. Um þær framkvæmdir fer að öllu leyti samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 3.—10. gr. reglugerðar þessarar.

IV. KAFLI

Lánveitingar til verkamannabústaða.

12. gr.

Þegar sveitarfélag hefur byggingarframkvæmdir, samkvæmt 6.—11. gr., skal fjár aflað til þeirra sem hér segir:

A. Væntanlegur íbúðareigandi skal leggja fram 20% byggingarkostnaðar, er greiðist í tvennu lagi sbr. 15. gr. 2. mgr.

B. Byggingarsjóður ríkisins veitir hámarkslán samkvæmt 8. gr. laga nr. 30 frá 12. maí 1970 með almennum lánakjörum þess sjóðs.

C. Byggingarsjóður verkamanna veitir lán, sem nemur heildarbyggingarkostnaði hverrar íbúðar að frádregnu eigin framlagi samkvæmt staflið A og láni samkvæmt staflið B. Lán þessi skulu vera til 42 ára með 2% ársvöxtum og greiðast með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðsins skulu lántakendur greiða ⅛% af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Lán þessi má ekki vísitölubinda. Lánið skal tryggt með 2. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð. Lán samkvæmt þessum staflið greiðast á fjórum árum og fer fyrsta greiðsla fram á því ári sem framkvæmdir hefjast samkvæmt staðfestri byggingaráætlun, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag samþykkt að greiða framlag skv. 10. gr. frá og með því ári.

Þegar sveitarfélag hefur byggingarframkvæmdir, samkvæmt 6.—11. gr., skal fjár ákveðið skemmri greiðslutíma, enda samþykki hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða að kostnaður, sem af slíkri fyrirgreiðslu kann að leiða, færist á byggingarkostnað þeirra íbúða sem lánið fellur til.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita úr Byggingarsjóði ríkisins framkvæmdalán til byggingar verkamannabústaða meðan á byggingartíma stendur. Lán þetta má nema allt að þeirri fjárhæð, sem hlutaðeigandi framkvæmd á rétt til samkvæmt B-lið þessarar greinar og greiðist á 12—24 mánuðum eftir nánari ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Vexti, tryggingar og önnur lánakjör ákveður húsnæðismálastjórn.

V. KAFLI
Stærð, gerð og úthlutun verkamannabústaða.

13. gr.

Stjórn verkamannabústaða annast undirbúning byggingarframkvæmda þar á meðal lóðaútvegun, tæknilegan undirbúning, efniskaup, samninga við verktaka, eftirlit og úttekt. Þegar um meiriháttar framkvæmd er að ræða er stjórn verkamannabústaða heimilt að ráða starfsmenn í þessu skyni eftir því sem nauðsyn krefur.

Verkamannabústaðir skulu gerðir samkvæmt teikningum, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er húsnæðismálastjórn að efna til samkeppni um hagkvæmustu gerð verkamannabústaða og getur jafnframt áskilið, að úrlausnir slíkrar samkeppni séu hagnýttar af stjórnum verkamannabústaða.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu byggðar í fjölbýlishúsum. Heimilt er þó að byggja íbúðirnar í sambýlishúsum, raðhúsum eða einbýlishúsum, ef um litla byggingaráfanga er að ræða eða gildandi skipulag krefst slíkra frávika.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en 100 fermetrar miðað við innanmál útveggja. Hámarksstærð íbúða í verkamannabústað miðað við fjölskyldustærð er:

a.	Fyrir einstakling, hámarksstærð	40	fermetrar
b.	Fyrir 2ja—3ja manna fjölskyldu, hámarksstærð	80	—
c.	Fyrir 4—5 manna fjölskyldu, hámarksstærð	90	—
d.	Fyrir 6 manna fjölskyldu og stærri, hámarksstærð	100	—

Heimilt er að miða hámarksstærð íbúðar fyrir 4—5 manna fjölskyldu við 100 fermetra sé um einbýlishús að ræða.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að bera venjuleg nútímaþægindi, en án íburðar. Íbúðunum skal skila fullgerðum og lóð frágenginni í samræmi við reglur byggingaryfirvalda. Leitast skal við, að íbúðirnar verði svo ódýrar í byggingu sem frekast er kostur. Í því skyni skulu byggingarframkvæmdir faldar viðurkenndum byggingarverktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustum útboðum. Reynt verði að koma við sem mestri hagkvæmni við byggingarframkvæmdir, og leggja ber áherzlu á fjöldaframleiðsluaðferðir, þar sem um stóra byggingaráfanga er að ræða.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir. Í fjölbýlishúsum skal kostnaði skipt eftir hlutdeild hverrar íbúðar í heildarrúmmáli byggingar. Kostnaðarverð, þannig fundið, skal vera söluverð íbúða, sbr. 15. gr., enda hafi húsnæðismálastjórn staðreynt á grundvelli framlagðra og viðurkenndra reikninga, að um raunverulegt kostnaðarverð sé að ræða.

14. gr.

Rétt til þess að kaupa verkamannabústað hafa þeir einir, sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.
2. Búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.
3. Fara eigi yfir það tekju- og eignahámark, er hér fer á eftir:

Meðalárstekjur íbúðarkaupanda miðað við þrjú síðustu árin áður en íbúð er keypt mega ekki fara fram úr 220 þúsund krónum miðað við árin 1967, 1968 og 1969 að viðbættum 20 þúsund krónum fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri. Tölur þessar breytast í samræmi við vísitölu samkvæmt 5. gr., 5. mgr. laga nr. 30 frá 12. maí 1970. Félagsmálaráðuneytið ákveður, fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum Húsnæðismálastjórnar, hvernig reikna skuli árstekjur þeirra sem um íbúðir

sækja í verkamannabústöðum. Húsnæðismálastjórn tilkynnir síðan stjórnum verkamannabústaða hvert sé hámark meðaltekna þriggja síðustu ára samkvæmt framangreindu að fenginni umsögn Hagstofu Íslands.

Skuldlaus eign íbúðarkaupanda miðað við síðustu áramót áður en íbúð er keypt má eigi fara yfir 400 þúsund krónur. Þetta eignamark miðast við árslok 1969 en breytist síðan árlega í samræmi við sömu vísitölu og tekjumarkið. Húsnæðismálastjórn tilkynnir þessa breytingu árlega á sama hátt og breytingar á tekjumarkinu.

15. gr.

Þegar byggingarframkvæmdir hefjast, skal stjórn verkamannabústaða auglýsa rækilega innan sveitarfélagsins eftir umsækjendum um íbúðirnar. Í auglýsingu skal greina fjölda íbúðanna, stærð, gerð, byggingartíma, áætlað kostnaðarverð svo og greiðsluskilmála. Umsóknarfrestur má eigi vera skemmri en þrjár vikur. Að umsóknarfresti liðnum úthlutar stjórnin íbúðunum til væntanlegra kaupenda, enda liggi fyrir staðfesting húsnæðismálastjórnar á því, að fullnægt sé skilyrðum samkvæmt 14. gr. Þegar velja þarf á milli umsækjenda, er fullnægja skilyrðum 14. gr., skal einkum haft í huga hverjir búa við örðugasta húsnæðisaðstöðu, svo sem ef húsnæði er þröngt, óviðunandi, heilsuspillandi eða um dýra leigu er að ræða. Rétt er einnig að taka tillit til fjölskyldustærðar og búsetutíma í sveitarfélaginu svo og annarra atriða er aðstöðumun skapa. Við mat fjölskyldustærðar skal einungis miðað við þá, sem skráðir eru til heimilis hjá hlutaðeigandi umsækjanda samkvæmt vottorði sveitarstjórnar. Verði ágreiningur í stjórn verkamannabústaða um úthlutun íbúða, má skjóta honum til sveitarstjórnar, sem fellir fullnaðarúrskurð um ágreininginn.

Sérhver umsækjandi, sem hlotið hefur íbúð, skal greiða 10% af áætluðu kostnaðarverði íbúðarinnar innan fjögurra vikna frá úthlutun. Við sölu og afhendingu íbúðarinnar fullgerðrar greiðir umsækjandi það, sem á vantar til að 20% af endanlegu kostnaðarverði íbúðarinnar séu greidd af hans hendi. Standi umsækjandi ekki í skilum með þessar greiðslur, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður, en endurgreiða skal honum þá fjárhæð, sem hann hefur greitt samkvæmt framanrituðu, og úthluta síðan íbúðinni skv. 1. mgr.

Sala íbúðar til umsækjanda, sem fengið hefur úthlutun, fer fram með þeim hætti, að umsækjandi fær skriflegt afsal fyrir íbúðinni frá sveitarstjórn gegn fullnaðargreiðslu, sbr. 2. mgr., og yfirtöku lána samkvæmt B- og C-liðum 12. gr. Í afsali skal tekið fram, að íbúðin sé háð ákvæðum laga um verkamannabústaði, eins og þau eru á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í fjölbýlis- eða sambýlishúsum, sem annist sameiginlegt viðhald húsanna, sameiginlegar greiðslur og annað, er stjórn verkamannabústaða ákveður sem verkefni húsfélags.

Eigi skal greiða stimpilgjöld af afsölum fyrir íbúðum í verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

VI. KAFLI

Takmarkanir á ráðstöfunarrétti íbúðareiganda.

16. gr.

Íbúðareiganda er óheimilt að veðsetja íbúð í verkamannabústað nema til tryggingar lánum, samkvæmt B- og C-lið 12. gr. Þó má heimila íbúðareiganda að veðsetja íbúð í verkamannabústað, sem hafin var bygging á fyrir gildistöku laga nr. 30 12. maí 1970, enda samþykki stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags verkamanna veðsetninguna.

Ekki má leigja íbúð í verkamannabústað nema með samþykki sveitarstjórnar.

Enginn, sem eignast hefur íbúð í verkamannabústað, má selja hana, nema sveitarstjórn hafi áður hafnað forkaupsrétti. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kaupverð hennar, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum lánsins, enda greiði hann upp helming eftirstöðva lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Nú er íbúð, sem keypt hefur verið samkvæmt 3. mgr., seld á nauðungaruppboði, samkvæmt lögum nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð, og getur sveitarstjórn þá neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð sveitarstjórn út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða á söluverði, samkvæmt 3. mgr., ef það er lægra en hæsta boð. Söluverð þetta skal ákveðið áður en liðinn er sá frestur, sem uppboðshaldari hefur, samkvæmt uppboðsskilmálum, til samþykkis eða synjunar á boði, enda veiti uppboðshaldari sveitarstjórn hæfilegan frest til þess að fá ákvörðun um söluverðið. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni, samkvæmt 36. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð.

Íbúðir, sem sveitarfélag kann að eignast samkvæmt þessari grein, skulu endurseljast að fullnægðum skilyrðum 12., 14., og 15., greinar þannig að hlutföll í fjármögnun samkvæmt 12. gr. verði hin sömu og voru í upphafi á þessari íbúð.

Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að íbúðinni, er íbúðareiganda frjálst að selja hana, enda greiði hann að fullu áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

VII. KAFLI

17. gr.

Við gildistöku laga nr. 30 frá 12. maí 1970 hætta byggingarfélög verkamanna, er starfað hafa á grundvelli eldri laga um verkamannabústaði, byggingu verkamannabústaða samkvæmt reglugerð þessari. Þó ber félögum að ljúka byggingu þeirra íbúða, er voru í smíðum þegar áðurgreind lög gengu í gildi. Heimilt er byggingarfélögum verkamanna að halda starfsemi sinni áfram að öðru leyti.

Byggingarfélag verkamanna getur á félagsfundi ákveðið einhliða að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn hlutverk sitt. Í framhaldi af slíkri ákvörðun skal slíta félaginu svo sem samþykktir þess og lög um samvinnufélög nr. 46 frá 1937 mæla fyrir um.

18. gr.

Sveitarfélag, sem tekur við hlutverki byggingarfélags verkamanna, tekur á sig fjárhagsskuldbindingar byggingarfélagsins gagnvart Byggingarsjóði verkamanna en öðlast jafnframt kröfurétt byggingarfélagsins á hendur félagsmönnum þess vegna veittra byggingarlána. Sveitarfélag, sem tekur við hlutverki byggingarfélags verkamanna, getur falið stjórn verkamannabústaða meðferð þessara mála fyrir sína hönd. Heimilt er einnig sveitarfélagi í þessum tilvikum að stofna til húsfélaga, eins eða fleiri eftir atvikum, meðal íbúðaeiganda, er fengið hafa íbúðir hjá byggingarfélagi verkamanna. Hlutverk húsfélaganna verði að annast viðhald og annan sameiginlegan rekstur viðkomandi íbúða.

Byggingarfélag verkamanna, sem heldur áfram störfum, en felur eigi viðkomandi sveitarfélagi hlutverk sitt, á forkaupsrétt til handa félagsmönnum, er gengu í félagið fyrir 12. maí 1970, að íbúðum, sem það hefur byggt. Þessi forkaupsréttur gengur fyrir forkaupsrétti sveitarfélags, sbr. 16. gr., en að öðru leyti gilda ákvæði 16. gr. um forkaupsrétt byggingarfélaga verkamanna eftir því sem við á. Byggingarfélag verkamanna fjallar einnig um leigu og veðsetningu íbúða, sem það hefur byggt, á meðan það heldur áfram störfum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt IV. kafla laga nr. 30 frá 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 273. 16. apríl 1970.

AUGLÝSING

um afnám sérstakra varúðarráðstafana vegna varna gegn hringskyrfi á nautgripum í Eyjafirði.

1. gr.

Þar sem talið er að tekizt hafi að lækna nautgripi í Eyjafirði af hringskyrfi, er hér með fellt niður bann við samgangi gripa við gripi af bæjum, þar sem sýki var áður, og aðrar takmarkanir á samgöngum við þá bæi, frá 1. maí 1970 að telja. Að öðru leyti heldur reglugerð nr. 35, 18. febrúar 1967, um varnir gegn smitandi hringskyrfi á nautgripum og öðrum húsdýrum af völdum sveppa, gildi.

2. gr.

Auglýsing frá 18. marz 1968, um sérstakar varnir gegn hringskyrfi á nautgripum í Eyjafirði, fellur úr gildi 1. maí 1970.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. apríl 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969.

Frá og með 10. ágúst 1970 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

31. júlí 1970. Nr. 275.

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1970, og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum.

Menntamálaráðuneytið, 31. júlí 1970.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

3. desember 1970. Nr. 276.

AUGLÝSING

um skipulag í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Svarfaðardalshrepps.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65 gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bifreiðastöður verða bannaðar við Ármúla að suðaustanverðu á kaflanum frá Háaleitisbraut að Hallarmúla.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. desember 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 278. 3. desember 1970.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 hefir verið ákveðið að takmarka fyrst um sinn hámarkshraða á Vesturlandsvegi austur fyrir Úlfarsá við 60 km miðað við klukkustund vegna hættu, er stafar af vegagerðarframkvæmdum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. desember 1970.

Sigurjón Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 12, nr. 259—278. Útgáfudagur 28. desember 1970.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 — 1970

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 12. desember 1970 og innheimta á árinu 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.

b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
Afsöl fyrir skráningarskyldum skipum eru undanþegin álagi.

c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1970.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Kristján Thorlacius.

Stjórnartíðindi B 13, nr. 279. Útgáfudagur 31. desember 1970.

B 96

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1970

Nr. 280. 750 15. desember 1970.

REGLUR

um félagsheimilið Valfell, Borgarhreppi, Mýrasýslu.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er VALFELL í Borgarhreppi, Mýrasýslu.

Félagsheimilið er byggt á lóð sem sveitarsjóður Borgarhrepps á í landi Brennistaða, en hefur látið félagsheimilinu í té án endurgjalds. Lóðin er sem næst 4200 m² og er á milli þjóðvegarins og túnsins.

Eigendur félagsheimilisins eru Borgarhreppur 50%, Kvenfélag Borgarhrepps 25% og U.M.F. Borg 25%.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega af stjórn hvers félags, stjórnar félagsheimilinu.

Hún er þannig skipuð: 1) 2 menn frá Borgarhreppi, 2 frá Kvenfélagi Borgarhrepps og 1 frá U.M.F. Borg.

Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fund, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef ⅖ nefndarmanna æskja.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal vera í marz ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagsheimilisins. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagsheimilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm, sem unnt er.

Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Húsnefndarmenn hafa hver um sig eitt atkvæði á aðalfundi og hver félagsstjórn þrjú atkvæði. Hreppsnefnd hefur þó 5 atkvæði.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi, hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd næsta ár.

Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilasjóði.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með eigin reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

a. að ráða húsvörð, þar sem þess er þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt,
b. að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn,
c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra, ef nefndin felur ekki húverði að annast slíkt,
d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins,
e. að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda,
f. að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda,
g. að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis,
h. að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst,
i. að sjá um, að löggæzla sé á samkomum, ef þess er þörf.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins.

Skylt er að heimila félögum, er greinir í 1. gr. laga nr. 77/1947 og breytingu á þeim lögum nr. 47 frá 5. júní 1957, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið.

Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fáist til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, er samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæzlumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæzlumaður slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörzlu og loks loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess, þ. á m. að gólf séu þvegin úr sápuvatni, salerni hreinsuð vandlega með sótthreinsandi efni og fatageymslur, bað- og búningsherbergi ræst.

Árlega skal fram fara gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Lóðina skal girða traustri, gripheldri girðingu, er haldið sé vel við.

Bifreiðastæði skal vera í næsta nágrenni við félagsheimilið, ef því verður við komið.

11. gr.

Fánastöng skal setja upp við húsið. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega þó vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnaði, glugga (utan og innan), málningu, gólfdúka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947 og breytingu á þeim lögum nr. 47 frá 5. júní 1957, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. desember 1970.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 281. 8. desember 1970.

REGLUGERÐ

fyrir Heilsuverndarstöð Selfoss.

1. gr.

Heilsuverndarstöðin er staðsett á Selfossi og starfssvæði hennar er Selfosslæknishérað. Starfssvæði má stækka, ef um það semst, milli stjórnar stöðvarinnar og sveitarfélaga utan læknishéraðsins.

Stöðin má veita þjónustu öðrum en þeim, sem búsettir eru í Selfosslæknishéraði, og fer um þá þjónustu samkvæmt reglum, sem stjórn stöðvarinnar setur og ráðherra staðfestir.

2. gr.

Hlutverk Heilsuverndarstöðvar Selfoss er fyrst um sinn heilsuvernd í eftirtöldum greinum:

1. Mæðravernd (eftirlit með barnshafandi konum).
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd (í skólum).
5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).

6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Áfengisvarnir.
9. Geðvernd.
10. Almennar sjúkdómavarnir.

3. gr.

Stjórn Heilsuverndarstöðvar Selfoss skipa 3 menn, 1 læknir, skipaður af ráðherra og skal hann vera formaður stjórnarinnar, og 2 menn kosnir af oddvitanefnd læknishéraðsins. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórna.

Stjórnin annast rekstur heilsuverndarstöðvarinnar í umboði viðkomandi sveitarstjórna, og skulu fundargerðir stjórnar lagðar fyrir oddvitafund til staðfestingar. Stjórn heilsuverndarstöðvarinnar skipuleggur alla starfsemi stöðvarinnar og ákveður um framkvæmdir og störf samkv. 2. gr.

Stjórnin ræður starfslið að stöðinni eftir því sem þörf krefur, og ráða má hjúkrunarkonu eða ljósmóður að stöðinni til þess að sjá um daglegan rekstur undir umsjón lækna stöðvarinnar og stjórnar hennar.

4. gr.

Heilsuverndarstöðin skal hafa aðskilið reikningshald. Um skiptingu kostnaðar og annað, sem viðkemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar, fer eftir lögum um heilsuvernd nr. 44 1955.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44 1955, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 8. desember 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Páll Sigurðsson.

16. desember 1970. Nr. 282.

SAMÞYKKT

um hundahald í Súðavíkurkauptúni í N.-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Bannað er hundahald í Súðavíkurkauptúni nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum, er hún setur, er fullnægt, en þó mega hundar aldrei vera úti að næturlagi, er truflað geta svefn manna og raskað næturró. Einnig skal þess gætt, að hundar hafi ekki truflandi áhrif á eðlilega umferð um þorpið.

3. gr.

Hreppsnefnd getur afturkallað veitt leyti til hundahalds hvenær sem er, ef hún telur ástæður til og skilyrðum, er hún setur, hefur ekki verið fullnægt.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 5000.00.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Súðavíkurhrepps staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. desember 1970.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

Nr. 283. 11. desember 1970.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Dalvíkur.

I. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir í lögsagnarumdæmi Dalvíkurhrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Hitaveita Dalvíkur er eign Dalvíkurhrepps. Hreppsnefnd Dalvíkur fer með stjórn Hitaveitu Dalvíkur. Um daglegan rekstur hitaveitunnar fer eftir samþykktum hreppsnefndar hverju sinni. Þegar þörf þykir á, að mati hreppsnefndar, skal ráðinn sérstakur hitaveitustjóri, en þar til hann verður ráðinn skal verkfræðingur hreppsins fara með störf hans.

Einkaleyfi Hitaveitu.

3. gr.

Hitaveita Dalvíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Dalvíkurhrepps.

Hreppsnefnd getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

4. gr.

Hreppsnefnd (hitaveitustjóri) lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús sbr. þó 2. málsgr. 3. gr.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu, eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitustjóri þá ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum og heimæðum, inn að stofnhana, og viðhaldsskyldu á rennslishemli.

Afnot hitaorku.

7. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té, er ætluð til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr., og þarf þá til þess heimild hitaveitustjóra.

8. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur.

Ábyrgð hitaveitu.

9. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar og annars slíks.

10. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi hvers húseiganda endurgjaldslaust.

Umsóknir.

11. gr.

Áður en hafizt er handa um lagningu nýrra kerfa, er um getur í 1. gr., eða breytingu á eldri kerfum, skal húseigandi með minnst 7 daga fyrirvara senda umsókn um það til hitaveitustjóra.

Umsókn skal rituð á eyðublað, sem skrifstofa hitaveitunnar lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt þeim, sem verkið á að annast.

Umsókn á að fylgja uppdráttur af lögninni í þríriti.

Uppdrættir.

12. gr.

Uppdráttur skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða pípulagningarmeistara, sem hlotið hefur sérstaka löggildingu hreppsnefndar og ber hann ábyrgð á því, að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur og lög, er gilda um byggingarmál.

Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin.

13. gr.

Uppdrættir skulu vera skýrir og greinilegir og gerðir á haldgóðan pappír og þannig frá gengið, að ekki máist drættir eða letur við geymslu. Stærð þeirra skal vera DIN A2 (42.0 × 59.4 cm) eða stærri samkv. þeim stöðlum.

Lagnir skulu sýndar með rúmteikningum með jöfnum einingum á ásum í mælikvarða 1:50 eða 1:100, en grunnmyndir í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Sérteikningar skulu gerðar í mælikvarða 1:20, 1:10, 1:5 eða stærri. Uppdrættir eiga að sýna allar lagnir, raufar og göt í steypu fyrir slíkar lagnir og allt fyrirkomulag í hitunarherbergi. Nota skal tákn þau, sem sýnd eru í 20. gr.

Tilgreina skal í metrakerfi stærðir á hitunartækjum, pípum, ofnum og loftristum og tengingu þeirra við lofthitunarkerfi, svo og önnur mál, sem nauðsynleg eru. Ef hitaveitustjóri telur ástæðu til, getur hann krafizt þess, að útreikningar verði lagðir fram.

14. gr.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur hitaveitustjóri krafizt þess, að þeir séu gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Samþykkt uppdrátta.

15. gr.

Þegar hitaveitustjóri hefur samþykkt uppdrátt, skal hann árita 3 eintök hans, tvö eintök skal varðveita í skjalasafni hreppsins, en hið þriðja skal afhent umsækjanda.

Sá er verkið á að vinna, skal, áður en hann hefst handa rita nafn sitt á þau eintök, er verða varðveitt í skjalasafninu.

Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað.

Með áritun tekur hitaveitustjóri enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

16. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkur löggildir menn, er hún telur hæfa til þess að annast pípulagningarvinnu við veituna, og skulu þeir í starfi sínu fara eftir reglum, er sveitarstjórn setur. Mega engir aðrir en þeir, sem hafa fengið slíka löggildingu, taka að sér pípulagnir við hitaveituna. Þeir, sem hitalagnir framkvæma, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, svo og nánari fyrirmæli, er sett kunna að verða og samþykkta uppdrætti. Ef skipt er um ábyrgðarmenn meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hitaveitustjóra skriflega og lætur hann þá fara fram úttekt á þeim hluta verks, sem lokið er.

Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum fyrr en annar aðili með fullum starfsréttindum hefur tekið við verkinu.


Hitaveitustjóri getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu í pípum skv. reglugerð þessari, er staðizt hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu.

Eftirlit.

17. gr.

Hitaveitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Engar hitalagnir má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af hitaveitustjóra eða eftirlitsmanni hans.

Þrýstiprófa skal hitalagnir með vatni og 6 kg cm^2 þrýstingi. Álíti eftirlitsmaður hitaveitustjóra, að verk sé eigi framkvæmt skv. ákvæðum reglugerðar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.


K
Ketill
Forhitari
Baðvatnsgeymir
Hitageymir
Öryggisloki með lóði
Þrívega hreyfilloki
Öryggisloki með fjöður
Flotloki
Einstreymisloki
Stilliloki
Hemill
Þrýstiminnkari
Ofnloki
Loftskrúfa
Miðstöðvarofn
Dæla
Framrennslispípa
Bakrennslispípa
Loki
Hreyfilloki
Þrívegaloki
Gólflistaofn
Geislahitunarflötur
Geislahitunarflötur
Lofthitari
Hitamælir
Þrýstimælir
Sáld
Þensluker, opið
Þensluker, lokað
Vatnsmælir

18. gr.

Hitaveitustjóri og eftirlitsmaður hans skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té þær upplýsingar, er máli geta skipt um hitun hússins.

Dælur á heimæðum.

19. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitustjóra sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

Tákn.

20. gr.

Sjá blaðsíðu 757.

Viðurlög við brotum.

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá hitaveitustjóra heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 284. 11. desember 1970.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Dalvíkur selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurhrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 11. des. 1970 um hitaveitu og hitalagnir á Dalvík.

2. gr.

Hitaveita Dalvíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Húseigandi lætur setja still-

anlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Tillaga A:

1. Fast gjald kr. 150.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald kr. 250.00 á mánuði fyrir hvern mínútultr. í hámarksstillingu hemils. Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitan lætur notanda í té kranavatn endurgjaldslaust, er miðast við eftirfarandi sem meginreglu: Þeir, sem kaupa 1 ltr. af ofnavatni fá til viðbótar 5—6 ltr. af kranavatni. Fyrir hvern viðbótarlítra af ofnavatni lækkar kranavatnsviðbótin um 0.5 ltr. Notendur, sem óska eftir meira kranavatni greiði mánaðarlega kr. 25.00 fyrir hvern mínútulítra. Notendur, sem eingöngu kaupa kranavatn, greiði fast gjald kr. 2400.00 á ári fyrir 4 lítra á mín. Fyrir hvern lítra umfram 4 greiði hann kr. 25.00 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

Misnoti notandi kranavatn að dómi hitaveitustjóra, getur hann án fyrirvara lokað fyrir rennsli þess.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Dalvíkurhrepps. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m^3 að utanmáli kr. 20 000.00 og kr. 30.00 á m^3 þar yfir.

8. gr.

Gjöld samkv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóv. 1970. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Dalvíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 250.00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Dalvíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 285. 18. desember 1970.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald, kr. 200 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
b. Vatnsgjald, kr. 327.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

